Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espolin,
Syslumanni í Skagafiardar Syslu.

V. Deild.

Kaupmannahöfn, 1826.
Prentud á kostnad ens Islendska Bókmentafélags
í sál. Þ. E. Rangels eptirlátna prentverki.

Íslands Árbækur.

V. Deild.

Formáli.

I Formála þeim er settr var fyrir framann IVda hlut árbóka minna, oc prentadr er fyri framan IVdu deild, og eginlega hlídir til eptir daga Jóns Arasonar, edr yfir sagnirnar frá 1552 til 1605 (hvörsvegna oc þessi hlídir fyrra parti XVIIdu aldar, hversu sem tilheyrilegt þyckir at skipta tèdum árbókum vid prentunina) mynntist eg þess, at því meir sem lídr á aldirnar, er líklegt at eitt oc annat kunni til at vera uppskrifad, edr máskè vissara, framyfir þat eg hefi gètad komist yfir, oc þurfi samtyníngr minn þess vægari dóms, sem heldr nálgast sá tími at mögulegt verdi at uppgötva fleira enn einn madr fær í hendr fengit, m. m. Þetta vil eg nú þessheldr ámálga, eittsinn fyrir öll, at slíkr tími nálægist jafnan meirá í frásögninni, oc hefi eg því eckert á móti, at hverr sem betr kann, færi til þat hönum er liósara hedann af; edr, med því hid loflega fèlag vill at eg enn nú framhaldi tèdum samtyníngi mínum, útgèfi sídann frá þeim tíma sem synist, nyar árbækr undir sínu nafni, þó svo, at mynnst verdi jafnframt þess er eg hefi fyrirgreidt. Enn um auld þá er þessi árbók frá 1605 til 1657 yfirfer, er þat at segia, at mèr vyrdist hún med sínum undarlega litlu breytíngum, svo hèr á landi sem annarstadar, hafa þó vakit á ny nockrskonar endrlífgun hiá Islendíngum, þó lítil sè, oc tel eg hellst þar til kynníngu guds ords er þá jókst, kynníngu nockra í fornfrædum er biskuparnir Þorlákr oc Brynjúlfr komu á lopt, oc einskonar endrlífgun skáldskapar anda Islendínga; — at ödru var hún lík nærstu L árum fyrirfarandi, enn syndi þeirri tíd framar veikleika sinn (at hann hafi í þeirri grein meiri verit í raun segi eg ecki) at hindrvitni galdratrúar voru meiri, oc eins

Fortale.

Den Fortale, som blev sat foran den 4de trykte Del af disse mine Aarböger, skulde ledsage deres 4de Part, og henhörer egentlig til det Tidslöb som fulgte paa Biskop Jon Aresens Död eller til Begivenhederne fra 1552 til 1605, hvorfor nærværende Fortale ogsaa angaar det 17de Aarhundredes förste Hælvte, i hvordan man end maatte finde det passende at afdele Haandskriftet ved Trykningen i visse Hefter. Paa förstnævnte Sted bemærkede jeg, at jo længere Tiderne glide frem, jo rimeligere er det, at adskilligt mere eller sikkrere kan haves optegnet, end de Efterretninger medföre som jeg har kunnet tilvejebringe, hvorfor mine Samlinger og behöve et des mildere Omdömme, som de mere nærme sig til de Tider, der gjöre det mueligt for Forskjellige at opdage flere historiske Mærkværdigheder, end en Forfatter kan overkomme, o.s.v. Dette vil jeg her des snarere erindre engang for alle, som et saadant Tidslöb nu virkelig möder os, hvorfor jeg aldeles intet kan have derimod, at de, som bedre ere istand dertil, herefter meddele de Tillæg, hvilke de have kunnet erhverve, eller (da det hæderlige Selskab önsker at jeg endnu fortsætter disse historiske Samlinger) udgive under eget Navn andre (islandske) Aarböger, dog saaledes, at mine Forarbeider derved erindres. — Tidsrummet fra 1605 til 1657, som omhandles i den fölgende Part af nærværende Værk, var vel underkastet saare faa Forandringer, saavel i dette Land som paa flere Steder, men det forekommer mig dog ikke desmindre, at det har paa ny, skjönt i en ringe Grad, oplivet Islænderne, især ved Gudsords da forögede Udbredelse, den Oldgrandskningslyst, som Biskopperne Thorlak Skulesen og Brynjulf Svendsen opmuntrede, samt endelig ved etslags Gjenoplivelse af Islændernes Digteraand. I andre Henseender lignede det de næst foregaaende 50 Aar. Dets Svaghed (om i Grunden större end det forlubnes, kan jeg ikke sige) syntes at forværres ved Hexetroens

óvidrqvæmlegleiki atferlis vid hneckíngu fiölkíngis; samt kauphöndlunni enn þá verri oc bundnari. Ei verdr því neytad, at lærdómr jókst mikid á tèdum L ára tíma, enn þó ecki þánkafrelsi edr almenn upplysíng; meiri mentamenn urdu þessvegna til enn ádr, enn ecki nema fáir. Landstjórnin synist allvel til hafa gengit, enn var þó of greinarlaus oc straung um sumt, enkum í sakamálum, enn þótt hún væri betri hvad suma innanlandshætti snerti, enn seinna, allrahellst nærst eptir stórar breytíngar, sem jafnan er hætt vid margr misbrúki. Frelsisandi þiódarinnar synist ei á þessu tímabíli hafa tapad sèr svo mikit sem líkindi væri til, vid svo sterklega takmarkada kaupföndlun oc straung lög, edr sem á hinu nærsta fyrir (frá 1552 til 1605) oc yfirhöfud vyrdist þjódarandinn mikid hafa vidhaldit sèr frá gamalli tíd, þó at vonum sá manndómr sem nidrlagdist í oc eptir Sturlúnga-auld, oc enkum eptir fyrri pláguna, ei hafi gètad vidrètt sig aptr, oc vanafestinn væri ofmikil ordinn. Veraldarinnar, oc sèrilagi þessara nordrlendsku ríkja tilburdir, gáfu oc eigi í þann tíma efni til nyrra uppvaknínga; enn af því sem til batnadar hafdi snúist eptir sidaskiptinn hefir þat þó leidt, at fyrirmenn í landi voru á því umrædda tímabili, miklu rádsvinnari, enn fyrrum hafdi verit, oc er líklegt at sidferdi alþídunnar vída hvar hafi farit þar eptir, hversu sem var um hleypidóma oc hindrvitni, oc varla hefir spakara verit med almenníngi hèr, enn þá oc á inum nærsta mannsaldri eptir. Þess vil eg gèta, at eina uppsprettu til framhalds árbóka minna hefir mig vantad med öllu, sem er Vatnsfiardar-Annáll hinn seinni, oc fleiri kunnu vera.

Frostastödum, þann 16 Júlii 1825.

Jón Espolin.

Tilvæxt, samt utilbörlig Fremfærd ved Troldfolks Forfölgelse. Handelens Frihed og Gavnlighed aftog ligeledes. Vel kan man ikke nægte, at Lærdommen tiltog i dette halve Aarhundrede, men det samme kan ikke siges om Tænkefrihed eller almeen Oplysning; Landet fik vel lærdere Mænd end forhen, men deres Tal var kun ringe. Islands Bestyrelse synes at have havt en god Gang, skjönt dens Forholdsregler i nogle Poster vare altfor utydelige og strænge; dog var den, hvad visse indenlandske Indretninger angik, bedre end længer hen i Tiden, især efter store Forandringer, hvilke mange saa let kunne misbruge. Folkets Frihedsaand synes ikke i det omhandlede Tidslöb at være bleven svækket i den Grad, som i det næstforegaaende (fra 1552 til 1605) skjönt man vel kunde formode det af Handelsfrihedens Indskrænkning og Lovenes Strænghed. Ligeledes synes det gamle nationale Sindelag at have holdt sig temmelig vedlige, skjönt den Kjekhed og Raskhed, som ned. tryktes i og efter Sturlungernes Tidsalder, samt især efter den förste af de to Pestsyger, ikke kunde reise sig paa ny, og Tilböjeligheden til indgroete Vaner var bleven altfor rodfæstet. Verdens, og mindst disse nordiske Rigers Begivenheder, gave ej heller i denne Tid Anledning til nye Opmuntringer, men de Forbedringer, som vare blevne indförte ved Reformationen, var det dog vist at takke, at Landets Övrighedspersoner nu viste et meget anstændigere Forhold end forhen, og det er sandsynligt, at Almuens Sædelighed paa de fleste Steder har rettet sig derefter, hvorledes det end gik til med Fordomme og Overtro. Neppe har her i Landet nogensinde hersket saadan almindelig Rolighed, som i det omhandlede Tidsrum og den næstpaafölgende Menneskealder. — Endelig maa jeg bemærke, at jeg ved disse Aarbögers Fortsættelse har maattet savne en vigtig Kilde, nemlig de senere *Vatnsfiords-Annaler*, og saaledes kan det vel være Tilfældet med flere slige.

Frostastade, den 16 Julii 1825.

John Espolin.

Prentfeil fundinn í IV[da] Deild Arbóka.

Pag.	IV	lín.	6	giörit l. giörist
—	VII	—	15	ængere l. længere.
—	4	—	5	af því l. á því.
—	5	—	15	Bianarnes l. Biarnanes. lín. 26 um jardir l. jardir.
—	7	—	19	Gísla prests Jónssonar, l. Gísli prestr Jónsson. lín. 31 l. Finns.
—	8	—	1	Einarson l. Gudmundarson.
—	9	—	18	l. Túngls. lín. 24 l. qvongast.
—	12	—	24	Skógarsandar l. Skógarstrandar
—	16	—	13	l. Steindórsson.
—	19	—	21	l. hinum fyrrum biskupum.
—	37	—	9	í Hvamms sveit l. til Hvamms í Hvamms sveit.
—	42	—	23	Hvammsd. l. Hvammsdómi.
—	46	—	4	l. áqvedit.
—	49	—	11	*in Marg.* 1550.
—	53	—	1	l. Öxarár
—	56	—	27	l. því (óskírt)
—	63	—	36	l. sinna manna.
—	64	—	36	l. biórþili.
—	69	—	17	l. Jón Biarnarson *et pest.*
—	71	—	13	l. höfudsverdum.
—	74	—	16	Ari l. Arni
—	77	—	13	l. prestr.
—	97	—	5	l. Olafr biskup.
—	104	—	8	*in Marg.* l. 1554.
—	111	—	32	*in Marg.* l. 1556.
—	114	—	8	am l. um. lín. 38 *in Marg.* l. 1557.
—	118	—	33	l. Snæfells. lín. 34 l. vid.
—	120	—	30	l. Halldórssonar.
—	124	—	36	fárád l. fáfród.
—	125	—	20	l. biskupdóms síns.
—	127	—	1	l. Olafi biskupi.
—	135	—	2	l. minna.

Frammhald 4da Þáttar.

XXXV Cap. Frá Ormi Sturlusyni oc utanferdum.

Jón Marteinsson hafdi nú haldid Mödruvöllum oc Vadlasyslu, sídann þeir Ormr Sturluson, oc Páll Jónsson fóru á brott, var þá svo mikit yfirlæti hans, at hann lèt bændr vyrda sig med hesti oc reidtygium á Eiafiardarböckum, fyrir III hundrud hundrada; enn Páll fór vestr, oc þeir Magnús bródir hans bádir, er mælt þeir hafi haft bádir syslu í Þíngeyarþíngi, ádr Vígfús Þorsteinsson vard þeim þar at ofrefli. Ormr Sturluson hafdi verit lángar stundir á rekníngi, oc var þat seinast at hann var lestreki Nicolásar bónda Þorsteinssonar; hann geymdi hesta hans í Hvammi, oc tók saud á Naustum sèr til fædis; þó opinberlega; enn kona hans hafdi verit á Aungulstödum þá Helga Aradóttir var þar, enn þat hefir verit ádr Páll fór vestr, oc borit út sorp oc hreinsad bæ. Ormr hafdi verit qvennsamr miög, oc svallad med imsum konum fè sínu, giptum oc ógiptum; hann var þrisvar í haldi á Bessastödum, oc hafdi þá Þorbiörg kona hans ordit at leysa hann út med stór-fè; Eggert Hannesson hafdi á hönum óvild mikla, oc ugdi hann mundi rægia sig ef hann kæmist utan, oc fyrirbaud því öllum at flytia hann; fyrir þá sök hafdi Ormr ei utan komist, at í alla kaupstadi kom þat forbod; hafdist Ormr þá vid í austfiördum med Biarna bónda Erlendssyni á Kètilstödum, oc Gudrídi Þorsteinsdóttr Finnbogasonar, systr Vígfúsar, þau

A

voru systkina börn, oc hiálp hún Ormi, reid í kaupstadin oc gaf þískum mönnum er þar voru uxa gamlann til at flytia hann, þeir hètu því med þeim hætti, at þeir mætti setia hann á land hvar sem þeim væri hægast, í löndum Danakonúngs; fór Ormr med þeim utann þetta sumar er fyrr var gètit, oc lètu þeir hann af skipi nordarlega vid Noreg, fór hann þá vid vonarvöl, til þess er hann hitti Fridrik konúng af hendíngu einni, oc gèck á veg fyrir hann í vadmáls hempu grárri, fèll á knè oc bad um nád; konúngr spurdi hvad hann skadadi, oc hvad hann væri at manni; Ormr sagdi til sín, oc taldi hönum eymdar hag sinn; konúngr kannadist þá vid hann, oc spurdi hvert hann væri sá er sèr hefdi gefit lúdrinn fordum, laungu ádr enn hann tók konúngdóm? Ormr játadi því; þá baud konúngr at gèfa hönum klædi ný, oc skipadi hönum aptr lögmannsdæmit, oc Bardastrandarsyslu fyrir utann XXX marka sakir, fór hann vid þat út til Islands, oc lèt þegar er hann kom út tvo menn sveria á Vallalaugarþíngi, at med Þorleifi Grímssyni á Mödruvöllum oc Solveigu Hallsdóttr hefdi verit fiórmenníngsmægdir, oc dæma sèr Silfrastadi af Brandi Ormssyni er þar bió þá oc átti Hallóttu dóttr Þorleifs, þótti audveldara at ráda á þau enn á Jón Marteinsson; sídan setti hann alþíng at bodi Henriks Krags höfudsmanns, enn ecki var at því farit, því at Eggert Hannesson mótmælti hönum oc brá brigslum á þíngi, enn höfudsmadrinn dó, oc vard ecki af neinum dómum; stefndi Ormr Eggerti þá utann, enn Jón Marteinsson stefndi Ormi oc fór utann á Akreyrarskipi, oc med hönum sveinn hans Jón Jónsson frá Svalbardi, bródir Magnúsar oc Páls; hann bió þá á Vindheimum á Þelamörk oc var af því kalladr Vindheima Jón, enn smásveinn hans var Thómas launsonr Gríms Þorleifssonar. Marteinn biskup fadir hans hafdi sendt hönum kediu er metinn var fyrir XII hundrud í fasteign, oc þótti þó kedíann betri, hana hafdi Jón gefit höfudsmanninum til fylgis. Ormr Sturluson oc Páll Jónsson tóku sig þá einnin samann, oc fóru utann á Hialltaeyri, ætladi Páll at ákæra erfíngia Dada Gudmundarsonar um Stadarhól. Arni Gíslason fór oc utann; Jón prestr Kráksson halfbródir Gudbrands prests Þorlákssonar hafdi til Danmarkar farit, at átelia um jardir þær oc fè er Gottskálk biskup Nicolásson hafdi dæmt af módrforeldrum hans Jóni Sigmundarsyni oc Biörgu Þorvaldsdóttr, oc Einari módrbródr hans, hafdi kon-

úngr þá bodit Páli Stígssyni höfudsmanni at láta Jón prest fá rétt af slíku máli; hönum þótti þat erfidt því málit var fornt ordit oc flókit, oc hafdi viliad semia med Jóni presti oc mótstödumönnum hans, enn í því andadist hann, oc leiddist Jóni presti þá at eiga í þeirri þrætu; tók nú Gudbrandr prestr Þorláksson vid málinu, því hann var jafnt tilkominn, oc fór þetta sumar utann til at kæra þat fyrir konúngi, komu öll málinn at hid sama sumar. Jón Jónsson frá Vindheimum átti Helgu systr Arna oc Gunnars Gíslasona, hann afflutti þar miög Gunnar mág sinn, oc vildi ná frá hönum Reinistadar klaustri; enn med Ormi oc Páli oc Jóni Marteinssyni urdu þær lyktir á, at ríkisrádit dæmdi hálft fè Þorleifs Grímssonar börnum hans oc Solveigar, enn hálft Þorbiörgu konu Orms, nema Mödruvelli er Páll sókti heldst eptir vegna Helgu Aradóttr konu sinnar, dóttrdóttr Þorleifs, sagdi Þorleif hafa gèfit Halldóru dóttr sinni Mödruvelli í heimanmund á brúdkaupsdegi þeirra Ara, þat hafdi þó Þorleifr aldrei medkennt, enn brèf hans oc innsigli fannst þar fyrir, oc var eignad brögdum Jóns biskups oc hans ættmanna; fèck nú hverr VI hundrud hundrada, oc Páll Mödruvöllu at auki, enn Jón Marteinsson nádi þeim aldrei sídann, hèldt þó rentu allri af Mödruvöllum oc öllu fènu þángat til, hvörsu sem þeir Páll oc Ormr ákærdu, oc olli því kediann þó hún fengi ei meira adgiört; enn Kristophor Valchendorf var sá höfudsmadr er hana hlaut, því hann tók vid eptir Henrik Krag, oc verdr enn getit um útkomu þessara manna; fèck þá Ormr Mödruvalla klaustr at auki þess er ádr segir, oc verndarbrèf konúngs; hafdi hann dæmt ádr hann fór utann Henrik Gerken Hannessyni þískum manni á landi hèr oc qvæntum, hálft Svignaskard oc hálft Sigmundarnes vegna konu hans.

XXXVI Cap. Tilburdir, oc frá kyrkium.

Þá er þess getit at Gísli Sveinsson í Midfelli hafdi Arnessyslu; þá deidi oc Biörn prestr Olafsson í Runa med þeim hætti, at hann hafdi fallit af hestsbaki hid fyrra árit, oc túngann ordit í milli tanna hönum oc marist svo þar kom ber í; gróf úr hön-

um túnguna oc túngurætrnar, oc lá hann svo meir enn ár oc andadist í föstu inngang, sáust þá allir lidir oc sinar í hans líkama, oc jafnvel hriggiarlidirnir innan á hriggnum at framannverdu á qvidnum, svo var hann inndreginn; einnin deidi Freysteinn prestr Grímsson í Stafhollti er opt hefir verit getit ádr; þá tók Húsafell Grímr Jónsson í Sídumula, fadir Jóns er Hvamm hèldt í Nordrardal, oc um hríd bió í Kalmanstúngu, hèldt hann þat fyrstr leikmanna. Um þær mundir qvartadi sóknarfólk í Eyarhrepp fyrir sunnan Gnúpá yfir því, at opt væri ófært at sækia til Kolbeinsstada kyrkiu, yfir Hafrsfiardará oc adrar torfærur, eda ná til þíngaprests í naudsynium; var þá Marteinn Erasmusson umbodsmadr á Arnarstapa, oc afsagdi hann at taka kyrkiuna á nockra konúngsins jörd í Eyarhrepp, edr hafa af veg oc vanda; enn Einar prestr Marteinsson biskups, er Stad tók á Ölduhrygg í þann tíma, átti þá hálfann ytra Raudamel, oc baud at kyrkiann mætti smídast á sinni lód, ef hún fengi aptr allar eignir oc itök sem átt hafdi Hafrsfiardareyar kyrkia; vard þat oc sídann á dögum Johans Bucholts at Hafrsfiardarey oc Hömluhollt med kúgildum þeirra, oc allir sóknarbæir í Eyarhrepp fyrir utann Höfda lögdust til Raudamels sóknar, því lest fiska míkti mál Einars prests, þó sóknarmönnum væri óhægd í, enn annad af Hafrsfiardareyar kyrkiu fiám fèck Raudamels kyrkia ecki, því rekinn fyrir Haffiardarey, er ádr var Beneficium, var lagdr til Breidabólstadar kyrkiu, kluckann hin mesta til Bessastada, enn þriár minni til Hytardals, messu klædi til Lóns kyrkiu, IIII málnytu kúgildi til Stadarhrauns, hundrads hestr oc hundrad í daudu, enn til Feriubacka hálfkyrkiu eitt málnytu kúgildi, tveir hundrads hestar, naut VI vetra, oc XII saudir þrèvetrir, eptir því sem Gísli biskup skipti því þá Hafrsfiardareyar kyrkia lagdist af til fulls, oc var þat á því ári er nærst var talit; Marteinn biskup hafdi giört skipti milli kyrkna í Miklahollti oc Hafrsfiardarey sakir nálægdar, lagdist Hömluhollt til Hafrsfiardareyar kyrkiu í stad Hólslands er fylgdi Hafrsfiardarey oc fèll sídann til Miklahollts, þiónadi þadann af hinn sami prestr Kolbeinstödum oc Raudamel, oc var þar um þessar mundir Steingrímr son Jóns sterka á Hördubóli, sá er einnin var í Breiduvík, oc at Ingialdshóli sídar.

XXXVII Cap. Andlát Olafs biskups oc enn fleira.

Olafr biskup Hialltason var vanr at halda vinaveitslu annan sunnudag eptir þrettánda í jólum, þá gudspiall er um brúdkaupid í Cana, oc hèldt miög til þess dags jafnan, bar oc svo til er hann hafdi ádr qvilladr verit at ödru hveriu um vetr, enn 1569 legit sídann þriár vikr, at hann andadist þann dag heima at Hólum medann Gudspiallit var lesit; var hann biskup í XVII vetr, enn frá því hann vard prestr, voru eigi færri enn L vetr, sumir ætla fleiri enn LX, oc var hann madr gamall; hann hafdi saman tekit nyann Kristinrètt med Arna Gíslasyni, oc vard sá eigi lögleiddr, oc þó meira vid tímann enn sá er ádr var eptir Arna biskup; vid hann eru kendir vardar þeir er standa fyrir sunnan sand, oc heita Olafsvardar eda biskups vardar, er mælt at hann oc sveinar hans hafi hladit þá einhveriusinni er þeir voru nær villtir; son hans var Hiallti prestr at Fagranesi á Reykiaströnd, enn Sigrídr, Snorri oc Ingibiörg vitu menn ei hvört voru systkin Hiallta edr börn, oc er bid seinna þó líkara; Snorri bió á Reykiaströnd oc hèt Þorun kona hans; enn Ingibiörg giptist Jóni Jónssyni er Gudbrandr biskup ól upp, þau biuggu at Biarnastödum í Kolbeinsdal, voru synir þeirra Þorleifr, oc Hiallti, hann var í skóla oc fór utann, kom sídann aptr, oc fór vistum í austfiördu. Um vorit eptir andlát Olafs biskups, var fundr lærdra manna oc leikra at Flugumyri enn sumir segia at Hólum, var þá Sigurdr prestr Jónsson á Greniadarstad kosinn Officialis yfir stólinn oc biskupsdæmit; hann var oc i annad sinn kiörinn til biskups, oc kosníngarbrèfit innsiglad af XXIV prestum, enn sumir vildu til biskups kiósa Biörn prest Gíslason, er þá var í Saurbæ; kom engum þá í hug um Gudbrand prest Þorláksson, er úngr var í prestskap oc þá utanfarinn; fór Sigurdr prestr til stólsins, oc var at því sinni giört Sigurdar registr er kallad er; þar var þá skólameistari sá er Marteinn hèt; Erasmus Villadtsson giördist þann tíd prestr í Odda; Sigurdr Þormódsson er tók vid syslu í Húnavatns þíngi eptir Þórmód födr sinn, lèt XII manna dóm gánga at Torfustödum í Midfyrdi, midvikudaginn eptir Trinitatis sunnudag, um bygdar rygti, hèt sá Erlendr Thómasson er fyrir var hafdr; oc aptr um vid í fiskhelgi fyrir Myrum í Hrutafyrdi; þó veit eg ei hvert Sigurdr var nema umbodsmadr, því at Jón

Biarnarson Jónssonar biskups tók þá vid syslunni, oc bió hann at Holltastödum, enn sumir segia þíngeyrum um hríd; þorbergr Bessason hafdi þá haft umbod yfir Miklagardi, oc giördi Officiali reikníng fyrir; Benedict son Halldórs prests hins ríka Benedictssonar Grímssonar á Mödruvöllum, tók nú Vadlaþíng, oc fyrst í umbodi Jóns Marteinssonar, oc hèldt þat lengi sídann, hann bió at Mödruvöllum í Hörgárdal, oc var kalladr hinn ríki, hann lèt gánga dóm á Spialdhaga um refsíng stráka oc stelpna; Valgerdr hèt kona hans, dóttir Biarnar þorvaldssonar frá Æsustödum, og Herdysar frilludóttr Gísla Hákonarsonar, börn þeirra voru Biörn, Elín, Arnfrídr oc þórunnar tvær; Benedict var medalmadr vexti, medallagi frídr sínum; þá tók vid Reykiahollti eptir Einar prest Marteinsson er hann var farinn til Stadar, Jón prestr Einarsson, bródir Gissurar biskups, oc Halldórs prests í Selárdal, oc þorláks á Núpi, oc hèldt þann stad lengi sídann, oc hans ættmenn eptir hann; hann átti Gudrídi Sigurdardóttr af ætt Slítandastada manna, er búrkona hafdi verit í Skálhollti, Bödvar prestr var sonr þeirra ádr þau komu samann, enn sídann voru dætr Gudrún oc Margret; Bödvar var nær frumvaxta er hèr var komit.

XXXVIII Cap. Frá Höfdíngium.

Nú kom út um sumarit höfudsmadrinn Kristófór Valkendorf af Glorup, mikilsháttar herramadr í Danmörku, oc skyldi prófa ákærur þær er fyrir konúng voru komnar, höfdu þeir Ormr oc Páll miög rægt Eggert Hannesson, oc heitit höfudsmanni stórum veitíngum á sínum gördum, bar svo vid at skipit rak á Vestfiördu nálægt Bæ á Raudasandi þar Eggert bió, tók hann miög vel höfudsmanninum, lagdi hönum til hesta oc annan fararbeina allann, oc reid med hönum siálfr sudr um land undir alþíng, oc fèck allvel túlkat mál sitt, oc Hannesar bródrsonar sins. Páli var eignad at vilia koma fè Dada undir konúnginn, oc er þeir ridu um Saurbæ vildi höfudsmadrinn sækia Pál heim, oc siá gard hans á Stadarhóli, því hann var útkominn ádr, oc hafdi verndarbrèf konúngs, enn þó ei allskostar eyrindum feginn, þar var myrótt heimreidar, oc fèck Eggert kunnugann mann til fylgdar, oc bad hann fara hvert fen at ödru; hann giördi svo oc velltust menn

oc hestar um, oc er heim kom var Páll hverki heima nè vidbú-inn, spyr þá höfudsmadrinn at stofu hanns, enn Eggert lètst ei af vita, nema topt einni er hann kynni máskè at byggia í stofu seinna, fèck hann svo til hagad at höfudsmadrinn vyrdi Páli flest fyrir skrum oc raup; enn er hann kom á alþíng, tafdi hann þar vel hálfann dag, oc baud höfdíngium at bera allt fyrir sig á Bessa-stödum, kærdi höfudsmadrinn í fyrstu til alls fiár Dada, enn Eggert komst af med þá D dali, sem ádr er gètit, oc dæmdi Ormr lög-madr þar um hinn VIIda dag Julii; voru borinn sáttamál af Gísla biskupi oc ödrum höfdíngium, milli Orms og Eggerts, oc annara erfíngia Þorleifs Grímssonar, oc skiptabrèf giört, enn annad at Skridu í Hörgardal, oc fèck Ormr sakir konúngsbrèfsins V hundrud hundrada oc XII hundrud, enn sóadist þó brádt. Gudbrandr prestr Þorláksson var útkominn, oc hafdi konúngr bodit at giöra hönum rètt um eignir Jóns Sigmundarsonar, lèt þá Ormr lögmadr med Eggerti oc ödrum, dóm gánga at Bessastödum, oc dæmdu þeir at Gottskálk biskup hefdi raungum meinum upplostit millum Jóns Sigmundarsonar oc Biargar Þorvaldsdóttr, ónyttust þá allir hans dómar oc giörníngar um eignir Jóns oc Biargar, oc svo þær jardir, er Einar Jónsson hafdi látit, dæmdust Gudbrandi presti oc hans samörfum; enn þótt Ormr hefdi fengit lögdæmit undann Eggerti, endrnyadi höfudsmadrinn syslu veitíngu Eggerts í Isa-fiardarsyslu, oc skipadi hönum einnin prófastdæmi, oc baud hon-um at dæma hiónabandsmál med VI mönnum, þremr klerkum oc þremr leikmönnum; oc öllum skipadi hann málunum at Bessa-stödum, oc fór utann sídann, enn skipadi Olaf Bagga umbods-mann sinn, bió hann at Nesi vid Seltiörn. Eggert fór vestr til Bæar, oc leisti út fè Hannesar frænda sins, oc bió Hannes í Snóks-dal sídann. Páll bió at Stadarhóli oc at Reykhólum, oc var opt-ast kalladr Stadarhóls Páll, hann var stórhuga oc nynæmr, enn lagamadr gódr, eru um hann frásagnir margar kátlegar, svo sem þat hann hefdi stefnt konúngi oc lotit á annad knè á medann, oc sagt sig lúta tigninni enn standa á rèttinum; sú er önnr at hann hafi siglt skipi sínu nyu á skèr, oc qvedit þetta:

Itar sigli austr um sió öldujórnum káta,
skipit er nytt enn skerit hró, skal því undan láta.

Skipit klofnadi, enn hann bargst á skerinu; þar kom at óvildarmadr hans, oc spurdi hvert hann vildi þyggia líf; giördu hvert er þèr sóma þykir, sagdi Páll; sá madr hiálp hönum á land, enn Páll laust hann kinnhesti, oc gaf hönum sídann jörd XX hundrud, qvad þat vera skyldi fyrir lífgiöfina, enn kinnhestinn fyrir ummæli; sú er hin þridia at hann reid eittsinn at hitta einhvern bródr sinn, oc reid í skóg nálægt bæ hans, þar hitti hann smalamann, oc spurdi sá hverr hann var, hann lètst heita vídt út um skóginn oc diúpt ofann í jördina, oc bad hann svo seigia húsbónda sínum, oc reid vid þat heim. Arni Gíslason var útkominn, oc Jón Marteinsson, oc er sagt at þeir hafi haft lèni; Vindheima Jón bródir Páls einnin, hafdi hann fengit Reinistadar klaustr undann Gunnari, oc þar med Hegranesssyslu; Gudbrandr prestr hafdi fengit skóla á Hólum, oc fór hann nordr þángat, oc giördist skólameistari um haustit, enn eptirlèt Breidabólstad Erlendi presti, syni Páls syslumanns Grímssonar frá Mödruvöllum, átti Erlendr prestr Biörgu Kráksdóttr hálfsystr hans, oc var madr vellærdr, oc attestatus fyrstr á landi hèr; hann var fadir Páls syslumanns, oc Olafs prests at Breidabólstad, födr Þorvards prests. Þat haust ámynnti Gísli biskup sóknarpresta, um at yfirheyra sóknarmenn á hverium bæ, oc leifdi at veita sacramentum í öllum hálfkyrkium er ei væri afteknar, gömlum mönnum oc veikum þeim er ei fengi til kyrkiu komist.

XXXIX Cap. Höfdíngiaskipti á landi hèr.

Þessu nærst tók Páll Vígfússon lögmadr at Hlídarenda sótt oc andadist; hann var barnlaus; Gudrídr var systir hans, módir Gudrúnar Sæmundardóttr er átti Arni Gíslason, fyrir því bió Arni at Hlídarenda eptir hann. Magnús Jónsson bródir Páls oc Jóns hafdi þá umbod á vestfiördum, oc dæmdi markaungladóm, hann fèck, seinna er kona hans hin fyrri var dáinn, Ragnheidar dóttr Eggerts Hannessonar; Olafr Bagge lèt gánga tvo dóma sydra; þá voru í lögmanns kiörum fyrir sudrland eptir Pál, Þorlákr Einarsson at Núpi bródir Gissurar biskups, Þórdr Gudmundarson syslumadr í Borgarfyrdi, oc Gísli Sveinsson í Midfelli, syslumadr í Arnessþíngi, oc hlaut Þórdr; kærdi þá Gudbrandr Þorláksson

fyrir lögmönnum, Ormi oc Þórdi próventugiörníng Jóns biskups Arasonar, oc Einars módrbródr síns, dæmdu þeir hann ónytann, því Einar var ei med fullri skynsemi, oc baud sig ecki nánustu frændum til umsiónar; hann kærdi oc af Hólakyrkiu Vídidalstúngu oc Urdir, oc dæmdu lögmenn hönum þær bádar jardir, því þær voru eign Jóns Sigmundarsonar; þeir dæmdu oc þá um jardar ákæru Þórdar Þorleifssonar í Eyafyrdi til Magnúsar Biarnarsonar. Jón Marteinsson var þá enn syslumadr í Vadlaþíngi, oc Benedict Halldórsson umbodsmadr hans, lèt hann VI manna dóm gánga um stærra Hollt í Svarfadardal, er þeir Jón Jónsson frá Vindheimum oc Brandr Helgason deildu um, hèldt Jón þá Skagafiörd oc Reinistadar klaustr sem fyrr segir, oc dæmdu þeir Benedict Jóni jördina. Jóhan Bucholt kom út um sumarit med hyrdstjórn, oc hafdi konúngr spurt andlát Olafs biskups, oc vildi ecki annad enn at Gudbrandr færi utann eptir biskups vígslu, enn skipadi Hans Gillebrún Danskann mann fyrir skólameistara; var þá enn sem fyrri afslegit biskups kosníngu Sigurdar prests Jónssonar á Greniadarstad, oc fór Gudbrandr utann; þó sat Sigurdr prestr á Hólum; Gudmundr á Laxamyri son Nicolásar Þorsteinssonar afhendi þá Benedict Halldórssyni Mödruvalla klaustr, at skipan Johans Bucholts höfudsmanns, enn í umbodi Orms Sturlusonar. A því sumri lèt enn Ormr lögmadr dóm gánga á alþíngi um Hofstadi á Myrum, hafdi Ögmundr biskup selt þá jörd Skálhollts stadar, XV hundrud at dyrleika, Þorleifi presti Eyrikssyni á Melum, fyrir Varmalæk, Maulustadi, Heggstadi, Belgsholt oc Grímstadi eitt hundrad hundrada oc XL hundrud at dyrleika, oc þótti rán heldr enn kaup, enn lagt þó Skálhollts kyrkiu til fullnustu Fellsöxl, Hól oc Túngu i Skilmannahrepp; ei sídr ákærdi Gísli biskup Hofstadi, oc heimti undir dómkyrkiuna af Sigurdi syni Þorleifs prests, barnamanni litt fiáreiganda, þar sem sú jörd hefdi verit eign Skálhollts kyrkiu fyrir XL vetrum; dæmdu þeir Ormr í vil biskupi, enn Sigurdr lèt sídann ei af at kæra fyrir Jóhanni Bucholt höfudsmanni, at hann fengi alls ecki fyrir þær jardir er fadir hans lèt í stad Hofstada, oc stód í því um hríd.

XL Cap. Fráfall Marteins biskups oc Jóns prests.

Marteinn biskup var þá í þann tíma í Midhúsum hiá Alptanesi, því Halldór sonr hans bægdi hönum þar frá; þar andadist Marteinn biskup, XIV vetrum eptir þat er hann hafdi aflagt biskupsdóm, enn Halldór bió at Alptanesi sídann; segir Biörn at Skardsá, oc eptir hönum Jón prófastr Halldórsson, at Marteinn biskup hafi lifad VI árum lengr, enn þetta hygg eg þó sannara. Loptr prestr Narfason í Hytardal var officialis Gísla biskups eptir Martein; hans son var Greipr prestr, er þessi missiri dó af dryckiu. Um þær mundir deidi oc Jón prestr Biarnason, er fyrr var í Skálhollti.

XLI Cap. Frá Vígslu Gudbrands biskups, oc ímsu ödru.

1571 Um vetrinn eptir var Gudbrandr Þorláksson vigdr í Kaupmannahöfn til biskups at Hólum, af Doctor Páli Matthiassyni Siálands biskupi, hafdi hann miög fylgt at vígslu hans, enda var þá eigi völ á lærdara manni hèr lendum, skorti þá Gudbrand vetr á þrítugann; þeir biskupar bádir Gísli oc Gudbrandr tiádu konúngi audmjúklega skort oc uppheldisleysi presta hèr á landi, oc bádu þeim hiálpar; hèt þá Fridrikr konúngr þeim tveim hundrudum dala í Skálhollts biskupsdæmi, enn einu hundradi í Hóla, árlega af rentu sinni, kjöri Gísli biskup í þat jardir prestunum til friálslegs ábylis, þóttu þær vissari enn at sækia penínga hvert ár í hendr konúngs umbodsmanni, oc tók sídann til skodunar hveriar liklegastar væri; enn Gudbrandr biskup kaus penínga, þótti hægra at skipta þeim, áttu þeir at gialdast af Mödruvalla klaustrs inntekt, oc þóttist hann seint fá þá stundum af Johanni Bucholt höfudsmanni; höfudsmadr kærdi um vorit, hinn XIta dag Maji mánadar, sakir á Pètr skraddara, fyrir dómi Bertels Olafssonar syslumanns í Gullbríngusyslu, á Kópavogi, fyrst at Gabriel drengr einn, hefdi ordit úti á fialli um vetr, af völdum Peturs, er þeir voru sendir í Skálhollt; oc annad at hann hafi ætlad at slá sig med staf, þá hann hafi verit lagstr á sæng sína; höfudsmanninum var þá alvarlega umbodit af konúngi at refsa hordómum, blódskömmum oc þvílíku; þá er Arni Gíslason kominn til Hlídarenda, enn Jón Biarnarson Jónssonar biskups dóttrmadr hans

hèldt Húnavatnssyslu; Sigurdr prestr Jónsson hafdi enn öll forrád Hóla; hann skipadi kyrkiusókn frá Vikrlöndum á Skaga til Hvamms kyrkiu, at bón Jóns bónda Grímssonar á Ökrum, oc Biörn prest Thómasson bródr Olafs á Hafgrímstödum fyrir rádsmann oc umbodsmann Hólakyrkiu um Svarfadardal, hann hèldt Velli. Johann Bucholt lèt lögmenn Orm oc Þórd útnefna *XII* manna dóm á alþíngi, oc dæma Nicolási oc Jóni, sonum Odds prests Þorsteinssonar, arf eptir Þorstein Gudmundarson á Grund födrfödr þeirra, enn undan Eyríki Gudmundarsyni í Asgardi, hafdi Oddr prestr fengit qvittan af Knúti Steinssyni höfudsmanni fyrir brot sitt med Arnfrídi Torfadóttr. Gudbrandr biskup kom út hid sama sumar, átti hann þá dóttr er Steinun hèt vid Gudrúnu dóttr Gísla prests Finnbogasonar, oc kom sídar frá henni kyn mikit er heitir Steinunnar ætt. Þá vard víg í Sídumúla, var lagdr undir bordi vid dryckiu Jón Grímsson í Kalmanstúngu, af Jóni murta syni Eggerts lögmanns Hannessonar; Jón fór utann, oc kom ei út aptr; þar um dæmdi Þordr lögmadr, oc annann dóm um Hofstadi á Myrum, segir Jón prófastr Halldórsson at þat mál yrdi ei útgiört fyrrenn þremr vetrum sídar enn hèr var komit, oc at Sigurdi dæmdust þá Hofstadir; son Jóns Grímssonar var Grímr prestr at Húsafelli, fadir Helga prests er fór í Þórisdal med Byrni presti Stephánssyni; launsonr Jóns, oc eldri, var Vígfús, er átti Margretu Helgadóttr systr Gudmundar á Eyri í Arnarfyrdi, þeirra son var Helgi er bió á ímsum jördum í Borgarfyrdi, fadir Vígfúsar prests vid Hellna oc hans systkina; Helgi var son Vígfúsar prests, fadir Helga, födr Vígfúsar á Eyri í Eyrarsveit; annar son Vígfúsar prests var Arni á Heydalsá, fadir Vígfúsar á Eyri, födr Sigurdar. Þetta sumar dæmdi Ormr lögmadr um Túngufell á Spialdhaga, þótti Jóni Marteinssyni hann hlutsamr í sinni syslu; enn Johann Bucholt höfudsmadr lèt útnefna dóm at Indridastödum í Skorradal, um illvirki Katrínar Magnúsdóttr, er hún hèldt Þórdi Gudmundarssyni, medann Jón Ejólfsson veitti hönum áverka. Gudbrandr biskup giördi amynníngu Halldóri presti Benedictssyni, um kaupverslan hans mikla, oc adra hluti, því at Halldór prestr var fèdrattarmadr mikill. Þá fór Kristián Villádtsson frá Skálhollts-skóla, oc tók Helgafells

stad, hann var þar prestr um hríd oc hinn mesti læknir er þá var hèr út, enn krenktist þó, oc fór til Biarnarhafnar ádr hann deidi.

XLII Cap. Imislegt er framm fór.

1572 Vetr hinn nærsti var gódr, fór Sigurdr prestr um þann tíma heim til Greniadarstadar; þá var almennilega qveinad yfir at sökum hardinda fengi fullríkir menn traudlega keypt messuvín til kyrkna, enn sídr þeir sem fátækir voru; var þá útnefndr helmíngadómr á alþíngi af XXIV mönnum leikum oc lærdum, Johann Bucholt höfudsmanni, biskupum bádum Gísla oc Gudbrandi, oc lögmönnum Þórdi Gudmundarsyni oc Ormi Sturlusyni, dæmdu dómsmenn presta oc kyrkiubændr skylduga, at láta aldrei vanta braud nè vín á kyrkum, oc skyldu hinar audgari kyrkiur stoda hinar fátækari í slíkri naudsyn; oc svo at ei skorti med öllu vín í landinu, dæmdu þeir dómkyrkiurnar bádar skyldugar at láta braud oc vín hönum til reidu keypt, oc reis þat þadan af, at fylgia skyldi inventario Skálhollts kyrkiu hálf önnr tunna víns; eigi mátti þó Ormr lögmadr þá allskostar útnefna dóma á alþíngi, því at hönum var brugdit mörgum þúngum sökum er snertu æru hans, oc fèck hann ei af sèr borit; enn Þórdr lögmadr ætla menn dæmt hafi öll mál; Ormr dæmdi þó í Berufyrdi þat sumar, um Einar Jónsson er syniadi hönum greida í yfirreid hans því hönum þótti hann ei rèttr lögmadr, oc kalladi Ormr sig þá lögmann nordann oc vestann. *Jón* Marteinsson ákærdi hann einn, um þat hann hefdi hlaupit inní syslumanns embætti; þá er getit seinast Tuma Þorgrímssonar í vitnisburdi nockrum. Jón bóndi Biarnarson lèt VI manna dóm gánga at Bólstadahlíd, um jardaeignar ágreiníng Arna Einarssonar oc Gudmundar Gíslasonar, enn Þórdr lögmadr lèt ónytt dæma at Smidjuhóli tilkall Ara Ormssonar, sonarsonar eins Gudmundar Andrèssonar undir Felli, vegna konu hans, til Herseyar á Myrum, eptir Þorstein Torfason í Hiörtsey er þá var dáinn; Stóri Gardr í Dyrafyrdi var oc á alþíngi dæmdr erfingium Þorsteins Torfasonar, oc fleiri urdu jarda tilköll, vitnisburdir oc giörníngar; Gísli biskup seldi jardir undan dómkyrkjunni, sem adrir fleiri biskupar á þeim tímum, sumar fyrir laus-

afè, var þó optast yfir helgad at væri med höfudsmanns rádi. Biörk í Flóa, X hundrud, seldi hann fyri lausafè med höfudsmanns vitund, þó med því skilyrdi at dómkyrkiann ætti kaup á henni aptr fyri lausafè þá föl yrdi. Eyri í Kiós seldi hann einnin Olafi Jónssyni hinn IXda dag Augusti þessa sumars, med þridiúngi laxveidar í laxfossi í Laxá, oc medkendist at hafa fengit af Olafi jafngóda jörd, at dyrleika oc landskuldar hæd.

XLIII Cap. Frá börnum Arna Gíslasonar, Gudbrandi biskupi oc fleiru.

Johann Bucholt fór utan um sumarit, oc lèt eptir Benedict Petursson umbodsmann sinn; þá haldi Arni Gíslason at Hlídarenda Skaptafells syslu, oc var höfdíngi mikill, svo at ei voru í þann tíma adrir taldir fremri jafnbornir. Gudbrandur biskup bad Halldóru dóttr hans, oc fèck hennar, sóktu menn brúdkaupit at Hlídarenda austr, oc var þar veitsla mikil, gaf Arni giafir öllum nordan mönnum er voru med biskupi. Gudbrandr biskup gaf Halldóru qvennhatt dyrann enskann, oc qvennsödul ágætann útlendskann, oc lèt hana hafa á heimleid; var hverigt ádr til í landi hèr, at því er gamlir menn sögdu gömlum mönnum á öndverdri XVIIIdu öld; öll mönnudust börn Arna vel. Hákon átti Þorbiörgu dóttr Vígfúsar bónda Þorsteinssonar úr Þíngeyarþíngi, þeirra synir voru Gísli lögmadr, Einar oc Biarni. Sæmundr átti Elínu dóttr Magnúsar bónda Jónssonar at vestann seinna, oc margt barna. Gísli átti dóttr Gudmundar Helgasonar vestann frá Eyri. Gísli son Þórdar lögmanns átti Ingibiörgu Arnadóttr, enn Jón bóndi Biarnarson Jónssonar biskups Gudrúnu. Þorsteinn prestr í Múla son Illhuga prests Gudmundarsonar Sigrídi, oc eru frá þessum mönnum öllum ættir komnar. Arni prestr í Hollti undir Ejafiöllum, son Gísla biskups Jónssonar fèck Hólm- 1573
frídar dóttr Arna, vetri sídar enn Gudbrandr biskup Halldóru; þá var svo mikit hita sumar at eldr qviknadi vída í skógum, oc brendi þá; urdu manntapar miklir af skipum í Hornafyrdi austr. Þá kom út brèf Fridriks konúngs, at Islendíngar færi útann til læríngar frama, oc at prestar hefdi prófastdæmi heldr enn syslumenn, oc stórbrotamenn afleistist á dómkyrkium; þat konúngsbrèf

um utannför lærdra manna útvegadi Gudbrandr biskup, var þat útgèfit á Skanderborgar sloti hinn XXVIta dag Martii mánadar, á móti þeirri alþíngis samþyckt er ádr var giör, at enginn mátti fara af landi hèr án leifis höfdíngia; annad hinn XXta sama mánadar út af því at hönum þótti Johann Bucholt höfudsmadr gialda seint presta peníngana, fèck höfudsmadrinn af þeim þrætum óvild mikla ádr lángt leid um til Gudbrands biskups oc presta hans, enn þótt þat dygdi ecki medann Fridrikr konúngr annar var á dögum; hann reyndist svo Islendíngum, at hann var hinn strángasti vid ósidamenn, enn trúlyndr oc hègómalaus. Gudbrandr biskup lèt taka samann á prestafundi, at prestar skyldu messu fremia í kyrkium oc ecki kapellum, patronusdagar skyldu fyrirbiódast, þverbrotnir syndarar skyldu ámynnast þremsinnum, fyrst einslega, sídann vid vitni, oc svo fyrir söfnudinum, enn þar eptir tilkynnast um þá biskupi; prestum skuli kennast rètt at skyra, enn leikmenn giöri þat ei nema í naudsyn; menn sèu kalladir samann á heimilum vid barna skyrn oc þiónustu tekiu, svo þeir heyri guds ord, prestar skulu ei taka til alltaris þá er ei kunna frædínn, edr þiónusta ei menn fyrr enn í daudanum siálfum, sem óvenja hefir verit hingad til; eigi skulu þeir syngia sacramentis messu þá enginn er til altaris. Gudbrandr biskup fèck Asgeirsá í skiptum, lèt þá Pètr Þorvardsson af at kæra til þeirrar jardar, oc dó sídann at því er mælt er af vesöld, enn Ari sonr hans kalladi þadann af hvört ár til Teits fiár. Þá gèck dómr yfir Orm Sturlusyni, oc dæmt af hönum lögmanns embætti; kom oc Gudbiörg Sveinsdóttir fyrir lögmanna dóm, hún hafdi fallit þrisvar í hordómi fyrir stóra dóm, oc var ei at því farit, enn sídann hafdi hún fallit med jöfnum hætti tveim sinnum, oc þarmed hlaupit frá manni sínum, fyrir þat var hún dæmd frá lífi; þau missiri lèt Vigfús bóndi Þorsteinsson dóm gánga at Liósavatni um fiölmæli oc blök, oc adra heimsku er Loptr Jónsson syndi fátækri konu, oc sekt hans fyrir slíkt; oc var vitnisburdr Hrólfs Biarnasonar oc Magnúsar Jónssonar um höfudsmannsbrèf til Gudbrands biskups, at hann lèti dæma ákæru Jóns Jónssonar á Reinistad um Bard í Fliótum, oc tvær jardir adrar; má þó vera þetta sè nockru fyrri talit enn skèdi; enn byriad hafdi þá hèr var komit um tal þetta med Gudbrandi biskupi oc Jóni; Sigurdr Jónsson giördist þá skólameistari á Hólum, hann var

balltr frá öndverdu, oc hafdi lengi verit utann í Kaupmannahöfn oc Raudstock, oc lært hebreska túngu fyrstr Islendínga, var hann Nordlendskr, oc hardr í refsíngum vid skólamenn.

XLIV Cap. Frændlid Arna Gíslasonar oc Gísla biskups.

Svo er sagt at Vilborg dóttir Gísla biskups hafi nær því trúlofud verit Gudbrandi biskupi, enn hafi neitad þá hún skyldi játa, oc giptist hún sídann Þórvardi Þórólfssyni á Sudr-Reykium, oc jók þar kyn sitt; hún var opt med fásinnu svo hana vard athuga, hellst tveim eda þremsinnum, enn Gísli sonr hennar hvarf; er mælt sú fásinna væri kynfylgia Mókolls ættar; Stephán var son Gísli biskups er sídann var prestr í Odda, hann átti Þorgerdi dóttr Odds prests í Gaulverjabæ Halldórssonar bónda í Túngufelli Brynjólfssonar. Arni prestr í Hollti var annar son Gísla biskups, hann átti Hólmfridi Arnadóttr sem fyrr segir. Helga Gísladóttir átti Erasmus prest Villadtsson; Gudrún átti Gísla bónda Sveinsson í Midfelli, enn sídar Stephán Gunnarsson Gíslasonar; Gísli biskup lifdi Kristinu, oc fèck sídann Þórdysar Jónsdóttr eckiu Odds prests Halldórssonar, þau áttu ecki börn svo um sè gètid. Stephán Gunnarson var launsonr Gunnars; enn börn Gunnars Gíslasonar oc Gudrúnar dóttr Magnúsar prests, Jónssonar biskups Arasonar, voru Biörn á Asbrandstödum oc á Bustarfelli, er Múla syslu hafdi, oc druknadi af feriu hiá Kyrkiubæ í Utmannasveit, fadir Jóns er hèldt Skriduklaustr, oc Þórunnar er gipt var Biarna Oddsyni at Asi í Fellum, oc Páls. Gísli var annar Gunnarsson, hann þiónadi lengi tignum mönnum oc dó útanlands. Páll Gunnarsson druknadi á Hamborgar elfi. Pètr son Gunnars átti Halldóru dóttr Gunnlaugs í Leiníngi Ormssonar lögmanns, einn hans son var Magnús prófastr á Hörgslandi. Ingibiörg Gunnarsdóttir átti Isleif yngra Þórbergsson á Hofi. Solveig Gunnarsdóttir átti Arngrím prest lærda, hún var hverri konu frídari sínum; Gudrún Gunnarsdóttir var laungetinn, hún var gipt Halldóri syni Odds Arnfinnssonar oc átti margt afqvæmi. Gudrún dóttir Páls Biarnarsonar Gunnarssonar, átti fyrst Olaf í Gilhaga Markússon af Stóradalsætt, þeirra son einn var Markus á Breid; sídann fèck hennar Sigurdr prestr í Presthólum Jónsson prests Biarnasonar,

skáld mikit. Biörn prestr Gíslason bródir Gunnars, oc Arna at Hlídarenda, var oc höfdíngi mikill, hann hèldt þá Saurbæ í Eyafyrdi, oc átti Malmfrídi hina mildu dóttr Torfa prests er þar var ádr, Jónssonar priors, Finnbogasonar lögmanns, þeirra börn voru Hákon, Gísli, Ingibiörg, Elin. Hákon bió at Nesi vid Selstiörn oc var merkilegr madr, hann átti Solveigu dóttr Jóns Marteinssonar, þeirra son einn var Gudmundr á Þíngeyrum. Gísli átti Jórunni dóttr Hannesar í Snóksdal Biarnarsonar Hannessonar, þau áttu margt barna, eitt var Biörn fadir Sigurdar lögmanns. Ingibiörg var gipt Jóni syni Vígfúsar bónda Þorsteinssonar, er sídann hafdi syslu nyrdra eptir födr sinn, oc var audugr miög, þeirra dóttir var Þórunn ríka á Skútustödum. Elin átti Pètr Magnússon frá Stóradal Arnasonar Pètrssonar Loptssonar, bródr Þórsteins í Þyckvabæ, oc Biarnar á Laxamyri, eru frá þeim öllum ættir komnar.

XLV Cap. Dómar ímsir.

Þau hin nærstu missiri fór bóla um land; þá kom út Johan
1574 Bucholt höfudsmadr oc var á alþíngi; þar voru sett nidr III hundrud hundrada til eins hundr. hundrada í tyund, oc rèdu lögmenn því, þat var leikmönnum gagnsamt, enn klerkum ógagn; var þá Jón Jónsson frá Reinistad lögmadr ordinn med Þórdi, oc er hann æ sídann kalladr Jón lögmadr; hann hafdi Skagafiardarsyslu, oc lètu þeir Gudbrandr biskup dóm gánga um fèlausa frillulífismenn at Bólstadahlíd; dæmdist þeim at setja borgun, edr leggia sig undir refsíng þá er gódum mönnum þætti sæma; Henrik Gerken Hannesson hafdi þá umbod þar í syslunni, enn þessir voru dómsmenn, prestar Erlendr at Breidabólstad Pálsson Grímssonar, Þorsteinn Gunnason Hólaskálds; Stígr, hann var frilluson Biarnar prests Gíslasonar; Brynjólfr Arnason hann var á Bergstödum, oc hinn mesti rostumadr í háttum, Styrkár Hallsson, Gamli Hallgrímsson Sveinbiarnarsonar födrbródir biskups, oc leikmenn, Olafr Thómasson á Hafgrímstödum, Gottskálk Magnússon á Reykjum, Einar Magnússon, er eg hygg bródr hans þann er sídann var prestr eystra, Biarni Sturluson smids, Jón Grímsson á Ökrum, Einar í Bólstadahlíd Þórarinnsson Steindórssonar. Henrik Gerken

hèldt þíngeyraklaustr, enn Jón lögmadr nádi því undann hönum med fylgi Jóhans Bucholts, er hann fèck sèr jafnann at vin, þó hinn hefdi höfudsmanns brèf fyrir; hann nádi oc sídann Húnavatnssyslu oc Vatnsdalsjördum, Strandajördum oc Midfiardarjördum, Snæfellsness syslu oc Stapa umbodi, oc hèldt þeim öllum lènum; var hann hinn mesti uppgángsmadr, hèradsríkr oc fègiarn, túnguminkr vid höfdíngia oc stórlátr, oc hinn mesti óvin óvina sinna. Gudbrandr biskup lèt annann helmíngadóm gánga á Spialdhaga, med Benedict Halldórssyni, er þá hafdi tekit siálfr syslu í Eyafyrdi, um trúlofan. Nicolás Biarnarson, syslumadr í Rángárþíngi, lèt dóm gánga at Hollti undir Eyafiöllum, um qvedskap; oc þeir Gudbrandr biskup oc Vígfús bóndi þorsteinsson enn helmíngadóm at Grítubacka um haustit, um samvistir oc hiónaband Magna Jónssonar oc Kötlu þorsteinsdóttr, er keypt hafdi verit af ödrum manni med eginn vilia oc módr sinnar, enn ecki giptíngarmanns, dæmdu þeir þeim Magna oc Kötlu hórdómssekt, enn settu til biskups oc lögmanns um hiónabandit. þar voru dómsmenn Sigurdr prestr á Grenjadarstad Jónsson oc V prestar adrir, enn leikmenn, Sigurdr Jónsson, hygg eg son Jóns á Svalbardi Magnússonar, Magnús Biarnarson, Jón Ormsson á Einarstödum, Gudmundr á Laxamyri Nicolásson þorsteinssonar, oc Oddr Asmundarson Sturlusonar; lögmenn samþycktu at lènsmenn konúngs skyldu hafa þá hèradsstjórn alla, sem brèf standa uppá, orsakadist þat af því, at Vígfús bóndi þorsteinsson hafdi borit sig upp um ríki Gudbrands biskups, þótti hann ei svo eptirlátr sèr sem Olafr biskup Hialltason. þá var borinn Halldóra dóttir Gudbrands biskups. Um sumarit stadfesti Johan Bucholt höfudsmadr sölu Gísla biskups á jördinni Eyri í Kiós til Olafs Jónssonar. Ormr Sturluson fór þá utann, oc vildi hitta Fridrik konúng, oc leita sèr þar trausts.

XLVI Cap. Frá Gudbrandi biskupi oc prentsmidiu.

Þat er nú at segia frá Gudbrandi biskupi, at hönum þótti stórum ábóta-vant um uppfrædíngu manna oc adra háttsemi, hafdi hann frá því er hann kom út, lagt alla stund á at framm-fylgia

því er Olafr biskup Hialltason hafdi upphafit, oc þó med því meiri rausn sem hann var skörúngr meiri oc lærdari. Fann hann þat med siálfum sèr af vitru sinni, at einfaldr almúgi hafdi meiri nytsemd af einum gódum bæklíngi, þar er lióslega væri útlagdar í módrmáli höfudgreinir kristilegs lærdóms, enn af mörgum óskilmerkilegum sermonum oc laungum predikunar-þulum lítt lærdra presta, nykominna úr páfadóms villu, ef bæklíngr sá gengi út á prenti oc bærist um land til allra þeirra er nockud gott vildu nema. Fyrir því tókst hann á hendr at uppreisa prentsmidju algiörfa heima á Hólum, oc gafst hönum tilefni af því, at Jón prestr Svenski Matthiasson, er fyrr var á Breidabólstad, hafdi haft hèr prentverk lítit, svo hann prentadi gudspiallabók í fiögra blada broti fyrir Jón biskup Arason, oc bæklínga nockra fyrir Olaf biskup; fèck hann af því numit atferli, þó slíkt sínishorn prentsmidju kæmist í engan samjöfnud vid fyrirtæki hans; fyrir því áfísti hann Jón son Jóns prests Matthiassonar, til at fara utann, oc nema til fullnustu prentverk, oc sidann bædi fremja þat hèr oc kenna ödrum, svo land vort vantadi ecki bókþryckjara; fèck Gudbrandr biskup af Fridriki konúngi jördina Núpufell í Eyafirdi til ábylis oc alls ágóda. Jón var fadir Brands prentara, födr Jóns prests í Hytarnesi, födr annars Jóns prests, er í Stocksmálit kom. Var prentsmidjann algiör í þann tíma er fyrr var fráhorfit tilburdum. Þá lèt oc Gudbrandr biskup samtaka á prestastefnu, at ei skuli prestar at óleifdu útdeila sacramentum annara presta sóknarmönnum, eigi heldr úngir menn takast til altaris óspurdir um þeckíngu sína; prestar skuli gèfa biskupi til kynna hversu á standi hórdóms sökum, ádr til laga komi, oc at born megi grafa í kyrkiugardi þó deyi óskyrd, enn þó saunglaust; enginn börn skuli skyra fyrr enn þau sèu fædd med öllu; hann ritadi Jóni lögmanni um uppheldi presta nockurra, oc hafdi þat verit um vorit, oc þá þegar tekit til at falla illa á med þeim um ímsar greinir.

XLVII Cap. Upphaf Biarnar at Skardsá.

Jón hèt madr, hann bió at Ingvildarstödum á Reykiaströnd, hann var marga vetr formadr í Höfnum sudr fyrir konúngs skipi, oc hafdi Ingvildarstadi oc þær jardir lengi, voru VIII eda IX hundr-

ada hlutir eda lestar hlutir þá opt sydra, oc fèck Jón lestarhlut marga vetr; hann var Jónsson Ormssonar skipara Runólfssonar; systir Orms var Gudrún, hún átti tvo sonu vid Sæmundi Simonarsyni, Jón prest er lengi hèldt Kvíabeck oc átti margt barna, oc Kár, hann átti XVI börn, er úr barnæsku komust, eitt var Sæmundr prestr er lengi hèldt Glaumbæ. Módir Jóns á Ingvildarstödum var Þórun Gisladóttir, Arnasonar, Þorbiarnarsonar, Arnasonar Gulls, hann var því svo kalladr at hann hafdi komit út med gull mikit frá Englandi. Arni hèt bródir Þórunnar, hann átti dætr margar, Kimbastadi átti hann í Sæmundarhlíd, oc bjó þar lengi, kona hans var Kristín Jónsdóttir, frá Geitakardi, Einarssonar Oddssonar, systir Egils. Gróa hèt módir Þórunnar Asgrímsdóttir Sigmundarsonar; Asgrímr hafdi komit úr Steingrímsfyrdi vestann, oc Sigrídr kona hans eptir pláguna seinni. Jón var lágr madr, þreklegr, gæfr í skapi, óreidinn optast, hann misti födr síns úngr oc hlióp einn vetr sudr med vermönnum, þeir skildu hann eptir sudr vid Ellidaár, oc komst hann ei eptir þeim; hvarfladi hann þá framm á Seltjarnarnes, þar bió Gudrún Ormsdóttir födrsystir hans, hún var eckia, oc tók vid hönum, ólst hann þar upp oc mannadist, fór nordr sídann oc qvæntist, tók Ingvildarstedi oc græddi mikit lausafè; hann hafdi opt mikinn byr hiá dönskum á Bessastödum; einhverjusinni kom hann þángat þá þar var umbodsmadr sá er Eyríkr Jacobsson hèt, þeir drucku samann oc gèck Jón út, oc er hann kom inn aptr, mælti Eyrikr: sit nú enn hjá mèr um stund Jón Titlíngr; Jón gèck at hönum, oc laust hann kinnhest all-óþeckilegann, oc mælti: sè eg titlíngr, skaltu fá titlíngs slag; tveir menn Nordlenskir voru med Jóni í stofunni, oc hliópu til hans, enn V voru útlendir; Eyrikr sat oc þagdi um hríd, mælti sídann á dönsku: þorir þú Jón at slá fógeta konúngs hèr í hans stofu? Jón mælti: þú hefir sèd at titlíngrinn flígr opt svo hátt sem örninn. Eyríkr bad hann þá drecka, oc sættust þeir svo at Jón kom hægum bótum fyrir sig, svo at lítt edr ecki vard þó hliódbært. Jón fèck Gudrúnar dóttr Kètils Ingimundarsonar á Ketu þess er biörninn vann fordum, oc fór Kètill til þeirra, var hann þá gamall miög. Biörn var son þeirra, sá er sídann bió at Skardsá, oc var lögrèttumadr, oc frædimadr; hann var borinn þau missiri er Gudbrandr biskup kom upp prent-smidjunni.

XLVIII Cap. Aftekinn vopn.

I þann tíma voru landsmenn hèr geigadir af konúngsvaldinu meir enn fyrr hafdi verit, oc færdist þat í vöxt sídann biskuparnir voru bugadir, oc hinn forni sidrinn aftekinn oc bannadr; var þat vel fyrir sumra hluta sakir, því þar vid aftókst margr ójöfnudr, vígaferli oc rán, þó hindrvitni oc hiátrú hèldist enn vída vid sem í mörgum ödrum löndum í þann tíma; enn þó tóku þá sumir egingiarnir menn oc sèrgódir er völd höfdu, sèr þar af tilefni til at þraungva kosti landsmanna, at því er vyrdist, oc lètust giöra þat til trygda vid konúnginn; því svo sagdi Magnús bóndi Jónsson í dómi sínum, at á þessum árum hafi nockrir óforsiálir fógetar oc syslumenn, ei at eins afskipad, heldr oc med heypt oc valdi fyrir mörgum dugandismönnum brióta látit vopn oc verjur, oc öll þau afdæmt, svo at ei hafi fundist edr varla, um allt land, sá madr er lagvopn hafi átt eda þorat at hafa, til at reina ís eda vötn, eda reka frá sèr hund grimmann. Má þat ætla, at ei hafi margir syslumenn jafnsnemma þessu framfylgt, nema þeir hafi haft nockrn oddvita; voru þá einir til þess líklegir Johann Bucholt, eda Jón lögmadr, því þeir höfdu hèr þá mest völd; er þat þeim mun líkara oc trúlegra, sem Jón lögmadr tradkadi þeim dómi er þar um var dæmdr sídar. Þó er þat annarskostar undarligt, at skial finnst eckert fyrir afdæmíngu vopna, oc hitt hve greidt hefir gengit at uppræta þau giörsamlega, ef almenníngr hefir átt þau ádr; voru oc enn sumir menn sídann sem áttu nockr vopn, oc er at siá sem hverki vopn eda víg hafi svo miög aflagst í einu; hitt er oc á at líta, at Islendíngar höfdu lítit þarft med vopnum unnit innanlands, oc haft mest hverir vid adra, því ei var annars kostr, þó hafdi þat borit til stundum vid útlenda; spiltist þar lítit vid, þó þeim væri eydt, medann konúngdómr oc lög hèldu vörn yfir landinu, nema í sumum stödum þar ófridr kom at seinna; enn hvert er þat var meira þarft edr óþarft fyrir flestra hluta sakir, oc hverir sem þess voru valdir, er þau tókust af, þá vard sem jafnan verdr vid hverr umskipti, oc þó hin þarflegustu sè, at æ fer þar samann vid nockud íllt eda óþarft, á annan hátt enn ádr var; jókst vid alltsamann ódugnadr oc hugleysi í landsmönnum, svo nálega lögdust allar íþróttir oc frammqvæmdir fyrir ódal, oc kom svo at landsfólkit giördi hrygglyndt, oc óliúft á at freysta nockrs hlut-

ar, vitu menn þat af því sem lengi var sídann tidt, at nálega var mest víti vidlagt af hiátrúargiörnum, ef nockr manndómr var stundadr, oc af qvedlíngum oc frásögnum úr öndverdri XVIIdu öld, er lióslega sindu ótta einann oc hrygglyndi. Þó þvarr eigi vid slíkt mótvilji sumra þverbrotinna manna, er nockud þóttust eiga undir fiármagni sínu eda karlmensku, í öllu því er hlídni skyldi heita vid lög oc yfirmenn, enda var í þann tíma nockr sök hiá yfirmönnum siálfum, er lítt betrudu sidu sína, því þeir einir voru áleitnir er fiármagn oc frændafla höfdu til at þraungva kosti annara, oc egndu svo þá alþídu menn til mótþróa er nockru treystust, enn hinum drap nidr at meira er lítils máttar voru eda óhardlyndir; enn at telia slíkt greinilega er þó mikit vandhæfi á, því blindni sú hin mikla oc rángar ætlanir, sem ædri oc lægri menn höfdu í verit medan páfatrúinn stód, hefir seint ordit upprætt, oc sídann margt annad vardat þeckíngu manna oc sidabetrun; fer oc eigi betr at gánga til annars óhófs enn ádr var, enn hóf er vandhitt, oc stendr eigi lengi um sinn hvert um sig.

XLIX Cap. Tilburdir ímsir, oc frá biskupum.

Ormr Sturluson var í þennan tíma utann, oc vitum vèr eigi hvert hann nádi konúngsfundi; hann var í húsi Johans Schougaards, þar höfdu Islendíngar kynni; þar andadist Ormr, oc var þá enn 1575
snaudr ordinn; son Orms var Sturla, hann fór utann, oc framadist ecki, því hann var allheimskr. Helga dóttir Orms dó í bólu, enn Gudlaug giptist vestr oc var gód kona. Gunnlaugr Ormsson bió í Leiníngi, hans dóttir Halldóra var gift Petri syni Gunnars Gíslasonar. Liótun systir Orms var módir Ceciliu er Hallr átti son Olafs prests Kolbeinssonar, þadann er Halls ætt. Steinun systir Orms var módir Jóns rebba í Búdardal. Þá var þat er Þórun Jónsdóttir biskups seldi Sigurdi presti á Grenjadarstad bródr sínum Grund, enn skildi sèr til ábúd, var hún þá eckia í þridia sinni; samþycktu þat Helga Sigurdardóttir Finnbogasonar, oc synir hennar Sigurdr oc Isleifr; má ætla Þórbergr Bessason, bóndi Helgu, hafi þá dáinn verit. Fridrikr konúngr sendi út híngad brèf sín um sumarit; var eitt um stadi er leikmenn höfdu haldit, at þeir skipist prestum, ef þeir fást er þá

vilia taka; annad at prestar skyldu hafa öll giöld sem fyrr hefdi verit; þridia at þeim skyldi tyund gialdast af öllum jördum nema klaustrum; hid fiórda um þat at sóknarprestr oc djákn skyldi haldast á klaustri hveriu, hafa III hundrud í kaup enn tolla oc tyundir at auki, enn ef prestr er eginqvæntr, skal hann hafa klaustrs jörd til ábylis, enn diákninn mat oc dryck af klaustrinu; þá er sagt at hin fyrsta bók hafi prentud verit í Hóla prentsmidju, lífsins vegr Hemmíngii med tveimr sálmum, at beidni Arna Gíslasonar at Hlídarenda, oc tileignud hönum, enn Gudbrandr biskup hafdi útlagt; var þá borinn Páll son Gudbrands biskups, oc hafdi nafn Páls Vígfússonar at Hlídarenda, ætla eg þat sannara enn þat er sumir segia, at hann væri borinn tveim vetrum fyrri; Gudbrandr biskup lèt samtaka þat á prestastefnu, at ef prestr ber á leikmanni naudveriu-laust, skal hann missa embættis til þess er hann hefir bætt, prestar væri oc skyldugir til til at kenna börnum sínum at lesa oc Catechismus, bænir oc bordsálma; eigi skulu þeir hafa raud klædi, gul eda græn, oc eigi felda undir stacki, oc stuttvídar buxur, enn af því má ráda at þá hafi eigi prestar hempr borit; sá prestr skuli afsetiast er haldi forbodnar helgar, því Páfadómr sè ei þolandi; allir skuli prestar vardveita kall sitt eda setia borgun fyrir; þennan tíma andadist Einar prestr Olafsson í Görđum, födrfadir þeirra Egilssona, oc var þá gamall miög; þat sumar segir Jón prófastr Halldórsson at dæmdir hafi verit Hofstadir Sigurdi Þorleifssyni, enn Gísla biskupi eyrdi þat illa, oc hafdi umbrot mikil fyrir at halda jördinni med lögfestum oc stefnum oc ödrum umsvifum, einnin eptir dóminn, oc vann þá ei á, oc vard Sigurdr fyrir þúngri óvild af hönum. Gísli biskup veitti Bödvari presti syni Jóns prests Einarssonar í Reykiahollti Stad í Grunnavík, oc bad miög Johan Bucholt höfudsmann stadfesta þá veitíngu, qvad miklu meiri þörf á slíkum prestum á útkiálkum heldr enn nær sèr í midiu biskupsdæmi, oc svo giördi hann vídar; rád vildi hann oc hafa yfir prestum at færa þá úr einum stad í annann, enn þeim var þat opt óliúft, fyrir því kærdi hann nù fyrir höfudsmanni slíka óhlídni þeirra, oc beiddist dóms á, hvert ei væri þeir skyldir upp at standa frá stad eda sókn er biskup bídr, oc fara til annarar; þar um nefndi Þórdr lögmadr Gudmundarson út helmíngadóm, med þremr prestum oc þremr lögrèttumönnum, at Melum

í Borgarfyrdi hinn XVIIIda Augusti mánadar, at skipan höfudsmanns, dæmdu þeir prestum at vísu byria eptir eydi sínum at audsyna biskupi hlídni í því sem þeir mætti, enn margt mætti hindra þá, oc giöra þeim ófært at víkia til fiærlægra stada, oc væri farandi at kyrkiu-ordinantiu konúngs, er ávíkr at hverr sókn skuli velia sèr þíngaprest siálf, fyrir því dæmdu þeir málit til alþíngis á nærsta sumri; voru þeir dómsmenn Jón prestr Egilsson Einarssonar prests Olafssonar, Þorvardr prestr Einarsson oc Jón prestr Magnússon, enn leikmenn Einar Eyríksson á Hvanneyri, er lögvitr var, oc sagt er verit hafi rádgiafi Þórdar lögmanns, Vígfús Jónsson á Kalastödum, oc Ögmundr Hallsson Olafssonar prests Kolbeinssonar; lèt þá biskup af at ákæra slíkt er hönum gèck eigi greidara; þat sumar skipadi hann hálfkyrkiu at Dúnki í Hördudal med gódra manna rádi; tók oc prestskap af mörgum, er annadtveggia voru blandnir páfadómi edr ódugangligir; var einn Indridi er Páll Jónsson á Stadarhóli vildi láta þióna Kaldadarness kyrkiu, því hann hafdi selt hönum Kálfanes; vard kaldt af því oc ödru med Gísla biskupi oc Páli; oc svo tók hann embætti af Þórleifi presti á Reykhólum Biarnarsyni Þorleifssonar, því at sannad var fyrir biskupi at menn fóru jafnnær frá kenníngu hans, sökum hans ásmælgi, enn hann seldi Páli Jónssyni Reykhóla, oc er hans opt ádr gètit; son hans var Greipr prestr á Snæfiöllum, fadir Jóns, födr Greips födr Jóns; enn Jón í Flatey var bródir hans, fadir Finns, födr Torfa prests, födr Jóns í Flatey. Á slíkann hátt lagdi Gísli biskup alla stund á uppfrædíngu alþídunnar, oc einnin á at halda rètti kyrknanna, því at ei höfdu þær í Skálhollts umdæmi slíkar menjar eptir nockurn biskup sídann Vilchin var; samdi Gísli biskup Máldagabók þat ár sem fyrr er gètit, yfir allar þeirra eignir, qvikar oc daudar, fastar oc lausar, er ella mundu hafa undangengit, oc var sú lögtekinn sídar, þó ei sè hvervetna samsaga, hvar sem ecki kæmi önnr skilríki liósari í móti.

L Cap. Frá Höfdíngium.

Önnr missiri endrnyadi Johan Bucholt skipan Páls Hvítfelds um 1576
þá er eigi sæki sóknarkyrkiur, einnin at prestar hlídi biskupi, oc

hiálpi til at taka samann tyndir hans; þá giördist Þorvardr prestr Magnússon í Vallanesi prófastr oc officialis Gísla biskups í Austfiördum í stad Einars Arnasonar; Gudbrandr biskup lagdi þá út oc lèt prenta Cathechismum Palladii, bók um rèttlæting oc gódverk, Avenarii bænir oc Calendarium; Jóns bók var þar oc prentut; var nú borinn Kristin dóttir hans; þá fèck hann brèf frá Fridriki konúngi er leifdi hönum at hafa skip í förum, oc taka hina bestu menn í syslunni til at útreida þat; keypti þá Gudbrandr bisku skipit af Hamborgurum, LX lesta far; enn lögmenn bádir oc lögrèttann, lögdust á móti slíku fyrirtæki biskups, oc kærdu fyrir konúngi, qvâdu mikinn óþarfa oc hættu at landsmenn ætti siálfir kaupfar, enn því var ecki svarad; tókst þó svo illa til at þeim vard þat til vilia, at skipit tyndist nockru sídar á útsiglíngu, svo ei hefir tilspurst, var á því Arngrímr prestr Jónsson vellærdr madr, er fram átti at bera eyrindi biskups, hann var fadir Jóns prests at Bardi í Fliótum, oc Laurentii prests at Upsum; freistudu oc eigi innlendir höfdíngiar, þó allríkir væri, slíks fyrirtækis sídann. Johann Bucholt höfudsmadr fór utann um sumarit; þá andadist Erlendr Þórvardsson á Strönd er lögmadr hafdi verit, oc var þá ærid gamall. Matthias fór utann, skólameistari í Skálhollti, oc prestvígdist þó ádr; hann var gódlyndr madr, tók vid af hönum Stephán son Gunnars Gíslasonar; enn af Sigurdi Jónssyni á Hólum tók vid Biarni son Gamla prests Hallgrímssonar Barna-Sveinbiarnarsonar, brædrúngr Gudbrands biskups, oc var allt á einum missirum.

LI Cap. Frá ímsu.

1577 Vetrinn eptir sat Johan Bucholt í Kaupmannahöfn, oc medtók hinn þridia dag Aprilis mánadar heit Eyríks Arnasonar, at hann skyldi gialda honum CCC Joachims dali fyrir brot sín ádr kæmi Michaelsmessa; þat hygg ec væri Eyríkr sá er hèldt Skridu klaustr, son Arna Brandssonar priors, Rafnssonar lögmanns; hann var kalladr prestahatari, fyrir því at hann setti presta í hald oc giördi þeim margt íllt; hann átti Gudrúnu Arnadóttr Petrssonar Loptssonar, oc eigi börn, enn hún var gód kona oc bætti rád hans, oc hèllst hann eigi vid hèr á landi er hún var dáinn, oc

fór til Hamborgar, eptir þat kom höfudsmadrinn út aptr híngad oc gaf út amynníngarbrèf til presta, hellst á hinum audgari Beneficiis fyrir sunnann, at þeir sèu hlídnir Gísla biskupi; úngir oc heilbrygdir sem haldi ríka stadi, taki sèr ei Capellana, enn leggist í leti siálfir, oc vilji eigi kenna úngum sveinum sem biskup á skilji til eflíngar Kristninni; enn hann lofadi miög Freystein prest Grímsson í Stafhollti er þá var dáinn fyrir IX vetrum, fyrir þat at hann hefdi svo giört; hann kærdi á alþíngi til Benedicts Petrssonar, er þá var daudr, at hann hefdi eigi goldit tyundir oc haft tvær konr; þá fór framm vitnisburdr Páls prests Brandssonar at Bardi í Fljótum, at hann medkendist ei at hafa selt Jóni lögmanni Jónssyni Bard, enn hann hefdi tælt sig til at gèfa sèr proventu, oc eckert haldit af heitum vid sig, fyrir því væri giörníngr sá ólöglegr; med því oc at Páll prestr hefdi V eda VI vetr um áttrædann, oc hefdi verit VIII vetra í plágunni seinni; qvad hann oc mundi skrád hafa oc innsiglad uppá sig mörg giörníngsbrèf, er hann hefdi eigi fengit at siá nè heyra, nè vissi hvad innihèldi; þá lèt Gudbrandr biskup prenta bók er hann hafdi lagt út eptir Nicolási Palladius, um kristilegann afgáng manns, kristilegann riddaraskap oc svo papiskann, rèttlætíngu mannsins, oc dóma dag; enn því innfæri ec hveriar skipanir voru giörfar, eda bækr útkomu, at mèr þykir þat merkilegra fyrir allann landslíd, enn óvenjulegr daudi eins eda annars ómerkilegs manns, sem ærit er af í árabókum; enn himin-teikn oc loptsjónir, myrkva á sólu edr mána edr slíka hluti er menn hræddust í þá daga, færum vèr nálega aldrei í fràsögr, oc þykir þat allt einna merkilegast þó litilvægt synist, sem auglysir hverir fremri menn hafa uppi verit í hverium stad þann eda hinn tíma, eda hver trú eda áhyggia mest hefir verit hiá alþídu, oc hvad skapfeldast, eda hverr landstiórnar háttr var oc sidir einn tíma eda annan. Þessi missiri lèt Arni Gíslason at Hlídarenda dóm gánga at Leidvelli í Skaptafells syslu, um manndrápsrygti, annan dag Septembris; enn Nicolás Biarnarson syslumadr í Arnessþíngi um hald á hesti, at Krossi.

LII Cap. Frá Ormi Þorleifssyni.

Ormr hèt madr oc var Þorleifsson Einarssonar frá Hofstödum Þórólfssonar, hann bió á Knerri í Breiduvik; módir hans var

Kristin dóttir Torfa í Klofa; hann var audugr at jördum oc lausafè, mikilmenni oc hardlyndr; þat var máltak hans er talat var til hardlyndra manna: enginn er verri enn Ormr á Knerri. Alexius Þorvardsson hèt annar madr sá er deildi vid hann, sá giördi sig á veg fyrir hann oc hió uppá hann, vardist Ormr, enn þó hió Alexius um sídir hægri hönd af hönum í úlflid, því Jón sonr hans var med, oc veitti adbeina; mál þat kom til alþíngis um sumarit, oc nefndu lögmenn Þórdr oc Jón XII menn í dóm, þeir dæmdu Alexius útlægann, oc at eiga aldrei aptrqvæmt, nema bæri hersögu sanna, sem landsmenn vissu ei ádr; gialdist Ormi XX hundrud af fè hans, enn konúngi IIII merkr, ef fè væri svo mikit, fátækum erfíngium ef meira væri þá eptir; enn um áverka þann sem Ormr bóndi bar Jóni, oc qvad hann sèr veitt hafa á handlegginn, dæmdu þeir Jóni lyrittar eyd frá því í hèrad kæmi innan mánadar, enn sekann konúngi tveim mörkum oc Ormi þriú hundrud ef eydrinn fèlle; enn fyrir steinshögg er Ormr bar Jóni var konúngi dæmd mörk, enn Ormi X aurar, oc skyldi Jón rækr úr sveit fyrir atvist sína; Ormr átti dóttr eina laungetna, enn ei annat barna, þó segia sumir hann ætti einninn frilluson, vildu hennar nidjar erfa hann er skilgetnir voru, enn adrir vildu rengia faderni hennar, oc urdu af því deilr miklar seinna.

LIII Cap. *Frá Gudbrandi biskupi oc ímsu ödru.*

Gudbrandr biskup hafdi brèfagiördir vid Doctor Pál Matthiasson biskup í Siálandi, oc adra mikilsháttar menn, oc bar af sèr í þeim brèfum sakir þær er sumir óvildarmenn hans fengu hönum, svo sem var um óþarfar breytíngar oc slíkt annad; lagdist þúngt á med þeim Johanni Bucholt höfudmanni, oc voru vidsiár; þótti leikmönnum sumum vid of, at stórbrotamenn væri leystir á dómkyrkiu af biskupinum, oc fengu konúngsbrèf uppá at þat mætti
1578 skè af prófasti; á þeim missirum var Jónsbók prentud í Núpufèlli, enn antidotum animæ eda sálar lækníng at Hólum, útlögd af Gudbrandi biskupi, oc líkrædr nockrar Johans Spangenbergs; Gudbrandr biskup lagdi oc alla stund á at koma mönnum til at læra börn sín; gèck þat miög tregt at því yrdi á komit at mönnum væri ei gefit sacrament þó eckert kynni eda vissi, oc samdi hann

um þat fermíngar bók oc spurníngar nockrar, oc var þat lengi ádr hann fengi því hvervetna á komid; voru prestar hyrdulausir oc lauslátir, margir fávísir oc fátækir, enn alþídann þverlynd oc treg at láta hinn forna sidinn, oc átrúnad helgra dóma; þá var prentverkid flutt at Núpufelli, oc var þar um hríd, því Jón prentari fèck þá lènsbréf Fridriks konúngs fyrir jördinni; giörnínga er nockurra gètit; þá gèck dómr á alþíngi um konr þúngadar, er ei vildu segia til fadernis barna þeirra, oc þat skèdi optar, enn í einhverium dómi var þeim áqvedinn hídíng hvert ár, til þess er þær kæmist af landi; lèt oc Jón Jónsson lögmadr oc Magnús Magnùsson prófastr helmíngadóm gánga um hiónaband, at Sveinstödum í Vatnsdal, því at Jón lögmadr hafdi þá allar syslr nærhendis. Jacob Meyer hafdi komit út um sumarit, hann hafdi brèf Kristófors Valkendorfs er fyrr var höfudsmadr, hins ríkasta edalmanns, var þar í bodit at flytia arf Benedicts Peturssonar til Kaupmannahafnar, enn þat var dæmt, at svo mikit af því fè skyldi eptir verda, sem þyrfti til skuldalukníngar, ödru skyldi þeir halda er konúngr vildi, enn sakeyrir fèlli nidr, fyrir þat er hann hafdi tvær konr. Um þær mundir skèdi Ulfhildarbrènna; hún bió í Arnarhollti í Túngum, oc qveikti ófyrirsyniu í Þíngvallaskógi, oc brendi mikit skógaland; þá kom upp eldr um haustit í Heklu, oc giördi landskiálfta, svo margir bæir hrundu í Ölvesi; hús hristust hálfa stund, oc var þat eptir allra heilagra messu; fèll þá fè sumstadar; nockru sídar var þat at 1579
Kristin andadist, dóttir Gottskálks biskups Nicolássonar, at Gottskálks prests sonar síns í Glsumbæ; þeir voru þrír synir hennar oc Jóns Einarssonar: Gottskálk prestr, oc Egill er bió at Skardi í Langadal, eptir födr sinn, oc átt hafdi Gudrúnu dóttr Þorleifs lögmanns Pálssonar, oc fyrir laungu var dáinn er hèr var komid, oc mikil ætt er frá; Olafr hét hinn þridji, hann átti Steinunni dóttr Jóns Magnússonar á Svalbardi, er fyrri fylgdi Byrni presti Jóns biskups Arasonar, þeirra dóttir var Gudrún er gipt var Hannesi Biarnarsyni er þá bió í Snóksdal, dóttrsyni Dada; hún var góð kona. Nú féck Sigurdr Jónsson, bródir þeirra Jóns lögmanns, Páls oc Magnúsar Reinistadar klaustr, oc bió þar, því Jón lögmadr bió at Þíngeyrum; Magnús bródir þeirra hafdi Þorskafiardarþíng, hann bió í Ögri, enn seinna í Bæ á Raudasandi eptir

Eggert Hannesson; Sigurdr Jónsson átti Gudnyu Jónsdóttr frá Ökrum Grímsonar lögmanns Jónssonar, þeirra börn voru Jón, Elin, Halldóra, Gudlaugr, Ragnheidr.

LIV Cap. Imislegt.

Um sumarit komu út brèf Fridriks konúngs, er Gudbrandur biskup hafdi sum útvegad; var eitt um þat at hann mætti útgèfa ritnínguna á íslendska túngu, oc hvör kyrkia skyldi þar leggia til einn dal; annad sama efnis, oc at hvör kyrkia skyldi kaupa eina bibliu; þridja at dómkyrkiu jardir væri eigi seldar; fiórda at saminn væri tilskipan um hversu tillags peníngum skyldi skipta med prestum; hafdi þá Gudbrandr biskup fullgiört útleggíngu ritníngarinnar, enn lèt prenta Huberini hók um guds nád oc reidi er Olafr biskup Hialltason hafdi lagt út; hann lèt þá skipa Erlendi presti Pálssyni Breidabólstad aptr, er leikmenn vildu taka frá hönum, fyrir þat er hann hafdi gengit í þíngdeild fyrir bródr sinn um Narfastadi, er Páll Jónsson á Stadarhóli vildi taka af hönum; oc svo Jóni presti Fell, hann höfdu leikmenn sakad um hórdóm, enn fengu ei sannad; tóku þá heldr at skèrast í greinir med Gudbrandi biskupi oc Jóni lögmanni, oc báru þar til margir hlutir, fyrst þat tvennt er margir hafa fundit, annad þat er bádir voru stórlyndir, biskup fègiöggr oc keppinn, enn lögmadr ágengr, uppödslumikill oc undirförull í senn; oc annad hitt, at þeir urdu svo yfrit margt samann at eiga; enn þat var hid þridia er fáir hafa getit, oc eg ætla mest hafa umspillt, at leikmenn allir drógu fúslega taum med Jóni lögmanni oc löttu hann ecki, því hatr var innkomit milli þeirra oc klerkdómsins at fornu, oc vildu nú giarnan vinna þat upp er þeir þóttust aflaga bornir af hinum fyrri biskupum, enn vissu at biskup var í engri velsemd vid höfudsmannin, oc fundu þó at hann keppti vid þá; er svo æ jafnann þegar umskiptir háttu, eda meiníngar, at ei er haft hóf vid oc þykir engu nytt þat er ádr þótti merkilegast, enn menn gialda stèttar sinnar ef hún var höfud ádr, þegar þeim þykir rúmt um sig sem undir hafa ordit; var vid kapp biskups, oc metnad Jóns lögmanns, oc öfund á framqvæmdum þeim er biskup hafdi, oc allar samann þessar orsakir, med ríki lögmanns oc fylgi höfudsmanns oc allra leikmanna, engin von á

at þeir mætti sáttir eiga margt oc lengi samann; biskup lèt banna prestum at taka heimuglegar skriptir, þá þeir fóru at skyra börn eda grafa menn, oc at bidia fyrir daudum. Um vorit var þriggia hreppa þíng at Helgastödum í Reykiadal, oc lèt Vigfús Þorsteinsson VI manna dóm gánga um leigu kúgildi er ei höfdu bætt verit upp um XXXII ár, hafdi Starkadr Valtyrsson drepit þau óleift, enn Sigurdr Jónsson, er konúngs umbod hafdi, kalladi eptir; oc dæmdist Starkadi at svara þeim jafngódum í fardögum, nema at aldri, enn Sigurdr hafi atgáng at þeim er ádr hèldt umbodit; hygg eg þat sè Sigurdr á Reinistad, oc hafi hann haft umbod þar nyrdra til þessa; þá voru teknir margir vitnisburdir at forlagi Gudbrands biskups oc annara, um Hólakyrkiu jardir eptir Jón biskup, sölu hans oc skipti á þeim oc margt annad; eru þeir í þeim vitnisburdum taldir medal annara, Arngrímr Jónsson, oc Stígr Biarnarson Gíslasonar, prestar, Kolbeinn prestr Audunnarson Sigurdarsonar, Halldór prestr Brandsson, Illhugi prestr Gudmundarson í Mula, Sigurdr prestr Jónsson at Greniadarstad, Oddr Asmundarson lögrèttumadr, hann var áttrædr, oc bar þat framm at Grund í Eyafyrdi ætti allann reka fyrir Hallbiarnarstödum á Tjornesi nema álnar-kefli, enn hálfann í Sandhólum móts vid Múnkaþverár klaustr. Þorsteinn prestr Gunnason var einn þar nefndr, hann hafdi þá einn um áttrædann; þá var fiúk svo mikit á Jónsmessu at margir peníngar dóu; sendu Islendíngar bænarbrèf sitt fram fyrir Fridrik konúng med Olafi Bagga, þar qvedr svo at: «um þá miklu vetrarneyd oc hardindi, med snió oc «frostum, oc sumstadar med eldi, sem þetta land er undir orpit, «oc æ meir oc meir foreydist, svo þar fyrir minkar vor atvinna, «oc peninga afli, á vorum qvikfènadi, sem allr almúgi hefir mest «til klæda, fædis oc lífsnæríngar, sömuleidis hversu fiskirfid hverfr «frá landinu, þarmed eru oc vída konúngdómsins jardir oc gardar «slètt eydilagdir, sem annara manna, oc litlar eda engar leigr «edr afgift goldnar, fyrir fátæktar sakir landsins oc hardinda; oss «þvíngar hèrmed vor fátækdómr, eymd oc armæda, ydar mildi«liga nád at bidia, tilsión at hafa um vort hiálprædi oc lífsnær«íngu, svo at þessi ydar fátæki lídr oc ydar nádar skattland, «fyrirfarist ei, af því húngr oc klædleysi þiáir oc þvíngar þessa «lands almúga mest» Þá var giör reikníngr yfir þær jardir er «engit höfdu undann Hólastól medann Olafr biskup lifdi, oc fyrr er

getit. Kom þá oc brèf Fridriks konúngs híngad í land, er spurdi eptir hverium prófasts-giaftollrinn heyrdi til med rèttu, hvert heldr konúngi edr andlegum kyrkiunnar vegna; þarum nefndu lögmenn bádir Þórdr Gudmundarson oc Jón Jónsson XII hina vitrustu menn í dóm á alþíngi, alla þó veraldlega, voru þeir Arni Gíslason at Hlídarenda, Magnús oc Sigurdr Jónssynir Magnússonar, Benedict Halldórsson frá Mödruvöllum, Þorlákr Einarsson at Núpi, Olafr Jónsson, Nicolás Biarnarson syslumadr í Arnessþíngi, Vígfús Þorsteinsson frá Asi nordann, Markús Olafsson í Hèradsdal, Jón Olafsson, Tyrfíngr Halldórsson, oc Gísli Þórdarson lögmanns; qvádust þeir dómsmenn vita at giaftollr sá hafi at undanförnu haldinn verit fyrir uppgiöf eda vægd á sektum, enn nú sèu allar sektir fallnar til konúngsins, fyrir því leitst þeim at giaftollrinu heyrdi til þeim er sektirnar ætti at taka; gèck hann þadan af til fulls frá próföstum til syslumanna. Dómr gèck enn af Sigurdi Jónssyni at Egilstödum í Fliótsdals hèradi, um skattgiald þeirra er missa fè sitt um vetr; þá tók Sigurdr Jónsson skólameistara starf í Skálhollti, sá er fyrri hafdi at Hólum, oc var hann qvæntr fyrstr þeirra, enn Stephán Gunnarsson giördist rádsmadr.

LV Cap. Eggert ræntr, oc utanför hans.

Þetta sumar komu víkíngar Enskir frá Hollandi á Vestfiördu, þeir ræntu kyrkiur, enn drápu suma menn, oc naudgudu konum, oc giördu annad íllt; þar er sagt at verit hafi á skipi med þeim fálkafángari einn, er óvild hafdi á Eggerti Hannessyni; þeir komu til Bæar í Raudasandi þar hann bió, oc tóku hann, oc ræntu öllu því er þeir komu höndum á; hefir hann svo sagt siálfr at ecki hafi skort á VIII þúsundir marka Lybskra; þeir fluttu Eggert á skip oc hèldu hönum í mánud, vard hann þá leystr út med svo miklu qvennsilfri at Ragnheidr dóttir hans sagdi verit hafa uppá XIII konr oc lètu þeir hann vinna eyd at því, at klaga þá ecki fyrir konúngi, oc þar med heita meiru fè, oc fá borgunarmann fyrir sig utannlands, skipara einn frá Stadi, fóru sídann á brott med herfángi sínu; Eggert hèldt ecki naudúngar eydinn, oc fór utann eptir þeim, oc ritadi konúngi sögu af því

râni oc ójöfnudi; enn Fridrikr konúngr ritadi höfdíngium í Stadi um vetrinn skömmu fyrir iól, oc bad þá komast eptir hvar víkíngarnir væri, urdu þeir teknir í Flissíng á Hollandi, oc hengdir, enn Fridrikr konúngr gaf til Islands VI bissr í hveria syslu oc 1580
VIII spiót, svo menn mætti veria sig heldr, svo fiærri var þat hans vilia, er fyrir skömmu hafdi giört verit at aftaka vopn öll, enn svo var þá frammqvæmdarlaust, at menn gáfu sig ei vid slíku, oc er all-undarlegt ef almenníngr átti vopn fyrir skèmstu. Eggert kom út aptr, hafdi þá Magnús Jónsson í Ögri dóttrmadr hans Bardastrandarsyslu, enn er at siá sem tekit hafi Isafiardar syslu es Eggert var alfarinn hèdann, sem litlu var sídar. Eggert hafdi lengi safnad fè oc sendt utann, einnin skreid, smiör oc vadmál, oc látit setia á ávöxtu í Hamborg, svo þat var kallad þríkleift vid jardir oc lausafè þat er hann lèt hèr eptir Ragnheidi dóttr sinni, konu Magnúsar. Eggert fór til skips á Vatneyri oc var þar dryckia mikil, enn er hann steig á skip, qvaddi hann vini sína oc qvad þetta:

Eitt sinn kèmr hvert endadægr, allra lída um sídir,
svo finnst enginn siklíng frægr, sínum dauda ei qvídir.

Jón murti sonr hans var utann farinn ádr,sem fyrri segir, er hann vog Jón Grímsson, oc qvæntust þeir bádir fedgar í Hamborg, þó Eggert væri þá vid elli, oc komu aldrei út aptr; hètu Eggert oc Arni synir Jóns Eggertssonar; qvæntist Arni í Hamborg oc átti dætr tvær, oc þykir Eggert Hannesson hid mesta ríkmenni verit hafa.

LVI Cap. Oáran.

I þann tíma gèck Krefdubólann, oc var kallat krefdu sumar, einninn engingarsótt at því er Biörn at Skardsá segir, oc dóu margir af; hlióp þá framm Myrdals jökull med eldgángi, sudr hiá Þyckvabæar klaustri, eiddust bæir, enn menn sakadi ecki, þá dó Þorsteinn prestr Gunnason, oc hafdi lengi vid klerkdóm verit, sídann hann var heimamadr Jóns biskups Arasonar þá hann var í biskups kosníngu; svo segia sumir at Látra-Clemens hafi þá siglt med enskum í Gunnbiarnareyar, oc at þær siáist úr hellu-

gati á fiallinu Rít vid Isafiardarmynni, oc at sá Clemens hafi seinna verit svikinn af Þórdi þiónustumanni sínum, er þadann af var kalladr Trygdrofi; þar veit eg engann sann á; mælt er oc at verit hafi nautadaudi í Kálfhollti oc slátrit banvænt; grasleysi var þá mikit, svo mælt er at allt samtalit er fèll af tödu í hvérium Hreppanna í Arnessyslu, hafi verit nær einu hundradi hesta; jafnlítit í Biskupstúngum, oc stórt hundrad eitt á Landi oc er lítt skiljánlegt, oc var þó verra sídar, oc mátti kalla at landinu hnignadi miög árferdit um þennan tíma, frá því er nockra hríd hafdi verit; er oc svo at siá sem fleiri slags manndóm hafi dregit til þurdar med alþídunni, þótt áþiáuin væri heldr minni enn þá er hinir papisku biskupar rèdu öllu fyrrum; skipaninn var nockut med ödrum hætti enn ádr, oc þó þeim er landsfólkit var óvanara, enn mikit var þá enn höfdíngiaríki yfir alþídunni, oc miklu meira enn á vorum dögum hefir verit.

LVII Cap. Jarda afhendíng til Gísla biskups.

Johan Bucholt höfudsmadr afhendi Gísli biskupi Jónssyni þennan tíma, at konúngsbódi, hinn þridja dag Octobris mánadar, jardir þær er biskup hafdi kosit prestum til handa, med landskuld oc leigum, er hliópu til tveggia hundrada Joachimsdala, vóru þær Straumr í Austfiördum med IIIIum kúgildum oc hundrads landskuld, Steinar í Hornafyrdi med jafnmiklu, hálfr Foss á Sídu med hundrads landskuld, Backi á Sídu med IIIIum kúgildum oc tveggia hundráda landskuld, þær þriár til Kyrkiubæar klaustrs prests; Asar meiri med VIII kúgildum, smiörvætt oc vadmálsvod oc vetrgömlu nauti í landskuld, presti í Skaptártúngu. Myrar med IIIIm kúgildum, smiörvætt, vod vodmáls oc kálfi í landskuld, presti í Þyckvabæ; Gata med IIIIm kúgildum, smiörvætt, vetrgömlu nauti oc hundradi fiska í landskuld, presti at Dyrhólum oc Sólheimum; Heidi med IIIIm kúgildum oc hinni sömu landskuld, presti at Reini oc Höfdabrecku. Skógar eystri med hundrads oc XX alna landskuld, presti í Medallandi. Midmörk med hundrads oc XL alna landskuld presti í Dalsþíngum. Torfastadir í Fliótshlíd med tveggia hundrada landskuld Fliótshlídar presti. Bolaholt med hundrads landskuld, oc Saurbær med C álna landskuld Hvols

oc Skúmstada prestum; Stærri Borg í Grímsnesi med V kúgildum, oc hundrads landskuld, oc Hóll í Ölvesi med IIIIum kúgildum oc iafnri landskuld, þær tvær presti í Grindavík; Breidhóll med IIIIum kúgildum oc hundrads landskuld, oc Háls í Kiós med VII kúgildum, tveggia hundrada landskuld, bádir presti á Seltjarnarnesi; Skrauthólar med V kúgildum oc hundrads landskuld Kialarness presti. Mógilsá med VI kúgildum, hundrads landskuld, oc Mosfell med IVum kúgildum oc samri landskuld, presti í Mosfellssveit bádar; Haukagil oc Brúarreykir med VI kúgildum oc hundrads landskuld hvert, Húsafells presti. Litli Kambr med sömum leigumála presti í Breiduvik. Þæfusteinn med II kúgildum oc hundrads landskuld presti í Neshrepp. Skorravík med VI kúgildum oc hundrads landskuld Skardsstrandar presti. Múli med IVum kúgildum oc LX álna landskuld presti í Saurbæ. Fiardarhorn oc Gröf med IVum kúgildum oc LXXX álna landskuld hvert Bitru presti, Midanes med IVum kúgildum oc hundrads landskuld presti í Flatey. Ingunnarstadir med hundrads landskuld oc VI kúgildum presti í Garpsdal, oc Svarfhóll med VI kúgildum, oc XXX álna landskuld. Þar lagdi Gísli biskup til af dómkyrkiu jördum prestum til uppheldis oc ábylis: Utskála í Gardi, Arnarbæli í Ölvesi, Villíngaholllt í Flóa, Guttormshaga í Holltum, Fellsmúla á Landi, oc Andakylspresti í Borgarfyrdi fyrst Bæ, sídann Hvítárvelli, enn seinast Hest, oc hefir þat haldist. Húsafell taldi hann oc adrir biskupar, eptir Grím Jónsson, med leigujördum Skálhollts stadar, þó sumir lèti presta nióta jardarinnar eptirgialds-laust, því skógr var þar gagnsamr lengi; þá var kyrkiuprestr til Skálhollts Sveinn son Simonar prests Jónssonar í Kálfhollti, hafdi Gísli biskup vígt hann XVIII vetra gamlann, þá fyrir þremr árum.

LVIII Cap. Frá Gudbrandi biskupi.

Gudbrandr biskup lèt þessi missiri prenta Salomons ordsqvidu oc Syrachs bók; hann skyldi skipta þeim peníngum er prestum voru lagdir vid syslumanns rád í Skagafyrdi, lagdi hann oc prestum til ábylis edr afgialds jardir þessar, Ríp, Myrká, Audkúlu, Eyadalsá,

oc útvegadi þeim Arnarvatn vid Myvötn undan Múnkaþverár klaustri, enn undan Þíngeyraklaustri Hialltabacka, oc Reinistadar klaustri, Hof á Hofdaströnd, oc hafdi fengit þar um stadfestíngu Fridriks konúngs, undir eins oc um presta tyundirnar; ritníngar útleggíngu hans höfdu þeir greidt ádr fyrir, Oddr Gottskálksson, er út hafdi lagt nya Testamentit, oc Gissr biskup med útleggíngu Salomons ordsqvida oc Syrachs bókar; Gísli biskup hafdi lagt út spámanna bækr flestar, oc Oláfr biskup Hialltason nockud, enn þó þurfti hann flest at laga, svo hann vardi ei þar til miklu minna ómaki enn þótt hann hefdi lagt út; hafdi þó ærit margt annad til lærdóms oc sidbóta hvert ár fyrir stafni, sem sagt hefir verit af; þó færdu öfundarmenn hans hönum þat til ámælis, at hann eignadi sèr þat er adrir höfdu giört, þar sem hann bar þó allt samann vid útleggíngu Luthers siálfs, oc þurfti þó at gegna mörgum störfum ödrum, enn fáir svo lærdir at hann mætti rádast um vid; valdi hann oc gagnorda, audskilda oc hreina islendska túngu; hann hlaut einnin siálfr at hyggia at prentverkinu oc stílnum, dró siálfr upp oc gróf hina miklu stafi oc brotaknúta á biblíu sinni af hagleik sínum; vandadi hann sem mest pappírinn oc svo bandit, oc fèck til frá Hamborg myndir til liósara skilníngs oc prídis, vitnisburdar tialdbúdarinnar oc verkfæra hennar, skrúda Aarons, sáttmáls arkarinnar, Salomons musteris oc fleiri hluta; gèck hönum verkit furdu skiótt oc lidlega, enda studdi Fridrikr konúngr hann med skipan sinni um tillög af kyrkium sem ádr segir; enn útgáfa sú er frá hönum kom, er nú á vorum dögum, þar sem svo lángt er um lidit, ordinn torfeng, enn þótt hún væri allvaranleg; mun hún bera sèr liósast vitni siálf medann til verdr; miöc brautst Gudbrandr biskup fyrir at innkalla undir Hólakyrkiu jardir þær er hönum þóttu ránglega undann hafa gèngit, af völdum Gottskálks biskups Nicolássonar, eda þeirra Jóns oc Olafs biskupa; þar med adrar til sín oc sinna samarfa; átti hann af því laungum í lagadeilum vid ímsa menn er þær jardir hèldu, oc eigi vildu láta, því andvyrdi voru þeim ei vís; þótti hann miög kappsamr í þeim málasóknum, oc er mælt hann hafi nád med þeim hætti þremr hundrudum hundrada, eda meira í jördum undir Hólakyrkiu er undann henni höfdu gengit, oc jafnmiklu undir sig oc samarfa sína; af því vard hann fyrir óvild mikilli oc hatri af mörgum, hellst valdamönnum, er kölludu hann

déyrinn, oc qvádu hann hefia eina jarda ákæru er annari lètti. Gudbrandr biskup var fésæll oc audugr, oc fyrirhyggiumadr mikill; svo er sagt at hann hafi viljad ná til gagns af Kolbeinseyu, oc fengid til brædr þriá, sonu Thomasar á Hvanndölum, Biarna, Jón oc Einar, at finna eyuna, enn hún er meir enn XVIII vikr siáfar í hafi; þeir tveir voru yngri enn tvítugir, enn allir voru þeir knálegir menn, oc kunnu vel til á sjó, sterkir oc hugadir vel; fóru þeir til Kolbeinseyar þrír á skipi átlæru, oc rákust í hafi í hinni fyrstu ferd, enn nádu þó landi at tveggia dægra fresti; í annad sinn nádu þeir eyunni med hinum sama útbunadi, oc var hún full af fugli, þeir mistu skipit út, enn fengu kastad steini undir stafnlokit, oc dregit sídann at sèr; hina þridju ferd fóru þeir svo at ei barst á; svo sem segir í qvædi því er þar um er orkt; þar segir svo um þá brædr:

Kunnir voru at karlmanns hörku
kompánlegir á æsku stund,
ecki fiærri eydimörku
uppólust vid síldar grund,
vantadi hverki afl nè orku
ofrhuga í sinni lund.

Eru þar taldir upp í allir þeir tilburdir sem hèr er gètit, oc mikit sagt af háska þeim er þeir voru vidkomnir. Gudbrandr biskup var vel á sig kominn um allt atgiörfi; vel í vexti, oc gyldr at karlmensku, oc at öllu mikill höfdíngi.

LIX Cap. Gudbrandi biskupi oc Jóni lögmanni bar til.

Jón Jónsson lögmadr hafdi þá í þann tíma mikinn uppgáng; hann var syslunarsamr oc fèdrögull, oc hafdi gengi af höfudsmanni jafnann; vingott var med þeim biskupi í fyrstu, enn hafdi spillst brádt, med því at bádir voru kappsfullir, oc svo því ödru er til bar og gètit er, oc snerist at lyktum í óvild oc hatr svo eigi dugdi til hlítar, þó þeir væri sættir; þótti biskupi at hann nædi illa rètti hiá Jóni lögmanni, oc at þeir Johan Bucholt höfudsmadr legdist bádir í móti sèr, enn vildi eigi vægia fyrir þeim;

voru þeir nærstir hverr ödrum til þess at þeim bæri samann þegar í öndverdu er Jón hafdi Skagafiardar syslu; þat var vani biskups at halda vina veitslu hvert ár heima á Hólum átta dag jóla, oc bióda þar til hinum helstu mönnum í nálægum herudum; baud hann Jóni lögmanni til þess bods medann vel var med þeim; bar svo vid einhverju sinni at lögmadr kom ecki qvöldit fyrir veitsluna, fyrr enn lidit var á nótt framm, oc voru fyrirmenn komnir í hvílu; lèt þó biskup vera herbergi tilreidt, oc sæng oc hvad annad er lögmadr þurfti at hafa; um morguninn spurdi hann at lögmadr var kominn, oc hafdi tekit svefn oc hvild, gèck í herbergit, oc heilsadi hönum, bad hann vera velkominn, oc fór allt vel med þeim þá enn; þar var kakalofn í húsinu kyndtr oc vel heitr ordinn; fèll samræda þeirra um nockra þá hlúti er á milli báru, oc kom í kapp med bádum, tók lögmadr at klædast, oc því nærst tók hann handlaug, oc var þá ei varfærinn er hönum var í skapi, oc hristi vatnit af höndum sèr ádr hann þerrdi þær, svo droparnir hrutu á kakalofninn brennheitann, enn hann sprack í sundr med brestum stórum; segia þó adrir hann hafi fyrir kappssakir í rædunni, kastad bikarnum er vatnit var í, oc sprengt med kakalofninn, enn spillt bikarnum, oc hafi þó sá bikar verit lengi til sídann; biskup mælti þá at Jón lögmadr skyldi hefnast heldr á sèr enn kakalofninum saklausum, oc fór þar um nockrum ordum; er svo sagt at þetta væri upphaf at óvináttu þeirra, oc hafi aldrei um heilt gróit sídann.

LX Cap. Nafnkunnugir menn þá í landi.

Nú vil ec til fródleiks gèta þeirra manna nockurra er nafnkendastir voru þá samtídis uppi edr nær þeim tíma; siá menn af því hverir samann áttu, enn sumir fá rakit at þeim ættir sínar; er fyrst at telja nærst biskupum oc Jóni lögmanni, Þórd lögmann Gudmundarson; Sigurdr Jónsson á Reinistad tók um þessar mundir eda litlu sídar syslu í Skagafyrdi. Magnús bródir þeirra bjó at Bæ á Raudasandi, oc var höfdíngi mikill, oc vel á sig kominn, hann hafdi þá Bardastrandar syslu, enn Páll annar bródir þeirra, bió at Stadarhóli, oc hafdi Isafiardarsyslu nockra stund eptir Eggert, er frá hönum nockut sagt ádr, oc brotum hans, enn þó var

hann vel á sig kominn; allir voru þeir brædr miklir vexti, vænir at áliti, oc gyldir til karlmeusku. Páll átti Helgu Aradóttr, hún var strídlynd miög; voru þeirra börn Petr, Elín oc Ragnheidr. Þeim Páli oc Helgu samdi illa, oc áttust jafnan málasoknir vid, enn hèldu þó samvistir, hefir Páll qvedit um Helgu:

Ecki skal greyid gánga, gefa skal henni hest etc.

oc enn þetta:

Allskjaldann verdr á ángri bót
illa konu eg eiga hlaut,
verra dyr eg veit ei snart,
enn vonda konu af illri art,
þó madrinn deyi er mannord eptir mikinn part.

Þóttu mörgum þá af dáleikar hinir miklu er Páll hafdi lagt á Helgu. Arni Gislason at Hlídarenda hafdi Skaptafells syslu, Nicolás Biarnarson Arness eda Rángarvalla syslu. Gísli Sveinsson at Midfelli hafdi haft Arness syslu um hríd; hann átti Gudrúnu dóttr Gísla biskups oc margt afqvæmi; einn hans son var Biarni prestr fadir Gísla prests at Stad í Grindavík, födr Olafs prests, födr Gísla, födr Olafs biskups. Þorlákr Einarsson bródir Gissurar biskups bjó at Núpi í Dyrafirdi, má þat ætla at hann hafi syslu haft um hríd; hann átti fyrri Gudrunu systr Eggerts Hannessonar, þeirra son var Gissr fadir Magnúsar bartskèra, Jóns á Núpi oc Torfa; sídan átti hann Vígdysi dóttr Þórólfs Ejólfssonar oc Margretar Erlendsdóttr, oc börn. Sigurdr Jónsson hafdi syslu í Múlaþíngi Vígfús bóndi Þorsteinsson í Þíngeyar þíngi; Nicolás bródir hans hèldt Múnkaþverár klaustr, frá hönum er mikil ætt. Benedict ríki Halldórsson á Mödruvöllum hafdi Vadlaþíng; Þórun bió at Grund dóttir Jóns biskups, oc átti ecki börn, var Þorsteinn madr hennar andadr; þeir voru sonarsynir Þorsteins, Nicolás oc Jón undir Felli í Kollafyrdi, oc Þorsteinn prestr í Túngu Oddssynir, oc slisnir sem fadir þeirra. Asmundr var enn launsonr Þorsteins, fadir Þorbergs prests oc Þorsteins prests. Þorsteinn prestr átti Margretu dóttr Biarna í Skridu Pálssonar Grímssonar á Mödruvöllum, þeirra son var Biarni prestr í Vestrhopshólum. Gunnar Gíslason bjó at Vídivöllum oc hafdi þá enginn völd, Markús Olafsson í Hèradsdal, Jón Jónsson at Ingvildarstödum. Hrólfr Biarnason at Vídimyri oc Geldíngahollti, hann var manna sterkastr í Skagafyrdi; hans synir voru þeir Sigurdr oc Þorbergr, Biarnar tveir, Bessi oc enn

fleiri; þeir frændr voru knálegir menn; þat var köllud Hrólfs ætt. Eigi veit eg giörla hvar Biarni Sturluson bjó. Kár hèt son Sæmundar Simonarsonar sá er Kárs ætt er vidkènd. Grímr son Jóns Grímssonar bió at Ökrum, Gudmundr son Hallgríms Sveinbiarnarsonar at Gröf á Höfdaströnd, Gottskálk Magnússon at Reykium í Túngusveit. Jón Biarnarson Jónssonar biskups bjó at Holltastödum í Lángadal oc hafdi syslu, hann var vinsæll madr. Halldóru systr hans átti Biarni í Skridu son Páls Grímssonar, oc margt afqvæmi. Teitr bródir Jóns átti Þuridi dóttr Erlendar prests Pálssonar, bródr Biarna; Magnús annar bródir Jóns átti Halldóru dóttr Eyríks Sniólfssonar undir Asi, Rafnssonar lögmanns; þeirra synir voru Biörn, er sídann verdr getit, Eyríkr oc Jón. Arni var enn bródir Jóns á Holltastödum, hann átti Önnu dóttr Hannesar í Snóksdal, oc Biarni var enn á Briámslæk, fadir Þórunnar sem Loptr átti í Sælingsdalstúngu. Ragnheidi systr Jóns átti Sigurdr Biarnason Torfasonar frá Klofa. Jón Jónsson Hallvardssonar bjó at Audunnarstödum í Vídidal, fadir Arngríms prests lærda. Biarni son Páls Grímssonar at Skridu í Hörgardal; synir Illhuga prests Gudmundarsonar biuggu í Þingeyar þíngi; at Einarstödum í Reykiadal bjó Jón son Orms á Draflastödum Jónssonar Kolls Oddssonar, hann átti margt afqvæmi oc stórmannlegt. Gudmundr son Nicolásar Þorsteinssonar bjó at Laxamyri, hann var fadir Jóns födr Þórdar, födr Sigurdar prests á Briámslæk; Einar son Nicolásar Þorsteinssonar bjó at Hedinshöfda oc átti margt afqvæmi; Gudni son Eyriks Torfasonar bjó í Klofa á Landi, enn Jón bródir hans í Skardi, fadir Brynjólfs; Sigurdr son Biarna Torfasonar, at Stockseyri, hans son var Biarni gamli er þar bjó. Teitr hinn Sterki Ógmundarson hafdi búit í Audshollti, enn ei veit eg hvört hann lifdi þá. Magnús Arnason Petrssonar Loptssonar bjó nordr í Stóradal á frændleifd sinni, frá hönum er mikit kyn oc mannvænt, oc verdr enn gètit. Þormódr bjó í Brædratúngu, er sagt hefir frá Oddi Gottskálksyni, Asmundarson Lytíngssonar, hann var fadir Asmundar prests í Hvammi. Einar at Hvanneyri lagamadr mikill oc aldvin Þórdar lögmanns, Eyríksson Jónssonar hins ríka Þórdarsonar á Borg. Vígfús Jónsson at Kalastödum; synir Asgeirs prests at Lundi, í Borgarfyrdi, var einn Tyrfíngr í Hiörtsey. Ögmundr Hallssonar Olafssonar prests Kolbeinssonar bjó at Leirá; Þorsteinn Sighvatsson mágr Einars á Hvanneyri var oc nefndar

madr þar í sveit, sá er Þorsteins ætt er vidkènd. Sigurdr Gudmundarson í Einarsnesi, hann átti Þorlaugu dóttr Olafs prests Kolbeinssonar, þeirra son var Jón syslumadr í Einarsnesi hinn fyrri. Halldór var í Skaptafells syslu Skúlason, Gudmundarsonar Sigvaldasonar Langalífs, hann var fadir Sigvalda á Búlandi. Biörn son Þorleifs lögmanns Pálssonar bjó at Keldum; Halldór Marteinsson biskups í Alptanesi; Arni Oddsson í Midgördum fadir Dada; Jón Halldórsson á Fródá, stiúpsonr Dada í Snóksdal. Gudmundr son Þorleifs Gudmundarsonar Andressonar, hafdi búit í Stóraskógi enn var dáinn er hèr var komit, hans son var Biörn fadir Gudmundar oc Jóns, oc mikil ætt er frá hönum. Teitr son Eyríks Gudmundarsonar Andressonar bjó í Asgardi, hann átti Katrínu dóttr Petrs prests Einarssonar, er þá hèldt Hiardarhollt, oc var kalladr Asgards Teitr, oc er þadann Asgards ætt. Jón rebbi bió í Búdardal, hans son var Olafr fadir Halldórs lögmanns; Biarni Oddsson á Skardi frændi hans. Steindór son Finns Arnórssonar mágr Einars á Hvanneyri, bjó at Ökrum á Myrum, oc er sagt hafi haft syslu á Ströndum, hans synir voru Finnr oc Eyríkr, oc er þadann Akra ætt. Hannes Biarnarson dóttrson Dada bió í Snóksdal, oc var mikils háttar oc audugr. Jón Olafsson prests Gudmundarsonar Andressonar, systrson Dada bjó at Svarfhóli í Laxárdal oc í Galltardalstúngu, hann átti Gudrúnu laundóttr Arna Gíslasonar, þeirra börn voru Gísli, er ólst upp at Hlídarenda, Dadi silfrsmidr, Olafr, Ingibiörg, er átti Ejólf prest Arnþórsson, Elin, er átti Arna Magnússon Vígfússonar syslumanns Þorsteinssonar; Jón var mikill oc svo sterkr madr at óvída mun sá fást er lengra komist enn til hálfs vid hann, oc allir voru þeir frændr mannvænlegir at siá, bjó Gísli sonr hans at Stadarfelli, enn Olafr at Svarfhóli oc var kalladr illi Láfi; Jón páski var launsonr Jóns er einnsaman komst til jafns vid hann at afli. Arnór Loptsson bjó í Liáskógum, lögvitr madr oc vel at sèr, hans son var Asgeir fadir Arnórs, þat heitir Liáskóga ætt. Gudmundr son Jóns Þórdarsonar oc Elinar systr Ögmundar biskups bió at Hvoli í Saurbæ, hann var spakr madr oc forspár, oc hafdi lengi umbod Gísla biskups á Vestfiördum, hans son einn var Jón prestr í Hytardal. Gudmundr Helgason bió á Eyri í Arnarfyrdi, Torfi Sigfússon Brúmannssonar at Hrauni í Dyrafyrdi. Torfi Jónsson Olafssonar Gudmundarsonar at Kyrkiubóli í Lángadal, hann átti Þorkötlu Snæ-

biarnardóttr austan frá Keldum Halldórsonar í Túngufelli, hún var skartskona mikil, oc er þadan Kyrkiubólsætt. Jón Biarnarson Þorleifssonar bjó í Flatey oc synir hans, oc fleira stórmenni var vestra. Þá eru enn ótaldir Eyríkr Sniolfsson austr í Asi, Hrafn í Skördum son Odds Asmundarsonar, Gunnlaugr í Leiníngi Ormsson Sturlusonar, oc synir Einars Þórarinssonar í Bólstadahlíd, Jón á Gunnrsteinstödum, Gudmundr sá er átti Liótunni dóttr Páls Grímssonar, oc Skúli í Svartárdal, er sídann mægdist vid Gudbrand biskup, oc svo þeir synir Egils á Skardi; mætti oc enn fleiri telia, enn eg læt standa svobúit.

LXI Cap. Taldir hellstu klerkar.

Prestar voru þá þessir uppi nafnkendastir: Sigurdr prestr son Jóns biskups hèldt Greniadarstad; hann var fyrir ödrum um ætterni oc rísnu, oc allann höfdíngskap; hann átti Ceciliu dóttr Petrs Loptssonar; þeirra börn voru Petr oc Halldóra. Petr hafdi andast fulltída barnlaus, oc svó Halldóra, þá hún hafdi heitinn verit Jóni murta Eggertssyni. Þurídr hèt launddóttir Sigurdar prestr, hafdi hann arfleidt hana, oc er hann las brefit, hafdi Halldóra dóttir hans þrifit til oc mælt: ei skal sonr ambáttarinnar erfa med syni hinnar friálsu. Hann mælti: láttu svo vera dóttir mín, þú fær nóg sem ádr. Þá mælti Þurídr: Gud eigi hana módr mína hún valdi mèr svo gódann födrinn. Þurídr fèck Magnús Arnason í Stóradal, bródrson Ceciliu; þeirra börn voru Arni á Grítubacka sá er átti Sigrídi dóttr Arna Gíslasonar at Hlídarenda fyrri, Petr í Vík á Svalbardströnd; Þrúdr, hennar fèck Einar son Gríms Þorleifssonar frá Mödruvöllum; þeirra son var Grímr í Teigi; Biörn á Laxamyri; Þorsteinn í Þyckvabæ; þeir urdu miklir menn, oc eru frá þeim öllum ættir stórar. Illhugi prestr Gudmundarson hèldt Múla, oc lifdi þá enn; um hann var þetta qvedit:

> Þá í Múla fellr hin mikla eyk munu þat flestir sanna
> seint mun önnr komast á kreyk, svo kær sè gèdi manna.

Jón prestr Loptsson Petrssonar Loptssonar hèldt Skinnastadi, Biarni prestr Finnbogason Hof í Vopnafyrdi, Þorvardr prestr Magnússon Vallanes, hann var prófastr oc officialis; Erasmus prestr Villadtsson

Breidabólstad í Fljótshlíd, oc var prófastr; Stephán prestr son Gísla biskups Jónssonar Odda, Ormr Ofeigsson Þíngvelli, hann var rostumadr mikill, oc spillti þar veidi í vík einni í vatninu med griótvelltu adr hann fór þadann. Einar prestr son Hallgríms Sveinbjarnarsonar hèldt Utskálar, Ormr prestr Egilsson Kálfatjörn, hann var prófastr; Jón prestr Kráksson Hallvardssonar Garda á Alptanesi; Jón prestr Magnússon Hvanneyrarþíng; Sigurdr Lund, oc misti prestskap; Jón prestr Einarsson Reykhollt, hann var prófastr; Eyríkr Grímsson Húsafell, bródir Freysteins prests, sá er Jón biskup sendi í Skálhollt fyrrum, var hann þá gamall er hèr var komit. Salomon prestr Gudmundarson Hvamm í Nordrárdal; Jón prestr Egilsson StafholIt; Loptr prestr Narfason Hytardal, hann var prófastr oc officialis. Einar prestr son Marteins biskups hèldt Stad á Ölduhrygg, Skapti prestr son Lopts prests á Húsafelli Þorkelssonar Setberg, hann var prófastr, oc mikilhæfr; Kristián prestr Villadtsson Helgafell. Olafr Olafsson hèllt Kvennabrecku, hann er sagt at hafi verit bródrson Jóns prests Eyríkssonar oc Sæmundar í Asi, oc er kalladr Olafr prestr hinn fyrri; hans synir voru þeir Eyríkr oc Geirmundr sem ættir eru frákomnar. Þórdr prestr son Brands Einarssonar hèldt þá Hiardarholt, því Pètr Einarsson födrbródir hans var uppgefinn, hann átti Þóru dóttr Gudmundar Þorleifssonar í stóra Skógi, oc eru þadann ættir. Gudmundr Jónsson hèldt Stad á Reykjanesi, Halldór Einarsson Selárdal, bródir Gissurar biskups; Jón prestr Loptsson Vatnsfiörd, hann var prófastr oc officialis Gísla biskups, oc er ádr gètit; Sveinn prestr Simonarson giördist officialis er Jón prestr tók at rínglast, oc hafdi þat starf á vestfiördum, enn Jón prestr Þorleifsson á Bardaströnd; hann var son Þorleifs í Þyckvaskógi Gudmundarsonar Andressonar. Greipr Þorleifsson prests Biarnarsonar frá Reykhólum héldt Stad á Snæfiallaströnd, sá ættlidr úrkyniadist miög at öllu; Bödvar prestr son Jóns prests Einarssonar í Reykiahollti Stad í Grunnavík, Erlendr Þórdarson prófastr Stad í Steingrimsfyrdi. Gamli prestr Hallgrímsson Stadarbacka, frændi Gudbrands biskups, hönum er sagt at verit hafi íllt at siá vel rád fyrir svo hönum farnadist. Erlendr prestr Pálsson hèldt Breidabolstad í Vestrhopi, oc var med hinum fremstu, Gottskálk prestr Jónsson Glaumbæ, Hálfdán prestr Fell, Jón prestr Gudmundarson

Prinni Siglunes, Biörn Thomasson Velli í Svarfadardal bródir Olafs á Hafgrímstödum, Biörn prófastr Gíslason Saurbæ í Eyafyrdi, hann var annar mestr höfdíngi af prestum enn Sigurdr á Grenjadarstad. Vígfús prestr Gudmundarson hèldt Stad í Kinn, oc Olafr prestr bródir hans Saudanes, þeir voru skáld bádir, oc gyldir at mörgu. Einar prestr son Sigurdar prests Þorsteinssonar oc Gudrúnar Finnbogadóttir hèldt Nes í Adal-Reykiadal, hann hafdi ádr verit vid Myvatn vid fátæki oc elian, oc var þó meir fyrir qvedskap enn búskap, enn átti börn mörg; er svo sagt at Oddr sonr hans hafi verit þar smalasveinn oc lítt hyrdr, oc at þar hafi verit einn bóndi læs er bió at Gautlöndum, af hönum lærdi Oddr af lesa á laun; oc eitt sinn er hann kom heim, deildi fadir hans á hann, oc laust til hans, hraut þá qverit er hann hafdi á sèr, oc fèck hann vid þat hardara enn ádr; oc med því Oddr var svo námgiarn, hafdi Biörn prestr Gíslason komit hönum í skóla, enn sídann utann; var Oddr vid Kaupmannahafnar háskóla, oc framadist þar af kostgæfni sinni, oc nam einnin af Tycho Brahe stiörnumeistara, svo hann vard fródr í þeirri lyst; bió Tycho Brahe á eynni Hveu, oc spádi Oddi frama; um sídir vard Oddr Baccalaureus, oc vice-prófastr á klaustri svo kölludu; þat var sú tilskipan er konúngr hafdi giört fyri námsmenn; víkr nú aptr þángat til, er frá var horfit tilburdum.

LXII Cap. Vopnadómr, oc annad.

1581 Nærstu missiri eptir þat er Gísli biskup tók vid prestajördunum, er sagt at eldr hafi verit í Heklu oc Kötlugiá, oc hrunit bæir á Rángarvöllum, oc í Hvolhrepp af landskiálftum; þá lèt Gudbrandr biskup prenta Dominicale. Benedict Halldórsson lèt þá dóm gánga um fátæka menn at Spialdhaga hinn XVIIda dag Januarii; var þar samþycktr hísínga oc flutníngadómr Ara lögmanns; enn Gísli biskup skipadi hálfkyrkiu at Múla í Kollafyrdi; hönum gaf Johan Bucholt leifi til at hafa skóga þá til bygginga er Beneficia áttu, þeir voru jafnan vinir, enn Gudbrandr biskup kærdi á Johan Bucholt um hald á peníngum presta. Þá lèt Magnús bóndi Jónsson dóm gánga í Ögri, um ósid þann hinn mikla, er hann oc dómsmenn kölludu, skada krúnunnar, oc fyrirlitníngu

konúngsins, er af sumum valdamönnum var orsökud fyrir nockrum árum, þá þeir tóku af med hardindum vopn oc veriur manna, oc töldu dómsmenn forn dæmi til, um ófrid þann er á hefdi gengit af útlendum, lètust ei verda vilia æthlerar edr fordiarfendr sins födrlands, oc þarmed landrádamenn vid konúnginn, at setia svo siálfa sig oc sína oc allt landit í ved, med ónytiúngskap; qvádu Johan Bucholt samþyckt hafa, at hèr um mætti fullnadar dómr gánga, enn konúnginn siálfann sendt hafa VI byssr oc VIII spiót í hveria syslu, til at koma mönnum til at hafa varnir fyrir sèr; oc þó þeir sèu ófærir lög at semia um slíkt vandamál, qvádust þeir vilia giöra þat at er þeir mætti; dæmdu þeir alla skylduga til at halda frid vid útlenda menn, medann svo mætti vera, oc semia um þrætr sínar vid þá med lögum, enn ella skyldu allir veria fóstrland sitt, oc konúngs umbodsmadr vera þeirra foríngi, enn hönum allir hlída; hverr skyldi kosta sig oc sína menn medann hernadr stædi, oc hreppstjórar skyldir menn at kalla, oc qveikia eld á hærstu hædum, fyrir nærstu krossmessu, þar siá mætti reyki í bygdir, enn þeir skyldu vita kynda, oc vörd halda sem hreppstiórum syndist líklegastir, oc giöra syslumann sem fyrst varann vid; syslumenn skyldu oc rádast um vid skynsama menn, hvar best væri vyrki at hafa, svo gamalmenni, börn oc búsmála mætti þángat færa í naud; enn þeir sem vopnfærir væri vördudu órádvöndum mönnum stigu oc eptirfarir; hreppstiórar skyldu telia vopnfæra menn oc tilkynna syslumanni; hverium manni skyldi skyldt at eiga lúdr til at vara med adra, enn sumum sem þat mætti, kláfa eda vögr, til at láta í varnad sinn, þar sem ei kæmi skipum vid, oc svo axir, påla oc rekr til gyrdínga smídar, læra at giöra fylkíng med viti, hvert er kyrru skyldi fyrir halda, snúast eda eptir renna, oc skylda at fylgia þeirra rádum er til slíkra hluta kynni; því nærst viku þeir til laga um vopna eign, oc dæmdu þeim skyldugt at eiga flest vopn sem mest metord höfdu af konúngi, svo sem skutulsveinum var fyrrum bodit, at eiga spandylar vopn, treyu, bryniu, brynkollu oc brynglófa, brynhosr, hiálm, stálhúfu, skiöld oc sverd, plátu, spiót oc búklara, handboga med tvennum tylftum brodda; enn nú dæmdu þeir alla skattbændr skylda til at kaupa oc eiga luntabyssu oc III merkr púdurs, oc atgeir edr annat lagvopn; enn

hvörn einhleypann, sem á X aura skuldlausa, lagvopn oc stíngkníf, oc bera ei nema móti útlendskum ránsmönnum, enn alla adra XV vetra menn eitt lagvopn; sá sem ætti XX hundrud skyldi kaupa byssu, boga oc lángspiót, hverr vígfær, oc adrar verjur eptir efnum, þar sem menn væri hèr fryir fyrir öllum útbodum; dæmdu þeir dóminn fyrst undir lögmannanna yfirsyn til at auka edr vana; oc veit eg eigi hvört meiri furda er at enginn madr skyldi taka slíkt upp aptr eptir Magnúsi, oc at konúngs vilia, er svo fyrir skömmu var af lagt, edr hitt at lögmenn Jón oc Þórdr hafa hleypt hiá sèr dómi þessum, oc miög undrast Biörn at Skardsá yfir at sá dómr gèck ei framm, oc lofar Magnús; enn til þessa er at siá sem Magnús hafi dregit med siálfs hans stórhuga, rán þat er fyrir skömmu gèck yfir Eggert Hannesson mág hans oc adra, var oc eigi all-lángt til þess er slíkt kom at á vestfiördum, oc er þá svo at siá sem allmargir menn hafi vopn haft í Isafyrdi. Magnús var oc ágætr höfdíngi, hann reid jafnann svo á alþíng at fylgd hans var audkend, því þeir höfdu allir lagvopn XL menn eda fleiri, oc setti hverr vopninn upp fyrst er heim reid á Þíngvöll; var þat svo hvert sumar medann hann sat uppi, oc vildu sem flestir vera í hans för; hann var miög vitr madr, oc skáld gott, hefir hann qvedit Pontusrímr oc fleira; hann kunni oc vel þíska túngu; hann átti Ragnheidi dóttr Eggerts Hannessonar, þeirra börn voru Jónar tveir, Ari, Biörn, Þorleifr, Elin, Cecelia, Gudrún, Katrin, Ragnheidr, Kristín; þeim Arna bónda Gislasyni at Hlídarenda, oc Magnúsi, bar einhveriusinni til á alþíngi, oc senntu í ordum; er svo sagt at verit hafi ríkisrígr med þeim; þá mælti Magnús, at ei þyrftu þeir at vera at slíku, mestar mundu tengdir verda á Islandi millum þeirra oc þeirra nidia; hefir þat þótt miög eptirgánga. Jón Magnússon var syslumadr í Dölum, vitr madr oc vel at sèr, hann átti Astrídi dóttr Gísla Þordarsonar lögmanns, oc börn mörg. Ari var lengi syslumadr í Isafyrdi, oc á Ströndum, oc verdr hans enn gètit. Jón annar Magnússon var kalladr Dan, hann átti Ingvildi dóttr Gudmundar Helgasonar at Eyri í Arnarfyrdi, oc hafdi ecki syslr. Biörn Magnússon hafdi Bardastrandarsyslu, oc átti Sigrídi dóttr Dada frá Skardi, Biarnasonar Oddssonar, oc Arnfrídar dóttr Benedicts ríka á Mödruvöllum Halldórssonar; þeirra son var Eggert ríki; sídann átti Biörn Helgu dóttr Arngríms prests hins lærda,

þeirra börn voru Páll prestr í Selárdal, oc Sigrídr í Odda. Þorleifr Magnússon bió at Hlídarenda, oc hafdi Skaptafells syslu; hann átti Gróu dóttr Gísla Arnasonar frá Hlídarenda Gíslasonar, oc eina dóttr; enn sídar Ceciliu dóttr Biarnar at Laxamyri Magnússonar Arnasonar Pètrssonar Loptssonar, þeirra son var Þorsteinn. Þorleifr var vitr madr, en sumir hèldu hann fiölkunnugann. Elin Magnúsdóttir var gipt Sæmundi syni Arna Gíslasonar at Hlídarenda, þau áttu margt barna. Cecilia Magnúsdóttir átti Ejólf Isleifsson oc börn mörg. Gudrúnar Magnúsdóttr fèck Henrik Gíslason Þórdarsonar lögmanns, dóttrson Arna Gíslasonar; þeir fedgar höfdu Borgarfiardar syslu. Ragnheidr Magnúsdóttir átti Einar Hákonarson Arnasonar Gíslasonar. Katrin átti Biarna bródr hans. Margar urdu enn fleiri tengdir med sídari nidium Arna oc Magnúsar.

LXIII Cap. Frá ímsu.

Vetri eptir vopnadóm dó Jón á Ingvildarstödum; var þá Biörn 1582
sonr hans VIII vetra; hann var í nordrför um vorit eptir vertíd; fór þá til Ingvildarstada Jón Jónsson lögmadr frá Þíngeyrum, oc qvad Jón sig bedit hafa um vetrinn, at taka at sèr konu hans oc börn oc peninga, ef hann kæmi ei aptr at sunnann; hann tók þar fè allt litt vyrdt, fyrst XX hundrud er Gudrún skyldi eiga, oc enginn XXX betri; hann tók oc IIII börninn, voru VI brædr oc III systr; fèck hvör brædranna XIV hundrud, enn sumt fè kom ei framm; fór Biörn til Sigurdar á Reinistad. Margir dómar gèngu þá er menn hafa. Jón lögmadr lèt dæma drumbadóm á Seilu, um rekavidar þiófnad; enn Arni Gíslason um fátæklínga at Hollti undir Eyafiöllum hinn XVda Maii, var þat dæmt at fátækt fólk sem sveit á, flytiest bodburd rèttann, oc sè hyst oc tært á hverju bygdu bóli; enn utansveitar fólk fari sem dagr hröckr, oc sè tært nockut á hverju bygdu bóli, var þá mikill húsgángr. Vígfús bóndi Þorsteinsson lèt dóm gánga med XII mönnum at Helgastödum í Reykiadal, hinn XVda dag Julii, um tyundargiald, er menn þóttust ei lokit gèta í vadmálum, því at vída var saudlaust; enn syslumenn vildu ei taka eyrir silfrs fyri meira enn X álnir, hann vildi alþída láta gánga fyrir V aura; syslumenn vildu

oc ei fríða aura nè prestar sumir, enn II eda III hundrud fátækir gèngu yfir í Þíngeyar þíngi; var eyrir silfrs dæmdr fyrir XIV álnir oc VIII þumlúnga þar til málit kæmi til lögrèttunnar. Jón Illhugason prests Gudmundarsonar umbodsmadr hans, lèt gánga dóm um vistarfólk; hann var fadir Gudmundar at Laugum, oc Illhuga Hóla rádsmanns, oc Halldóru módr Þorgríms prests Olafssonar; hann gèck oc helmíngadóm med Þorsteini prófasti bródr sínum, dæmdi Arnarvatn undir Hólakyrkiu, er Olafr biskup Hialltason hafdi sett Jóni presti Sigurdarsyni í Laufási mági sínum, oc kallar sig þá konúngs umbodsmann. Þorsteinn hèt son Vígfúsar Þorsteinssonar, er druknadi á Hamborgarelfi seinna, annar Jón, hann átti fyrst Ingibjörgu dóttr Biarnar prófasts Gíslasonar oc Malmfridar mildu; enn sídann tvær konr adrar oc var hinn audugasti madr. Þridia barn Vígfúsar var Þorbjörg, er gipt var Hákoni syni Arna Gíslasonar; fiórda Ingibjörg, er átti Biarni prestr Finnbogason at Hofi austr, þeirra dóttir Þorbjörg er Pètr Pálsson átti at Stadarhóli. Bènedict Halldórsson lèt gánga dóm eptir ákæru Halls Magnussonar, um sölu Jóns Marteinssonar á Nesi í Eyafyrdi, oc vard hún ógyld, er þess eigi gètit hvad rak fyrir Jóni Marteinssyni siálfum um þessar tídir, sídann Benedict tók algiörlega syslu í Eyafyrdi. Þá stefndi konúngr Johanni Bucholt oc bádum biskupum utan um prestapenínga mál.

LXIV Cap. Dómar.

1583 Önnr missiri urdu stórir manntapar af skipum í veidistödum; þá seldi Þórun Jónsdóttir á Grund Magnúsi bródrsyni sínum Vetrlidastadi. Andadist þá Halldór prestr Einarsson í Selárdal bródir Gissurar biskups. Sigurdr at Reinistad hèldt nú Hegraness þíng, enn dómr hans nockr var ákærdr, oc dæmdi Jón lögmadr hann ógyldann at Ökrum oc dómsmenn hans Gottskálk Magnússon á Reykium, Gunnar Gíslason at Vídivöllum, Jón Jónsson, Biarni Sturluson, Jón Einarsson oc Ari Gudmundarson. Gudbrandr biskup lèt oc lesa upp skrá í XI greinum vid Vallalaug til utskyríngar skrifi sínu til Markúsar bónda Olafssonar í Hèradsdal, um dóm Sigurdar syslumans er biskupi þótti ránglega hafa skilit á sig ómaga framfæri. Jón lögmadr lèt VI manna dóm gánga at Sveinstödum

í Vatnsdal um lambatolla af Kúluheidi er Eyríkr prestr Magnússon á Audkúlu ákærdi, oc Forsæludalsheidi, er Loptr Liótsson í Forsæludal ákærdi, var Vatnsdælum oc Asamönnum dæmt at reka á þær heidar oc gialda afrèttartoll, enn ella IIII merkr í dómrof. Eyríkr prestr sá er getit var, var födrfadir Jóns prestr Magnússonar í Laufási, skálds, oc Sigurdar prests á Audkúlu, hann var vel fiáreigandi, oc qvad þessa vísu um bú sitt:

Nyu á eg börn, enn nytián kyr, nær fimm hundrúd saudi,
Sex oc tuttugu södladyr, svo er háttad audi.

Þórdr lögmadr lèt dóm gánga at Byaskerium um utansveitarmenn, XXIIan dag Aprilis; var oc dæmt á alþíngi um nefndarmanna kaup; enn sumstadar segir at Byaskeriadómr væri dæmdr ári seinna, 1584
oc þá um kaupskap útlendskra med VI mönnum á alþíngi, oc um aflausn sakamanna, af Gudbrandi biskupi oc Jóni lögmanni at Bólstadahlíd; at Sandatorfu í Borgarfyrdi gèck dómr á leidarþíngi, um nautarekstr í Skorradalskóg, því Vígfús Jónsson á Kalastödum ákærdi, at þar vid lidi skada jardir hans tvær, Vatnshorn oc Kálfastadir; var Þórdr lögmadr fyrir dóminum, því hann hafdi iafnann Borgarfiardarsyslu. Þá kom út biblia Gudbrands biskups prentud at öllu; á þeim missirum var landskiálfti mikill; önnr missiri 1585
kom út konúngsbrèf um hórdóma oc slíkar sakir, oc annad gefit út á Fridriksborg hinn XXXta Aprilis mánadar, er Gudbrandr biskup hafdi útvegad, at mönnum mætti leifast í landi hèr, sem annarstadar í ríkium konúngs, at giptast samann í þridia oc fiórda lid, því valdamenn sumir vildu at enginn giptist fyrir innan fiórmenníng; þá hefir Markús Olafsson tekit lögsögn í Skagafiardarsyslu, eda jafnvel hid fyrra árit, því um vetrinn lét hann XII manna dóm gánga at Seilu, um ákæru Thomasar prests Þorsteinssonar til Stígs Þorkelssonar, voru þar Gunnar Gíslason, Gottskálk Magnússon, Jón bródir Markúsar, Biarni Sturluson lögrettumenn, Isleifr Þorbergsson á Hofi, Arni Biarnarson Jónssonar biskups, Oddr Thomasson, Ari Gudmundarson Einarssonar, oc enn fleiri; annann dóm lèt hann gánga í Vidvík um fátæka menn, þar eru fyrstir dómsmenn Olafr Thómasson á Hafgrímstödum, Gottskálk Magnússon á Reykium, oc Gudmundr í Gröf Hallgrímsson Sveinbiarnarsonar födrbródir Gudbrands biskups. Arni Gíslason á Hlíd-

arenda lèt dæma um hysíngar á hiáleigum oc tvíbylum, at Hollti undir Eyafiöllum; enn á alþíngi giördu lögmenn Þórdr oc Jón samþyckt, var oc dæmt um skipti-tyund oc skattgiald. Gísli biskup sendi sonu sína í Austfiördu med umbod sitt at visitera, Stephán prest oc Arna prest, oc lètu þeir, med Byrni syni Gunnars Gíslasonar, er þá hafdi syslu á öllum Austfiördum, XII manna helmíngadóm gánga, um fátæka presta eginqvænta, er falla frá, oc ei eigu fyri kyrkiufè oc konumála, hvert heldr skyldi missa kyrkiann eda konann; dæmdu þeir konunni heimanfylgiu tilgiafarlausa, enn kyrkian hefdi afgáng, enn eigi sídann adgáng at þeim er hyggia eiga um fè hennar. Biörn Gunnarsson bjó þá at Asbrandstödum í Vopnafyrdi, oc er sagt hann hafi tyundad C hundrud lausafiár.

LXV Cap. Frá Gudbrandi biskupi, missir hans, oc tilburdum.

Halldóra *Arnadóttir kona* Gudbrands biskups var merkileg at öllu, fríd sínum, oc at því at kostum, hún var þennann tíma ei einsamann; bar þá til um haustit, mánadags qveld fyrir Michaelsmessu, at hún fèck þrengsl í qverkarnar, enn lá á midvikudaginn, oc hafdi eckert mál, oc ritadi med krít þat er hún vildi vera láta; sídann ól hún barn á fimtudags qveldit, þat hèt Sigrídr, eptir Sigrídi Einarsdóttr á Munkaþverá konu Nicolásar bonda Þorsteinssonar; Halldóra hafdi mál ímillum hrídanna, enn sem barnit var fædt, dróg af henni, oc andadist um morguninn, stód líkit uppi í þriár nætr, oc á hinni sídurstu andadist barnit, svo þær fóru í eina gröf bádar. Halldóru skorti II vetr á fertugann, enn Gudbrandr biskup var V vetrum eldri; hvarf hönum þá heilsann þadann af alla stund medann hann lifdi, enn ydni hans oc ástundan þreyttist ei at heldr. Þat bar til einhveriu sinni um vetrinn,
1586 at Gudbrandr biskup gèck í kyrkiu at giöra bæn sína, sem hann var vanr qveld oc morgna, þá fann hann á bak vid altarit, enn innan múrinn, at Vígfús uppvaxtar-sveinn er í skóla hafdi verit, son Jóns prests Gudmundarsonar prinna á Síglunesi, hafdi hengt sig yfir um þverbita í snæri, oc hugdi biskup hann ei med öllu örendann, oc lèt dreipa á hann, enn þat dugdi ei; menn

sögdu hann hefdi verit ónæmr í skóla oc skilníngslítill, oc hefdi fyrir því bundit fèlag vid Satan, oc voru þar um sagnir all-hègómlegar. Þá vard víg undir Jökli; Arnór Arnason oc Gudmundr Sturluson vogu Ingimund Jónsson; þat kom til Alþíngis í XII manna dóm, oc vildi Gudmundr ei vidkannast um atvist, enn Arnór medkendist at hafa veitt Ingimundi ákomr nockrar, oc var hann dæmdr útlægr til konúngsnádar, oc flytiandi med rádi lögmanns oc syslumanns; enn ef hann yrdi flendr, skyldi hann svara fullum bótum erfíngium hins vegna, nema Gudmundr fèlli á eydi, þá skyldi hverr þeirra svara hálfum. Þá dæmdi oc Þórdr lögmadr Gudmundarson um Jón letíngia at Dyrastödum í Nordrárdal. Jón lögmadr seldi Benedict bónda Halldórssyni Audbrecku, fyrir sex hundrud dala verd. Þá fór sótt yfir land; kom eldr í Þíngvallaskóg oc brann mikit af; hann qviknadi um fardaga, enn lifdi framm yfir þíng. Biörn son Benedicts ríka á Mödruvöllum, fèck þá Elínar dóttr Páls á Stadarhóli, hönum töldust IIII hundrud hundrada í föstu, Mödruvellir í Eyafyrdi fyrir annad, enn Reykhólar fyrir annad; jafnmikit fèck Petr Pálsson í módrarf sinn, oc kyrkiueign í föstu LX hundrud, enn aflafè Páls var eitt hundrud hundrada LII hundrud. Þat sumar kom Oddr út, son Einars prests Sigurdarsonar, oc giördist skólameistari at Hólum, því Biarni Gamlason, er skólameistari var fyrri, var þá ordinn prestr. Fyrir nockrum vetrum var út kominn Jón son Gudmundar Þórdarsonar á Hvoli, hann hafdi verit í Brimum oc Kaupmannahöfn, oc framast vel, oc hafdi frammhaldsbrèf af Páli biskupi Matthiassyni á Siálandi, oc konúngsbrèf fyrir Hytardal, þá Loptr prestr Narfason fèlli frá; enn Loptr prestr var þá enn í fullum burdum, oc hèldt Jón til med Gísla biskupi í Skálhollti; biskup hafdi skipat fyrir skólameistara, þá er Sigurdr Jónsson skildi vid, Gísla nockrn; enn er hann giördist prestr í Hvammi, tveim vetrum ádr enn hér var komit, giördist Jón skólameistari í Skálhollti oc hafdi þar vid alla stundan, oc svo var nú er Oddr var ordinn skólameistari á Hólum, enn Sigurdr Jónsson hafdi farit nordr oc bjó búi sínu. Gísli prestr í Hvammi sá er vid skóla var fyrir Jón, var Gudbrandsson bródrson Biarna á Fellsenda, oc atgervimadr mikill. Gudbrandr biskup vildi afnema þann sid, er lengi hafdi verit í páfadómi, oc svo sídann, at kyrkiur voru frelsisstadir fyrir óbótamenn; útvegadi

1587 hann uppá þat brèf Fridriks konúngs, at slíkt var aftekit; þá voru oc sendir hjónabands-articular til Islands, er eptir skyldi dæma, oc leifi til Gudbrands biskups at láta prenta sálmasafn; gètit er þess, at þá hafi enn svo stadit vinátta Gudbrands biskup oc Jóns lögmanns, at ei hafi stórum áskyad. Johan Bucholt veitti þeim manni Skriduklaustr er Jón hèt, Einarsson frá Espihóli Brynjólfssonar, oc er þess seinast gètit um höfudsmanns embætti hans at því sinni; lagdi hann þat af, oc skipadi konúngr Pètr Thómasson í hans stad hinn XXXta Maii, var Bucholt bodit at afhenda hönum höfudsmanns inventarium í vidrvist lögmanna beggia, oc Islendíngum at halda hann fyrir rèttann höfudsmann. Manntapar urdu á skírdag af tveimr áttæríngum, oc dóu *XX* menn, voru sumir í skipunum, enn fiórir komust upp, ráfadi einn þeirra á brottu, svo hann fannst ei aptr.

LXVI Cap. Skipti eptir Arna.

Nú andadist Arni Gíslason at Hlídarenda, oc fóru framm skipti eptir hann, hinn IVda dag Julii, á X hundrudum hundrada LIII hundrudum, milli Gudrúnar Sæmundardóttr oc barna hennar; fèck Hákon Arnason Reini I hundrud hundrada, oc Vòll oc Arngeirstadi LXXX hundrud; Sæmundr Hól í Bolúngarvík LX hundrud, Meirihlíd XXIV hundrud, Minnihlíd VIII hundrud, Túngu *XII* h. Myrardal XII hundrud, Os XXIV hundrud, Meiribacka XII hundrud, Hanahól XII hundrud, Meirahraun VIII hundrud, Grundarhól VIII hundrud, Kèldu V hundrud, Minnahraun III hundrud, Gil XII hundrud. Gísli fèck Hlídarenda oc Þverá XC hundrud, Gálmatjörn oc Kyrkiuhöfn L hundrud, Vindás XX hundrud, Stad í Adalvík XXIV hundrud, Þverdal XVI hundrud, Berustadi X hundrud. Jón bóndi Biarnarson hafdi fengit ádr vegna Gudrúnar konu sinnar, Steiná XXXVI hundrud, Hlíd undir fiöllum XX hundrud, Gard XII hundrud, Skálardal VI hundrud, Steig VI hundrud, í Adalvík XX hundrud. Anna Arnadóttir var þá enn ógèfinn, hún fèck Reykiarfiörd XXX hundrud, Arngerdareyri XXIV hundrud, Furufiörd XII hundrud, Hallstadi VIII hundrud, Eyri VIII hundrud, Biarnastadi XII hundrud, Kroppstadi VI hundrud. Arni prestr Gíslason biskups hafdi ádr fengit vegna konu sinnar,

í Asi *LX* hundrud; enn nú Midbæli *XXX* hundrud, í Ey VII hundrud, Sæból *XII* hundrud. Ejólfr hafdi fengit í jördum *LX* hundrud, enn nú fèck hann *XXXV* hundrud í Rángárfelli, oc *X* hundrud í Þyckvabæ. Arni Magnússon á Grítubacka hafdi ádr fengit *LXV* hundrud, enn nú fèck hann í Ey *XL* hundrud. Ei er gètit um arf barna Gudbrands biskups, nema þat sè meint til hans er brefit segir, at einn erfíngi hafi fengit *LX* hundrud, oc var bætt vid Gellti XIII hundrudrum, minni Backa VIII hundrudrum, Breidabóli *XXIV* hundrudum, oc Keblavík VIII hundrudum; enn hvad dyrra hverr dóttrmadr hafdi enn C hundrud, skyldi leggiast ofann á gædi jardanna, oc svo fyrir sonunum, hvert sem er lakara eda frekara. Er hèr oc vant enn fleiri erfíngia, því at brèfit fæst ei fullkomit er giört var.

LXVII Cap. Frá Helga Ulfhèdinssyni.

Helgi hèt madr oc var Ulfhèdinsson, hann bjó í Grindavík, hann var mágr Biarnar Sturlusonar, Biörn var vel vyrdr madr oc skáld gott; Helgi átti nockud vid þann mann er Ingimundr Hákonarson hèt, oc um haustit er Helgi var í kyrkiu oc Jón prestr at Stad í Grindavík med hönum, kom Ingimundr oc manadi hann út at sèr; Helgi þoldi þat ei, oc hlióp út, oc hafdi ecki í höndum, enn prestr vildi halda hönum, oc fèck ei atgiört, því Helgi var bædi mikill oc sterkr; Ingimundr hafdi sett kordakníf sinn fyrir utann kyrkingardinn, enn Biörn Sturluson var hlaupinn inn í bæ; enn er Helgi kom út, hjó Ingimundr til hans í höfudit, oc vard mikill áverki; annad högg hjó hann á höndina, þridia á handlegginn; þá fèck Helgi tekit hönd hans, oc kèndi svo miög aflsmunar, at hann fèck af hönum knífinn, oc hjó hann eitt högg í höfudit, svo hann fèll á knè; kom þá Biörn at, oc sögdu menn hann mundi hafa bætt á; Ingimundr lifdi tvær nætr eda þriár, enn Helgi vard aldrei örkumslalaus; hann lysti á sig vígi. Biörn fór utann fyrir þat mál. Helgi átti Margretu Kètilsdóttr, hennar módir var Valdys systir Gísla biskups; þeirra synir voru Jacob á Þorkötlustödum, oc Þorsteinn, Jón oc Kètill fadir Helga í Grindavík. Anna Helgadóttir átti Biörn Sturluson, enn Gunnhildr var módir Hèdins á Ofridarstödum.

LXVIII Cap. Fráfall Gísla biskups oc afqvæmi.

Gísli biskup hafdi veitt Gunnari presti Þorgeirssyne Arnes í Trèkyllisvík, fyrir bæn Ara Magnússonar; hann giördi hönum skarpa ámynníngu í brèfinu, at stunda alvarlega prests embætti sitt, oc fara varliga vid fátækann oc einfaldann almúga, leida hann til sáluhiálpligrar kynníngar med hógværd, enn ei strídlyndi oc hardindum. Þetta haust var Gísli biskup á visitatiu sinni um sudrnes; hann var þá lasinn miög af elli, enn þó ósjúkr, oc hafdi dagleidir sem hann hafdi ætlad. Enn er hann kom at Gördum á Alptanesi til Jóns prests Krákssonar, var hann heill oc ósjúkr at vana um qveldit, oc þá heim á leid aptr til Skálhollts, lèt hann í kyrkiunni halda qveldsaung sem vant var, oc lesa fyrir sèr fyrsta Johannis pistil; enn er lokit var bæn, gèck hann til borda, oc sat lengi um qveldit, med gódu tali oc kristilegu, sem venia hans var til yfir bordum, gèck sídann til sængr. A Midvikudagsmorguninn, er var hinn XXXti dagr Augusti, vakti hann upp alla fylgdarmenn sína, oc baud þeim at klædast, oc er hann var klæddr siálfr, las hann fyrst cathechismum, sídann heilags andabænir, þá krosstídir, þá einn octonarium af Davids saltara, sem hann var vanr, þareptir capitula af Salomons lofqvædi, oc sídast eina bæn Johannis Avenarii. Því næst lèt hann prest sinn Asmund Þormódsson rita tvö brèf, annad Pètri Thomassyni umbodsmanni á Bessastödum, enn annad Gudbrandi biskupi; þar eptir var gèngit til kyrkiu, oc lèt hann lesa Páls pistil til Titum, oc síngia eptir veniulegt: heidrum gud födr himnum á. Þar var kominn sakamadr einn frá Bessastödum er Gudlaugr hèt, oc leitadi ráda til biskups, oc er hann vissi eyrindi hans, veitti hann hönum vidtal, oc las qvittunarbrèf hans; giördi hönum áminníngu kristilega med allri hógværd til alvarlegrar ydrunar, med svo náqvæmum ordum, at hönum oc ödrum mönnum voru vel mynnis-stæd; enn sem hann lengdi ræduna, sló at hönum kulda, er hann var med öllu fastandi, svo gamall madr; hönum var þá fylgt inní stofuna, er hann hafdi talad út, þángat sem hann hafdi setit qvöldinu fyrri, oc er hann skyldi taka til matar, vard hann miög siúkr vid bordit, var hönum þá borit varmt vín, oc drack hann þat, enn sídann seig at hönum ómeigi; oc er hann raknadi vid aptr, var hönum fylgt til sængr med studníngi, lá hann svo um qvöldit í sænginni

í klædum sínum öllum; enn menn hans stódu hiá, oc heyrdu giörla at hann var at ákalla gud med inniligri bæn. Þá stund lítil var lidinn, leit hann upp til manna sinna, oc mælti: pilltar mínir! sem nú standid hèr hiá mèr, farid þèr heim í Skálhollt, oc segid kæra qvediu mína konu minni oc börnum mínum, oc öllum kunníngium, oc segid þeim öllum góda nótt frá mèr, bidjid fyrir mèr til guds oc fyrirgèfid mèr; enn sídast mælti hann: fadir í þínar hendr fel eg minn anda, oc andadist þareptir; þat var hinn XXXta dag Augusti mánadar, er hann hafdi biskup verit XXX vetr, enn einum vetri betr sídann hann var kosinn; hann skorti oc einn vetr á hálf-áttrædaun, oc var borinn á því ári sem Þorvardr lögmadr Erlendsson dó, fimm vetrum fyrir fráfall Stepháns biskups; voru þar vidstaddir Jón prestr Kráksson, Teitr prestr Helgason, Hákon Asgeirsson frá Lundi, Asmundr prestr Þormódsson frá Brædratúngu, Þórarinn Stephánsson oc Þorleikr Jónsson; var lík hans flutt eptir II nætr fyrstu dagleid til Sndr-Reykia, adra á Þíngvöll, þridiu í Skálhollt, med miklu fiölmenni vina hans oc náunga, oc þar jardad innan kyrkiu fyrir framan predikunarstólinn, enn adrir segia fyrir framann nordr stúkudyr. Margt fólk er komit frá Gísla biskupi oc Kristínu Eyólfsdóttr; Stephán prestr Gíslason hèldt Odda, oc átti Þorgèrdi dóttr Odds prests frá Gaulveriabæ, Halldórssonar frá Túngufelli; þeirra börn voru Sigurdr skólameistari, oc Oddr prestr í Gaulveriabæ fadir Sigurdar prests í Arnarbæli oc Vígfúsar prests í Gaulveriabæ, oc Snæbiörn prestr í Odda, fadir Markúsar syslumanns í Vestmannaeyum, oc Ragnheidar er Hákon átti, son Biarna Hákonarsonar. Kristín Stephánsdóttir var gipt Olafi presti Einarssyni at Kyrkiubæ, þeirra son var Stephán prestr í Vallanesi. Helga Stephánsdóttir átti Eyrík Jónsson, oc miög margt afqvæmi á Rángárvöllum. Þurídr Stephánsdóttir átti Þorleif í Myrdal. Jónar tveir voru Stephánssynir, annar var prestr oc hèldt Kálfhollt, oc átti margt barna. Salvör Stephánsdóttir átti Jón skólameistara, son Einars Eyríkssonar á Hvanneyri, enn sídann Erlendr Asmundarson í Hvoli, þeirra dóttir Katrín módir Jóns biskups Vígfússonar, oc er margt manna komit frá Salvöru. Arni son Gísla biskups var prestr at Hollti undir Eyafiöllum, oc átti Hólmfrídi dóttr Arna Gíslasonar; hún ól XXIV börn, komust þessi á fót: Gíslar tveir, annar var prestr, oc fèck Margrètar dóttr Sigurdar prests Einarssonar á Breidabólstad, hann

var fadir Jóns á Velli í Hvolhrepp oc Gísla tveggia. Olafr hèt hinn þridji Arnason, hann átti Solveigu dóttr Einars Grímssonar í Teigi; þeirra son var Jón prestr. Þorleifr, Eyríkr oc Páll voru enn Arnasynir; Gudrídr Arnadóttir átti Orm í Eyum son Vígfúsar á Kalastödum Jónssonar; frá þeim er miög margt afqvæmi. Gudrídr önnr átti Þorsteinn bónda í Þyckvabæ austr, syslumann eystra, Magnússon frá Stóradal, Arnasonar Pètrssonar Loptssonar, bródr Biarnar á Laxamyri, oc afqvæmi margt. Cecilia Arnadóttir átti Illhuga Vígfússon bródr Orms, hún var svarkr mikill; enn hann gæfr í skapi; þeirra börn voru Vígfús prestr á Setbergi, fadir Illhuga prests, Einar prestr á Reinivöllum fadir Einars prests í Görðum oc Snæbiarnar prests at Reinivöllum, annar Einar oc Þórarinn, Jón oc Nicolás, Þórdr, Jórun er átti Gudmund prest á Þæfusteini, Gudrídr, Ingibiörg; miög er margt manna komit frá Ceciliu oc Illhuga. Kristín Arnadóttir átti Magnús son Eyríks Ejólfssonar frá Kyrkiubæ, oc afqvæmi. Helga dóttir Gísla biskups átti Erasmus prest Villadtston at Odda oc Breidabólstad; þeirra son var Páll prestr í Hólum fadir Erasmusar prests oc Gudlaugar er átti Kètill prestr Jörundarson fadir Páls prests. Gísli hèt annar Erasmusson er einnin er ætt frá. Marin Erasmusdóttir átti Snorra prest Asgeirsson frá Lundi, födr Sigurdar prests á Hrafnseyri, oc Erasmusar prests, oc Helgu er Einar prestr Sigurdarson átti prófastr í Stranda syslu, oc er margt manna frá þeim komit. Þórdys Erasmusdóttir átti Þorleif Asmundarson oc börn. Gudrídr Erasmusdóttir átti Biörn son Gudmundar Ejólfssonar á Flagvelltu; launsonr Biarnar var Adam, oc arfleiddi Biörn hann. Gudlaug Erasmusdóttir átti ecki barn. Kristín átti Pál son Sigmundar Þorólfssonar. Helga Erasmusdóttir átti Ögmund bródr Páls. Margrèt átti Arna Ejólfsson frá Saurbæ. Gudrún dóttir Gísla biskups var gipt Gísla Sveinssyni í Midfelli, oc var þadan fiölmenn ætt. Vilborg dóttir Gísla biskups átti Þorvard á Sudr-Reykium Þórólfsson, bródrson Sigmundar biskups; þeirra börn voru Erlendr, oc Magnús er margt manna er frákomit, oc Gísli sem hvarf, oc Kristín er átti Jón í Galltalæk, son Vígfúsar bónda Þorsteinssonar, hún krenktist, oc átti ei börn, Þórdr. Margt stórmenni er komit frá Gísla biskupi. Þórdys kona Gísla biskups fór til Odda eptir andlát hans, oc var þar med dóttr sinni oc dóttrmanni medann hún lífdi, hún vard gömul, oc svo elli-óra at hún mundi ecki þat hún

hefdi komit í Skálhollt. Var þá Erasmus prestr Villadtsson skipadr Officialis, oc hönum afhendr stadrinn af Stepháni presti oc Arna presti, sonum Gísla biskups, var hann lengstum í Skálhollti.

LXIX Cap. Konúngaskipti; Oddr vard biskup.

Um vetrinn útgaf Fridrikr konúngr brèf um húsgángsmenn; hann 1588 andadist hinn IVda dag Aprilis, á Antvorskógs sloti á Sælandi, oc var Kristián sonr hans úngr, er kalladr hefir verit hinn IVdi, voru þá skipadir fiórir forustumenn yfir ríkit, oc var Kristophor Valkendorf einn af þeim, er verit hafdi höfudsmadr út hèr; hann leifdi mönnum at giptast hèr í þridia oc fiórda lid. Þá voru dæmdir margir dómar. Jón lögmadr lèt XII manna dóm gánga um Jón Jónsson, er legit hafdi med konu húsbónda síns Gísla Höskuldssonar, dæmdust Gisla XX hundrud, eda Jón fari útlægr, voru dómsmenn fyrstir Jón bóndi Biarnarson, oc Einar Þórarinsson; annann XII manna dóm lètu þeir Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr gánga um framfæri uppgèfinna presta, þat var helmíngadómr. Vermenn dóu XIII á Tvídægra, enn margir fengu örkumsl Klerkar urdu ei á eitt sáttir hverr biskup skyldi vera í Skálhollti, vildu sumir hafa Erasmus prest Villadtsson, enn adrir Jón Gudmundarson skólameistara, grunadi þó suma um hinn fyrra, er hann var danskr, at biskupsdómr mundi þadann af komast undir útlenda menn oc ókunna, enn þat hafdi ecki vel reynst; enn um hinn sídara var þat mælt, at hann mundi hneigiast í sumum greinum eptir lærdómi Calvinista er hann hafdi umgengist utanlands, þóttu þó bádir at öllu ödru vel til fallnir; var þá ritad Pètri Thomassyni höfudsmanni, oc sókt rád hans, enn hann ritadi Gudbrandi biskupi, oc bad hann koma til alþíngis til gódra ráda oc tillaga, um biskups kosníngu; hann þóttist vant vidkominn, oc kom ecki, enn ritadi höfudsmanninum meiníngu sína, oc svo prestunum í ödru brèfi, þó nockud óliósara, oc sendi Odd skólameistara Einarsson, med brèfinn til þings, var hann öllum mönnum ókendr þar sydra, enn mátti þó ráda at Gudbrandr biskup dró framm hans taum þótt hann nefndi engann; gat þess í brèfinu at óhagr mætti at verda, ef biskupar yrdi útlendir, oc svo hinu, ef fylgdu meiníngum Calvinista, enn qvad miklu mest á

ríða at så væri lærdr er til væri kosinn, oc meira enn á audi, eda ætterni, edr hvers fiórdúngs madr væri, lètst hafa völ á þeim manni er lærdastr væri allra Islendskra manna, er þá væri uppi; var brèfit giört laugardaginn fyrir Jónsmessu Baptistæ; hann ritadi einum hinum hellstu prófföstum oc prestum sunnanlands um hid sama, var einn Bödvar prestr í Reykiaholti son Jóns prests Einarssonar, hann var þá sudr kominn fyrir VI vetrum, því Jón prestr hans tók at veikiast af elli, þeir fedgar voru prófastar bádir; voru þær tillögr teknar svo gyldar, at Sunnlendíngar kusu Odd Einarsson fyrir biskup sinn, oc fór hann utann eptir vígslu um sumarit, oc hóf svo upp ætt sína, sem Einar prestr fadir hans segir í æfiqvædi sínu:

Um ætt Finnboga
einn karl spádi
at frábæra mundi
fátækt lida,
þá eyk sú hin gamla
Einars felli
enn í fiórda lid
öll vid rèttast.
Einar Sigurdsson
sannar þetta,
sá var dóttrson
fróms Finnboga
úr berri fátækt
best vid rèttr
af sannri guds mildi,
sem hèr vottar.
Fedgin þessi tvö
Finnboga ættar
eptir fornri spá
fátækt lidu,
enn Oddr fyrstr
í fiórda lid kominn,
af guds rádi
ætt þá vidrètti.

Þá var grasvöxtr lítill, svo dóu XI. kyr í Eystrahrepp; enn um haustit, annan dag Septembris mánadar, var Lauritz Kruse Thygason af Svenstrup edalmadr danskr, oc í vináttu fyrrum vid Fridrik konúng, oc hafdi verit höfudsmadr í Vardhúsum, skipadr höfudsmadr híngad í land, oc gèfnar eptir allar tekiur af Islandi fyrir þriár þúsundir oc CC dali, med þeim skilmála at hann lèti fátæka presta hafa þat er þeim bæri, oc svaradi sakeyri öllum, enn nyti þridiúngs af hönum til launa, gætti lærdóms oc lifnadar klerka, oc hefdi engann kaupskap, tæki samann greinilega jardabók yfir jardir allar, oc dæmdi menn at landslögum. Þá druknadi Hiallti prestr á Fagranesi á Reykiaströnd, son Olafs biskups, med fiórum mönnum, á Þorláksdag fyrir Jól.

LXX Cap. Frá biskupum.

Oddr Einarsson var vígdr til biskups af Doctor Páli Matthiassyni 1589
Siálands biskupi, á Mariumessu á lángaföstu, oc bjó sig sídann til Islandsfarar. Þá dæmdi Nicolás Biarnarson hinn IVda dag Aprilis um leigulida ábúd á jördu; enn Magnús Jónsson konúngs umbodsmadr í Bardastrandar syslu hinn XXta Maii mánadar um löggiöf. Þá lèt Gudbrandr biskup prenta sálmabókina, oc *Summaria Bibliorum*, er hann hafdi lagt út. Um sumarit undir Alþíng, kom út hyrdstiórinn í Seilunni, oc Oddr biskup med hönum; fóru þeir uppá þíng; þar var giör samþyckt um aflausn stórglæpamanna, af biskupi oc prestum; komu þá oc út konúngsbrèf nockr; eitt var um Sigurd Jónsson er skólameistari hafdi verit at höfudsmadrinn skyldi siá hönum fyrir braudi nockru, enn Sigurdr vard líkþrár, oc dó á jördu sinni Hóli í Kinn. Arngrímr Jónsson Jónssonar Hallvardssonar, frændi Gudbrands biskups, hinn lærdasti madr, tók þá vid Hólaskóla. Jón Sigmundarson var födrmódrfadir hans, enn módir hans var Ingibiörg dóttir Lopts prests Þorkelssonar, systir Skapta prests; deilr voru þá med Gudbrandi biskupi oc þeim Stóradals (Hèradsdals) brædrum Markúsi Olafssyni oc Jóni, oc svo deila þeirra Jóns lögmanns um Bard. Hyrdstiórinn ætladi nordr af þíngi, oc vitum vèr ei hvad af því vard, enn Oddr biskup fór til Skálhollts, oc tók vid stadnum oc hans inventario, af Erasmusi presti Villadtssyni officiali, afhendi hann med þeim hætti hann tók vid, öll leigu-kúgildi afnámslaus, eptir tölu enn eigi vyrdíngu; Gèldnaut stadarins fiögra vetra eda eldri voru reiknud fyri gömul, oc saudir tvævetrir oc eldri fyrir gamla; eckert var vyrdt nema stadar skipinn eptir fornri venju, oc var því registri fylgt sídann. Stephán Gunnarsson var þá rádsmadr, oc svo alla stund medan Oddr biskup sat at stólnum; reid þá Oddr biskup þvínærst nordr til Hóla, oc hitti Gudbrand biskup, hann tók hönum forkunnar vel, oc hèldt hönum veitslu ágæta, bundu þeir þá at nyu trygd oc vináttu med sèr, oc hèldst þat medann þeir lifdu bádir. Þar var kominn til Hóla Einar prestr Sigurdarsson fadir Odds biskups, oc ridu þeir bádir nordr at Nesi í Adalreikiadal; baud biskup hönum til sín, oc svo Sigurdi presti albródr sínum, hann hafdi fengit þeirrar konu er Ingun hèt,

dóttir Jóns Ormssonar á Einarsstödum, oc áttu eitt barn. Þadann hóf Oddr biskup visitatiuför sína hina fyrstu um Austfiördu, oc samdi tvo dóma at Vallanesi hinn XIIta dag Augusti mánadar, annar var um skyldr presta, af hálfkyrkium oc bænhúsum, er þá voru at því er dómsmenn kölludu, vída nidrfallnar, af vild alþídu oc vanrækt yfirmanna; dæmdist prestum uppheldi af öllum bænhúsa kúgildum, vikuvist af kúgildi hveriu, oc þarmed kaupgiald af bænhúsum oc hálfkyrkium eptir máldögum; enn þar sem kúgildinn væri fallinn, skyldi þau aptr leggiast af kyrkiubændum edr erfingium þeirra, enn þriár álnir skyldi prestr hafa fyrir hveria messu þar enginn kúgildi væri. Annar dómr var um Beneficia, dæmdist at biskup mætti taka stadi af þeim prestum, er hverki ætti fyrir innstædunni nè gæti sett borgun, oc fá þeim annad uppheldi; oc at þar sem vant væri kyrkiupenínga, skyldu erfíngiar gialda, enn ef þeir hefdi ecki, þá sá sem athuga átti, oc þat vanrækti. Þat sumar var oc dæmt á Leidvelli, um þá sem gánga leifislaust af skipum; oc Magnús bóndi Jónsson dæmdi at Torflaukshaugum í Túngu um tvítugt barn ættfært, hinn IXda dag Octobris mánadar. Einar prestr kom þá at nordann, er Oddr biskup var heimkominn, hann fór Vatnahialla, oc Oluf Þórarinsdóttir kona hans, oc öll börn þeirra, Sigurdr prestr oc Ingun oc þeirra barn, oc bródir Ingunnar, þau voru öll XVI samann, oc sátu í Skalhollti um vetrinn, enn sum lengr, medann biskup fèck ei rádstafad þeim á annann hátt. Þann vetr brunnu hei öll í
1590 Skálhollti LXXX kúafódr; á þeim missirum gèck bóla, oc þá andadist Markús bóndi Olafsson í Hèradsdal, syslumadr í Skagafyrdi, hann hafdi þá nídæmda jörd undir Hóla kyrkiu er Olafr biskup hafdi selt, í helmíngadómi med Gudbrandi biskupi at Vidvík; hann hafdi VI vetr um fertugann, oc hèldt VI ár sysluna; kona hans var Ragnheidr dóttir Biarnar prests Jónssonar biskups, þeirra börn voru Rannveig sem gipt var Egli syni Jóns Egilssonar á Skardi, Sigurdr í Hèradsdal, Margret er Snæbiörn prestr átti Stephánsson Gíslasonar biskups, oc Olafr fadir Markúsar á Breyd. Þá lèt Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr helmíngadóm gánga at Ökrum, um hiónaband Helga Einarssonar oc Agnesar Olafsdóttr, enn sumir segia væri þrem vetrum sídar, voru prestar í dómi Arngrímr Jónsson hinn lærdi, Biarni Gamlason oc Jón Arngrímsson, enn logrèttumenn Jón oc Grímr Jónssynir frá Ökrum Gríms-

sonar, oc Jón Þórdarson; var þá þó eigi gott med biskupi oc lögmanni. Gètit er peninga sem Magnús Biarnarson galdt Grundarkyrkiu í umbodi Þórunnar födrsystr sinnar, fyrir XXIX ára portion, oc at Biörn Gíslason hafi þá enn prófastr verit, oc vyrdt þá at bodi Gudbrands biskups; einnin eru nefndir vid giörnínga Jón bóndi Biarnarson í Flatey oc synir hans vestra, Hannes Biarnarson í Snóksdal, oc enn fleiri menn. Konúngsbrèf nockr voru útgèfinn um ímsa þíngaháttu, oc Bardsmál voru þá uppi.

LXXI Cap. Mál Gudbrands biskups.

Rafn lögmadr Brandsson er deildi vid Olaf biskup Rögnvaldsson hafdi átt Bard, enn biskup tók þat af erfíngium hans, oc giördi at eign Hólakyrkiu, fengu sídann leikmenn eigi vald yfir því, enn Jón lögmadr treysti afla sínum oc ríki, oc keypti af erfíngium tilkallit, eptir svo lángann tíma, hèt sá Pètr er hann fèck af; vildi þá ei Gudbrandr biskup sleppa því er kyrkiann hafdi svo lengi haldit, lèt svo vera medann vinátta þeirra Jóns lögmanns stód, enn ákærdi sídann er á henni grynnti, kom hann engu áleidis um þat medann Jóhann Bucholt var höfudsmadr, enn Lauritz Kruse kom lögmanni til at láta stadinn; enn á Alþíngi þetta sumar kom málit í dóm, var þá enn gèngit ímilli af Laurits Kruse hyrdstjóra, Þórdi lögmanni Gudmundarsyni, Benedict ríka Halldórssyni frá Mödruvöllum, oc Byrni syni hans, oc ödrum gódum mönnum; vard komit á sáttum, svo at sundrlyndi allt oc misklíd milli Jóns lögmanns oc biskups skyldi vera nidrslegit, daudt oc magtarlaust; tilskildi hverutveggi at hinn væri ödrum til gagns oc góda í sínu embætti, oc hèldi hverr trúlega vinsemd vid annann, leynt oc liòst; lagdi Jón lögmadr í vald höfudsmannsins jördina Bard undir kyrkiuna, med öllu því er henni fylgdi, oc hèt at endrbæta fall kyrkiunnar, er hún hefdi fengit medann hann hèldt stadinn, svo hún væri eigi midr enn þá hann tók vid; enn eigi vard sætt þessi lánggæd, sem enn mun heyrast. A því þíngi kærdu þeir frændr Gudbrandr biskup oc Arngrímr prestr Jónsson uppá tvær jardir Hól oc Bessastadi í Sæmundarhlíd. Arngrímr var vel framadr at lærdómi utanlands oc innan; hafdi Jón

Sigmundarson átt þær jardir, enn Gottskálk biskup tekit þær af hönum, þá fyrir LXXXVI árum, höfdu þeir Markús oc Jón Olafssynir haldit þær. Kom málit undir dóm höfudsmansins Laurusar Krusa, enn mótmælendr biskups vildu enginn skjöl edr brèf leggia framm fyrir þeim jördum, oc vard eckert atgiört; Arngrímr prestr skaut þá máli beggia þeirra til konúngs, oc qvadst enga rèttíngu á hafa fengit. Þar samdi höfudsmadrinn oc lögmenn bádir at gialda skyldi manntalsfiska, hverr útródrarmadr í Gullbringu syslu er fengi XXX í hlut, tvo fiska hverr, enn sekr IIIIm mörkum ella. Lauk svo því þíngi, oc fór höfudsmadrinn utann, oc hafdi ádr hlut í Reykiavík undann Ormi Narfasyni med ójöfnudi, fór Ormr þadann grátandi. Þat ár lèt Gudbrandr biskup prenta stuttu bibliu, er Arngrímr prestr hafdi lagt út, oc bænabók Musculi, hana hafdi hann útlagt siálfr, oc enn harmaklögun fordæmdra.

LXXII Cap. Frá Oddi biskupi.

Þetta sumar setti Oddr biskup Einar prest födr sinn á Hvamm í Nordrárdal, því eckert audgara beneficium var þá laust; Salomon prestr Gudmundarson er þann stad hafdi haldit um XXX ár, vard naudugr upp at standa fyrir hönum, oc var hönum fengit Húsafell, fór hann grátandi þángat, oc er ei þess gètit at hönum væri til saka fundit, enn Einar prestr var eitt ár í Hvammi. Oddr biskup tók þá þegar til at umbæta lærdóm oc lifnad líttlærdra presta, oc sidferdi í embætti þeirra, oc setti þeim fyrir þarflegar reglr; hèldt hann prestastefnu í Skálhollti, oc lagdi þar fyrst fyrir um barna skyrn, at hún skyldi fremiast einfaldlega eptir handbók Luthers, einasta í kyrkiunni, oc skyldi allt heimilisfólk vidstadt vera til uppfrædíngar sèr; prestar skyldu oc meiga skyra börn sín siálfir, oc veita konum sínum aflausn oc sacrament; heima skyldu oc skynsamir menn oc yfirsetu-konr meiga börn skyra, oc fylgia til prests til yfirheyrslu, enn ecki fáfród úngmenni, ambáttir edr órádvandir menn; til yfirsetuqvenna skyldu takast skynsamar konr, enn prestar kènna sem flestum konum skickanlegar bænir þartil þènanlegar. I annann máta um opinberar aflausnir, þá skyldi þeir sem brotlegir yrdu í þridia sinni í frillulífi, oc allir er stærra brióta, leysast, sökum kunnáttuleysis presta, á dómkyrk-

junni; enn um þá sem gèngu at eiga frillr sínar, setti hann í vald skynsömum prestum, hvert vildu afleysa þá fyrir brúdkaupit, edr áhræra brot þeirra af predikunarstól á brúdkaupsdegi þeirra, med kristiligri ámynníngu, þó svo at eigi sturladi samvitskr þeirra sem med ydran oc betran vildu byria hiónaband sitt. Þridia lagi at allir stórbrotamenn skyldu vera utann kyrkiu nema prestr leifdi, enn þar med hafa ámynníngu um eilífa útilokun hræsnara oc ydrunarleysíngia frá gudi oc allri gledivon. Þat fiórda at prestar sem sína próföstum sínum óhlídni í andlegum efnum, skyldu siálfsettir af embætti, til þess er þeir fyndi biskup til yfirbótar. Í fimta máta um frillulífi presta; þar kom prestum ei siálfum samann, vildu sumir at fyrir fyrsta barngètnad skyldu prestar vera þiónustulausir í þriá sunnudaga, svo sem var í hinum forna sid, enn adrir hèldu tilheyrilegt at þat væri um III mánadi, fyrir annann barngètnad VI mánudi, fyrir þridia XII mánudi, sem var fyrir hórdóm fyrrum; þá skyldi oc prestr fyrir hórdóm bædi missa kalls oc embættis, nema yfirvaldit giöri meiri myskun á; enn höfudsmadrinn ályktadi at prestar skyldu missa hverstveggia fyrir fyrsta hórdóm, oc aldrei eiga von aptr kallsins, enn nádast mætti þeir til embættis aptr eptir III ár, oc samþycktu þat bædi biskupar oc lögmenn; enn Oddr biskup tók eigi miög hardt á slíku í þann tíma, því þá var borinn Bergliót laundóttir hans, hana gat hann vid vinnukonu í Skálholti atqvædalausri, sú hèt Hallfridr Bergsteinsdóttir, oc köllud sídann biskups Frída; segia menn at módir Bergsteins hèti Agnes, oc væri hiágètinn dóttir Halldórs Skulasonar á Þyckvabæ; enn ádr hafdi biskup átt adra laundóttr er Kristín hèt; hann galdt sekt höfudsmanninum fyrir karl gamlann í Biskupstúngum, er Oddr hèt oc var Einarsson.

LXXIII Cap. Frá biskupi, oc börnum Þórdar lögmanns.

Hyrdstiórinn hafdi enn ádr hann fór utann, fyrirbodid Oddi biskupi at hafa þat mark sem lengst hafdi verit á nautum oc saudum stadarins, enn þat var styft á bádum eyrum, kom þat svo lángt med þeim, at lagt var undir dóm Gísla, sonar Þórdar lögmanns, hann hafdi þá syslu í Arness þíngi, sló þá biskup undann oc lèt breyta af stadarmarkinu hinu forna, oc hafa sylt í stúf á bádum

eyrum. Gísli Þórdarson átti Ingibiörgu dóttr Arna Gíslasonar at Hlídarenda; þeirra börn voru Arni, Henrik, Steindór, Gudrídr, Astrídr, Páll, Gudrún, Sigurdr, Halldóra, Jórun; þau mönnudust flest vel, oc voru miög á legg kominn í þennan tíma. Gudmundr son Þórdar lögmanns átti Önnu dóttr Arna Gíslasonar, þeirra son er uppkomst var Arni, er átti Þorgèrdi Tyrfíngsdóttr Asgeirssonar, hann var fadir Hákonar á Vatnshorni. Ragnhildr dóttir Þórdar lögmanns átti Vígfús Jónsson á Kalastödum, þeirra synir voru Ormr í Eyum í Kjós oc Illhugi. Einar prestr son Þórdar lögmanns hèldt Mela, hann átti Gudrúnu dóttr Marteins biskups; enn er hèr var komit, gaf Loptr prestr Narfason frá sèr Hytardal, enn Jón Gudmundarson skólameistari vígdist þángad, oc gèck hann sídann at eiga Gudrídi dóttr Gísla Þórdarsonar; vard þá aptr skólameistari í Skálhollti Jón son Einars Eyríkssonar á Hvanneyri, er þá var mestr lagamadr. Þá er oc þess gètit, at Snæbiörn var prestr at Kyrkiubóli í Lángadal, son Torfa syslumanns, Jónssonar í Hiardardal Olafssonar, oc Þorkötlu Snæbiarnardóttr frá Kèldum, Halldórssonar frá Túngufelli, oc er þadann Kyrkiubóls ætt.

LXXIV Cap. Qvonfáng Odds biskups, oc höfdíngiaskipti.

Nærstu missiri hófst nautadaudi, hesta oc hunda um allt Island, oc svo refa, sögdu menn þat hlotist hefdi af enskum hundi er drepinn var vestra, oc hefir sá hègómi helst til lengi haldist med alþídu, at hyggia slíkt af fiölkíngi útlendra manna; voru oc mörg hindrvitni oc ósidir, oc vox heldr enn þvarr fiölkíngistrúinn, eptir þat er átrúnadr helgra dóma oc helgra manna mínkadi, jafnframt því er undir lok lidu þeir menn, er úngir höfdu inndruckit páfadóm. Þat sumar var haldit brúdkaup Odds biskups Einarssonar, oc Helgu dóttr Jóns bónda frá Holltastödum, Biarnarsonar Jónssonar biskups; tók Jón bóndi um þær mundir Skagafiardar syslu. Gudbrandr biskup var svaramadr Odds, oc þar vid staddr, oc Einar prestr fadir Odds biskups, oc margir hinir hellstu menn. Módir Helgu var Gudrún, dóttir Arna Gíslasonar at Hlídarenda; þessi voru börn þeirra Odds biskups, Arni, Gísli, Sigurdar tveir, Eyríkr, Margrèt. Þau missiri andadist Magnús bóndi Jónsson í Bæ á Raudasandi, syslumadr í Bardastrandar syslu. Þá giördist

Henrik Krag höfudsmadr at nyu, med hinum sömu skilmálum oc formadr hans, hann hafdi konúngsbrèf þat er kærdi miög þverúd Islendínga í at gialda kyrkium tyundir oc skyldir; hann giördi á Alþíngi um sumarit skipan um heilbrygda húsgángsmenn oc letíngia, oc hèt þeim hegníngu; var oc dæmt af lögmönnum Þórdi oc Jóni hinn 1ta dag Junii um ölmusumenn. Þá var oc dæmt um fátækra oc öreiga skuldir, oc ef annara peníngr deyr hjá þeim, af Eyólfi Halldórssyni, at Reidarvatni, hann hafdi þá syslu á Rángárvöllum. Vígfús bóndi Þorsteinsson lèt gánga tvo helmíngadóma med Þorsteini prófasti Illhugasyni, annann um kyrkiupenínga á Draflastödum, er Jón bóndi Ormsson skyldi svara; annan helmíngadóm lèt Þorsteinn prófastr oc Jón Illhugason gánga, eptir ákæru Gudbrands biskups, um jörd er Olafr biskup hafdi selda, Jón bóndi Biarnarson dæmdi hálft Osland undir Hólakyrkiu. Þrútnadi þá miög óvild med Gudbrandi biskupi oc Jóni lögmanni. A Alþíngi var dæmt med XII mönnum um kaupskap Enskra í Vestmannaeyum; oc Magnúsi Biarnarsyni reki fyrir Hallbiarnarstödum eptir Grundar máldaga. Einar Asmundarson oc Malmfrídr Biarnadóttir frá Kètilstödum Erlendssonar, er ádr átti Jón Einarsson frá Espihóli, fengu Biarna syni sínum hálfan Espihól oc Merkigil, oc fleiri urdu giörníngar. Þau missiri lèt Gudbrandr biskup prenta lækníngu sálarinnar, oc summaria bibliorum af nyu. Þá kom út konúngsbrèf til Henriks Krags höfudsmanns, um at láta Arngrím prest fá lög oc rètt af erfíngium Góttskálks biskups.

LXXV Cap. Afqvæmi Einars prests Sigurdarsonar.

Oddr biskup veitti þá Einari presti födr sínum Heydali í Breiddal, oc lagdi hönum inntekt oc leigr af Biarnaness umbodi, fór hann austr þángat um vetrnætr oc var prófastr í Mulasyslu, var hann þar æ sídann medann hann lifdi; hann var skáld oc meira hneygdr til qvedskapar enn búskapar, orkti hann optast eitthvad hvern dag, hellst andlegt, sem vísnabókinn vottar hinn prentada, hefir hann qvedit mestann hinn fyrri hlutinn; synir hans voru einnin skáld, Oddr biskup þó hann qvædi skialdann, oc Olafr prestr í Kyrkiubæ fadir Stephâns prests í Vallanesi. Einar prestr var heilsugódr madr oc styrkr; hann átti fyrri Margrètu Helga-

dóttr, þeirra börn voru Oddr biskup, oc Sigurdr prestr at Breidabólstad í Fliótshlíd, fadir Einars prests at Stad í Steingrímsfyrdi, er margt fólk er frákomit; Jóns prests at Breidabólstad; Elinar er átti Biörn son Páls Magnússonar í Teigi; Þórarins prests at Stad í Steingrímsfyrdi; Margrètar er átti Gísli prestr Arnason Gíslasonar biskups; oc Þórunnar er giptist Eyríki á Búlandi Sigvaldasyni, Halldórssonar, Skúlasonar; enn med Olufu dóttr Laga-Þórarins úr Húnavatnsþíngi, seinni konu sinni, gat Einar prestr Gísla oc Olaf, Höskuld oc Eyrík, Ceciliu, Margrètu, Önnu, Sigrídi, Gudrúnu. Margt var afqvæmi hans heilsugott oc styrkt, oc margt skáld. Gísli var seinna prestr í Vatnsfyrdi, hann átti Þórnyu dóttr Narfa Ormssonar, sudr í Reykiavík, oc Gudrúnar Magnúsdóttr, systr Halls skálds, sem qvad Hallsdrápu, voru þeirra börn mörg. Olafr Einarsson var prestr í Kyrkiubæ oc prófastr, hann var skáld mikit, oc verdr opt vidgètit, hann átti Kristínu Stephánsdóttr frá Odda Gíslasonar biskups; þeirra synir Eyríkr prestr, oc Stephán prestr í Vallanesi skáld, oc Jón, enn dætur Margrèt, Þórdys, Þorgèrdr, Gudrún. Jón Einarsson var prestr at Hálsi í Alptafyrdi, hann átti Gudrúnu dóttr Arna á Eydum Magnússonar Vígfússonar bónda Þorsteinssonar, þeirra son var Jón Búrmann. Höskuldr Einarsson hèldt Heydali, oc var prestr eptir födr sinn, hann átti Ulfhildi Þorvardsdóttr, þeirra börn voru Eyríkr prestr at Hálsi, Biörn prestr at Reidarvatni, Jón prestr at Hálsi, oc enn fleiri. Eyríkr dó úngr. Cecilia Einarsdóttir var gipt Halli presti í Biarnanesi Hávardssyni, VI voru börn þeirra. Margrèt Einarsdóttir var kona Arna prests Þorvardarsonar er seinast var í Vallanesi. Anna Einarsdóttir átti Kètil prest, son Olafs prests at Saudanesi Gudmundarsonar, hann hèldt Kálfafell, þeirra synir voru Eyríkr, Halldór, Olafr, Gudmundr, Jón. Eyríkr prestr hèldt Vallanes, lærdr vel oc málsnotr, hann átti mörg börn, eitt var Kétill prestr á Svalbardi. Halldór prestr hèldt Kalfafell, hann átti Gudrúnu dóttr Orms í Eyum, oc margt afqvæmi; einn hans son var Arni fadir Halldórs prests at Húsafelli födr Biarna oc brædra hans. Olafr prestr Ketilsson átti Ceciliu dóttr Torfa á Hafrsá. Gudmundr prestr Ketilsson hèldt Refstad oc átti eigi börn. Jón Ketilsson bjó í Hornafyrdi, hans son var Eyríkr fadir Gísla, födr Gísla prests hins gamla á Desjarmyri. Oluf Kètilsdóttir systir þeirra átti Þorvard prest Arnason. Sigrídr Einarsdóttir var gipt Biarna silfr-

smid á Berunesi, þeirra börn voru prestar eystra, oc verdr enn gètit. Gudrún Einarsdóttir átti Gissr prest Gíslason í Þíngmúla, þeirra son var Biarni prestr skáld gott. Margt sá Einar prestr af þessum afkomendum sínum, oc svo öll börn Odds biskups, vard hann madr kynsæll. Oddr biskup var manna lærdastr oc stiörnufródr, skáld oc forspár, hann var mikill oc sterkr, oc manna hædstr, sem þá voru á Islandi, enn annar var Ari Magnússon í Ögri, hann bar einnin nálega höfud yfir þíngheim allann, enn þó var Oddr biskup hærri, er þat med sannindum sagt at hann hafi skort eitt qvarter á IIII álnir eptir Hamborgarmáli, enn þat eru LXXXIV þumlúngar danskir.

LXXVI Cap. Frá ímsu.

Um vorit eptir er gètit dóma Ejólfs bónda Halldórssonar syslumanns í Rángárþíngi, at Fíflhollti IXda dag Maii mánadar, um fiörugeimslu fyrir annara landi; hann var son Halldórs, Ormssonar bónda, þess er Erlendr Þorvardsson vog í Videy, Einarssonar frá Hofstödum, Þórólfssonar, oc átti Solveigu dóttr Arna Gíslasonar, voru þeirra synir Isleifr oc Þórdr. Isleifr átti þau börn, Magnús, Solveigu, Ejólf er fèck Agathu dóttr Helga Vígfússonar, Þórd, Arna, Elizabethu, Solveigu er átti Þorstein son Jóns prests í Vestmannaeyum Þorsteinssonar Sighvatssonar, Sigrídi er átti Joseph Loptsson prest á Olafsvöllum, Valgerdi er átti Þorvard prest son Olafs prests Erlendssonar á Breidabólstad í Vestrhópi; enn börn Þórdar voru Sturla strídsmadr, Arni er átti Margretu Erasmusdóttr, oc var fadir Högna prests í Eyvindarhólum, Þórdys, oc Gudrídr er gipt var Biarna presti syni Orms prests at Kálfatjörn Egilssonar, þeirra son var Ejólfr prestr, þeir hèldu Kolfreyustad. Sagt er at í þann tíma lèti Þorsteinn son Vígfúsar bónda Þorsteinssonar XII manna dóm gánga at Helgastödum í Reykiadal um ránglega adtekt á jördu; enn þó var þá Jón Illhugason umbodsmadr, oc lèt helmíngadóm gánga med Þorsteini prófasti brodr sínum; tók Vígfús bóndi Þorsteinsson fast at eldast. Dæmt var oc um fátæka hreppsmenn, at þeir rádi engum kaupum, oc um mál Þorsteins Jónssonar á alþíngi med XII mönnum, 1592

Jón bóndi Biarnarson gèck dóma í Skagafyrdi. Jón prestr Loptsson vestra lysti skilgètnadi barna sinna med Sigrídi Grímsdóttr, oc at þau ætti Þernuvík í módrarf; enn húsfrú Gudbiörg Erlendsdóttir seldi med samþycki Jóns Marteinssonar, bónda síns, dóttrmanni sínum Hákoni í Nesi, syni Biarnar prófasts Gíslasonar, Götu í Selvogi; þau Jón Marteinsson voru þá fyrir sunnann, oc hefir þeirra eigi lengi getit verit, er svo sagt hann hafi einhveria stund haft Arness syslu, enn tók nú at giörast skuldugr, oc fór at selia konúngi brennistein úr jördu sinni. Þau missiri gèck faraldr mikit yfir land á qvikfènadi, hellst nautum, oc svo hundum. Þá lèt Gudbrandr biskup prenta Commentarium Arngríms prests Jónssonar um Island. Oddr biskup hèldt prestastefnu fiölmenna, at Kyraugastödum á Lundi, oc lagdi þá enn leidrèttingar reglr fyrir presta sína; fyrst um sakafólk ydrunarlaust, at þat sè eigi tekit til heimuglegrar aflausnar, þó syslumenn skrifi med því; þarnæst um þá sem fara med rúnir, ristíngar, særíngar, qveisublöd, oc slíka hluti, at þeir sèu settir af sacramenti, ef ei atgiöra fyrir áminníngu; í þridialagi at prestar fyrirbiódi hestaþíng, smalabús reidir, oc vöku-nætr á helgum dögum; í fiórda máta, at á ári hveriu haldist III bænadagar í hverri sókn, hinn fyrsti á Pálsmessu siálfa, annar midvikudaginu fyrir vor-krossmessu, þridji midvikudaginn fyrir krossmessu á hausti, oc fysi þá prestar bændr til ölmusugiörda; í fimta lagi at hiónum þolist ecki at setia hvört ödru ólöglegar fiærvistir, oc enn IX greinir adrar er til sidbóta horfdu. Höfudsmadrinn var í landi hèr; var þá blódsótt mannskæd.

LXXVII Cap. *Sóknir Gudbrands biskups oc Jóns lögmanns.*

Á alþíngi um sumarit bar höfudsmadrinn þat framm til lögmanna úrskurdar, hveriu þeir skyldi sekir vera, sem settu sik ímóti konúngs umbodsmanni ólöglega, svo sem giört hefdi Biarni Hrólfsson Skagfyrdíngr, hefdi hann vardat sèr oc sínum mönnum at hepta þann mann, sem bædi var reindr at óhlutvendi at austann oc nordann. Þat er í sögnum at Biarni hafi giört hark eda barsmídi sökum manntalsfiska gialds, oc hafi verit tekinn sydra oc luktr inn, enn Hrólfr fadir hans hafi þá farit at nordann tyadr, oc brotit upp hús at hönum, oc tekit hann út. Veit eg ei hvad

sannast er, at Biarni hafi verit tekinn fyrir harkit um manntals-fiskana, eda þetta er hann tók vid óreidumanni, nema svo sè at villt sè sögninn, oc Biarni hafi brotit upp at manni þessum, enn aldrei verit tekinn siálfr, oc þat eignad Hrólfi födr hans er hann giördi, fyrir því at á hönum lèk ord meira um afl oc þrekvyrki. Þá tók höfudsmadrinn mál þeirra Arngríms, er þá var prestr ordinn at Miklabæ, enn ádr hafdi búit at Ökrum á jördu sinni, undir dóm XXIVra manna, voru þá lögd framm af mótmælendum forn brèf nockr, var eitt um Hól oc Bessastadi, at Biörg Þorvaldsdóttir kona Jóns Sigmundarsonar, enn módrmódir Gudbrands biskups, hefdi fengit þær Gottskálki biskupi fyrir þat er hún hefdi eydt fè fyrir stólnum; annad um Jón Sigmundarson, at hann hefdi ófyrirsyniu drepit Asgrím bródr sinn í kyrkiugardinum í Vididalstúngu, oc dreckt barni sínu tvævetru í sodkatli, enn ödru í Gliúfrá, med enn fleiru. Voru þau stílud á dögum Gottskálks biskups, oc sum undir hans nafni; enn Gudbrandr biskup qvad þau sett samann af öfundarmönnum sínum, oc loginn sèr til ófrægdar, svo sem væri hann kominn frá óbótamönnum, oc óbættum íllvyrkium, oc lèt mundi eiga at hræda sig frá jarda ákærunum med slíku, oc hrinda sèr oc samörfum sínum frá öllum þeim eignum, er hann oc þeir hefdi aptr fengit, eda mætti fá. Hugdu margir hann mundi þá yfirbugast, at standa lengr í slíku; enn hann feck ei þolat þá svívyrdu giörfa módrfödr sínum framm lidnum, oc beiddist þegar á því þíngi dóms á þeim brèfum, oc at færa framm svör í móti þeim; útnefndi þá Henrik Krag menn þessa til at giöra grein á þeim málum öllum, enn þeir vildu engann urskurd á leggia, oc skutu undir konúngsdóm, enn greindu þó ecki neinar þær varnir er Gudbrandr biskup bar framm. Þat syndist honum giört til at tradka málum sínum, oc í vil vid Jón lögmann, oc adra óvini sína, giördist þá med þeim Jóni lögmanni fullr fiandskapr, oc stefndi hverr ödrum framm fyrir konúnginn oc hans ríkisrád, oc fundu til ímsar sakir. Var þá kallad at margt færi óskipulega framm í landi hèr, oc var þat satt, enn þó var þat færra enn fyrri hafdi verit. Lètst Jón lögmadr vilia takast á hendr at koma slíku til leidrèttíngar ásamt sínum málum, oc fèck af Þórdi lögmanni at fela sèr á hendr landsins eyrindi, því hann var hönum miög fylgisamr; svo fèck hann oc af ödrum

hinum heldri mönnum, er margir voru tengdir oc vingadir Jóni lögmanni; var játadr af lögmönnum oc öllum lögrèttumönnum á alþíngi, V álna tollr af hverium skattbónda, þeim manni í kost oc tæríngu sem utan færi med slíkar naudsyniar. Reid Gudbrandr biskup nordr af þíngi, oc var svo siúkr, at hann ætladi hann mundi þá skiótt andast, enn hafdi þarmed ærna skapraun af þeim sökum er bornar voru á módrforeldra hans saklausa, oc at svör hans þar ímóti voru eigi heyrd; geymdi hann í huga sèr þat er hann mundi af þeim afsökunum, oc þóttist eigi meiga samsinna med þögn óvinum sínum; fyrir því ritadi hann samann í litla bók þat er hann hafdi munad, þeirra ástædum til eydíngar, oc lèt prenta, oc var sú bók hóflega skrád, oc var hin fyrsta afsökun hans fyrir Jón Sigmundarson. Jón lögmadr reid oc nordr, oc fór sídann utann í Höfda á Skagaströnd, oc med hönum Jón Sigurdarson frá Reinistad bródrsonr hans, hann skorti þá III vetr á þrítugann, hann ritadi brèf hans; oc Jón á Siáfarborg Jónsson Grímssonar frá Ökrum, hann var námægdr Jóni lögmanni oc mikill vin hans, oc merkilegr madr; hann bjó sídann at Draflastödum eignar-jördu sinni; enn af hendi Gudbrands biskups fór utann Arngrímr prestr Jónsson frændi hans, oc Gudmundr son Einars prests at Útskálum, Hallgrímssonar Sveinbiarnarsonar, brædrúngr vid biskup, enn yngri miklu. Bar þá Jón lögmadr, er hann kom utann, mikinn róg framm fyrir Kristián konúng hinn únga, um biskupa báda, oc allann klerkdóminn, qvad þá vera þrætugiarna, oc hefia eina ákæru er annari væri lokit vid ímsa menn, oc kaupa sakir af mönnum, oc þraungva mönnum med miklum oc fornum kyrkiureikníngum, til at ná fè þeirra oc jördum, líkt sem hinir pápísku biskupar fordum, med því fleiru er hann tyndi. Arngrímr prestr bar þar ímóti þat er hann mátti; var þar þá Jóhan Bucholt, vinr Jóns lögmanns, er hèr hafdi verit höfudsmadr, oc var hönum bodit af stiórnar-herrunum at vitna um þessar sakir; bar hann þá framm brèf fyrir konúnginn oc stiórnarherrana, fullt ófrægdar um Gudbrand biskup oc presta hans, enn þeim vyrdust þær ástædr sumar heldr öfundsamar, oc segir enn frá því sídar.

LXXVIII Cap. Imislegt.

Þá var skólameistari at Hólum Jón, så er nærst var í Skálhollti, Einarsson Eyríkssonar; enn í Skálhollti Oddr Stephánsson Gíslasonar biskups; þeir voru mágar. Þá var laugardaginn nærstann eptir Michaelsmessu, samtekit af öllum almúga í Heyness-hrepp í Borgarfyrdi, at bidia af alvöru med hreinu hiarta gud almáttugann, at afstyra því fári oc faraldri sem yfir gèck, oc hètu allir med lófataki at gèfa fátækum mönnum alinn af hveriu hundradi sem áttu, oc skyldi goldit í nærstu fardögum med hreppstjóra vitund. Þá andadist Jón prestr Einarsson í Reykiahollti; voru þau börn hans, önnr enn Bödvar prestr, Halldóra, Gudrún oc Margrèt. Halldóru átti Styr Þorvaldsson Styrssonar frá Varmalæk, oc afqvæmi; Margrètu átti Jón Pètrsson, Snorri á Geldíngaá var einn son þeirra, enn Margrèt dóttir, hennar fèck Jón prestr í Vetmannaeyum, son Þorsteins Sighvatssonar, oc áttu þau margt afqvæmi. Oddny var ein dóttir Snorra á Geldíngaá, hana átti Þorsteinn í Höfn Þorgeirsson, dóttrson Illhuga, bródr Þórdar lögmanns, hann var afburdamadr þar í sveit um afl, þeirra son var Biörn, fadir Snorra prests at Húsafelli. Gudrún Jónsdóttir átti Rafn prest Þorvaldsson at Saurbæ vid Hvalfiörd, þeirra son einn var Halldór prestr á Skardströnd. Þat er köllud Reykhollts ætt, er frá Jóni presti Einarssyni er komit, oc er þó mest frá Bödvari presti syni hans, oc verdr enn gètit. Vetri eptir lát Jóns prests Einarssonar, lèt Hákon son Arna Gíslasonar dóm gánga at Lambey hinn XXXta dag Maii, um ordbragd íllt, í umbodi Ejólfs Hall- 1593
dórssonar syslumanns, mágs síns. Ejólfr lèt þar einnin gánga dóm um fátæka menn, enn Jón bóndi Biarnarson syslumadr í Skagafyrdi vid Vallalaug, um þat er Þorsteinn Jónsson sló Skúla Hákonarson tvisvar í höfud á helgum degi, var hönum dæmt hálft annad hundrad í fullrètti, konúngi IIII merkr, oc VI aurar í helgidagsbrot, Olafr Thomasson var fyrstr dómsmanna, Arni Biarnarson Jónssonar biskups, Ari son Olafs Thomassonar, Jón Olafsson í Hèradsdal bródir Markúsar, Sturla Sigurdarson, Gísli Gottskálksson, Jón Jónsson frá Sjáfarborg, oc er ei at siá sem hann hafi þá verit utann, nema villt sè um, Bessi son Hrólfs Biarnasonar, Einar Grímsson, Biarni Sturluson oc Oddr Thómasson. Annann dóm lèt hann gánga í Vidvík um Stafshól, er Olafr biskup Hiallta-

son hafdi tekid af Biarna Sturlusyni; í þeim dómi voru Magnús Biarnarson oc Isleifr at Hofi son Þórbergs Bessasonar; Jón var vinsæll höfdíngi, oc var Isleifr þá umbodsmadr hans. Þá gèck oc Kleifadómr um vistarrád; oc gaf húsfrú Anna Ejólfsdóttir Jóni syni sínum úr erfdafè sínu tyundargiöf XXXI hundrad, enn fiórdúngsgiöf úr aflafè, med samþycki bónda síns, Vigfúsar Þorsteinssonar syslumanns.

LXXIX Cap. Brèf Páls Jónssonar.

Þá var lítil vinátta med þeim brædrum Jóni lögmanni, oc Páli at Stadarhóli, enn Páll þóttist hvorfinn til Gudbrands biskups, oc ritadi hönum brèf til at bidia Halldóru dóttr hans; tók þó Páll at eldast, enn alsagt at Helga kona hans hafi verit enn á lífi, þó er líkara Páll hafi þá haft í rádi at skiliast vid hana; enn brèfit skyrir skapferli þess er ritar, oc þarmed nockud um adra þá hluti, er ei mætti vita ella, oc fyrir því vil eg ei fella þat undann, enn þat er á þessa leid: Almáttugr gud gèfi ydr heill, lucku oc velferd, lífs oc sálar; ydr þacka eg allt gott; sendi eg ydr nú þat brèf er eg skrifadi í haust, oc hiá mèr hefir legit, sömuleidis þat brèf sem skrifad hefir verit fyrir fiórum árum, oc hjá mèr hefir hèr til af sèrdeilis forhugsan geymt verit; it. útskrift af brèfi í vetr; eg þenkti ydr at skrifa oc senda, hefdi mig ecki forfallad snióar oc ófærd; þessi öll brèf hafa eitt innihald, hvad eg bid ydr af ydar gódvild, mèr til hins besta at vyrda, oc megid merkia sama gódann vilia minn til ydar oc ydvarra. Syndinn ástrídir alltíd guds verk. Laungu fyrri enn þèr vorud skapadr, hafdi gud fyrirhugad ydr biskup verda á Hólum; hvert meinid þèr ei, at gud hafi oc sèd fyrir hvert Helga skyldi víkia? nei, þó gud sè gladr, þá er hann þó engin gárúngr; hver var Þórdr, Benedict, eda fleiri? gud hæckar, gud læckar; himin, stiörnr oc heljarkóng, hvergi gèt eg komit á gáng, andi mannsins einna mest, ætla eg heldr verki flest. Hugleidit þessa vísu:

Þó hardr einn hafi ordit, útaf leysi eg hnútinn
meiri hættu hverri, hnútinn leysi eg útaf,
vill gud unna elli, útaf leysi eg hnútinn,
bundinn hardt at hendi, hnútinn leysi eg útaf.

þèr vitid ej nema sá gódi gud hafi fyrir hugad mig, aumann jardarmadk — því svo er eg fyrir gudi — ydr oc ydrum til styrktar oc adstodar; sömuleidis vitid þèr ei hverr ætthríngr bak vid þessa stúlku standa kann. Hverr hefdi svo undarlega þenkt! Magnús heitinn mundi verda svo fiölmennr, nema gud; næst gudi hiálpadi ek hönum þar til; Stúlkann var ádr handlögd Þorleifi Jónssyni — Jón Jónsson sigldi med Jóni Marteinssyni móti mèr, svo hiálpadi eg hönum í Danmörk hjá Schougaard heitnum, svo hann feck Reinines oc Skagafiardar syslu; hverneginn launudu þeir brædr mèr? utann ofsóktu mig leynt oc lióst, sem Ismael Isaac, Esau Jacob, Patriarchar Joseph. A Stadarhóli, í Flatey, á Berufiardarþíngi, síndi sá lögmann (gud hönum fyrirgèfi) sig, líka vel lagda eg Ara gott til at hann hèldt sinni syslu. At eg sendi til ydar um þetta efni, er eg fyrir guds oc hans anda drift tilknúinn, meir enn af siálfum mèr. Gud sè vitni! Meinid þèr eg viti ei hverr vandi, kostnadr, frammistada, stát oc vyrdíngar (fyrir utann þetta skadlega ófall) þèr Nordlendíngar viljid hafa, þar sem eg veit mèr nálægra, ef fást mætti; enn hvad skrifa eg rádleysu! raun miög eru þau ráðinn ill, at ræna því sem hamíngiann vill. Þetta allt finnid þèr at leidarlengd í þeim bæklíngi er ec sendi Halldóru ydvarri minni; med guds orlofi oc ydar, ætla eg hèdann af svo at skrifa, treystandi gudi oc ydr hún megi ecki úr fángi briótast. Gud almáttugr gèfi þat, at eg meigi alla mína lífdaga, ef þat er guds, ydar oc hennar vilji, svo vera henni til gledi oc yndis, ydr til heidrs oc sæmdar, oc hennar systkinum, ydar börnum, til adstodar oc gódra ráda. Ydar objecta oc mótkast í greindum bæklíngi med gódum grundvelli aptr lagt; hefi eg svo þar yfirhlaupit ydvart mál; bid eg ydr oc Halldóru mína, at láta ei þann bæklíng neina siá nema systr sína. Er þar fyrst af gódri oc illri túngu, náttúrlegri vörn, eyktardiktr, hiónadans, af náttúrunni, neydinni, vitskunni, útlagníng Halldóru minnar, mótkast, aptrlagníng, míns siálfs practica leiniileg; nockr stycki af nyrri kynníngu Doctors Nicolai Machiavelli Florentini, hvers heila practicam eg hefi fyrir fáum árum oc med vísum begripit. It. ydar vísr, eitt lítit qvædi Halldóru, af kristilegri Oeconomia stycki, bodit til brullaups. Hyggit mitt sinni; bindist ei mikils til í sumar; eg leiddi ydr ei þá eg baud ydr til brullaupsins; forlátid fyrir guds skuld eg giöri svo lángann Catalogum. Nú heyrdud þèr mig ei í dag; sè nockud nytsamlegt,

svo er þat af gudi; gódar bækr eru oc, þenki eg, med húsum þessa arfs:

Má eg hverki mas nè raup mæla úngum svanna,
þó mun lodit lifrar kaup leggia fátt til manna.

Mèr er sagt þær bádar Halldóra oc Kristín kunni at skrifa, oc skilja þísku; þat prísa eg; bid eg ydr at leggia til ydar gód ord, Halldóra skrifi, at siái hennar handskrift, þó ei framar enn yckr lyndi vid mig at byta frammvegis. Bid eg ydr at vyrda vel fyrir mèr mín friálsyrdi, svo sem þeim frá barnæsku oc allt hèr til hefir med stórherrum, oc mikils háttar mönnum umgèngist, sem raun skal á verda med guds hiálp ef þörf krefr; betra mikils til hefda eg forsèd mig til ydar, ydvarra; óhræddr er eg vid Eyfyrdínga, Hunvetnínga, vanr er eg slíkum smáherrum. Item: lángt hefir mèr þótt í vetr, sídann eg settest at; opt hefi eg óskad at koma til ydar, eda þèr værud komnir til mín; vid munum oc skulum med guds hiálp bestir vinir verda. Item: gud gèfi ydr oc ydar börnum at gánga vel um lángann veg æfinlega, Gudbrandr minn! hefi eg gódann vilia til ydar haft, oc enn hefi eg. Item: ecki er eg ills verdr, þótt eg ynnti ydr oc ydrum minna gótsa fyrir alla adra eptir mig, edr hvert ætlid þèr mig svo atburda lítinn at ek fái ei minn líka; svo er hverr hlutr sem reinist. It. er sú mín ljúfleg ámynníng, þèr varist allt stórlæti oc stollt, því þat er án efa fallsins vísasti oc varlegasti undanfari; forsmáid engann, farid sem spakast, oc munid hvad ödrum hefir ordit; talid vel um afheyrandi menn. Er þess nú ecki gètit at brèfi þessu hafi ansad verit.

LXXX Cap. Frá skyríngargrein.

Svo er á at siá sem brèf þetta sè frammhald af ödru, eda fleirum er Páll hafi bedit Halldóru í, oc med því þat má vera at ei skilji allir hvar um þat hliódar sumstadar, eda hvad þat upplysir, þá vil eg víkia nokrum ordum til at skyra þat. Víkr hann fyrst til fyrirhyggiu guds, oc gètr Helgu konu sinnar, at því er eg hygg; upphefdar Þórdar lögmanns, oc Benedicts ríka, oc snyr því til sín; oc svo um Magnús bródr sinn, oc lætr þat mæla framm med sèr, at hann hafi studt hann til qvonfángs, oc Jón lögmann til at

fá Reinistad oc Skagafiardar syslu, enn hann hafi launad sèr illu einu; svo er oc at sjá sem hann telji sèr at hafa styrkt Ara son Magnúsar til at halda syslu, eptir fráfall födr síns; víkr þá til konumálanna, oc lætst leita þeirra af ást einni, enn ei fyrir hagsmuna sakir svo mikilla, enn sídann talar hann um bækling sinn, oc önnr vinmæli. Þá talar hann svo um Eyfyrdínga oc Húnvetnínga sem öfundarmenn sína ef mægdir takist, oc meinar þat til hinna ædstu manna í þeim sveitum, var þat Jón lögmadr í Húnavatnsþíngi; enn at lyktum er at ráda, sem hann uggi biskup muni vyrda sig all-lítt, oc snyr því til heilræda. Enn þat annad sem brèfit hermir er flest audveldt at skilia, enn nockud má vera ókunnugt þat er í því er. Vandt er fleira á at ætla í því efni, oc mest fyrir þá sök, at bædi er ólióst hversu stód hagr Páls, oc svo hitt hvert nockr svör hafa veitt verid nockuru sinni, af biskups hendi eda Halldóru, eda nockr kostr á verit eda enginn.

LXXXI Cap. Mál Gudbrands biskups.

Jón lögmadr fèck þat svar af konúngi um ákærur sínar, at hann mundi rita biskupum, oc banna þeim at sysla um þat, er ei var þeirra embætti, oc er hann hafdi borit framm önnr eyrindi þau er hönum þótti þurfa, lèt hann í haf, oc fór út til Islands; baud konúngr oc rádaneyti hans höfudsmanninum at sætta Gudbrand biskup oc Jón lögmann edr láta XXIV menn dæma málinn ella. Kom Jón lögmadr á alþíng, oc svo Henrik Krag höfudsmadr oc Gudbrandr biskup, enn Arngrímr prestr kom ei fyrr enn eptir þíng; lèt höfudsmadrinn brèfinn koma fyrir XX oc fiögra manna dóm, þau er Gudbrandr biskup vildi hneckja, oc köllud voru mordbrèf, voru þau dæmd uppdigtud falsbrèf, ónyt oc at engu vyrdandi, oc skorinn í sundr, enn þó geymd til synis; voru þeir sumir í þeim dómi er ei þóttust fá yfirtekid hid fyrra árit. Var á einu brèfinu fyrst hálf önnr lína, er innihèldt nafn vottanna, ritad med fornum bókstöfum oc bleki, oc innsiglinn samhlióda þeim nöfnum, enn hitt annad af brèfinu er var pergament fornt, var nylega skafit upp, med nyum stíl oc stafagiörd, voru oc ordtök ny sumstadar; má af slíku siá hve umskipt hefir slíkt í XVIdu öld. Vard ei heldr komit samann stödum oc tímum í hinum

ödrum, oc mátti *Gudbrandr* biskup vel vid una úr því sem ráda var; voru þeir fyrstir í dóminum, Þórdr lögmadr oc Benedict Halldórsson, oc þessir adrir, Hákon Arnason Gíslasonar, Nicolás Biarnarson syslumenn sydra; Vígfús Þorsteinsson úr Þíngeyarþíngi, Biörn Benedictsson Halldórssonar at Múnkaþverá, Arni Oddsson í Midgördum, Vígfús Jónsson á Kalastödum, Magnús Hialltason Pálssonar, Gudmundr Þórdarson lögmanns, Ejólfr Halldórsson syslumadr, Einar Eyríksson á Hvanneyri, Sæmundr Arnason Gíslasonar, Þorvardr á Sudr-Reykium Þórólfsson Ejólfssonar, *Skúli Jónsson, Jón Einarsson, Sigurdr Jónsson, Þormódr* Asmundarson í Brædratúngu, hann var þá gamall, Jón Jónsson, Dadi Arnason Oddssonar, Hallr Jónsson, Arni Geirmundarson, Ari Olafsson Thómassonar at nordann, oc Gísli Þórdarson lögmanns. Eckert gátu þeir Hóls oc Bessastada, oc líkadi biskupi þat illa. Þá urdu þeir oc sættir Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr, oc sterkr formáli hafdr fyrir, vard þó biskup heldr til at vægia, því hann hafdi ritad sumt heldr freklega um Jón lögmann, oc um fiölkíngi Jóns Magnússonar á Svalbardi födr hans, er hann fèck eigi sannad, var *hann því skyldadr til at ná aptr* því brèfi oc ónyta þat. Voru þeir nú sáttir at kalla, enn þó grèri aldrei um heilt med þeim. Urdu þar þó margra manna bænir til at koma med höfudsmanninum, ádr hverugr vildi í nockru vægia; enn ecki var biskup í þíngdeildum þadann af, oc var þar eitt efni til konúngsbrèf þat, er bannadi klerkum þrætr; hefdi þat vel verit, ef hann hefdi ei á bækr sett fleira enn þá var ordit til afsökunar sèr oc frændum sínum, enn þat vard nockud á annann veg, fyrir því at hann var kappsmadr mikill, enn þóttist fyrir rángindum ordit hafa. Þau missiri lèt hann prenta eintal sálarinnar, er Arngrímr prestr hafdi útlagt.

LXXXII Cap. Brèf Jóns lögmanns.

Mörg konúngsbrèf komu út med Jóni lögmanni, oc voru lesinn upp á alþíngi þessu; eitt um innsigli Islands; annad um at Islendíngar hefdi þíngskrifara; var til þess kosinn Gudmundr son Þórdar lögmanns, oc var hann eigi lengi; tóku lögmenn sèr sinn ritara hverr, valinkunna menn, oc jafnan sá sem dóma lèt gánga,

oc báru svo samann þíngbækr sínar at bádar hèlldu eitt; var Jón Jónsson frá Siáfarborg ritari Jóns lögmanns, oc ritadi vel; hann átti Sigrídi dóttr Þorgríms Þorleifssonar í Lögmannshlíd, oc Þórdysar Jónsdóttr, systr Jóns lögmanns. — Eitt var um Supplicatiu Odds biskups til konúngs; hann hafdi kært þraung oc lítil laun presta, er þeir höfdu mist þeirra inntekta, er fyrrum voru af messum oc vökum, oc slíkum hlutum, oc voru þá einhleypir, enn áttu nú at ala konu oc börn; var höfudsmanninum bodit þat at ransaka. Tvö voru um Magnús Jónsson at hann hefdi brennistein í landi sínu; eitt var verndarbrèf Ragnheidar Eggertsdóttr, oc svo þau er ádr er gètit, oc til biskupa um kaupverslan. Jón lögmadr fór at sækia þessi brèf siálfr: eitt um Spitala; annad um innsigli Islands, þridja um þíngskrifara; fiórda at hann beiddist eptir skynsömum höfudsmanni; Vta um afgiöld af lènum; VIta um passabrèf þyskra manna oc vöru þeirra; VIIda um andlega oc klerka, at þeir lèti sèr nægia þat er þeir hafa af kyrkiunni; áttunda at alþíng standi VIII daga ef þörf krefr, oc enn hid nyunda um alþíng. Oddr biskup þóttist lítinn góda fengit hafa af utannför hans, oc fyrirbaud fyrir því landsetum Skálholltsstadar at gialda hönum tollinn, nema bestu menn í landinu dæmdu þat, oc hèt at vera í fullu svari fyrir bændr, þó þeir hèldi hönum þángad til; hvervetna var tollrinn heimtr, oc goldinn Jóni lögmanni sumstadar. Oddr biskup visiteradi þá Sudrnes, oc gaf út brèf at Mosfelli, oc baud prestum fastlega at yfirheira menn, oc halda þeim til kyrkiugaungu, eptir því sem Páll Stígsson hefdi bodit, oc fara um alla hluti at kyrkiuordinantiunni oc ödrum konúngsbodum; enn svo þeim yrdi heldr ágèngt, rèdi hann þeim til at hittast opt, oc ræda um slíkar naudsyniar; enn prófastar skyldu einusinni á ári hveriu safna prestum í einn stad, oc yfirheyra þá, rita sídann biskupi þat er þyrfti, oc rádast um vid hann.

LXXXIII Cap. Frá Henriki Krag.

Henrik Krag hyrdstióri ætladi utann um haustit, oc vildi leysa vel af hendi syslan sína, fyri því spurdi hann at opinberlega, hvert hönum var þat borit, at hafa á burtu selt nockrar konúngs-

jardir, eda hafa skipat noekrn syslumann, er óhæfilegr var? enn ef konúngsbrèf nockr væri hiá nockrum dulinn eda geymd, bad hann at hann mætti fá þau til at rita eptir, ef þau væri almennilegri naudsyn vidkomandi, oc geymdist á Bessastödum. Lögmenn bad hann taka þíngskrifara þann at eins er vel væri tilfallinn, oc leifdi at kaupa mætti vid þann er konúngr hafdi ætlad til Skálholltskyrkiu oc annara hluta; enn ef nockr vildi bera naudsyniar sínar fyrir konúng, baud hann þartil lidsinni sitt, oc at sídustu, at þínglausnum, bad hann Odd biskup setia presta nockra aptr af því, at locka eda þraungva jardir frá bændum; sídann setti hann Erasmus Michaelsson fyrir umbodsmann sinn, oc fór utann vid allgódann ordstyr.

LXXXIV Cap. Imsir tilburdir.

1594 Þareptir giördi fellivetr mikinn fyrir nordann land allstadar, svo at jólum fèll í ófeiti bædi fè oc færleikar, kom aldrei bati edr jörd fyrrenn á fiórda dag páska; madr einn reid frá Odda sudr, oc þóttist siá dreka fliúga nedarlega í lopti, sem lindorm, oc syndist allt í loga, fór hann beint í austr, vard madrinn aptr at snúa, því hestrinn vildi hvergi gánga, sakadi þó ecki. Þá útnefndi Þórdr lögmadr hinn IXda dag Februarii, XII manna dóm at Eskihollti í Borgarfyrdi, oc dæmdi alla skattbændr skylda at gialda Jóni lögmanni utannfarartollinn, eptir samþyckt þeirri er fyrr var giör, oc höfdu lögmenn svo framm sitt mál; hvergi þeirra var fylgisamr klerkum. Gudbrandr biskup lèt þá prenta Graduale, oc Lyseri bók um gódverkinn, oc um dómsdag, ámynníngar bækling Pètrs Vinstrups, oc lítla Cathechismus, oc Confirmationarbók úngra manna, oc enn daglega ydkun er Arngrímr prestr hafdi samit. Þeir Oddr biskup innleiddu bádir messusaungsbókina þat ár; oc þá gipti Gudbrandr biskup Kristínu dóttr sína Ara syni Magnúsar Jónssonar, hann bjó í Ögri, oc hafdi Isafiardarsyslu lánga æfi. Gudmundr Einarsson frændi Gudbrands biskups var utann farinn, enn Olafr Jónsson hafdi verit skólameistari eptir Arngrím prest. Sigurdr Stephánsson, skólameistari í Skálhollti, hafdi druknad í Brúará, sofnad á backanum medann feriumanninum dvaldist, oc velltst í ána, hafdi hann verit á leid frá Mosfelli; hann var lærdr

madr oc skáld gott, saungmadr oc málari. Oddr biskup hafdi skipad aptr Gísla Einarsson hálfbródr sinn, hann var eigi tilfær, enn hèldt þó út vetrinn. Þá var þat í áttundu viku sumars, at Jón bóndi Biarnarson lèt dóm gánga at Vídvík, med Isleifi Þorbergssyni, Biarna Sturlusyni oc ödrum, um ákæru Bessa Gudmundarsonar móti Gudbrandi biskupi um hálfann Stafshól, oc vann biskup málit. Þat ár var Isleifr umbodsmadr Jóns.

LXXXV Cap. Frá höfudsmanni oc dómum.

Henrik Krag höfudsmadr kom út um sumarit, oc bad lögmenn giöra úrskurd á hve mikit kostudu LXIV kúgildi, oc annad er fylgdi Múnkaþverár klaustri, er Nicolás bóndi Þorsteinsson var fráfallinn, oc erfíngiar hans fengu eigi greidt, eda vildu ei. Lögmenn dæmdu med XII mönnum hvad miklu þeir skyldu sekir, er tæki at sèr eignir oc ódöl manna, án dóms oc laga; oc Jón Biarnarson vid Vallalaug um Sigmund Olafsson þióf af sudrlandi, einnin um hrossakiöts át í Flókadal í Fliótum, oc var því skotit til lögmanna; Þórdr lögmadr lèt dæma at Lundi í syslu sinni um bónda oc vinnumann med VI mönnum; enn á alþíngi var dæmt um arf eptir Gudrúnu dóttr Jóns Hallssonar gamla á Rángárvöllum, var skilgètinni dóttr Katrínar laundóttr Jóns Hallssonar dæmdr arfr, enn Holmfrídr dæmdist frá, skilgètinn dóttir Erlendar, sem var sonr Jóns í hórdómi med húsfrú Holmfrídi. Þeir Oddr biskup oc lögmadr lètu gánga helmíngadóm XXIVa manna um hjónaband, oc þvílikt lèt biskup dæma á prestastefnu. Þórun andadist þá á Grund Jónsdóttir biskups, tveim vetrum meir enn áttræd, oc átti eigi börn eptir, urdu því deilr um arf eptir hana; hafdi konúngr lènt henni Grund í Svarfadardal oc Liósavatn medann hún lífdi, at forlagi Kristophors Trondsens oc Axels Júls, oc kalladi höfudsmadrinn þær jardir oc fèck þær; hann lèt einnin samankalla biskupa báda, oc lögmenn báda med XXIIIIum mönnum, til at skoda hver bót yrdi rádinn á inntektaleysi presta, er Oddr biskup hafdi borit fyrir konúnginn; enn med því þeir menn margir voru hlutadeigandi, er áttu kyrkiujardirnar, þá neytudu þeir at vísu ei, at prestar hefdi ádr haft meira af kyrkiufiánum, enn qvádu eigi jafnt á öllum standa, oc at biskup þyrfti í visitatiu sinni,

med hverjum syslumanni er þar hefdi lögsögn, at meta hvad prestar ætti at hafa af hverri kyrkiu. Oddr biskup lèt sèr þat lynda, enn lögmenn eyddu at því sinni hans máli, því þat var reyndar at sumir kyrkiueigendr vildu eigi láta presta hafa neitt. Höfudsmadrinn ritadi oc ámynníngu skarpa kyrkiu-eigendum oc kyrkiubændum í Nordrlandi, at hlída konúngsskipun, ella skyldu syslumenn stefna þeim oc sekta. Leifdi einnin at sóknir nockrar smäar væri lagdar samann í Skagafyrdi, at forlagi Gudbrands biskups. Hann bad oc biskupa báda, sem þeir höfdu æskt eptir at þeir mætti, at hafa tekit saman nya kyrkiu ordinantiu fyrir annad alþíng, oc hèt at bera hana fyrir konúng; oc at sídustu bannadi hann Enskum mönnum at fiska vid Island, enn lagdi syslumönnum fyrir at taka þá oc hegna ella, oc bad adra vera þar til styrkiandi. Þetta sumar kom út þat brèf frá Kristiáni konúng fiórda, er Jón lögmadr hafdi afrekad, at sèrhverr skyldi leysast af presti sínum einum samann; eptir þat fór höfudsmadrinn utann, oc kom ei aptr. Þá þvarr Hvítá í tveim stödum, nær þvert yfir um, oc þótti mönnum undarlegt, því áinn var mikil oc rauk af vedri annarstadar, enn brimgángr hinn mesti, sáu menn þar þá skrímsl á Eyrarbacka, Háeyri oc Skumstödum; vídar þóttust menn siá ókunnugt dyr. Þórdr lögmadr hafdi konúngstyund af prestum í Borgarfyrdi, enn Bödvar prófastr Jónsson í Reykiahollti hafdi í móti mælt, oc kallat þat ólög, kom þó eigi sínu máli framm at því sinni, enn þó þat væri hvergi annarstadar enn þar at prestar gyldi konúngi; þó heimti Hákon Arnason giaftoll af þeim í Arness þíngi, enn fèck ecki. Þá lèt Benedict Halldórsson dóm gánga at Spialdhaga hinn V.ta dag Octobris um giafir Þórunnar á Grund, oc dæmdust hennar löggiafir úr föstu oc lausu LXXI hundrad, því hún hafdi aldrei tyundad meira enn II hundrud hundrada oc LXX hundrud, enn þeir Jón oc Magnús bródrsynir hennar höfdu verit skyldadir til at svara skuldum hennar. Þeir deildu um arf eptir Þórunni, Pètr, son Páls á Stadarhóli, oc Helgu Aradóttr, oc þeir brædr Jón oc Magnús Biarnarsynir; Pètr átti Þorbiörgu, dóttr Biarna prests Finnbogasonar at Hofi, oc Ingibjargar Vígfúsdóttr Þorsteinssonar Finnbogasonar lögmanns, þeirra son var Biarni á Stadarhóli.

LXXXVI Cap. Tilburdir, dómar, mannalát.

I þann tíma giördist ærinn trú á siónum oc fyrirburdum, þvíat svo var þá í Þískalandi oc Danmörku, trúdu menn at hvad eina mundi merkia heimsendir edr sèrlegar hegníngar, þvíat allir fornir tilburdir, er meiri voru enn þá skèdu daglega, voru nálega öllum mönnum ókunnir, oc undir lok lidnir, vissu menn eigi þat er fyrr hafdi verit hèr í landi, oc miklu sídr annarstadar, nema af einum samann sögnum, oc miög fáeinir menn sem sögrnar áttu, lásu þær, voru þá ei adrar lesnar enn riddarasögr einar, því þær lögdu allir menn trúnad á; þó mun eg nú fátt nefna af siónum þeim er þá voru sènar. Þat ætludu menn þá, er hardt var í ári, oc sumt þótti fara óskipulega at aldrei mundi jafnill öld verid hafa. Giördi þá gódann bata hinn nærsta vetr eptir þá tilburdi 1595 seinast voru taldir. Var sá vetr afbragdsgódr, þurfti aldrei at gèfa geldum nautum hey; þó gèck nautadaudi. Þá andadist Sigurdr prestr at Grenjadarstad, oc eru nú dáinn öll börn Jóns biskups, tók vid stadnum Biarni prestr Gamlason, er skólameistari hafdi verit at Hólum. Olafr Thómasson á Hafgrímsstödum andadist einnin, oc er frá hönum margt fólk í Skagafyrdi. Mikla kind skjöldótta sáu menn þá í Hvítá, er þeir fóru til tída í Skálhollt austr yfir ána, þat var á feriustadnum, oc hugdu menn hún ætti þar heima. — Mánadaginn eptir krossmessu lèt Bènedict Halldórsson VI manna dóm gánga at Spialdhaga, merkilegann; um þeirra manna sekt er vitandi keyptu þiófstolit, oc at hinir skyldu undannfærast er óvitandi keyptu; at öreigakaup skuli aptr gánga, oc upptækt þat fè skuldamanni er öreigi selr, enn kaupandi sektist fyrir dómrof; um þá er skèra innstædr oc sekt á því, um hysíngar fátækra manna oc flutníng, þar stadfestu þeir hinn fyrra Spialdhaga dóm, því at um slíkt vard engu ödru ákomit; um þiófnadar rygti, at þess sè syniad med siettareidi; at öreigar vinni fyrst þeim sem þeir eru skyldugir, fyrir skuld sinni; um utansveitar oc óskilamenn. Þá tók oc Gudmundr Illhugason eptir skipan Biarnar Benedictssonar húsbónda síns, eyd af Gudrúnu Arnadóttr, fyrir alla menn, nema Jón Biarnarson bónda sinn, oc af Kristínu dóttr hennar fyrir alla adra enn Biörn son Magnúsar Biarnarsonar at Grund, því at med hönum hafdi Kristín gètit barn ógèfinn, í frændsemi, svo at konúngs líknar vard at leita. At Hrafnagili

lèt Bènedict dæma um höfudhögg, hárreitíngu oc illyrdi, voru þá höfd lófatök at dómum, oc lengi sídann. Spialdhagadómr Benedicts var samþycktr sídar á alþíngi, oc vard þá sem landslög. Þeir Gudbrandr biskup oc Benedict lètu helmíngadóm gánga á þeim missirum, er skyldadi Jón Biarnarson til at svara kyrkiupeníngum á Grund, hygg eg þá at Jón væri kominn til Grundar, því þar bjó hann einnin, enn aldrei í Skagafyrdi þar hann hafdi syslu. Gudbrandr biskup oc Jón lètu oc álíta um hálfkyrkiur í Skagafyrdi, oc þat ætla menn, at Jón hafi þá skipt ámilli dætra sinna sjö, bjó hann á Grund eptir þat. Gudbrandr biskup tók þá at prenta forsvar Jóns Sigmundarsonar módrfödr síns í ödru sinni, oc var þat hardordara enn hid fyrra; giördist Gudmundr Einarsson skólameistari at Hólum. — Þau missiri andadist Loptr prestr Narfason at Hytardal, oc tveim dögum sídar Gudmundr á Hvoli Þórdarson, hafdi hann sagt fyrir andlát beggia þeirra, oc giört rádstöfun á öllu húsi sínu, oc gèfit giafir mörgum. Jón lögmadr bad skoda þessar greinir, at Ökrum í Skagafyrdi; fyrst um þat leigufè sem deir fyrir fátækum mönnum, er svo missa at ecki hafa til skulda, hversu fara skal med giöld þess fiár, oc hver leiga gialdast, oc svo um jardabyggíngu þeirra manna, er adrir byggia þeim edr hafa þeirra þiónustu, enn þeir ádr áttu peninga at þeim fá ecki parit, oc dregst í óvenju at hverr kaupir vid annars skuldamenn. Þarnæst um þau vanqvædi, er hinn fátæki deir af kulda fyrir klædleysis sakir; í þridja lagi um yfirferd, er enginn þykist skyldugr framfæri at veita nema hann eigi forlagseyri eptir bók; í fiórda lagi at hreppar megu ecki þola þat ómagi komi á þá, því at enginn hiálp verdr veitt í þeim sökum örfátæktar. Fimta um þau þrot, sem svo eru vanfær oc þíngd at eigi verda flutt, edr þær fiölskyldr sem engann eiga færleik á at flytia, oc þó margir búandi í sveitunum, sem hverki gèta flutt nè fædt. VIta um þat utansveitar fólk sem kæfir nidr sveitirnar á vetrum, oc sveitarmenn gánga hiálprædis á mis er hverutveggia verdr eigi geymt. I siöunda lagi um þær jardir er eigi byggiast, oc eigi verdr eptirgoldit, ei heldr gialdast leigr edr landskyldir, oc eigi verda til nema óskilamenn, drepa innstædu, oc segia eigi til húsbændum fyrrenn daudt er oc eydt. VIIIda um okr oc leigufè er misferst fyrir fátækum mönnum er eigi hafa borgun. IXda at vadmál verda eigi goldinn, má oc vera at af þeim litlum ullum,

sem til eru hiá fátæku fólki, tækist í prjónasaum, oc seljist þískum fyrir óþarflega hluti, sem strútsfiadrir, bordabönd, þunnflókahatta, konupúnga, oc annann óþarfa; þar med sama hætti seljast vadmál, naut, saudir, lömb, smjör, fiskr oc lysi, edr önnr slík lífsbjörg, í þvílíku hallæri, hvar eg held, sagdi hann, stóra naudsyn at gá at í slíkri fátækt, bædi med útlenskum oc íslenskum; í tyundalagi um þá menn oc konr, sem hlaupa úr syslum frá börnum sínum, oc í adra fiærlæga stadi, oc giptast þar, hvert um sig; þar næst um verkamannakaup, lausamennsku, lagáslætti, þótt þetta sè allt ádr dæmt, heldst at engu, því hverki er skeytt lögum eda lögdómum þeim er gengit hafa, hverr vill vera siálfrádr at selia lög þau líkar, enn fylgi þeirra sem at eiga at siá oc umvanda, giörist hèldr lidfátt oc framqvæmdar-lítit. I ellefta máta um vidaleysi, at jördum verdr ecki uppi haldit. XIIti um matgiafir oc manneldi, oc at eigi takist barnamenn inní sveitirnar; einnin hversu fara skal med þær jardir er eigi verda bygdar, eda tyundir afgoldnar, eda fyrirsvarat. Af slíku siá menn yfrinn þúnga hefir álagt í hardindum, er eigi var oc undarligt vid þann leigumála sem þá var á kotúnginum, tvígyldr vid þat er á vorum dögum er enn sumstadar meiri, oc svo at margt hefir annad öfuglega gengit þá eigi midr enn sídann, oc hitt ásamt, at Jón lögmadr hefir þá látit sèr hugat um hèradsstjórn.

LXXXVII Cap. Frá hyrdstióra oc alþingi.

Um sumarit kom út Brostrup Giedde af Tommerup, danskr edalmadr, oc var höfudsmadr hèr, hann lèt dæma um þat á alþíngi hverjum Enskt skip átti til at heyra, er laskast hafdi í Stödvarfyrdi, oc Erlendr Magnússon syslumadr, fadir Torfa, hafdi tekid til sín, enn Hákon Arnason hafdi dæmt mál þat undir lögrèttuna; komst Erlendr af því í vandrædi, oc fór sídann utann, oc dó í Hamborg. Hann lèt oc taka ákæru þeirra Gudbrands biskups oc Arngríms prests, um Hól oc Bessastadi, undir dóm XXIIIIa manna, þar bar Jón framm Olafsson, brèf þat er hann hafdi vænst ádr, um samþycki Biargar Þorvaldsdóttr, þat þótti dómsmönnum sem eigi væri ónytt giört, oc mætti vel standast; sættust

þá hveritveggi, oc gáfu hverir adra qvitta oc ákærulausa um allt þat er þeim hefdi í milli farit þángat til; dróg þat til, at biskup hafdi miög stúngit at Jóni Olafssyni í riti sínu hinu nya um falsbréfinn, oc kallad hann ærulausann; hèt Gudbrandr biskup oc Arngrímr prestr, at kalla aldrei eptir þeim jördum sídann, fyrir sig oc svo erfíngia sína. Konúngsbrèf byrti höfudsmadr þar, um at leggia samann sóknir smáar, oc um þriá bænadaga, oc enn önnr fleiri. Var eitt um Pètr Pálsson, at hönum væri rètt giört, annad um vogrek oc medferd á þeim, þat kom eigi samann vid íslendsk lög. Samþyckt var oc á alþíngi, at forlagi Odds biskups af leikum oc lærdum, enn þó eigi fyllilega dæmt, at prestasynir nyti kallanna fremr ödrum eptir fedr sína, oc at presta efni úr Skálhollts biskupsdæmi fengi eigi stadi fyrir nordann, nè at nordann sydra, ei heldr skólasveinar væri teknir úr ödru stipti í annad; var þat eptirleif af fornum kala er í milli þeirra landshluta var. Margt fór framm á því alþíngi annad. Þar var dæmt um hiónaband Páls á Stadarhóli oc Helgu Aradóttr, hafdi Páll stefnt Helgu fyrir fiórum árum, enn voru þó enn ei skilinn, þarí dæmdu biskupar bádir Gudbrandr oc Oddr, oc Þórdr oc Jón lögmenn; dæmt var oc um hiónabandslofun oc fleiri dómar. Magnús son Hiallta Pálssonar í Teigi sókti sök vegna barna Einars Grímssonar Þorleifssonar frá Mödruvöllum, á hendr Jóni Marteinssyni, oc lèt Oddr biskup oc lögmenn bádir dóm gánga þarum, oc dæmdu Jóni skyldugt at gialda fè Hólakyrkiu í Eyafyrdi, þat er hann var kærdr um. Höfudsmadrinn lèt dæma um laxveidi í Nicolásarkeri; sídann fór hann utann, oc med hönum Ormr son Vígfúsar Jónssonar á Kalastödum, hann var þá XVIII vetra. Veidiskapr hèldst þá í vötnum framm á jól; þau missiri andadist Vígfús á Kalastödum, voru þeir brædr hans, Ásmundr prestr oc Páll rádsmadr í Vídey. Þar eptir giördi snióavetr mikinn, oc lá allt fólk
1596 úti á heidum í verferd.

LXXXVIII Cap. Málaferli ímisleg.

Þorlákr Einarsson á Núpi vestra, andadist hálfum mánadi fyrir fardaga, var hann þá gamall miög, oc eru nú andadir allir brædr Gissurar biskups. Þá var Jón prestr Loptsson í Vatnsfyrdi tekinn

at rínglast svo miög, at hann framdi alla prests þiónustu siálfr, þá er hann qvæntist í þridia sinni, oc meddeildi siálfum sèr blessan, fyrir því tók Oddr biskup af hönum stadinn, oc vígdi þángat Gísla Einarsson bródr sinn; Jón prestr fór naudugr, oc bad þeim ílls er vidtæki; fór hann til Páls sonar síns í Þernuvík, enn Gísli prestr þángat oc var þar lengi, enn gèck þó eigi vel. Þá lèt Gudbrandr biskup prenta Confirmatiónarbók í ödrusinni, oc bók um lyklavaldit, piníngar oc upprisu historiu Christs, oc um Jorsalaborgarbrot, aldingard sálarinnar, oc ámynníngu til presta, oc Antidotum Hemmíngii, er Gudmundr Einarsson hafdi útlagt; opt lèt hann prenta frædi Luthers, oc postillr fyrir fáfroda presta; hann vard nú at fá sèr Arngrím prest Jónsson til adstodar, sökum heilsu-brests hans. Þat sumar kom út aptr höfudsmadrinn Brostrup Giedde, oc bad lögmenn láta gánga dóm um Grænavatn, enn fyrirbaud leikmönnum at kaupa sakir á hendr klerkum, oc prófföstum á leikmenn edr klerka. Einnin baud hann at prestar þeir er eigi vilji prófastar vera, þá er biskup bydr, skuli missa prestskapar; lögmenn oc syslumenn skyldu eigi dæma um landamerki konúngsjarda oc kyrkna, nema höfudsmadr eda biskup væri vid. Þeir sem hèldi beneficia skyldu missa þau ef níddi miög, oc hefdi verit þremsinnum varadir vid af biskupi. Gudmundi Helgasyni á Eyri í Arnarfyrdi, gaf höfudsmadr upp lífssakir til nærsta þíngs oc konúngs úrskurdar, hann hafdi fallit í hórdómi þremsinnum, enn mágar hans studdu hann, átti hann Arndysi dóttr Sigfúsar Brúmannssonar; konúngr gaf hönum oc sídann líf oc landsvist. Þá var Oddr son Stephâns prests Gíslasonar, skólameistari í Skálhollti, bródir Sigurdar, hann var oc vel at sèr. Þessir dómar gengu þá: Gudbrandr biskup oc Jón Biarnarson syslumadr í Skagafyrdi, nefndu Arngrím prest Jónsson oc þriá leikmenn í dóm at Vidvík, þeir dæmdu Magnúsi Biarnarsyni, bródr Jóns, eignarmanni Hofs á Höfdaströnd at vera þar sóknari kyrkiutyunda, sídann Jón seldi Rafni lögmanni, oc Þórunni dóttr sinni jördina. Þá seldi oc Einar bóndi at Hèdinshöfda Nicolásson Þorsteinssonar, med samþycki Kristínar konu sinnar, Gudmundi Illhugasyni Rúgstadi. Gudmundar er fyrri gètit, hann var son Illhuga prests Gudmundarsonar í Múla, enn bródir Jóns Illhugasonar oc Þorsteins prófasts, oc Ingialds at Reykium í Midfyrdi, er sumir kalla

hinn sterka, enn frá Einari Nicolássyni er mikit kyn komit nyrdra. Benedict Halldórsson lèt dóm gánga á Spialdhaga um Erlend Oddsson, er tekit hafdi undir sig Audbrecku í Hörgárdal jörd hans, oc rofit tvo hèradsdóma oc vísudu þeir til Öxarárþíngs. Gísli bóndi Þórdarson lögmanns, dæmdi um kauparád hreppsmanna, hann hafdi þá fyrir vetri sídann gipt Gudrídi dóttr sína Jóni presti Gudmundarsyni í Hytardal; enn á alþíngi var dæmt um mála qvenna, oc um hrossakjöts átit úr Fliótum, oc tekit heldr hardt á þó hardindi væri i landi, hèt þó svo at þeir einir sektudust er at naudsyniulausu átu, enn sektinn var III merkr, oc húdlát med. I annan stad um vergáng, oc var þar minna vidlagt, skyldi engínn meiga dæmast á fè eda frændr, er siálfr væri fær um at flytia sig, eda foreldrar hans, á hrossi edr annann veg, um allar sveitir, enn ef vant er færleiks, skulu nánustu náúngar til frammfærslunnar skyldir at liá hönum þángat í sveitir, sem hann veit sèr hellst biargarvon. Fyrir þessa skuld þyrptust snaudir menn oc vanfærir svo lengi til hinna betri sveitanna, at þær urdu ofþíngdar, fèllu þeir siálfir unnvörpum er hardnadi, enn frændr þeirra audugir lidu af þeim engann þúnga. Um sumarit fór höfudsmadrinn aptr utann, oc lèt eptir Erasmus Nicolásson umbodsmann sinn, hann fór vestr í Vatnsfiörd at beidni Isfyrdínga, oc þíngadi þar um lagaleysi Páls á Stadarhóli er þá hafdi Isafiardarsyslu; gèck þar Oddr biskup á milli, enn Páll hèt umbót, oc sefadist med því.

LXXXIX Cap. Frá Axlar-Birni.

Biörn hèt madr oc var Pètrsson, hann bió at Öxl í Breiduvík; til hans kom einn sveinn med systr sinni um qveld, oc er þau voru adskilinn, heyrdi sveinninn emjan til hennar, vildi hann þá komast út oc forda sèr, enn fèck því eigi orkad; í því fann hann fyrir sèr ræsi er lá í fiósit oc duldist þar; var hans leitad med med liósi, oc komst hann þó á brott, enn stulkann var drepinn. Kom þetta fyrir Jón lögmann, er þá syslu hafdi med fleirum ödrum, oc Stapa umbod, oc lèt hann taka Biörn; medkèndist hann þá at hafa drepit oc myrdt IX menn, suma til fiár, enn adra fátæka er í nánd voru þá er hann myrdi hina, enn ef hönum vard aflkostr, þá veitti kona hans hönum lid, brá snæri um hals

þeim, oc rótadi med sléggiu; gróf hann þá í fiósi oc heygardi, oc fundust fleiri manna bein enn hann medkéndi at hafa myrda, qvadst hann hafa fundit þá dauda, oc nennt ei at flytia til kyrkiu, enn þaraf hafa menn dregit likindi, at hann hafi myrda XIV enn sumir segia XVIII menn; lèt Jón lögmadr dæma hann á Laugarbrecku-þíngi, oc var hann beinbrotinn fyrst á útlimum med sléggium, oc afhöfdadr sídann, enn þar eptir hlutadr, oc sett styckinn á stengr. Er þat mælt, hann gengi hardmannlega at dauda sínum, oc viknadi ecki. Kona hans var þúngud, oc var því ei drepinn, fór hún nordr at Skottastödum í Svartárdal, oc ól þar barn, þat hèt Sveinn, oc var kalladr sídan skotti, oc vard hinn mesti ónytiúngr oc óreidumadr.

XC Cap. Tilburdir um vetrinn.

Þetta haust var kórónadr Kristián konúngr fiórdi; þá var þat 1597
um vetrinn hinn Xda dag jóla, um qveldit eptir dagsetr, at giördi dunr miklar med stórbrestum sem fallbyssuskot væri, svo heyrdist nordr í land, nær um XII dægr; vedr voru optast kyrr med frostum miklum oc dimmu, oc gèck þat vetrinn allann framm at einmánadi; kom slíkt úr Heklufialli med eldgángi miklum oc landskiálftum, svo at XVIII eldar sáust í fiallinu af sumum bæum; fólk var miög hrædt, enn hverki sakadi menn nè penínga, kom askann í Borgarfiörd, oc í Lón austr, oc allt nordr í Bárdardal, enn í Myrdal var hún í skóvarp eda meira; stód reikrinn úr fiallinu framm um alþíng. Þann vetr á þorra seint, fór Gissr, son Þorláks Einarssonar, med tveimr mönnum frá Rafnseyri, þeir urdu fyrir snióflódi, oc fundust nockru sídar, voru lík þeirra flutt út undir Nup, oc þar jardad lík Gissurar hiá födr sínum, fyrir framan kyrkiudyr. Gissr hafdi verit XII vetr eda meir samann vid Ragnheidi Pálsdóttr frá Stadarhóli konu sína, börn þeirra dóu flest úng, nema tveir synir Jón oc Magnús. Jón átti sídar Þóru Olafsdóttr, oc bió at Núpi í Dyrafyrdi, hann fór utann úngr, oc framadist vel í þískri túngu, oc hagleik í gullsmídi, oc vard svo mikill bókritari, at fáir stórfudu eins í slíku á hans dögum, ritadi postillr oc helgar bækr, oc margar frædibækr af fornum sögum ímisligra þióda, landnámum oc annálum, rímnaflockum, oc allskonar qvedl-

íngum, svo nálega mátti í hans rit leita allrar fornar frædi. Sonr hans var Torfi prestr, er fadir hans hèldt til skóla, enn sídann framadist hann í Danmörku um IIII vetr, oc var eitt ár conrector í Skálhollti, enn hèldt sídann Gaulverjabæ, oc verdr seinna getit. Magnús Gissurarson átti Þorkötlu Snæbjarnardóttr frá Kyrkiubóli Torfasonar, Jónssonar í Hiardardal Olafssonar, oc bjó sídann á Lokinhömrum, er sumir kalla Lodkinnuhamra, vitr madr, oc málsnjallr, oc skáld gott.

XCI Cap. Imislegt.

Um vorit var kránkleikr á sudrnesium, blódsótt, oc dó margt manna; þá var landskiálfti, svo at hrundu bæir í Ölvesi, hrapadi bærinn á Hialla í grunn, oc hvarf hverinn mikli Geysir í Hveragerdi, fyrir sunnann Reyki, oc kom upp annar fyrir ofann túnit, sá gaus miög, enn þó ei sem hinn fyrri, því ei var óhætt at fara um veginn hiá hönum; þar er nú áinn í milli þess sem nú er oc hins fyrra. Oddr biskup hafdi bodit at halda III bænadaga, til at afbidia verdskuldad syndastraff, þegar Hekla gaus. Gudbrandr biskup lèt þá prenta bænabók Andreæ Músculi, spegil hins synduga, er Gudmundr prestr Einarsson útlagdi, oc ágrip Davids saltara, er Arngrímr prestr tók samann, einnin postillu yfir gudspiöllinn, er hann hafdi siálfr samantekit. Þá brann bær at Miklahóli í Vidvíkrsveit, oc margt fólk inni. Jón bóndi Biarnarson lèt dóm gánga um kyr, er Hólastóls landsetar guldu stólnum med leinandi löstum, at Vídvík; Arni Biarnarson bródir Jóns, Isleifr Þorbergsson oc Dadi Arnason voru fyrstir dómsmanna. Fór framm vitnisburdr um brèf, sem Jón Pálmason hafdi frammborit í dóm á alþíngi, þá Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr deildu um Osland, at þat var álitit ærulaust, oc innsigli Tuma Þorgrímssonar var ei fyrir því. Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr lètu gánga helmíngadóm med XII mönnum, um kærumál Arngríms prests oc Jóns prests Gíslasonar; enn Hákon Arnason um hestsborgun vinnumanns til húsbónda síns. Johan Bucholt kom út þat sumar, oc var höfudsmadr af nyu; hann beiddist á alþíngi dóms á, um Jón Jónsson fánga, er slapp af Arnarstapa fyrir Kristiáni Reeb. Þar dæmdi Þórdr lögmadr um Kolgrímastadi, oc um rángann eyd

svarinn; ecki er þess gètit at öfundarmenn Gudbrands biskups, er verit höfdu, hafi neytt höfudsmanna skiptanna til neinna yfínga vid hann. Þá hafdi hann gipt Steinunni laundóttr sína Skúla bónda á Eyríkstödum í Svartárdal, Einarssyni, Þórarinssonar, Steindórssonar; þau gátu son í þessum missirum er Þorlákr hèt. Þá andadist Helga á Þíngeyrum Gísladóttr kona Jóns lögmanns, þau höfdu lengi samann verit, oc vard þó ei barna audit svo lifdi, enn Gunnar, bródir Helgu, bjó alla stund at Vídivöllum, sídann Jón lögmadr nádi Reinistad. Biörn Gunnarsson hèldt Múlasyslu oc misti hana, þess gètr Einar prestr Sigurdarson í Heydölum í æfiqvædi sínu, því þeir voru vinir miklir:

Biörn Gunnarsson
Guds vinr sannr
festi vid Einar
fullar ástir;
sá var tekinn
af syslu rádum,
umskipti þau
Einar sturludu.

Þá dó einnin Eyríkr prestr Grímsson bródir Freysteins prests, er gètit er opt ádr, oc mest í æfi Jóns biskups, oc var hann gamall miög.

XCII Cap. Tilburdir.

Vorit eptir var hey-ekla, oc dæmdi Hákon Arnason at Dyrhólum 1598
í Myrdal um hey-sölu. Þá druknudu X menn af skipi át Hópi í Grindavík. Gudbrandr biskup lèt prenta píníngar historiuna, oc um krossgaungu Christs, oc brunn lífsins, er hann hafdi lagt út siálfr, einnin Galli bók um sacramentit. Gètit er þá vitnisburdar um Hálfdan prest Narfason, at hann hafi at Felli verit um XX vetr í fyrra sinni; hann var veitslumadr at Hólum med Gudbrandi biskupi, oc dó þar; oc er allólíkligt at biskup hefdi viljad annast þann mann, er sannprófadr hefdi verit at hinu mesta fiölkíngi, því minni afgudadyrkan var hiátrú á steinum, oc setti Gudbrandr biskup útaf kyrkiu fyrir þat ef ei var adgiört; oc minna var þat er hann lèt ámynna hardlega um Jón, bónda einn í Túngusveit, er trú hafdi á álfum, minna var oc ordrygti þat er lá á Jóni Magnússyni á Svalbardi um fiölkyngi, oc biskup kastadi þó framm vid Jón lögmann, enn fiölkíngis-sagnir þær hinar miklu um Hálf-

dán prest; má oc vera jafnmikil sè missögn um galdra Hálfdánar sem Sæmundar fróda, oc eigi ólíkara at þar skacki um sannindi, enn í þeirri sögn at þeir Sæmundr hafi skólabrædr verit, þar sem nær fimm hundrud ára eru á milli þess er þeir voru á dögum. Erlíngr hèt son Hálfdánar prests, fra hönum voru komnir Jón oc Sigurdr Ivarssynir, er á Hólum voru á dögum Steins biskups oc knálegir menn. Páll Jónsson á Stadarhóli andadist, nær viku fyrir páskir, hann hafdi IX sinnum utan farit, stundum í málum vid Helgu konu sína, enn stundum í ödrum eyrindum, oc var þrem vetrum betr enn sextugr. Kalladi þá Biörn Benedictsson til Reykhóla, vegna Elínar konu sinnar Pálsdóttr, þar um dæmdu lögmenn Þórdr oc Jón, gètit er oc dóms Gísla Þórdarsonar. Jón lögmadr var vetri yngri enn Páll. Jóhann Bucholt höfudsmadr nefndi biskupa báda í dóm Gudbrand oc Odd, lögmenn báda oc XII lögrèttumenn, þeir qvádust ei vita til at konúngr hefdi stadfest Bessastada samþyckt, þó þat sè hèr ádr synt at svo hafi verit, fyrir því skyldu allar hálfkyrkiur standa med allri þeirra rentu eptir máldögum; skyldu prestar fremia í þeim alla þiónustu á rúmhelgum dögum þegar þyrfti, oc jarda eigendr vidhalda, einnin leggia til braud oc vín, enn taka í stadinn tyundir, lióstolla oc heytolla, er annarstadar guldust presti. Ecki gátu biskupar oc lögmenn samit med sèr kyrkiu-ordinantiuna þó konúngr bydi, því þeim kom ei samann, oc hèldu hverir sínu svari, var þat orsök til at Kristián konúngr fiórdi gaf hana út siálfr sídar. Þá var Jacob Hildibrandsson Vinoch syslumadr í Múlaþíngi, ætla menn hann verit hafi Hamborgari, oc ei miög þockadr þar, hann vildi kaupa af prestum bænhúsa oc hálfkyrknaleigr, oc íllt áttust þeir vid Einar prestr Magnússon frá Reykium Biarnarsonar, hann hèldt þá Valþiófstad, enda var Einar prestr óeyrinn, oc íllt átti hann, ákærur oc ryskíngar vid prófast sinn Einar prest Sigurdarson í Heydölum, oc marga adra. Þeir Gudbrandr biskup oc Jón lögmadr hèldu þá samkomu at Giliá um uppheldi fátækra presta uppgefinna, af hinum ríkustu beneficiis. Jón lögmadr bad þá Gudrúnar dóttr Einars prests at Stad á Ölduhrygg, Marteinssonar biskups, hún var treg í fyrstu, þótti madrinn gamall, er sagt at Einar prestr hafi látit búa hana sem best, leidt hana fyrir lögmann, oc þrifit af henni faldinn; gèck samann med þeim, oc tókst þat rád, áttu þau eigi börn sem lifdu. Þá qvæntist oc Arngrímr prestr

Jónsson at Hólum, hann fèck Solveigar dóttr Gunnars Gíslasonar oc Gudrúnar Magnúsdóttr Jónssonar biskups, hún var allra qvenna frídust. I þann tíma var prestr í Túngu í Steingrímsfyrdi Þorsteinn son Odds prests Þorsteinssonar á Grund, hönum fór líkt oc födr hans, fèll í hórdómi med ómaga stúlku, er veiktist af vidskiptum þeirra, misti hann tvisvar prestskapar, enn fèck þó af konúngi uppgiöf saka sinna. Þá skèdi uppgröftr Gvöndar Loka, hann var karl einn illordr oc leidinlegr, oc vildi ná hreppsvist í í Hialltadal er hann var gamall ordinn, enn Þorkèll Gamlason Hallgrímssonar rádsmadr á Hólum, oc hreppstiórar, bægdu hönum frá, hètst hann þá vid Þorkel edr hans nidja, oc dó sídann framm í Skagafiardardölum, oc var grafinn at Goddölum. Þorkell átti dóttr únga er Sigrídr hèt, hún fèck atsókn oc ónádir miklar, oc var foreldrum hennar mein at. Enn eina nótt vakti Arngrímr prestr Jónsson hjá henni um stund, oc hafdi hana í fángi sèr med guds orda lestri oc gódum bænum, qvadst hann þess vænta at vondr andi mundi henni enga ónád veita, medann hún væri sèr í höndum, vard þat oc eigi þann tíma, oc þótti brugdit venju; litlu sídar reid Arngrímr prestr leid sína nordr trödina frá stadnum, fèll þá undir hönum hestrinn, oc svo hann siálfr, enn hann feck áverka af steini í andlitit, oc bar örid alla æfi sídann. Þóttust menn nockrir sèd hafa Loka hrinda hestinum; var þat rád tekit sem haft var í fyrri öld vid þá er heitast höfdu, at Loki var grafinn upp, oc afhöfdadr, oc gengit milli bols oc höfuds; batnadi stúlkunni þó hún væri veikleg, oc lifdi eigi lengi. Enn óvinir Hólamanna lögdu þeim þetta mjög til líta, ei sídr Gudbrandi biskupi enn Þorkeli, oc ætla menn þó at biskup hafi engu um valdit, oc ei hafi verit um rádist vid hann, enn kyr var sagt at Loki hefdi drepit fyrir biskupi, oc keypti hann adrar, oc qvadst kaupa mundi medann nockr fengit í Skagafyrdi, lètti þá oc kúadaudanum.

XCIII Cap. Frá Grími Jónssyni oc ödru.

I þann tíma var Grímr son Jóns Grímssonar á Ökrum fallinn í útlegdarmál, oc sat á Hólum; hann átti Þorbjörgu systr Þorbergs

Bessasonar, oc voru þeirra börn Jón oc Olafr, Kristín oc Margrèt. Grímr átti oc launson er Gunnlaugr hèt, hann var fadir Þorvalds í Hrísey. Þann vetr er Grímr var seinna á Hólum ritadi Gud-
1599 brandr biskup til Bessastada um þarveru hans, enn höfudsmadrinn ritadi til Sigurdar Jónssonar á Reinistad, er þá var syslumadr, at taka hann, vildu engir til verda, er syslumadr var mágr hans, enn Grímr frændmargr, drógst þat svo undann til þess er Grímr fèck landsvist. Þau missiri var dæmt um vígs undanfærlu, oc um vinnufólk, af Gísla Brandssyni, at Stórólfshvoli, enn at Spialdhaga í Eyafyrdi af Byrni Benedictssyni, er þá var umbodsmadr födr síns, um ordinn sveitarsköinn oc hvelpa-þióf; oc af Jóni Illhugasyni nyrdra, umbodsmanni Vígfúsar Þorsteinssonar, um jardir er Olafr biskup hafdi seldar undann Hóla kyrkiu, einnin um kyrkiustuld, at Sandatorfu; af Þórdi lögmanni Gudmundarsyni syslumanni í Þverárþíngi, oc konu dreckt at Backárhollti í Ölvesi, er barn gat vid tveimr brædrum. Biörn Benedictsson keypti hálfa Mödruvelli í Eyafyrdi C hundrud fyrir jardir adrar. A alþíngi dæmdi Oddr biskup oc Jón lögmadr, med XII prestum oc XII leikmönnum, um konur sem ei vilja fedra börn sín; oc samþyckt var þar, at XV vetra gamall madr mætti vitni bera, oc enn um þegngyldi oc þínggiald. Gudbrandr biskup lèt þá prenta eintal sálarinnar at nyu, lífsins veg oc Dominicale, enn í fyrsta sinn leikmanna bíbliu, oc þar á bak vid um qvöldmáltidina oc særínguna.

XCIV Cap. Mál Biarnar Magnússonar.

Biörn sonr Magnúsar Biarnarsonar Jónssonar biskups, hafdi sókt Oddnyu dóttr Jóns Einarssonar frá Bólstadahlid, heim á heimili hans, Gunnsteinsstadi í Língadal, oc haft hana ofann til Holltastada til Teits Biarnarsonar födrbródr síns; Eyríkr bródir Biarnar var med hönum, oc hafdi sett hana á bak med Byrni, enn Jón fadir hennar var ei heima; hafdi bedit Oddnyar Jón Dan af Vestfiördum, son Magnúsar Jónssonar, oc var hún hönum heitinn, enn kunnleiki var kalladr med þeim Byrni oc Oddnyu; var mál um þetta hátt reist af Jóni Einarssyni födr hennar, oc svo af þeim Magnússonum Jóni Dan oc brædrum hans. Hafdi Jóhan Bucholt höfudsmadr ridit nordr um land um sumarit fyrir at þínga um

þat at Sveinstödum, oc voru þar Magnússynir nockrir, med Jóni lögmanni födrbródr þeirra, oc þeir brædr Biörn oc Eyríkr, oc Teitr Biarnarson, hafdi þar gengit dómr oc þótti hardmæltr uppá Biörn oc hans fylgiara, oc var mannhelgisgrein sett í dóminn til ályktunar, er hlídir uppá þá menn er hlaupa á braut med eginkonr eda frændkonr manna, at þeir sèu óbotamenn, oc svo þeir sem veita þeim lid; fóru þeir þá utann brædr Biörn oc Eyríkr, oc Teitr födrbródir þeirra, oc komu út aptr þetta sumar, er nú var ádr talit, var málit skodad á alþíngi, oc nefndi Þórdr lögmadr Gudmundarson *XII* menn í dóm um þau óbótamál er þeir kölludu, er Biörn Magnússon oc hans fylgiarar væri klagadir um. Í fyrstu töldu þeir Jóhan Búcholt byrt hafa konúngsbrèf, þat, er baud at ransaka mál þessi á Islandi, lètust oc sèd hafa þá súpplicatiu, er þeir brædr höfdu borit fyrir konúnginn, oc þyki þeim egi rètt í þeirri grein at þar segir Oddny hafi trúlofast Byrni, enn sídr at hún hafi verit hans festarmey, oc töldu sèr litist þat ránglega fyrir konúnginn borit. Í þridju grein qvádu þeir fyrir sig borit hafa dóm Jóhans Bucholts, er hann hafi dæma látit med innsetníngu þeirrar lögmáls greinar, at hverir sem at slíkum óknyttum verda kenndir, at hlaupa ábrott med eginkonr oc frændkonr manna, sèu óbótamenn, oc svo hverir sem veita þeim lid til þess. Enn sídarst hafi verit ályktad, at Eyríkr oc Biörn, oc Teitr Biarnarson skyldu sekir eptir þeirri lögmálsgrein, þar sem þeir sóktu oc fluttu Oddnyu Jónsdóttr frá hennar födrs heimili, enn hafi þó eigi nefnt þá útlaga nè óbótamenn. Nú qvádu þessir dómsmenn þat koma framm, at stúlkann hefdi ecki verit flutt naudug, heldr med liúfum vilia hennar, enn þat standi lióslega í lögum, at þeir sèu óbótamenn, sem taki konr naudugar med ráni oc herfángi, hvert sem eru frændkonr manna eda dætr, fyrir utann vilia þeirra manna, er forrædi eigu á þeim at lögum, oc svo siálfra þeirra fyri því leitst þeim ei þetta óbótamál, nè heldr útlegdarverk fyrir Biörn Magnússon; enn vegna þess Biörn hafi rángt mál borit fyrir konúnginn, leitst þeim hann forgèfins utann farit hafa, oc skyldi hann því nú vera útlægr til náda konúngs, undir slíka myskun oc fridkaup, sem konúngr vill giört hafa, enn Eyríkr haldi landsvist, oc greidi konúngi *X* merkr, oc Jóni Einarssyni fullrètti, einkum fyrir þá grein: hefdi hann ecki arfborinn verit. Eptir þat

fór Biörn utann, oc fêck qvittan þessara mála utanlands oc innann; fêck hann þá Oddnyar, oc unntust þau vel. Gunnar prestr at Hofi var son þeirra, oc annar Benedict, er átti Gudrúnu dóttr Þorsteins prests Tyrfíngssonar, þeirra son var Þorsteinn í Bólstadahlíd, fadir Benedicts lögmanns, enn dætr þeirra Biarnar voru Rannveig, er gipt var Einari, syni Pêtrs Gunnarssonar, oc Solveig, hennar fêck Þorlákr, son Þórdar á Mardarnúpi bródr Gudbrands biskups; þeirra börn voru Þórdr prestr, oc Halldóra, Biörn oc Philippía módr Páls prests Biarnasonar at Upsum. Eyríkr Magnússon, bródir Biarnar, átti Gudfinnu, dóttr Isleifs yngra at Hofi á Höfdaströnd, Þorbergssonar syslumanns Bessasonar, þau gátu mörg börn, eitt var Magnús, er átti Gudrúnu dóttr Jóns Oddssonar í Reykiavík, þeirra synir voru Eyríkr, oc Jón fadir Odds, födr Jóns Hialtalíns, oc var þadann fiölmenn ætt. Teitr Biarnarson födrbródir þeirra Biarnar, átti Þurídi, dóttr Erlendar prests Pálssonar oc Biargar Kráksdóttr, þeirra synir voru Gunnlaugr í Bæ í Borgarfyrdi, Árni fadir Þurídar, er Sæmundr Eggertsson átti, oc födrfadir Þóru konu Páls prests í Selárdal. Jón var hinn þridji Teitsson, hans son var Sigurdr á Backa, oc margt afqvæmi átti hann oc gyldlegt, enn þó fleiri alþídumenn. Þennan tíma baud konúngr at reka mál innan VI vikna.

XCV Cap. Frá ímsu.

1600 Nærstu missiri lêt Gudbrandr biskup prenta Hemmíngii Antidotum ödru sinni, enn af nyu huggunarbækling, oc Passíu-prêdikanir, er Gudmundr prestr Einarsson hafdi útlagt, oc svo handbók um trúargreinir, er hann tók samann úr annari bók siálfr. Jón Magnússon, syslumadr í Dölum, dæmdi um misgrun skatts oc tyundar hinn VIIIda dag Maii, enn VI dögum sídar Jón Einarsson á Gunnsteinstödum í umbodi Jóns lögmanns, um landamerki at Bólstadahlíd med VI mönnum. Gudbrandr biskup lêt XII presta dóm gánga at Flugumyri hinn IVda dag Júnii, oc dæma Jón prest Magnússon rêttilega afsettann prestskap, fyrir falsbrêfagiörd med Grími Þórdarsyni, uppá V menn í Fliótum, er þeir sóru fyrir, í nærveru Isleifs Þorbergssonar, umbodsmanns Sigurdar syslumanns at Reinistad; hann setti oc frá prestskap Biarna Olafs-

son í Blöndudalshólum, fyrir vöndann lifnad med stelpu. A þeim tíma var miög fátídt í landi; þóttust menn siá orma í vötnum; þat sumar fór utann Páll sonr Gudbrands biskups, til frömunar sèr í lærdómi. Um sumarit nefndi Oddr biskup oc Þórdr lögmadr út helmingadóm, hinn XVIda dag Augusti, VI presta oc VI leikmenn at Saurbæ á Hvalfiardarströnd, um hálfkyrkiur í Þverárþíngi, eptir þeim dómi er fyrir tveim vetrum var saminn á alþíngi, oc dæmdu þessir vera naudsynlegar, eina á Alptanesi, adra at Lángárfossi, þridju á Ferjubacka, fiórdu at Eskihollti, Vtu at Svignaskardi, VItu at Stóru Gröf, sjöundu at Skardshömrum, áttundu á Sámstödum, IXdu á Hæli, Xdu í Deildartúngu, elleftu at Hesti, tólftu á Indridastödum, XIIIdu at Höfn, fiórtíndu í Kialardal; skyldu þær allar haldast med sínum rètti oc rentu, oc sama skilyrdi er alþíngisdómrinn qvad á. Hinn XIVda dag Septembris mánadar þar eptir, var haldit brudkaup Ragnheidar Pálsdóttr, er hún giptist í ödru sinni, med rádi Ara Magnússonar í Ögri frænda síns, hafdi hún kiörit hann fyrir giptíngarmann; fèck hennar Sveinn prestr Símonarson í Hollti, oc fór brúdkaupit framm at Núpi í Dyrafyrdi. Þá var Joachim Solke umbodsmadr á Bessastödum.

XCVI Cap. Hardi vetr; ímsir dómar oc atburdir.

A Magnúsmessu fyrir jól, drög myrqva á alla sólina, oc skipti med þeim degi til hardinda; var sá vetr aftaka hardr frá jólum 1601
um allt Island, oc kalladr Lurkr, enn sumir kölludu Þiófr; þá hefi eg heyrt at nordann-menn margir er sudr fóru, hafi ordit úti á Tvídægru, oc er brugdit vid karlmennsku sumra; þeirra hestar frusu þá til bana med dægri, oc engir menn mundu þvílíkann vetr; giördi penínga fellir almennann, var grasleysi, oc lágu hafísar vid land lángt framm á sumar. Saudgródr var fyrst á Jónsmessu, enn fisk tók frá fyri nordann; var þá kallat kynia-ár. Þá var oc kallad í Noregi harda árit mikla, oc alvída voru hardindi. syslumenn ridu nordann Holltavörduheidi til þíngs um sumarit; Benedict bóndi hinn ríki frá Mödruvöllum úr Vadlaþíngi; Sigurdr Jónsson frá Reinistad oc Jón sonr hans at nordann úr Þíngeyarþíngi, hann hafdi þar ummbod Vígfúsar bónda Þorsteinssonar, er

þá var svo gamall, at Arni Magnússon sonarson hans hafdi tekit vid Múlaþíngi. Jón lögmadr kom at vestann frá Arnarstapa. Þá fór framm vitnisburdr at Jón bóndi Biarnarson hefdi selt, fyrir VI árum þá, Magnúsi bródr sínum hálfa Grund á Eyafyrdi, med rekum oc ſtökum á Tiörn-nesi, þann tíd misfelli nockrt vard med þeim. Jacob Vinoch lèt dóm gánga at Heydölum í Breiddal um rèttaryrdi, ádr Arni tók þar vid syslu; enn Gísli Arnason Gíslasonar í Rángárþíngi, um óskilamenn vid húsbændr. Lögmenn dæmdu á alþíngi um arfleidslu Olafs prests Kolbeinssonar, oc hórdóm Bessa Arnasonar, hygg eg son Arna er veginn var í Sveinstadareid; einnin um fátæka presta oc beneficia var þar dæmt, oc um fiska skuldir er Islendskir menn ætti þísknm at giálda fyrir sunnann, oc væri ei fiskr til; skyldi gialda fyrir tólfrædt hundrud fiska VI fiórdúnga smiörs, eda XX álnir vadmáls, naut tvævett, eda II saudi gamla, eda XX pör socka; enn fiögra vetra uxi skyldi vera fyrir tvö hundrud fiska tólfræd; sex vetra fyrir þriú hundrud; skyldi svo vera fyrir þá sök at varann þíska var lakari enn fyrir XX árum hafdi verit; mælt er at konúngr hafi þá med brèfi bodit lögmönnum, at hafa dóma endilega í öllum löglegum málum. Þat hafdi ordit, at Johann Búcholt höfudsmadr hafdi tekit skip fyrir einum bónda á sudrnesium, enn Þórdr lögmadr dæmdi bóndanum skipit, þrútnadi þá óvild milli höfudsmanns oc Þórdar lögmanns oc Gísla sonar hans, oc sendi Þórdr lögmadr dóttrson sinn Jón yngra Vigfússon frá Kalastödum, med brèf oc eyrindi fyrir konúng. Jón hafdi verit fióra vetr í þiónustu herra Henriks Rantzows, hins tígnasta manns, oc fengit gódann vitnisburd af hönum oc þat formæli, at börn sín oc nidjar skyldu stoda hann ef hann þyrfti vid, kunni hann oc at haga sèr vel oc var skynsamr oc einardr jafnan. Höfudsmadr sendi bod í allar hafnir vestra oc sydra, oc fyrirbaud at flytia Jón af landi, enn forbodit var ei komit í Vestmannaeyar, oc kaupfarit búit til byriar. Ormr bródir Jóns var þá í Hollti undir Eyafiöllum nyqvæntr, hann tók vid hönum, oc vildi feria hann í eyarnar, oc bad Orm prest Ofeigsson er verit hafdi á Þíngvelli, oc þar var þá, um far, qvad naudsyn vera bráda, prestr synjadi, oc var hann laungum erfidr vidfángs; enn Ormr var svo mikill fyrir sèr, at hann bardi á presti miög svo, tók skipit, oc kom Jóni í farit til Kaupmannahafnar. Jón hitti þar einn sona Henriks Rantzows, því hann var dáinn

siálfr, var sá miög vyrdr af konúngi, oc tiádi hann hönum erindi sitt; oc bad um rád oc adstod; sá taldi hann af þeirri ætlan, enn Jón lèt ecki letjast, til þess er hann flutti mál hans vid konúnginn; svö at sakirnar komu aptr undir ransókn; þær þóttu þá ófagrar, enn Johan Búcholt dó ádr þeim lauk; hafdi Jón af þessu nafn mikit, allt til þess er hann eldtist, oc synir hans Jón skön oc Bödvar tóku at brydda á refium sínum, er menn hugdu af hans toga spunnit; enn Ormr bródir hans flúdi austann, undann sonum Orms prests Ófeigssonar, oc bjó sidann at Eyum í Kjós, oc átti mikit afqvæmi.

XCVII Cap. Skadar.

Þat vard enn til tídinda á þeim missirum, at Hallr Magnússon skáld dó af brennivíns-dryckju; oc skip týndist á Hópi í Grindavík; enn Jón bóndi á Járngerdarstödum, son Teits prests Helgasonar at Reinivöllum, brendi sig til bana á eldi er kom í tjöru, er hann var at skipabrædslu. Gudbrandr biskup lèt prenta bækling um ódaudleik sálarinnar, hreinsunar-eldinn, bænir til heilagra, endir veraldar, upprisu framlidinna, sídarsta dóm, helvíti oc eilíft líf; oc svo spurníngaqver af trúargreinum; enn þar nærst eptir registr yfir ritnínguna, oc rit Lúthers um andleg hervopn 1602
Sá var annar vetr í hardindunum, oc var hann gódr at vedrátt í fyrstu, enn þó giördi mannfall mikit af sótt oc hallæri, oc var kalladr píníngsvetr; saudfellir vard þá ógrlegr. Þá týndist á fyrsta föstudag í þorra, farmaskip Skálholltsstadar hid mikla, fyri framann Þorkötlustadi í Grindavík, því ofgrunnt vard fyrir landi, enn geck at fiúk oc myrkr, svo þat nádi ecki Járngèrdarstada sundi; var formadr Þórarinn Stephánsson Hallkèlssonar, bródir Jóns prests í Laugardælum, oc Hallkèls prests á Ferjubacka; þeir höfdu lagt út af Eyrarbacka, enn gèck upp landnyrdíngr, oc týndust fiórir menn hins þridia tugar, oc ein stúlka; þeir voru flestir grafnir at bænhúsinu at Hrauni í Grindavík; oc hefir eigi Skálholltsstadr átt farmaskip sídann. Fiöldi manna flosnadi þá upp, oc er þess gètit at mikil atsókn vard at Skálhollts stad; hugdi britinn at henni mundi lètta, ef brúinn sú hin siálfgiörfa, eda steinboginn á Brúará, sá er hún hefir nafn af tekit, væri brotinn; fór hann þá

til med vitund eda rádi Helgu Jónsdóttr biskups-frúvar, enn án vitundar biskups, oc braut brúna med mannafla. Biskupi líkadi ílla er hann fèck slíkt at vita, oc qvad hverki sèr nè hönum happ mundi af verda. Druknadi britinn litlu sídar í Brúará; enn mönnum þótti bindíng á hinum yngri börnum biskups, at Eyríkr hafdi vitsmuna brest mikinn, enn Margrèt var qvenna frídust ödrumeginn á andliti, svo at kinninn var fagrriód oc blómleg, enn önnr hvít oc visinn. Þá var Oddr Stephánsson skólameistari í Skálholti prestr ordinn í Gaulverjabæ fyrir einum vetri, er Gudmundr prestr Gíslason hafdi uppgèfit, enn Olafr Einarsson hálfbródir biskups hafdi vidtekit skólanum; hann var hinn lærdasti madr oc skáld gott.

XCVIII Cap. Hyrdstjóraskipti oc sakir.

Jóhan Búcholt höfudsmadr andadist á álidnu vori, oc var þá utanstefnt umbodsmanni hans er þá var, Jóhanni Sodecke, at svara málum hans vegna; enn Enwolt Kruse af Wingegardi var höfudsmadr giör, oc kom út; var hann á alþíngi, oc lèt dæma Papey undir konúnginn, fyrir þat er ei voru goldnar þadann tyundir um III ár. Oddr biskup hafdi keypt hana af Jóni á Skridu Biarnarsyni Gunnarssonar, oc var hann afsakadr. Biörn Benedictsson hafdi þá tekit vid Vadlaþíngi af födr sínum, oc hèldt Múnkaþverár-klaustr; enn Jón Sigurdarson lèt dæma at Helgastödum í Reykiadal um frammfærslu; sídann sleppti hann umbodi í Þíngeyarþíngi, oc tók syslu í Skagafyrdi eptir födr sinn, oc lèt gánga dóm at Ökrum um utann-sveitarfólk úr Eyafyrdi, at því vísist tilbaka; enn annann at Lytíngstödum um sveitarmenn fátæka í hrepp at þeir hysist á hverjum bæ. Jón sonr Vígfúsar Þorsteinssonar tók nú vid Þíngeyarþíngi af födr sínum. Madr var tekinn af á alþíngi fyrir qvennamál oc svall, sá hèt Biörn Þorleifsson, biskup ámynnti hann siálfr, oc bidst hann vel vid dauda sínum, qvaddi menn med handabandi ádr hann lagdist nidr, oc baud öllum góda nótt, var hann laus med öllu. Jón bödull er höggva skyldi var gamall oc slæmr oc krassadi miög, enn Biörn lá kyrr fyrir, enn er sex voru kominn högginn leit hann vid oc mælti; högg þú betr madr! lág hann svo kyrr, oc urdu högginn XXX

ádr af fór höfudit. Þat þótti mönnum ángr er á horfdu, oc voru þá valdamenn ámynntir at hafa til slíks starfa örugga menn, svo at landit yrdi ei at undri fyrir þá sök. Þetta sumar vard Gudmundr Helgason á Eyri uppvís at hinum fiórda hórdómi, enn þeir borgudu hann út dætramenn hans, Gísli Arnason Gíslasonar oc Jón Magnússon Dan, med hálfu fiórda hundradi dala; hann hafdi legit sídann fyrir jól, enn andadist í hugsyki eptir alþíng. Helgi Vígfússon Jónssonar Grímssonar frá Sydumúla systrson hans, var lengi kalladr fadir at einu barni hans; hann var fadir Vígfúsar Hellnaprests, födr Arna, födr Vígfúsar, födr Sigurdar skólameistara, er sídann hafdi Dalasyslu, oc bjó í Stóraskógi.

XCIX Cap. Kauphöndlunar skipti.

Þá kom fyrst dönsk siglíng hingad til lands, er hafdi fengit hafnir allar af konúngi, þvíat Kristián konúngr fiórdi lagdi allann hug á at Danir einir nyti sem mestra kaupfara; urdu þá mikil oc vond umskipti á kaupskap med ödru því er at þraungdi, þó konúngr hefdi allvel fyrir kaupmenn lagt; skyldi svo standa um XIV ár, oc þriár borgir hafa landit, Kaupmannahöfn, Helsíngiaeyri oc Målmey, oc sigla á XX hafnir umhverfis land, oc koma þá í hverja höfn er .pass-brèf þeirra endudu er ádr höfdu haft, hvert er voru Hamborgarar, Bremskir eda Lybskir eda hvadann sem voru; gat konúngr þess at hann þóttist án efa hyggia at slíkir kaupmenn hefdi ei haft all-lítit gagn af landinu, enn hann sæi giarnann at hans ríkis undirsátar yrdi þess heldr niótandi, því þeir væri svo meigandi at skipum oc vöru, at slíkt fengi at sèr tekit, væri þeir því skyldir at flytia Islendíngum góda oc ófalsada kaupmannsvöru, heldst miöl, bjór, mallt oc vín, brennivín, klædi oc lèrept, oc hvad sem vidþarf, oc alþídann mætti fá med mögulegu verdi oc kristilegu; enn ef þat væri ei haldit, skyldi sá borgari er móti bryti, svara konúngi; ei skyldu þeir annad flytja enn kaupmanns-vöru, enn eckert sem ónytt væri; ei heldr hæcka verd á vöru sinni, heldr selja sem fyrri hefdi verit eptir fornum landsvana; ei skyldu þeir hafa adra alin, mælir eda vigt enn á Islandi var haft. Þadann var þat at Hamborgar alinn geck hèr lengi

sídann; enn ef ágreiníngr verdr milli nockrs kaupmanns oc landsmanna um slíka vigt edr mælir, skyldi kaupmadr skyldr at selja framm pundara sinn eda stiku, eda hvad sem leidrèttíngar kynni þurfa, fyrir lögmann oc lögrèttuna, í þeirri syslu sem höfninn væri, oc skyldi fara at dómi; því þá voru eigi konúngsmælar hjá syslumönnum. Kaupmenn sæki sakir sínar skickanlega fyrir dómum, enn ei med herfángi, ógnan eda hrifsi, oc skal ei kaupmönnum tregdun giörast á málum þeirra. Þvínæst baud hann þeim at hafa lènsmenn landsins í vyrdíngu í öllum málaferlum, oc umgángast vinsamlega vid landsmenn andlega oc veraldlega, svo enginn mætti á þá kæra; bjór ímislegann, er hinir fyrri kaupmenn höfdu fluttann, afskipadi konúngr med öllu, oc baud at flytia ei annad enn danskt öl vel bruggad, svo at óskemt mætti geyma allann vetr fyrir þá er þat fengi keypt; er svo at sjá sem ölheitr hafi miög aflagst med hinum heldri mönnum hèr ádr þetta var, oc mest sídann; hann bannadi þeim at láta undirmenn sína marga liggia hèr eptir í landinu á vetrum, svo at landsmenn fengi sókt þá heim med vöru sína, mætti þat gèfa efni til dryckiuskapar edr annara ónaudsynlegra hluta, enn hafa lèt hann þá meiga tvo þènara í hverri höfn til at sysla í eyrindum sínum, enn verda landsmönnum til hagnadar þar sem þeir lægi, eda þó til minna tións; XX skip skyldi hvert ár koma út, oc hver borg hafa áqvednar hafnir at annast, enn því at eins fleiri, at naudsyn drægi til, oc konúngr vildi svo XVI Joachims dali skyldu þeir gialda fyrir hveria höfn, oc afhenda lènsmanninum ádr hann færi hèdann, oc taka medkenníngu hans fyrir; enn ella missa veitíngar þessar. Þau missiri útvegadi Oddr biskup jardir presta í Vestmannaeyum.

C Cap. Andlát oc afqvæmi Sigurdar Jónssonar.

Þetta haust hinn XVIda dag Septembris mánadar, er var fimtudagr í ymbru-viku, andadist Sigurdr bóndi Jónsson at Reinistad, at qveldi fyrir dagsetr, hafdi hann haldit klaustrit *XXV* vetr; tók Jón sonr hans klaustrid eptir hann med syslunni. Jón lögmadr lifdi þá einn eptir af þeim brædrum. Jón Sigurdarson var eigi líkr födrfrændum sínum at áliti stórmannligu, var módrkyn hans

ei miög frídt sínum. Jón átti Þorbjörgu Magnúsdóttr austann frá Dal Vígfússonar Þorsteinssonar, systr Arna á Eydum, þeirra börn voru Vígfús, fadir Jóns í Lögmannshlíd, Jón fadir Sigurdar á Svalbardi er Gudmundr at Ingialdshóli oc Þorgrímr at Hiardarhollti, syslumenn, eru frákomnir; Oluf er fyrst var gipt Sigurdi presti Jónssyni, sídann Jóni Arngrímssyni prests hins lærda, enn seinast Hallgrími Halldórssyni; oc Kristín, hennar fèck Þorlákr son Páls Gudbrandssonar, þadann er Páll Vidalín. Elín systir Jóns Sigurdarsonar var kona Gudmundar prests at Stadarstad, Einarssonar prests Hallgrímssonar, eru þadann ættir komnar. Önnr systir Jóns Halldóra var gipt Þorbergi á Seilu, syni Hrólfs Biarnasonar, sem Hrólfs ætt er vidkend. Ragnheidr hèt hin þridja, hennar fèck Sæmundr prestr í Glaumbæ Kársson Sæmundarsonar Simonarsonar, þeirra börn voru Kár, Olafr, Sigurdr, Bergþór, Gudrún, Bergþóra. Kár bjó í Vatnshlíd, oc er kyn frá hönum; Olafr var fadir Skúla á Seilu, födr Biarnar prests, födr Jóns prests, oc Stephàns. Bergþór átti Biörgu, dóttr Skúla Einarssonar oc Steinunnar Gudbrandsdóttr biskups, þeirra son var Kár, fadir Olafs, födr Jóns, födr Olafs á Frostastödum, födr Olafs Lectors. Gudrún átti Sigurd son Hrólfs Biarnasonar, gètr seinna afqvæmis þeirra. Bergþóru fèck Arni son Biarnar á Laxamyri, Magnussonar frá Stóradal, Arnasonar Pètrssonar Loptssonar, þeirra börn voru mörg, einn son þeirra var Olafr syslumadr í Vestmannaeyum, annar Jón í Keldunesi, sá er úti vard á Reykiaheidi, módrfadir þeirra Magnússona, Skúla landfogeta oc Jóns prófasts at Stadarstad.

CI Cap. Hardindi, oc dómar þar útaf.

Nú kèmr hinn þridji vetr í hardindum; vard þá mannfall mikit 1603
af fátæku fólki af sullti um allt Island. Þar um komust þeir á þá leid at ordi, Einar prófastr Sigurdarson í Heydölum fadir Odds biskups, oc Hákon syslumadr Arnason Gíslasonar, merkir menn bádir, í dómi þeim er þeir dæmdu at Egilstödum á Völlum, hinn IIIda Maii, um tyundarhald á jördu. «Sakir mannfalls, húngrs »oc hallæris, falls fátækra, ráns oc dyrtídar, er nú allavega at

»landinu oc landsins innbyggiurum þrengir, hvad lifandi gud betri!" Þá var oc fiskleysi, oc blódsott sú er menn dóu af mörgum tugum samann, í kyrkiusókn hverri, oc eiddust bæir. Ari son Gudmundar Einarssonar lèt um vetrinn XII manna dóm gánga, í umbodi Jóns Sigurdarsonar á Stad, um hve fara skyldi med fátækt flackandi fólk nordann oc vestann ad, er í Skagafyrdi lendir; Isleifr Þorbergsson var fyrstr dómsmanna, oc Arni Biarnarson, Thomas son Olafs Thomassonar, Grímr Jónsson Grímssonar, Sigurdr Markússon frá Hèradsdal Olafssonar, Skúli Einarsson Þórarinssonar; enn Jón Sigurdarson sídar siálfr at Ökrum um þá er drepa innstædr manna; var oc slíkt eigi undarlegt, því at fiöldi manna fèll í Skagafyrdi. Gísli Þórdarson lèt oc dóm gánga um utansveitar menn at Byaskerjum annann dag Maii; enn Jón Marteinsson, er þá er enn sagt at haft hafi Arness þíng, VII dögum sídar at Vatnsleysu, um þá er skèra nidr annara manna peníng; Þórdr lögmadr um sveitar tiltölu ómaga, at Heggstödum; Gísli Arnason at Reidarvatni VIIda dag Maii, um þá er eigi flytia lík til kyrkju; oc hinn sama dag at Eskihollti Hans umbodsmadr son Hannesar Gerkens, um öreiga sem jardir eru bygdar án hreppstjóra ráds. Jón Sigurdarson lèt enn dóm gánga at Vallalaug, um hysíngu á flutníngsmönnum, oc orsökudust slíkir allir dómar af hardindunum, er þá voru miög mikil; enn voru dæmdir fleiri dómar um adra hluti. Jón Sigurdarson dæmdi at Ríp um rèttaryrdi, enn at Lækjarbug var dæmd IVra marka sekt á at sleppa þiófi med þyfi. Danir komu þá í allar hafnir, oc var ecki haldit konúngsbrèf, giördust ágreiníngar med landsmönnum oc kaupmönnum. Jacob Winoch hèt kaupmadr í Hofsós, hann drap kock sinn; lèt þá Jón Sigurdarson syslumadr taka hann, oc var þíngat vid Vallalaug, var hann dæmdr utann oc mál hans. Þá deidi Gudrún Arnadóttir á Grund í Eyafyrdi, kona Jóns Biarnarsonar; enn Magnús Vígfússon Þorsteinssonar fèck Sigurdi presti Olafssyni, er átti Ciciliu dóttr hans, oc þeim bádum, Fell í Vopnafyrdi, eru frá þeim ættir, oc því er þessa hèr gètit. Barna prèdikanir voru prentadar á Hólum, er Gudbrandr biskup hafdi útlagt. Þat sumar á alþíngi bad Enwold Krúse höfudsmadr lögmenn dæma um hverjum vogrek skyldi til heyra; ætla menn at þeir hafi ecki grein viliad giöra án konúngs atqvæda, qvádu á

hans valdi þau er voru, á konúngs oc kyrkna jördum, enn dæmdu ei at heldr um önnr at landslögum þó þeir væri beiddir.

CII Cap. Sama.

Þau hin nærstu missiri, er var hid fiórda hardindis-árit, gèck 1604
enn blódsóttinn, oc fèllu yfirferdamenn, komu þá hafísar, oc var kallad Eymdar ár; var svo tölu á orpit, at þau þriú ár hefdi fallit í Hegraness þíngi af yfirferdamönnum snaudum VIII hundrud manna, enn yfir allt land IX þúsúndir; voru þó hlutir hinir bestu fyrir sunnann oc vestann. Komu þá qvartanir sárar til konúngsins oc svo höfudsmannsins, oc slíkt hid sama ritadi Þórdr lögmadr til valdamanna í landinu; gengu þá enn dómar margir er af slíku orsökudust. Gísli Arnason dæmdi at Hvoli í Hvolhrepp um fátæka menn sem hnupla oc stela; enn Jón Sigurdarson af Ökrum um vetrinn um óskil leigulida, þar beiddist Þorkèll Gamlason dóms á. Oddr biskup oc Hákon Arnason dæmdu med VI prestum oc VI leikmönnum at Borg í Grímsnesi hinn XIIta dag Maii um fátækra frammfæri; enn Jón Magnússon í Dölum um öreiga oc innstædr manna. A alþíngi var dæmt um eydijardir oc prests-tyundir, oc hve hjón skyldi á framfæri dæma, oc enn fleiri dómar. Jón Sigurdarson er sagt þá hafi enn haft, edr aptr fengit Þíngeyarsyslu, oc Olafr Jónsson hafdi þar umbod oc lèt dóma gánga, er sumir hyggia væri Olafr Bugge, enn adrir ætla Olaf son Jóns rebba Sigurdarsonar í Búdardal, þann er átti Þórunni dóttr Benedicts ríka, oc var fadir þeirra Halldórs lögmanns, Þorvalds oc Sigfúsar; sá Olafr ætla eg oc at væri umbodsmadr Biarnar Benedictssonar mágs síns í Vadlaþíngi, oc hann lèt þar gánga dóm. Þat er þó ei sídr víst at Sigurdr Markússon frá Hèradsdal var fyrir dómum bædi í Skagafyrdi oc Þíngeyarþíngi þessi missiri, oc ætla sumir hann umbodsmann Jóns Sigurdarsonar í hverutveggia stad, enn adrir at hafi þá fengit Þíngeyarþíng. Gudbrandr biskup lèt XII presta dóm gánga at Flugumyri, á almennilegri prestastefnu, hinn XIIIda dag Júnii, oc dæma Jón prest Gottskálksson frá öllu prestsembætti, fyrir þat hann vildi ei synia fyrir dauda tveggia ómaga sinna í húngri, oc svo fyrir óhreinann eyd, brèfa giörd, oc heitbrygdi hans um betran, sídann er hann misti prestskapar í fyrra sinni

fyrir órádvanda medferd á fèmunum Reinistadar kyrkju, er Jón lögmadr hafdi hönum sök gèfit á. Þá fór oc framm sáttargiörd sú vestra, er Ragnheidr Eggertsdóttir í Bæ á Raudasandi, gaf upp Magnúsi presti Jónssyni sakir um ordmælgi oc brígsli vid hana oc fólk hennar, fyrir medalgaungu gódra manna. Getit er oc vid giörníngа, Jóns í Skridu austr, sonar Biarnar Gunnarssonar er þá var andadr, oc Ara Gudmundarsonar í Skagafyrdi. Þá skadadist kona á Skinnastödum í Asum á liáum til bana; oc var prentud útleggíng Selnecceri yfir Esaiam er Gudbrandr biskup hafdi giört. Enwoldt Krúse höfudsmadr kom út um sumarit, oc á alþíng; þó segia adrir hann hafi ei þat sumar út komit. Báru landsmenn fyrir hann naudsyniar sínar, oc bádu hann flytia konúngi allar slíkar þrengíngar er þeir lidu; oc hèt hann því. Bar hann þat framm af konúngs hendi, at prestar skyldu ei tyund gialda konúngi; krafdi þá Oddr biskup at lögmenn oc lögrèttann dæmdi eptir því konúngsbodi, oc var þat giört, oc hefir haldist sídann. Gudmundr prestr Einarsson kom þá út, oc hafdi fengit Stad á Öldu-hrygg, oc eigi fyrri, enn Einar prestr Marteinsson var nydáinn. Þá var Hákon Arnason stadfestr af höfudsmanninum, oc hafdi fyrri skipadr verit eptir konúngsbrefi, til at vera giptíngarmadr Helgu Eyríksdóttr danska Jacobssonar. Snæbjörn son Stepháns prests Gíslasonar biskups bad hennar, enn módir hennar Gudrún Biarnardóttir stód í móti, enn Hákon samþyckti, oc allir frændr hennar adrir, oc voru þau gefinn samann at Klofa þar Hákon bjó, annan dag Augusti um sumarit; þau áttu eitt barn er Eyríkr hèt, oc lifdi þat módr sína, enn dó sídann, oc erfdi þá fadirinn; þó taladi Biörn Grímsson málari uppá þat hiónaband oc arf eptir Helgu seinna.

CIII Cap. Dómar oc syslanir.

1605 Vetr sá er þar giördi nærstann, var enn hardr, oc hlutir í útverum litlir, enn engir fyrir nordann land; kom ís mikill fyrir austann, oc rak umhverfis landit, oc sunnan fyrir Grindavík um vertídarlok; rak undann tvö vertídar skip undir jökli. Þá andadist Benedict bóndi Halldórsson hinn ríki í Eyafyrdi, oc þótti verit hafa merkilegr höfdíngi; hèldt Olafr mágr hans Mödruvalla klaustr

eptir hann. Gengu dómar þessir er hellst eru teljandi: Biörn Benedictsson oc Sigurdr prófastr Einarsson lètu helmíngadóm gánga um hiónaband á Spialdhaga, var hann þó óendilegr, oc skotit til biskups. Sigurdr bóndi Markússon syslumadr í Þíngeyarþíngi dæmdi VI manna dóm at Keldunesi, um ómaga, eptir ákæru Jóns Vígfússonar syslumanns; þeir voru fiórir, oc dæmdust þeir at meira hlut á Magnús Vígfússon bródr hans; annann at Grítubacka um Fagrabæ, er Jón prestr Sigurdarson hafdi fengit Olafi syni sínum, at Gudmundr Illhugason mætti þá jörd af Olafi heimta, enn Olafr eiga tilkall til andvyrdis Arnarvatns, er þeir brædr Jón oc Þorsteinn prófastr Illhugasynir, höfdu fyrir III árum oc XX dæmt Hólakyrkiu-eign; var Olafr illa sáttr vid þann dóm oc ákærdi sídar. Jón Illhugason lèt enn VI manna dóm gánga í umbodi Sigurdar Markússonar, oc Sigurdr Markússon enn, um selaveidi Múla kyrkiu, oc nótalög á Beneficii lód. Jón Sigurdarson dæmdi at Lytíngstödum um kvedskap; er oc getit dóms Hákonar Arnasonar; tel eg því þetta at menn viti hverir þá höfdu syslr, oc hversu lög gengu. Þiófar tveir voru hengdir á Svarthamri vid Blöndu, Jón oc Gunnar. Þau missiri deidi Gunnar bóndi Gíslason at Vídivöllum, er margt fólk frá hönum komit, oc barnabörn öll voru þá frumvaxta. Mikil var þá enn qvörtun um hardindi þau hin miklu, oc þat er af þeim leiddi, bædi vid konúng oc höfudsmann, enda var mikil þraung á fyrir mönnum, ei sídst fyrir klædleysis sakir, þvíad kvikfènadr var svo miög fallinn. Höfudsmadr var á þíngi um sumarit, oc bad lögmenn dæma, hvert konúngr, eda hann, eda syslumadr, skal skada hljóta af því er prestar svara ei tyundum, enn þeir sögdu svo, at med því þær voru ránglega af þeim heimtar í fyrstu, þá væntu menn at konúngr gæfi þeim eptir jafnmikit í stadinn, oc þat vard. Þar lèt höfudsmadrinn dæma Ara Þorvardsson rèttann erfíngia at Teits fè, þar til annar löglegri reindist. Sídann fór hann utann, oc lèt eptir Enwoldt Kristiánsson umbodsmann sinn, syslumann í Gullbríngu syslu, enn vard siálfr lögmadr á Jótlandi; fèll þá nidr ákæra Ara vid höfudsmanna-skiptinn. Þá fèck enn Oddr biskup af lögmönnum oc lögrèttu, at þeir dæmdu tyundir skyldu giadlast af öllum konúngs oc kyrkiu jördum til prests oc kyrkiu. Þetta sumar kom út Páll Gudbrandsson, var þat mælt at hann hefdi utanlands eigi midr stundad krúsina enn lærdóminn, oc var födr hans þat harmr;

hann fèck þá Sigrídar, dóttr Biarnar bónda Benedictssonar frá Múnkaþverá, oc Elínar Pálsdóttr, taldi Gudbrandr biskup hönum til qvonarmundar IIII hundrad hundrada, enn Biörn dóttr sinni hálft slíkt; giördist Páll sídann vinsæll madr, enn afbragdsmadr var hann enginn um lærdóm eda adra hluti, oc af veitslum konúngs vid hann segir sídar, voru synir þeirra Sigrídar, Biörn, Þorlákr, Benedict, Páll oc Hákon. Þat sumar baud konúngr at flytia XV lestir brennisteins til Hafnarfiardar, undir umsión Hákonar Arnasonar syslumanns.

CIV Cap. Frá Oddi biskupi oc Ragnheidi.

Þat bar vid einhvern tíma um sumarit, erO ddr biskup visiteradi Vestfiördu, at hann kom í Hollt í Önundarfyrdi, oc var Sveinn prestr Símonarson farinn í kaupstad, hann var þá prófastr í Vestrsyslunní vid Isafiörd: tók Ragnheidr Pálsdóttir biskupi oc sveinum hans vel oc höfdínglega; sátu þau bædi til samans, oc töludu ímsa hluti at gamni sèr; oc sem biskup var ordinn nockud ölgladr, qvad hann sig þat gruna at einhverr sona Sveins prests mundi verda biskup eptir sig í Skálhollti, oc lètst vilja siá þá. Hún tók því ólíklega, bædi sakir fiölskyldu Sveins prests, oc fleiri annara hluta er hún fann til; voru þá stjúpsynir hennar leiddir framm, synir Sveins prests; biskup leit á þá, oc blessadi, oc er þeir voru frágengnir, qvad hann engann þeirra mundi biskup verda; sídann lèt hún framm leida Gissr son Sveins prests oc hennar tvævetrann, leit biskup á sveininn oc blessadi, oc qvad hann ei heldr mundi biskup verda; Ragnheidr mælti þá: svo er sem ec sagda, at ydr ætlar nú at skiótast herra! hún var þúngud, oc lagdi biskup hönd sína fyrir nedann brióst henni, oc mælti: ecki mun mèr skiótast svo mikit ef sá verdr biskup eptir mig, sem nú ber þú undir þínu brióstí; hún mælti: satt mun þat herra! annadhvert mun hann verda biskup eda meistari, oc felldu þau svo talit. Ragnheidr vard lèttari um haustit, hinn XIVda dag Septembris mánadar, á föstudag um midjann aptan, oc ól svein, oc var sá nefndr Brynjúlfr. Ragnheidr var mikill qvennskörúngr,

vitr, örlát oc höfdíngiadiörf. Sveinn prestr var oc hinn mesti merkismadr í allri hegdan, hvert sem hann var ódruckinn edr eigi, at því er í frædibókum segir.

CV Cap. Alyktar ord.

Nú er talit hvad til hefir borit á XVIdu öld í landi hèr, eptir því sem eg vissi framast, oc byriud hin XVIIda, vitum vèr þat med sanni at enginn hardindi hafa jafnmikil gengit yfir land þetta, frá því í XIVdu öld, oc til þess er hèr var komit, sem þau er nú eru talinn, oc nærst hefir verit frásagt. Draup vid þat nidr landit, meir enn á hinum nærstu mannsöldrum hafdi verit, oc fyrntist æ meir allr manndómr oc upphressíngar hugr, svo sem merkja má af mörgum qvedlíngum er í þennann tíma oc þar eptir hafa qvednir verit; þó auka þeir meir enn vana þá eymd oc volædi er margir menn reyndu, sem jafnann verdr þegar skiptir til verra; oc er þar um til dæma eitt med mörgu ödru, qvædi er um þennan tíma var orkt, enn nockru seinna prentad í vísnabókinni, oc kallast samanburdr þessarar aldar er nú er vid hina fyrri; þar segir svo:

Frost oc kuldi kvelia þióð,
koma nú skialdann árinn góð,
ecki er nærri öld svo fróð
í guds ordi kláru,
sem var hún á villu-árum.

Má þat hèr heyra at aukit er þat sem segir í hinum seinni hendíngunum; má þó til sanns færa, er menn rækti midr at skilja eda stunda rèttann kristindóm, enn giört var ádr vid páfadóm, oc festu færra í mynni, eptir tiltölu, sem laungum hefir þó samfara ordit tækifæri upplysíngar. Enn þó var hleypidóma-samt, oc ecki þess vant, þó hvorfnir væri flestir vidburdir hinna fyrri manna, at margir hèldi fast vid allann óvana fornann oc hindrvitni í öllu því er þeir máttu eda þórdu. Verdr slíkt oc jafnan,

at dæmi eru tekinn til eptirbreytnis af fornum mönnum, edr af ödrum þeim er menn vyrda mikils, um þat er eigi skyldi, enn ecki at manndómi eda dád. Enn svo mikil fávitska var þá med mörgum almúga um andlega hluti, oc þánkaleysi um annad enn vanann einann, at eigi mundu menn eda varla trúa á vorum dögum. Voru þeir oc allfærstir til þess er hèr var komit, sem frædi stundudu, eda vissu hvad ádr hafdi til borit, enn hèdann af tók heldr skyn þat nockut at lysa.

V^{ti} Hluti

tekr yfir öndverda XVII^{du} öld, til dauda Þorláks biskups.

Hèr segir frá fyrirmönnum þeim er uppi voru voru eptir harda vetr; Gudbrandi biskupi, oc fráfalli Jóns lögmanns, er hann var at bodi med Herluff Daae; ritadr mordbrèfa bæklíngr; daudi Þórdar lögmanns oc ímisleg tídindi. Rán Gascona á Vestfiördum, oc Enskra í Vestmanna-eyum. Gasconar afrádnir. Frá Oddi biskupi, oc óvild þeirra Herluffs Daae, oc því ödru er vidbar til þess Commissarii komu út. Mál Gudbrands biskups oc mótgángr, oc lögmanna scipti; andlát Páls Gudbrandssonar, oc frá forspá Odds biskups; sagt frá hestavígi oc ödrum tilburdum, siúkleika Gudbrands biskups, oc herförum Kristiáns konúngs; hefst

at brenna galdramenn. Þar eptir segir frá ímsum hlutum oc fráfalli merkismanna; enn Algiers Tyrkiar koma hèr vid land, heria oc ræna Vestmanna eyar; vörn á móti þeim í Seilunni. Gudbrandr biskup deir; Arngrímr lærdi stendr fyrir stiptinu, enn Þorlákr verdr biskup. Segir frá Gísla Hákonarsyni oc Oddi biskupi oc sonum hans; qvonfáng Þorláks biskups, oc daudi Odds, oc Gísla lögmanns; Gísli Oddsson tekr vid stóli, oc segir frá ímsum fyrirmönnum, enkum Bryniúlfi Sveinssyni; frá Jóni lærda; kemr Hvítivetr oc Pros Mundt verdr höfudsmadr. Segir sídann frá ímsum mönnum til þess er Gísli biskup oc Halldór lögmadr deja; enn í þeirra stad koma meistari Brynjúlfr oc Magnús Biarnarson; batnar sídann árferdit, oc segir frá ímsu því er til bar, oc byggíngum Brynjúlfs biskups; gètr medal annars um mál Gudmundar Andressonar, oc Hospitala setningu; er þó stórtídinda lítit í landi, oc allgott, undir stiórn Henriks Bielka höfudsmanns; fer svo framm partil er Þorlákr biskup deir.

I Cap. Höfdíngiar oc heldri menn taldir.

Fiórum vetrum eptir Lurk, er einn hefir mestr vetr komit á landi 1605
hèr, var þraung mikil medal manna. Þá voru þessir uppi höfdíngiar í landi, svo at vèr kunnum frá at segia: höfudsmadr var Enwold Kruse, Gudbrandr oc Oddr biskupar, Gudbrandr var þeirra miklu eldri; Þórdr oc Jón voru lögmenn, þeir voru miög gamladir bádir, Jón VI vetrum eldri enn Gudbrandr biskup, enn þó var Þórdr eldri, því börn hans voru biskupud fordum, af Jóni biskupi Arasyni, oc skorti fátt í sextygi vetr sídann. Ari son Magnúsar Jónssonar, bródrson Jóns lögmanns, bjó í Ögri oc hafdi Isafiardar syslu, hann var manna mestr oc göfuglegastr at siá, rausnarmadr mikill oc audugr, hann átti Kristínu dóttr Gudbrands biskups, þeirra börn voru Magnús á Reykhólum, er átti Þórunni ríku dóttr Jóns á Galtalæk, Vígfússonar Þorsteinssonar; Jón prestr í Vatnsfyrdi er sídann átti Hólmfrídi Sigurdardóttr Oddssonar biskups; Þorlákr er átti Málmfrídi dóttr Gísla Biarnarsonar prófasts Gíslasonar, oc Þórunnar Hannesdóttr frá Snoksdal. Helga, hún ólst upp at Hólum med Gudbrandi biskupi módrfödr sínum, oc fèck hennar sídar Gudmundr Hákonarson. Halldóra, hún var giörfugleg miög, enn giptist ecki. Jón eldri Magnússon bródir Ara bjó at Reykhólum, oc átti Astrídi dóttr Gísla, Þórdarsonar lögmanns, oc börn mörg, oc margt stórmenni er frá hönum; hann var vitr madr, oc hèldt Dala syslu. Jón yngri Magnússon Dan hafdi ecki syslu, hann átti Ingvildi dóttr Gudmundar Helgasonar á Eyri í Arnafyrdi; Biarni var einn son þeirra, fadir Biarna, födr Ingvildar, módr Boga Benedictssonar. Biörn Magnússon bjó á Raudasandi, oc hèldt Bardastrandar syslu, hann var fadir Eggerts á Skardi oc Páls prests í Selárdal. Snæfellsness syslu oc Stapa umbod, oc svo Húnavatns syslu, hèldt Jón lögmadr oc sat at Þíngeyrum, oc hafdi klaustr umbod, enn stundum var hann á Arnarstapa, enn Borgarfiardar syslu alla hèldt Þórdr lögmadr Gudmundarson. Gísli son hans bjó at ytra Hólmi, oc hafdi haldit eda hèldt þá enn syslr sydra, voru börn hans öll roskinn. Steindór son hans var utanlands oc á hendi tignum mönnum. Arni annar son Gísla átti Steinunni, dóttr Hannesar í Snóksdal Biarnarsonar. Henrik átti Gudrúnu Magnúsdóttr systr Ara í Ögri; Gudrídr var gipt

Jóni presti Gudmundarsyni í Hytardal, hann var prófastr; Astrídr Jóni Magnússyni, enn sum voru enn ógipt. Hákon Arnason Gíslasonar hafdi Arness syslu oc bjó í Klofa á Landi; Gísli bródir hans Rángárvalla syslu; Arni á Eydum Magnússon, Vígfússonar Þorsteinssonar, Múla syslu; Sigurdr Markússon Þíngeyar syslu, enn Jón Vígfússon lifdi þá embættislaus; Jón var álitlegr ásyndum, oc hinn audugasti madr, enn lítill skörúngr hafdi hann verit í ödru enn fèsyslan sinni; Biörn Benedictsson á Múnkaþverá hafdi Vadlaþíng; Jón Sigurdarson á Reinistad Hegraness syslu; enn voru þessir menn þá uppi þeir er mannsmót var at, oc ættir eru tilraknar: Finnr son Jóns í Flatey, Biarnarsonar Þorleifssonar oc synir hans; Hannes Biarnarson í Snóksdal; Einar Þorleifsson frá Múla á Skálmarnesi Jónssonar, fadir Þórólfs oc brædra hans; Ormr Jónsson prests Þorleifssonar Gudmundarsonar Andressonar, hann var fadir Jóns prests á Kvennabrecku, födr Magnúsar prests, födr Arna Assessors oc hans systkina; Gudmundr oc Jón Biarnarsynir frá Stóraskógi Gudmundarsonar Þorleifssonar; Einar Teitsson frá Asgardi Eyrikssonar Gudmundarsonar Andressonar. Pètr hèt madr er bjó í Vestfiördum, son hans var Jón er hann kom utan til Englands, oc bjó sídann í Brokey, oc var Fálkafángari, oc kalladr Brokeyar Jón; synir Jóns Olafssonar á Svarfhóli oc í Galltardalstúngu, Dadi silfrsmidr at Felli á Fellsströnd, hann var fadir Halldórs prófasts í Hruna, oc Gísli, oc Olafr á Svarfhóli, er kalladr var illi Láfi, hann var mikill fyrir sèr oc audugr at fè, oc fadir Jóns prests er sídann var í Hvammi í Nordrárdal; Þorleifr á Fellsenda oc Jón synir Biarna Sumarlidasonar; Arnór Loptsson í Liáskógum oc Asgeir son hans; Arni í Sælíngsdal son Lopts prests Pètrssonar Loptssonar, hans son hèt Loptr; Skúli Hálfdánarson Gudmundarsonar bródrson Dada, oc synir hans; Dadi á Skardi oc Þorleifr í Búdardal synir Biarna Oddssonar; Gísli bjó í Galltardalstúngu son Jóns Olafssonar á Svarfhóli, hann var fadir Jóns bartskèra oc hans systkina oc Sigmundar, módrfödr Jóns biskups Arnasonar. Pètr Pálsson bjó at Stadarhóli, segia sumir hann hefdi syslu nockra hríd, hann vard snemma blindr; Jón Egilsson at Skardi í Lángadal oc Eyríkr bródir hans; Jón Einarsson Þórarinssonar í Bólstadahlíd bjó at Gunnsteinstödum, Gudmundr bródir hans oc hans son Ari voru í Skagafyrdi, Skúli Einarsson bródir þeirra bjó at Eyríksstödum í Svartárdal, oc átti Steinunni dóttr

Gudbrands biskups, oc börn mörg, hann var kalladr Sauda-Skúli. Ari Gudmundarson sá er gètit var, var fadir Gudmundar í Flatatúngu, sem Flatatúngu ætt er frá kominn. Synir Olafs Thomassonar á Hafgrímsstödum bjuggu í Skagafyrdi, Jón Jónsson Grímssonar frá Ökrum, var annadtveggia á Sjáfarborg eda farinn nordr, hann var fadir Magnúsar á Sjáfarborg, oc Þórdysar er Arni Oddsson átti; uppi voru allir synir Biarnar prests Jónssonar biskups, eda flestir, Jón bóndi á Grund í Eyafyrdi, er syslumadr hafdi verit, Arni í Skagafyrdi, Teitr á Holltastödum, oc Biarni vestr á Briámslæk, oc sonarsynir hans, Biörn oc Eyríkr Magnússynir, Isleifr á Hofi Þorbergsson oc Sigurdr bródir hans; Gudmundr í Gröf Hallgrímsson Sveinbjarnarsonar, hans son var Hallgrímr í Gröf, enn annar Pètr oc var skynsemdarlítill, enn þó frómr, oc tók Gudbrandr biskup hann fyrir hríngiara á Hólum sakir frændsemi. Hrólfr Biarnason bjó í Skagafyrdi fyri vestan Jökulsá, oc synir hans sumir, Sigurdr var mest kunnugr oc Þorbergr, Biarni oc Bessi, þeir voru menn knálegir oc sterkir, enn þó ei á þann hátt, sem fadir þeirra hafdi verit, enn hann var gamall mjög er hèr var komit. Biörn Jónsson bjó at Skardsá; Ingialdr á Reykjum í Midfyrdi son Illhuga prests Gudmundarsonar í Múla, oc hafdi Midfiardar jardir; Gudmundr Illhugason bródir hans í Eyafyrdi, Jón Illhugason hin þridji í Þíngeyar þíngi, er lögsagnari var oc opt er getit; Jón bóndi Ormsson á Einarstödum, oc synir hans þar nyrdra; Olafr Jónsson rebba at Mödruvöllum í Hörgárdal, synir hans voru á legg komnir, Halldór, Þorvaldr oc Sígfús. Arni Magnússon Arnasonar Pètrssonar Loptssonar bjó at Grítubacka í Höfdahverfi, frá hönum er Grítubacka ætt, Pètr bródir hans í Vík, enn Biörn bródir þeirra á Laxamyri, hann var gyldr um allt oc mikill fyrir sèr. Gudmundr bjó á Siglunesi Jónsson, oc Jón sonr hans eptir hann, sá er fèck Steinvarar Olafsdóttr, oc var fadir Sveins prests á Bardi oc Gudmundar, sem stórmenni er mest frákomit á ofanverdri XVIIldu öld. Hrafn bjó í Skördum Oddsson Asmundarsonar Sturlusonar, oc synir hans þar nyrdra, þeir frændr voru miklir fyrir sèr oc ódælir. Einar son Nicolásar Þorsteinssonar bjó at Hèdinshöfda, oc synir hans þar nyrdra Nicolás í Reykiahlíd, oc Jón í Hafrafellstúngu oc enn fleiri. Magnús var eystra son Vígfúsar Þorsteinssonar oc bródir Jóns á Galltalæk at faderni, enn fadir Arna á Eydum, oc Einar Asmundarson er átti

Málmfrídi dóttr Biarna Erlendssonar á Kètilstödum; Þorsteinn Magnússon bródir Biarnar á Laxamyri, var oc mikilsháttar madr eystra, oc verdr enn gètit. Þorleifr Magnússon bródir Ara í Ögri bjó at Hlídarenda, enn ei veit eg hvert þá var ordit. Erlendr bjó at Hvoli Asmundarson Þorleifssonar lögmanns. Henrik var fyrir sunnan land oc Torfi, synir Erlendar Magnússonar sem duggúna tók Ensku; Torfi var fadir Þormódar; enn voru Isleifr oc Þórdr synir Ejólfs Halldórssonar, oc synir Ejólfs Einarssonar í Dal, oc synir Hiallta Magnússonar í Teigi, oc allir synir Arna Gíslasonar at Hlídarenda er ei eru ádr nefndir. Didrik son Þorsteins Sighvatssonar; þeir Asgeirssynir frá Lundi, Biörgólfr oc Tyrfíngr, Sigurdr oc Snorri; Jón oc Gudni Eyrikssynir Torfasonar frá Klofa, oc synir þeirra; Brynjólfr á Skardi á Landi var son Jóns. Hákon bjó at Nesi vid Seltjörn, son Biarnar prófasts Gíslasonar, oc var göfugr madr oc ágætr, hann átti Solveigu dóttr Jóns Marteinssonar, Gudmundr var merkilegastr barna þeirra; Gísli bródir Hákonar bjó á ímsum jördum, er hann átti í Dölum oc vídar oc hísti þær allar; Biörn á Vatnsenda var merkilegastr sona hans, enn mikit var hans afqvæmi. Helgi bjó á ímsum stödum í Borgarfyrdi Vígfússon Jónssonar Grímssonar, oc var fiölhæfr oc allmikill fyrir sèr, oc brugdinn vid margt, hann átti Þurídi, dóttr Asgeirs prests Hákonarsonar, oc jardir margar, oc var fadir Vígfúsar Hellna prests ok systkina hans. Gudmundr oc Ögmundr voru enn uppi synir Halls Olafssonar. Ormr Vígfússon bjó at Eyum í Kjós, enn Illhugi bródir hans at Kalastödum; Vilhiálmr hèt einn bródir þeirra, oc var í Borgarfyrdi oc átti Astrídi dóttr Bödvars prófasts, oc Jónar voru tveir, var annar prestr í Middölum, enn annar Jón sem utan fór med brèf Þórdar lögmanns módrfödr þeirra, oc var sá kalladr Jón Krákr; Gudmundr var einn, er átti dóttr Hannesar frá Hvammi í Kjós, er þá bjó þar, oc var þeirra dóttir Jórun kona Vígfusar í Kyrkiubæ Magnússonar Eyríkssonar, er köllud er Höfdabrecku-Jóka; enn systur Orms í Eyum, voru Þurídr er gipt var Gísla syni Jóns á Svarfhóli, oc Ingibjörg er Olafr átti bródir hans, oc Asta er Þorsteinn átti Magnússon, oc Ingvildr er Jón prestr átti, son Þormóds í Brædratúngu. Finnr Steindórsson Finnssonar Arnórssonar á Ökrum, bjó at Ökrum í Hraunhrepp, hans synir voru Sigurdr prestr er seinast var í Miklaholti, oc mikil ætt er frá, Steindór á Ingialdshóli, Jón prestr oc

Eyríkr at Kálfalæk. Eyríkr Steindórsson á Lángárfossi var bródir Finns, oc voru þeir systrsynir Einars Eyríkssonar á Hvanneyri, oc allvel á sig komnir; átti Eyríkr Helgu systr Jóns prests Gudmundarsonar í Hytardal, oc er þadann mikid kyn. Þá voru enn uppi brædrasynir Sigmundar biskups, oc Erlíngr, Jón oc Ormr synir Erlíngs Gíslasonar Jónssonar prests í Hollti Gíslasonar Philippussonar frá Haga, nema þeir hafi þennan tíma dánir verit. Jón var fadir Olafs prests hins fyrra á Söndum. Jón oc Magnús voru í Isafyrdi Gissurarsynir frá Núpi Þorlákssonar Einarssonar, oc enn fleiri meigu merkismenn verit hafa, þótt eg nefni ei alla.

II Cap. Taldir nockrir prestar.

Prestar voru þá þessir nafnkunnugastir uppi svo at eg viti. Oddr prestr austr í Hofi, son Þorkèls Hallgrímssonar Barna-Sveinbjarnarsonar, oc brædrúngr vid Gudbrand biskup, hann var mikilhæfr; hans son var Biarni er bjó at Asi í Fellum oc hafdi syslu, enn at Bustarfelli sídar, oc Bustarfells ætt er frá kominn. Arni prestr var í Vallanesi Þorvardsson, Einar prestr Sigurdarson í Heydölum prófastr oc officialis; Arni prestr Gíslason biskups at Hollti undir Eyafiöllum, Sigurdr Einarsson at Breidabólstad, prófastr, bródir Odds biskups, Stephán prestr Gíslason biskups í Odda; Ormr Ofeigsson at Kyrkjubæ í Vestmannaeyum, sá er fyrr var á Þíngvelli, oc vellti þar grióti í vík eina til at spilla veidi, nóttu ádr enn hann fór þadann, enn flaugst á vid prest þann er til kom, um hurd; hafdi hann oc átt vid Orm Vígfússon sídann hann kom í Vestmanna-eyar. Olafr Egilsson var þar prestr fyrir ofann leiti, bródir Jóns prests í Hrepphólum oc sonr Egils Einarssonar prests hins gamla í Gördum Olafssonar. Henrik Evertsson var í Villíngahollti, hann var þískr, son hans var Evert sem komst í konumálit, oc rakst af því undir jökul vestr, fadir Snorra á Vadstacksheidi. Gudmundr prestr í Gaulveriabæ son Gísla Sveinssonar, andadist þessi missiri. Páll prestr Erasmusson Villadtssonar var í Hólum. Gunnlaugr í Hruna Jónsson prests frá Vatnsfyrdi, er Oddr biskup tók stad af, Loptssonar. Jón prestr var at Torfastödum, son Þorsteins Sighvatssonar, hann var skáld oc klerkr ágætr,

oc var í Vestmannaeyum sídar. Oddr prestr Oddsson hèldt Stad í Gríndavík, enn sídann hèldt hann Reinivelli, oc var merkilegr madr; Ormr Egilsson Kálfatjörn, hann var prófastr. Jón prestr Kráksson var í Görduin, Hallkèll Stephánsson Hallkèlssonar á Seltjarnarnesi, Ormr Þorvardsson at Reinivöllum, Einar son Þórdar lögmanns á Melum. Jón Salomonsson prests Gudmundarsonar, at Hesti. Bödvar prófastr Jónsson at Reykiahollti; Jón eldri son hans at Húsafelli, Asmundr Þormódsson frá Brædratúngu Asmundarsonar at Hvammi í Nordrírdal. Jón Jónsson gamli at Stadarhrauni, hann hafdi verit þar er hèr var komit í XVII vetr, enn var sídann í III vetr hins sètta túgar. Jón prófastr Gudmundarson í Hytardal, hann var einna lærdastr þessvegar lands; Gudmundr prestr Einarsson á Stad á Ölduhrygg eda Stadarstad, brædrúngr Gudbrands biskups, Sigurdr prestr Finnsson frá Ökrum Steindórssonar, var í Breiduvík; Skapti prófastr Loptsson Þorkelssonar at Selbergi; Þórdr prestr Brandsson Einarssonar at Hiardarhollti, frá hönum er margt fólk; Gísli prestr Gudbrandsson at Hvammi í Hvammssveit, sá er skólameistari hafdi verit, oc gervilegr madr bródrson Biarna á Fellsenda; Biarni Halldórsson prófastr í Selárdal bródrson Gissurar biskups. Olafr Jónsson Erlíngssonar af Mókollsætt, á Söndum í Dyrafyrdi, hann var skáld, oc hefir orkt margt andlegt oc klöckt. Sveinn prestr Símonarson at Hollti í Önundarfyrdi, prófastr oc merkilegr madr. Gísli Einarsson í Vatnsfyrdi bródir Odds biskups; Snæbjörn at Kyrkjubóli, Torfason, Jónssonar frá Hiardardal, Olafssonar í Þernuvík, hann var prófastr, oc var hans son Torfi prestr fadir þeirra Kyrkjubólsbrædra. Þeir voru nafnkunnugastir prestar fyrir nordann land: Arngrímr Jónsson lærdi, Sæmundr Kársson í Glaumbæ, Olafr Erlendsson at Breidibólstad í Vestrhopi, Sigurdr Einarsson prófastr í Eyafyrdi, Biarni Gamlason at Grenjadarstad, Brynjúlfr Arnason at Bergstödum, er í mörgum þræsum átti, Biarni son Jóns Ormssonar frá Einarsstödum, hann hèldt Helgastadi, oc synir Olafs prests Gudmundarsonar á Saudanesi.

III Cap. Frá Gudbrandi biskupi.

Gudbrandr biskup var fyrir öllum mönnum á landi hèr í þann tíma um nytsemdir; hann var oc lærdari á flest enn þeir menn

allir er nærstir voru eptir páfadóminn; hafdi hann gódann skilníng á stiörnulyst, oc smídadi af hagleiks gáfu sinni mynd eptir himinhvelfíngu, oc tók poli hæd Islands; tileignadi hann þat fyrrum Johanni Búcholt höfudsmanni, medann vinátta þeirra stód; kalladi hann polihædina á Hólum LXV gradr XLV minútr; adra mynd smídadi hann eptir jardar-knettinum meistaralega, oc tókst á hendr at sína afstödu Islands augliósari oc rèttari enn fyrri var málud á sjó-kortum, enn þat hindradist fyrir annríkis sakir, mótfalls oc heilsubrests. Af hans undirvísan oc upphvatníngu jokst oc efldist lærdómrinn nordannlands í mörgum greinum, oc heldst heima á Hólum. Jafnann þá er hann var ósjúkr eda óhindradr, vakti hann samtal nockrt yfir bordum, vid lærda menn oc vitra er þá voru nær hendi, um andlegt efni eda veraldligt, eda nockud þat er naudsyn var til, eda nytsemd at, svo menn máttu fara svo fródari sem mettari frá bordi hans, ef mannrænu höfdu eda skynsemd eptir at taka; af þeim hlutum urdu heimamenn hans fróddari oc betr mentadir enn adrir menn, svo sem var Arngrímr prestr Jónsson hinn lærdi, Þorlákr Skúlason dóttrsonr hans, því hann ólst upp med hönum, Gudmundr prestr Einarson at Stad, oc Magnús prestr Olafsson í Laufási; jafnann ydjadi hann nockud, oc var hinn mesti hugvitsmadr oc hinn hagasti, svo hann smídadi nálega eptir öllu því er hann sá, enn var kappsamr at fullgiöra sèrhvad er hann tók upp. Mest sá hann um at vanda prentverk sitt, oc at þat gengi sem best framm, var hann fær um at lagfæra, oc svo segia fyrir hve lagfæra skyldi. Hann hafdi mikla hamíngiu medann Fridrikr annar var konúngr, oc fèck jafnann þat er hann bad hann fyrir sig edr adra, oc var í vináttu vid hina lærdustu menn erlendis, Doctor Pál Matthiasson, Doctor Pètr Winstrup, Doctor Johan Pauli Resenium Siálands biskupa hvern eptir annann; Doctor Nicolaum Hemmíngium, oc Doctor Philippum Nicolaum í Hamborg, er eignadi Gudbrandi biskupi eina bók er hann lèt prenta; enn á dögum Kristiáns konúngs fiórda veitti hönum margt þíngra. Hann var gèstrisinn oc veitíngasamr, ör oc einlægr vid vini sína, gagnordr oc slèttordr, oc miög í móti hræsni oc hègóma hæversku; hann var audugr at fè, oc lèt miög bata Hólastad, oc byggia nya húsit, studiudyr oc lopt yfir; keppinn var hann oc viljamikill, hvad sem hann tókst á hendr,

oc vildi þat framm láta gánga, oc heldr til berordr vid mótstödumenn sína; þótti þeim hann ágiarn oc óeyrinn fyrir jarda ákærur hans, oc því var jafnann illa med þeim Jóni lögmanni. Hann lèt eptir sig sálma nockra oc eignar sèr siálfum tvo eda þriá; er einn sálmrinn: Gudi lof skalt önd mín inna; oc er nafn hans fólgit í hinum fyrstu ordum í versunum; enn annar: Gud þinn oc herra einn yfir allt; þar er nafn hans hèr oc þar innann um versinn, oc á þann hátt: Gudbrandr Þorláksson biskup yfir allt Hóla dómkyrkiu umdæmi.

IV Cap. Fráfall Jóns lögmanns oc annat.

Um vetrinn eptir þat er Enwoldt Krúse höfudsmadr var utann farinn, hyggia sumir menn at Jón lögmadr hafi verit umbodsmadr höfudsmanns, oc má þat sannara vera enn hitt er nockrir segia, at hann hafi fengit forrád yfir landi öllu þegar annar höfudsmadr kom; svo er sagt at hann hafi gefit Gudrúnu konu sinni festi eina, oc bedit hana ei lóga, hvad sem í skærist. Þá lèt Gudbrandr biskup
1606 prenta bók Lúthers um andleg hervopn ödru sinni, oc útleggíngu yfir fadir vor Mariagers, er hann hafdi siálfr giört, einnin utleggíngu yfir ydrunar-sálma Davids, oc frædi Lúthers. Þat ætla menn hann hafi þá búist vid nockru áhlaupi, því hann ritadi lánga afsakan, oc fèck hana einum vin sínum, oc bad hann afhenda höfudsmanni þeim sem skipadr yrdi, er hann kæmi út; þar var miög talad um óvild oc rángdæmi manna, qvad hann menn bera sèr á brín konúngsbrèf nockr er hann hefdi útvegad; eitt um þat at kyrkiur væri eigi lengr ræníngia bæli, enn annad at menn mættu giptast samann at þridia oc fiórda lid, oc kalla sig efla þar med ósidu, oc annad slíkt; taldi hann fleira er fyrir laungu var skèd; einnin at þeir kalli hann þrætusamann fyrir þá sök at hann vilji hneckja því er órètt var, oc bad höfudsmanninn trúa ecki slíkum sögum. Hafa menn dregit þat samann vid sumt er á eptir kom. Páll son Gudbrands biskups var skólameistari at Hólum eptir Gudmund prest Einarsson. Þá fóru framm dómar at Lambey í Borgarfyrdi um giafir, oc gèldneytarekstr; enn Jón Sigurdarson dæmdi at Vallalaug um illa vadmálagiörd. Þorbergr oc Sigurdr synir Hrólfs Biarnasonar fengu Þíngeyarþíng bádir, oc lèt Þorbergr *XII*

manna dóm gánga um vorit, at Helgastödum í Reykiadal, um Gudrúnu Þorsteinsdóttr, sem ordit hefdi at bana barni Olafs Jónssonar, var hún dæmd dræp oc deydandi; segir Biörn at Skardsá hún hafi brennt barnit í grautarpotti. Um sumarit kom út höfudsmadr hinn nyi, Herluff Daae af Snödinge, hönum var fastlega bodit at dæma menn át Islendskum lögum; sendi hann jafnskiótt bod eptir Jóni lögmanni vestr á Arnarstapa, oc bad hann koma þegar á fund vid sig, brá hann vid, oc reid skiótt sudr á Nes, var hann fótstyrdr oc þúngfær, því hann var þá siötugr at aldri; hann kom til Bessastada qveldinu fyrir Jónsmessu, oc var hönum vel tekit oc fast druckit, því Herluff Daae var ör at veita; segia menn svo at þá hafi Jón lögmadr þetta mælt: Nú skal Gutti setja ofann; enn óskad sèr at vera þá tvíelleftr; hann gèck í tjald sitt um qveldit at sofa, enn at morgni gèck kona dönsk út undir kyrkiugardinn þar tjaldit stód, oc inn, oc sá at hann var andadr, enn menn hans sváfu þar umhverfis hann; hún sagdi þá til, oc var lík hans látit í kistu, oc grafit vyrduglega hiá kistu Páls Stígssonar höfudsmanns, er þar var sett nidr XL vetrum ádr; ætludu sumir koddinn mundi hafa kæft hann. Hann var lögmadr um II vetr hins fiórda tugar, oc syslumadr hinn mesti, oc vel at sèr um atgervi alla. Þórdr lögmadr þóttist þá ei til fær fyrir elli sakir, oc lèt af lögsögn, var kosinn Gísli sonr hans eptir hann; enn fyrir nordann oc vestann komu fiórir undir kosníngu, þeir Magnússynir, Ari í Ögri oc Jón eldri, Biörn Benedictsson at Munkaþverá, oc Jón Sigurdarson at Reinistad bródrsonr Jóns lögmanns, var hlutad um, oc hlaut Jón Sigurdarson; hann tók þá oc Húnavatnssyslu um hríd, oc var þar umbodsmadr hans Ingialdr Illhugason prests Gudmundarsonar, oc lèt gánga dóm um kúgildi; hann hafdi þá Midfiardarjardir oc bjó at Reykium, kölludu sumir hann Ingiald sterka, var hann fadir Illhuga prests á Vatnsnesi, födr Erlendar prests. Páll Gudbrandsson fèck sídann Hunavatnssyslu. Þá var tekinn af á alþíngi sá madr er Biarni hèt Hildibrandsson, hann hafdi fallit med systrum tveimr; enn um haustid dó Ingibiörg kona Þormódar Asmundarsonar í Brædratúngu, hún var dóttir Þorsteins í Hiörtsey, Torfasonar í Klofa. Þá var oc Jón Sigurdarson á Reinistad ákærdr um peníngahald, af bródr sínum er Þorfinnr hèt.

V Cap. Frá ímsu.

Eptir andlát Jóns lögmanns andadist mey sú er þau Gudrún höfdu átt samann; bar þá fèd allt undir Gudrúnu, oc var nú kvennsilfr hennar VIII fiórdúngar, enn sumir segia XII. Þótti Ara Magnússyni þat ílla er Gudrún hafdi allt fèd, oc tók at sèr nockud umbod hennar, edr lètst taka, oc hafdi af henni Silfrastadi í Skagafyrdi X tygi hundrud í umbodslaun. Gudmundr Stephánsson sveinn Jóns lögmanns, var rádsmadr hennar, oc vildi fá hennar, enn þat var meinad. Þá vard hún ordud af hönum, enn hún vann eyd fyrir alla menn nema bónda sinn; þó var hún vel til Gudmundar, oc gaf hönum jörd í þiónustulaun hans; svo segia menn at Gísli lögmadr Þórdarson hafi þá ritad Steindóri syni sínum til Kaupmannahafnar, oc rádit hönum til at koma út híngad, oc fá Gudrúnar, því þar var fè vænlegt, enn þat drógst undann at því sinni, oc fèck þó Steindór ærit. Þá var Loptr son Skapta prófasts Loptssonar at Setbergi, prestr at Bessastödum, oc baud konúngr at fá hönum annad kall, var hann þar eptir at Mikla-
1607 hollti. Herluff Daae höfudsmadr var utann um vetrinn. Þá lèt Gudbrandr biskup prenta graduale, bænabók sína, oc forfedra bænabók. Gètit er þá dóms Arna Magnússonar syslumanns at Hialltastödum í Múlaþíngi um vorit. Um sumarit kom út Herluff Daae, oc hafdi konúngsbrèf um lèni oc festr fyrir syslum oc klaustrum, at menn skyldu halda þeim á medann lifdu, giördi þat mikil umskipti frá því sem ádr hafdi verit; var Jóni Sigurdarsyni med þeim hætti veitt Skagafiardar sysla oc Reinistadar klaustr, oc enn fiórar jardir, enn Páli Gudbrandssyni Húnavatns sysla oc Þíngeyra klaustr, oc Vatnsdalsjardir; oc svo Gísla lögmanni Þórdarsyni Stapa umbod. Þormódr Kortsson Lydssonar ens Danska hèldt þá Kyrkjubæar klaustr. Eitt brèf var um þat at höfudsmenn þeir er nítekit höfdu vid, skyldu stadfesta enn rengia ecki giördir formanna sinna. Reid Herluff Daae nordr til Hóla, fyrir Alþíng, oc med hönum Biörn bóndi Benedictsson, at reka nockr sèrleg eyrindi konúngs vid Gudbrand biskup, er eptirleifar voru af ágreiníngum þeirra Jóns lögmanns; sídann reid hann sudr med XL pund silfrs, reid hann Kiöl til Skálhollts, oc sást þar um sem hönum líkadi, oc þadann á alþíng. Giörnínga fæ eg þá eigi talit merkilega; enn ecki vildi Gudrún Einarsdóttir edr

Ari Magnússon hennar vegna, skila svo Þíngeyra klaustri oc kyrkju Páli Gudbrandssyni í hönd at hönum líkadi, oc vard ágreiníngr med þeim. Þá var prentud kyrkju-ordinantia Kristiáns konúngs. I þann tíma þótti mönnum sem þeir sæi orm þann er sagt er sè í Lagarflióti, oc svo giörla í þremr bugtum, at madr hefdi mátt gánga undir hverja med lángvopnum ef á landi hefdi verit; voru þat þá kalladir fyrirburdir.

VI Cap. Ritadr mordbrèfa bæklíngr.

Þar eptir giördi vetr gódann miög, enn spillti med sumrinu, 1608
komu þá ísar oc mikil hardindi, oc lá ísinn til Jónsmessu; enn á mánadaginn eptir pálmadag tyndust X menn af skipi á Hópi í Grindavík; þá giördist Olafr bródir Odds biskups prestr í Kyrkiubæ í Túngu, oc hèldt lengi sídann, enn Jón Biarnason var skólameistari eptir hann, frændi biskups, hafdi þó ei utann farit. Þá lèt Gudbrandr biskup prenta spegil eilífs lífs; oc hina þridju afsökun Jóns Sigmundarsonar, er hann kalladi sanna undirvísun um þau hrædilegu mords- oc manndrápsbrèf uppá Jón Sigmundarson. Var hann þar í hellst til frekr oc berordr, ámælti oc mótstödumönnum, mest þeim Jóni Olafssyni í Stóradal, sneyddi at þeim falsbrèfa giördina, oc enkanlega Biarna Sigurdarsyni Biarnasonar Torfasonar frá Klofa, er sídar bjó at Stockseyri, enn alist hafdi upp med Markúsi Olafssyni syslumanni, stiúpfödr sínum, bródr Jóns, er þá var fyrir laungu dáinn; setti hann framm sem í spurníngu, hvert hönd Biarna hefdi ecki komit vid þau falsbrèf, enn Biarni vann fyrir þat tylftareyd á alþíngi. Biskup ámælti þar oc miög mörgum fleirum meiri oc minni háttar mönnum, yfirmönnum oc dómendum, fyrir lögleysr oc misjafna dóma, oc kenndi fylgi vid Jón lögmann oc ránglæti hans; fèck hann af því þúnga óvild oc árásir, þó ei yrdi þá at sinni. Enn um þetta leiti kom framm ófrægd sú er hann hafdi fengit af uppgrefti Gvöndar Loka, oc fèck hann áminníngu harda af konúnginum; fengu oc óvildarmenn hans sèr þadann af ímsa hluti til, sem enn mun seinna sagt verda; voru þá flestir höfdíngiar í tengdum eda mægdum eda ætterni vid Jón lögmann, oc þá adra er hann hafdi ámælt. Þá

kom konúngsbod at þísk oc Ensk hús á landi hèr brytist oc legdist til konúngsjarda er fallnar voru.

VII Cap. Tilburdir ímsir, oc frá Páli Gudbrandssyni.

Þau missiri var konann brend, sem barninu fargadi í katlinum; þá var á alþíngi dæmt, at ríkisdalr gyldi VI aura í sakeyri, V aura í prestgiöld, tyund oc landskuld, enn VIII álnir vadmáls í konúngs skatt; annar dómr var um hrísklyfiar leyfislaust teknar úr annara landi; þridji var um tvísögn á barnsfaderni, einnin um fullrèttis oc hálfrèttis ord. Þeir voru dæmdir rèttir erfíngiar Jón oc Magnús synir Biarnar prests, Jónssonar biskups Arasonar, at fè Þórunnar á Grund, enn Pètr Pálsson á Stadarhóli dæmdist frá því; giördi Jón Biarnarson á Grund, oc frændur hans, þarum, samníng vid Pètr Pálsson oc Biörn Benedictsson mág hans. Ari Magnússon beiddist oc dóms á hvert Gudrún Einarsdóttir væri skyldug at bæta fyrníngu oc vyrdíngar mismun á Þíngeyra kyrkiu, þar sem hún bar framm brèf Johans Búcholts, Laurusar Krúsa, oc Henriks Kregs höfudsmanna, gèfit Jóni lögmanni, svo látandi, at kyrkiann skyldi standa medann hún væri embættisfær, enn sídann mætti hún mynkast; enn Páll Gudbrandsson bar framm at kórinn væri fallinn; var Gudrún dæmd skyldug, á egin kostnad at láta byggia kórinn, oc betra kyrkiuna oc mynka; enn kúgildum skyldi hún svara leigufærum, gyldum oc afnámslausum, sem lifad gæti í tvo vetr; skyldi Ari ei fyrri vid klaustr-kúgildinn skilinn enn Páli bónda Gudbrandssyni væri þau afhendt. Var þat enn lítit fyrir Silfrastadi, því at eigi vanst á; var konúngsleifi fyrir at kyrkiann væri mynkud; oc er Páll hafdi fengit álag ríflegt svo at hönum líkadi, lèt hann taka til at efna til kórs oc kyrkiu at Þíngeyrum, stód þat smídi nockr ár ádr fullgiört yrdi, enn vandad var þat oc prídt. Páll skyldi gialda af klaustrinu tvö hundrud dali, oc hálfann þrítugasta oc sètta, oc eina ort árlega, enn af Vatnsdalsjördum III oc XL dali oc mann til ródra, oc hálfann fimta tug dala í lögmanns laun, enn af rekum kiöri konúngr sèr, bjarnarfeldi, hvalatennr oc hvalambr. Páll lèt gánga dóm hinn XXIXda dag Julii at Sveinstödum í Vatnsdal um ákæru Þorkèls Gamlasonar Hólarádsmanns kyrkjunnar vegna, til Egils Jónssonar

á Skardi, um selpeníngs beit hans í Núpsland í Laxárdal; var beitinn dæmd raung, því hún vard ei sönnud, þó Skards-máldagi nefndi selstödu í því takmarki; var Ingialdr Illhugason fyrstr dómsmanna, Brandr Jónsson, Benedict son Teits Biarnarsonar Jónssonar biskups, Biarni son Hrólfs Biarnarsonar, Arni Biarnarson Jónssonar biskups, oc Einar Jónsson. Páll bóndi Gudbrandsson giördist allvinsæll sem sagt er, enn ei miög mikill skörúngr, góðlátr oc veitíngasamr, oc vard eigi all-driúgt í höndum, líkr födr sínum á vöxt, med hærri medalmönnum, biartlitadr oc höfdínglegr at siá. Þau missiri eyddi tvo bæi fyrir austann af ormi, er menn kalla rigni; þá andadist Hákon bóndi Arnason í Klofa, hinn göfugasti madr, enn Einar son hans fèck Ragnheidar Magnúsdóttr systr Ara í Ögri, oc átti II hundrud hundrada í jördum, oc LX málnytukúgildi, var þar í Brautarhollt eitt hundrad hundrada, oc III hundrud hundrada í þarflegum aurum, enn hún II hundrud hundrada, töldu brædr hennar framm hennar penínga, Ari, Biörn oc Þorleifr. Þórdys hèt kona oc var Halldórsdóttir, hún var til heimilis at Sólheimum í Sæmundarhlíd med Thómasi Bödvarssyni systrmanni sínum, hún vann eyd fyrir alla menn, oc var þá med barni, er þess því at eins gètit, at þar urdu af meiri tídindi seinna. Þá hafdi Einar Hákonarson syslumadr, er fyrr var gètit, Arnór Jónsson holgóma fyrir sökum.

VIII Cap. Imislegt er vid bar.

Vetrinn eptir var í medallagi frá jólum, enn hlutir miög litlir í 1609
útverum; fèllu skridr oc snióflód vída, tók ein hálfann bæ oc fiós at Leifstödum í Svartárdal, oc lètust V menn fyrir, enn bóndi oc húsfreya lifdu í badstofu. Sex-æríngar tveir tyndust sydra med XII mönnum; enn V menn druknudu af skipi fyrir Eyafiöllum, var einn Símon hálfbródir Sveins prófasts Símonarsonar í Holti vestr; braut vída kaupför; oc brann fiárhús oc stórt hundrad sauda, at Brenniborg í Skagafyrdi, þar datt skar af liósi. Þá var prentad á Hólum Dominicale oc postilla, oc nya Testamentid í VIII blada broti, því þat vildu þá flestir hafa af ritníngunni. Um vorit hálfum mánudi fyrir sumar tók Þórdr lögmadr Gudmundarson sótt

þá er hann leiddi til bana; hann giördi Testamentum sitt, var þat lángt oc gudrækiligt, þar skipti hann med börnum sínum oc barnabörnum fasteigninni, enn ánafnadi sumum jardirnar; áttunda hlut lausafiár síns gaf hann fátækum, oc tilenkadi nockud bædi í qviku oc daudu, sídann andadist hann. Hafdi hann verit III vetr embættislaus, enn VI vetr hins fiórda tugar var hann lögmadr, oc syslumadr í Borgarfyrdi lengi ádr, oc svo alla stund. Páll Gudbrandsson lèt gánga dóm um þrætuland milli Hóls oc Hvamms, er Brynjúlf prest Arnason oc Biarna Olafsson ágreindi um; sá Biarni var son Olafs á Hafgrímsstödum, oc átti XXX börn; hann bjó at Stafni í Svartárdal, enn Bryniúlfr prestr at Bergstödum, oc var jafnann óeyrinn, var málinu skotit undir Jón lögmann Sigurdarson; hann dæmdi Hóli landit, nema Biarni gæti sannad *XX* ára hefd. Gudbrandr biskup oc Biörn Benedictsson lètu oc helmínga dóma gánga. Herluff Daae kom út um sumarit, oc byrti konúngsbrèf; eitt at leysast mætti inventaria klaustranna; annad um at syslumadr væri í Vestmannaeyum; hid þridja at lögmenn væri vyrdir; IIIIda at enginn mætti grafa upp dauda menn, sem giört var um Gvönd Loka, enn Þórdysar máli var skotit á frest til annars alþíngis. Pètr Brenner var þá umbodsmadr höfudsmanns. Dómr gèck á þíngi um Fagrabæ at skipan höfudsmanns, af lögmönnum, Gísla Þórdarsyni oc Jóni Sigurdarsyni, oc *XX*IIIIm ödrum. Þá var Dadi son Arna Biarnarsonar prests Jónssonar biskups, sveinn Odds biskups, hann vildi dràga upp hest annars manns úr ísi á Hvitá, oc druknadi þar; sumir segia Arni bródir hans hafi þá oc druknad á ísi í Hrútafyrdi. Vígfús Bödvarsson prófasts frá Reykjaholti var sveinn Jóns Magnússonar, hann reid med húsbónda sínum frá Olafsvík, oc hafdi skilit eptir dómabók Jóns þar þeir höfdu fráridit; reid hann eptir henni, enn Jón oc hans fylgdarmenn bidu hans á medann, oc sátu á hestum, vid fossinn, fyrir nedann Fossárdal, enn er þeir litu vid, var Vígfús á fiórum fótum at grubla í Fossá, sáu þeir þá at hann hlióp á bak hesti sínum, oc er þeir litu hann á bak kominn, ridu þeir af stad, enn sem þeir litu vid aptr var hann horfinn, oc fannst þá daudr í ánni vid sióinn. Jón prestr prinni af Siglunesi druknadi oc þá í Hrauna-ósi, hann hafdi sagt fyrir hvar hann mundi liggia í Bardskyrkiu þann dag er hann reid at heimann. Um haustit gengu dómar; einn af Jóni Magnússyni

syslumanni í Dölum at Ballará, med XII mönnum, hinn VIta Octobris mánadar um íllt rygti; annar at Stadarbacka í Hvammssveit XXta dag Novembris, oc hinn IIIdi í Hvammi XIta dag Decembris, XII manna dómar, um hid sama. Þá var stórfiúkasamt til jôla, oc urdu menn undir snjóflódum, lestist Hólakyrkia annann dag Decembris, oc gèck nær þriár álnir úr farveg sínum; giördi þá þvínærst hardann vetr oc lánghrídasamann; kom fiúk á 1610 einmánadi á Geirþrúdardag, oc hefir verit kallad Geirþrúdarbilr, urdu menn þá úti med fiám sínum í Midfyrdi, oc XIV menn í Borgarfyrdi, oc svo vestr í Kolbeinsstadahrepp; urdu fiártión ógrleg um allar þær sveitir, oc fèllu miög vída peníngar; mundu menn ei slíkann skada ordit hafa í eins dags vedri á landi. Þá drnknadi Olafr Clemensson í Stadarsundi í Grindavík med IX mönnum. Sá madr dó at Lundi í sydra Reykiadal er Biarni hèt, lögrèttumadr at vestann, af munnbita sínum, hann var son Moldar-Brands, enn bródir Þórdar prests í Hiardarhollti, oc Olafs prests hins seinna á Kvennabrecku. Þau missiri tóku Vestfyrdíngar upp aptr hvalaskutlan; þá var dæmt mál Páls Alexiussonar úr syslu Einars Hákonarsonar, hann brendi hey fyrir þat hann þóttist eiga tiltölu til jardar.

IX Cap. Frá Oddssonum, oc enn fleirum.

Oddr prestr son Þorsteins Gudmundarsonar Andressonar, hafdi átta Geirdysi dóttr Torfa prests í Saurbæ Jónssonar priórs Finnbogasouar lögmanns; hann hafdi komist med naudúng yfir Arnfrídi únga, enn sumir ætludu med töfrum, hafdi Oddr lögmadr Gottskálksson þá dæmt af hönum hægri hönd oc eyrunn, enn Páll Stígsson höfudsmadr nádad hann. Arnfrídi hafdi eignast Hallr Magnússon, enn Oddr hèldt Túngu í Steingrímsfyrdi oc dó þar. Seinni kona hans er sagt at hafi verit Sigþrúdr Magnúsdóttir, oc þeirra synir þeir þrír, Þorsteinn prestr í Túngu, er fèll fyrst í hórdóm med úngri stúlku, oc sídann einusinni eda tvisvar, fór utann oc var nádadr af konúngi, oc hèldt Skards þíng seinna; oc Nicolás oc Jón; enn dætr Odds voru Sigrídr oc Gudrún. Nicolás var lögrèttumadr, hann átti Gudrúnu laundóttr Biarna Odds-

sonar á Skardi, þeirra dætur voru Gudrún, er átti Arna Sæmundarson Arnasonar frá Hlídarenda, módir Hákonar í Gördum í Stadarsveit, oc Halldóra, er Vígfús prestr átti vid Hellna Helgason Vígfússonar; fiögr launbörn átti Nicolás, eitt var Barbara módir Magnúsar Hrómundssonar syslumanns í Hnappadalssyslu. Þat er mælt þeir brædr Oddssynir med fleirum mönnum, hafi brotit Mókollshaug vestra, oc fundit kistu í haugnum med hríng miklum í loki, oc undit upp med böndum; enn er hún var á lopt komínn, hafi einn mælt: nú tekst ef gud vill; enn annar því svarad: nú tekst hvert gud vill edr ecki; hafi þá sloppit hríngrinn úr kistulokinu, enn þeim ordit litid til bæarins, oc med því þeir voru fullir hiátrúar, syndist þeim hann allr loga, oc hlupu heim med skyndi at hiálpa bænum, var þá ecki sem þeim syndist; vitjudu þeir aptr haugsins, oc þótti sem hann væri órofinn; lètu þeir þá fyrirfarast ætlan sína; eptir þat fèllu þeir í qvennamálinn, oc fleirum fylgdarmönnum þeirra vildu til slis; var þat dregit samann at þetta hefdi valdit, því at átrúnadr á slíkum hlut heldst framm á vora daga med alþidu sumri; enn hellst til ættgengt var þeim qvennafarit oc eigi gróf fadir þeirra í hauga. Jón Oddsson bjó undir Felli í Kollafyrdi, oc sídann í Tialdanesi, enn seinast í Fagrey; hann átti Steinunni dóttr Jóns Halldórssonar at Fródá, oc Ragnhildar Egilsdóttr, enn systir hennar var Sigrídr, sem hafdi selt Dada Biarnasyni á Skardi hlut í jördu ári ádr enn nú er komit tilburdum, oc átti at vera hjá hönum; hafdi Jón flutt hana þángad á páskadaginn, oc var hún framm um hvítasunnu, oc þycknadi alltjafnt, sem barnsþúnga hefdi, enn hún sagdi blód stædi med sèr; um hvítasunnu beiddist hún orlofs at finna systr sína í Fagrey; kom Jón eptir henni, oc fór hún med hönum; enn er hún hafdi verit í Fagrey V eda VI víkr, tók hún miög at þíngiast, flutti Jón hana þá í land, oc fèck hún hrídir á siónum. Þau komust til Dagverdarness, því þar hafdi Jón fengit sèr selstödu, oc var kona hans í selinu allt sumarit; oc sem fólk þar merkti siúkleika hennar, vildu konr vera hjá henni, enn hún þádi þat ecki; þau Jón fóru bædi útí fiós, oc konr eptir þeim; hún sturladist því meir sem þær vildu lidsinna henni, enn Jón bannadi þeim at leggia til hennar. Þadann fóru þau ofann ad sió at lóni nockru, oc dvöldust þar framm á nótt, sídann komu þau heim, bar hann hana eda studdi, oc fóru í badstofu, bjó hann

um hana undir palli, oc mátti enginn annar nærri koma. Þar lá hún í III daga, stód sídann upp oc var horfinn þycktinn, oc fór med Jóni í Fagrey, þóttust menn hafa sèd þau í einni sæng; var þá Jón rygtadr um haustit um dulmæli oc mord, þíngadi Jón Magnússon syslumadr um þat þau þíng er fyrr er getit, oc var Jóni dæmdr siöttareidr. Seinna var þíngad á Stadarbacka, oc Jóni bodit at koma, enn hann strauk frá konu sinni oc VII börnum úngum; tók Gísli prestr Gudbrandsson Sigrídi til Hvamms, því hann átti módr hennar; ritadi þá syslumadr Gísla presti at hann vildi ei hann hefdi Sigrídi á bæ sínum oc hlíddi hann því, lèt hana frá sèr til Leysíngiastada næsta bæar, oc fæddi hana þó, enn hún hvarf um qveld, oc hlióp á brott med Jóni Oddssyni; gengu þau yfir Svínadal, nordr í Kollafiörd, oc höfdust vid í hellir einum nærri Felli, þartil er annad sumar kom, oc nú er komit frásögnum. Leitudust þau þá vid at komast af landi, oc komst Jón á skip til Enskra í Dyrafyrdi, enn henni skutu þeir á land, því hún var þúngud oc kominn at falli, var hún þá med aungvitum oc örvæntingar ordum. Þar var hún tekinn oc færd syslumanni, oc ól barn, þat hèt Þorleifr. Komst Jón í England oc qvæntist þar, oc vegnadi allvel; hann kom híngad undir land á fiskiduggum sídann; oc átti hann afqvæmi vestra; son hans einn var Brandr, fadir Kára oc Jóns í Ædey. Þau missiri var Sigurdr Markússon umbodsmadr Jóns lögmanns Sigurdarsonar í Skagafiardar syslu, oc lèt þat dæma at steck eda fiárhús mætti ei setja nær annars manns landi enn tvöhundrud fadma tólfræd, nema þar sem eru löggardar í milli bæa, eda þeirra gyldi. Þá dó í Skálhollti Gudny Sigurdardóttir födrsystir Odds biskups, oc Þórun eckja Einars prests Marteinssonar at Stadarstad, systir Jóns á Svarfhóli. Þá andadist oc Jón Vígfússon at Galltalæk, í fadmi Önnu Eyólfsdóttr módr sinnar, oc tók miög litlu ádr hann dó móti öllum giöldum af jördum sínum á XVII hestum, oc gegndi þeim öllum; voru dætr hans Helga, Hólmfrídr oc Þórunn allar yngri enn tvítugar, oc áttu þær VI jardir í módrarf, enn Jón átti siálfr XXXII jardir. Svo segia menn at þau missiri hafi hafís komit fyrir sunnann, oc verit mikill selafengr á, oc þá væri biörn unninn í Herdysarvík af Knúti Hermannssyni, hinu mesta vesælmenni. Þá var Herluff Daae utann, enn Pètr Brenner umbodsmadr hans. Giördist þá Jón Biarnason skólameistari í Skálhollti prestr at Fells-

múla, enn tók vid af hönum Jón son Sigurdar prests Einarssonar at Breidabólstad, bródrson Odds biskups. Lèt þá Gudbrandr biskup prenta frædi Lúthers hin meiri, oc Pancratii postillu, er hann hafdi lagt út siálfr.

X Cap. Frá ímsu.

1611 Önnr missiri var vetr gódr; enn menn urdu bráddaudir vída; myrdtu tveir menn einn í sió eystra, oc voru þeir afteknir, oc svo madr í Steingrímsfyrdi er víg vann, oc Sigrídr barnsmódir Jóns Oddssonar, henni var dreckt í Ballarárhlíd; mörg voru þá mord oc óöld, enn sumir sködudu sig siálfir; Stephán prestr Gudmundarson á Undirfelli var einn, er stack sig viljandi med knífi til bana; á Vestfiördum voru skutladir hvalir margir; þar þóttust menn siá aptrgaungu, oc þreifa á; tóku margir menn miög at leggia trúnad á galdra oc forneskju í þann tíma; var sá madr á Vestfiördum er nafnkendr var ærit, oc haldinn fiölkunnugr miög, Þorleifr er kalladr var Galdra-Leifi Þórdarson, launsonar Þorleifs á Mödruvöllum. Gudbrandr biskup lèt þá prenta Calendarium, oc bænabók Musculi, eintal Mölleri, oc um dómsdag, ydrunarspegil oc handbók Mölleri, er hann hafdi lagt út. Jón Sigurdarson lögmadr lèt dóm gánga at Hofi hinn VIta Aprilis um rádspiöll, enn Páll Gudbrandsson hinn XXIta dag Maii um Gil í Svartárdal; eru þar fyrstir dómsmenn Isleifr Þorbergsson, Thomas Olafsson oc Biarni Hrólfsson; á alþíngi var dæmt um skatt oc skatthald; þá kærdi Gudbrandr biskup Jón lögmann Sigurdarson fyrir tilhlidran vid Biarna Þorkelsson á Vidvík, er biskup átti mál vid um Háls í Kinn; enn Gísli lögmadr Þórdarson oc Jörgen Daniel umbodsmadr höfudsmannsins, oc lögrèttann öll, fríkendi lögmann frá þeirri ákæru; taldi oc biskup á Jón Sigurdarson, at tæki reka frá stólnum á Skaga, enn Jörgen Daniel gèck á milli oc adrir, oc komst á sætt hinn VIIda dag Augusti; mánadi sídar eda hinn XIta Septembris, giördi Gudbrandr biskup Testament um prentverk sitt; qvad Pál son sinn skyldi med fara eptir sig, ef hann hefdi vilia eda manndóm til, enn ella skyldi þat vera á Hólum, ef eptirkomendr sínir vildu nockud prenta láta gudi til dyrdar, oc gódum mönnum at gagni. Biörn bóndi Benedictsson

lysti því yfir at hann hefdi goldit C dali fyrir þridja hórdóms brot Pèturs Þorgrímssonar, hann hafdi fengit þá linun. Þá var kallat skridnahaust því at þær fèllu vída oc spilltu.

XI Cap. Frá Gudbrandi biskupi oc málum.

Vorit eptir komu hafísar, oc giördi hardindi oc fiárfellir, þó ei 1612
yrdi til lángframa þadann af; enn fyrir því at svo mikil hardindi voru á undann farinn, veitti landinu vidrèttínginn torveldlega; voru regn stór fyrir Jónsmessu, oc jardföll ógrleg í austrdölum í Skagafyrdi, hliópu framm skógar yfrit miklir, oc rak ofann í hólm, oc vídar um Skagafiörd, því at Hèradsvötn stemmdust, enn fórust bæir tveir. Þá hlióp framm Eyafialla jökull austr í siá, oc kom upp eldr svo mikill at sá hvervetna fyrir nordann land; nú lætr Gudbrandr biskup prenta vísnabókina, oc rit Arngríms prests lærda móti Blefken, er lastadi Is'endínga úr hófi, rak hann þar í med sannindum allann þann hègóma er hann hafdi sett samann. Hinu XXta dag Martii mánadar ritadi Gudbrandr biskup brèf um Jón Jónsson at Helgavatni, sagdi hann hafa fyrrum, þá Jón Jónsson lögmadr hèldt Þíngeyra klaustr, farit med drauma-vitranir, oc spáfarir, oc nockrir hefdi þar hneigslast af, oc haldit slíkt gudlegar oc sannar opinberanir, enn þó viti menn at þat voru ei nema diöfullegar missyníngar; nú kèmr enn fyrir mig, sagdi hann, at hinn sami Jón kèmr upp med enn annat sèrlegt, þat ecki er samhliódandi vid guds ords kènníngar, um álfamenn oc annad þvílíkt; oc sè þetta sannfregit, þá hæfir ecki at slíkr sè lidinn í kristilegri samkundu, ef hann vill ecki af slíku láta; ecki hæfir oc heldr at hönum sè þar byggt í midri sveit; hafi hann svo mikil mök oc slíkt vid álfamenn edr huldufólk, hví gèfr hann sig þá ecki til þeirra? Þat á ecki samann at hann hafi samlag vid kristiliga kyrkiu oc kristna menn, oc diöfla edr álfafólk; hèr fyrir ámynni eg enn-nú ádr nefndann Jón at hann leggi af slíka forneskju, oc láti sèr nægia guds ord þat fyrir hönum er kènnt oc predikat, oc hann siálfr les oc veit; enn verdi hann at því kunnr edr sannr hèr eptir, þá hæfir ecki at hönum sè gèfit heilagt sacramentum; enn hvad hann fer med annad þá heyrir þat veraldlegu valdi at straffa eptir lögum oc dómi, oc gódra manna rádi; bífala

ec svo hans presti sira Steingrími at lesa þetta brèf fyrir Jóni ádrnefndum, almennilega, vid kyrkiu edr á þíngi, svo hann heyri; oc svo líka skicka sèr hèr eptir oc hegda, ef nefndr Jón vill ecki at sèr siá oc afláta; þetta er mín fullkominn bífaling, oc þar fyrir set eg mitt vanalegt signet. Gudbrandr biskup var þá siötugr er þetta bar til. Lèt þá Þorbergr Hrólfsson hinn 1ta dag Maii gánga XII manna dóm at Helgastödum í Reykiadal, um siö áverka er Jón Hallsson fèck af exi Biarna Magnússonar, er þeir skiptust vid, oc Jón hafdi vanvyrda dóttr Biarna; dæmdu þeir konúngi mörk fyrir hverja ákomu á höfdinu, enn hálfa mörk fyrir hverja á höndunum, oc fèlli nidr fiórdúngr bóta fyrir sakir Jóns. Þorbergr bjó at Seilu í Skagafyrdi, þó hann hefdi Þíngeyar þíng, enn Sigurdr á Vídimyri, oc áttu því allopt lángt tildráttar til at gegna þar vel málum; þeir voru gæflyndir menn optast, enn sterkir at afli; Sigurdr var mikill, enn Þorbergr var medalmadr vexti, oc álitlegr ásyndum. Þat vor tók Halfdán prestr Rafnsson Undirfell, hans nafn hafdi Magister Halfdán laungu sídar; þar var Páll bóndi Gudbrandsson vid staddr. Þá lèt Jón Sigurdarson VI manna dóm gánga vid Vallalaug, hinn XVIda Julii um þíngvíti oc bodfall, dæmdist þíngvíti eyrir, enn fyrir konúngsbrèfa-þíng oc manntals-þíng, manndráps-þíng oc hreppstjórnar-þíng tveir aurar, svo af einvyrkia sem gyldum bónda. Þar hèldt hann oc þíng um Þórdysi Halldórsdóttr, svo at Gudbrandr biskup var vid, oc Jörgen Daniel, hann hafdi komit út um sumarit med Herluff Daae, oc var umbodsmadr hans, því at hann fór utann; medgèck nú Þórdys at hún hefdi fallit med Thómasi Bödvarssyni, systrmanni sinum; hann hlióp af þínginu, oc var elltr, enn nádist ei; komst hann austr á land, oc þadann í England, enn Bergljót kona hans giptist aptr í Vestfiördum; kom hann aptr oc vildi sækia hana seinna, enn hún vildi ecki fara. Konúngsbrèf hafdi komít med Herluff Daae, um konr þær er eigi vildu segia til fadernis barna þeirra, at þeir skyldu áminnast þrisvar, enn ef ei skipudust vid at því giörfu, skyldi syslumadr láta pinta þær í vidrvist prófasts oc VI merkilegra manna, svo at bödullinn lèti klemmu á fíngr þeim; konu var dreckt á Vestfiördum er fèll med fedgum tveimr. Þá fèck Gísli lögmadr Þórdarson þat af konúngi, at Steindór sonr hans skyldi vera skólameistari í Skálholti, enn af því hönum dvaldist utannlands, í

þiónustu Steins Brahe, hins tignasta manns, þá var Arni sonr Odds biskups settr fyrir skóla, tvítugr at aldri, hafdi hann verit þó III vetr í Kaupmannahöfn. Sótt gèck um haustit framm um jól, er köllud var mergrunasótt, oc var hún ecki mannskæd.

XII Cap. Frá Gvascónum, oc nockud um landshöfdíngia.

Önnr missiri var vedrátt stormasöm med siáfargángi, enn hluta- 1613 samt um Sudrnes; druknudu þá imsir menn; einn var Jón skutuformadr í Selvogi. Þá er gètit um vorit dóms Jóns lögmanns Sigurdarsonar, at Lytíngstödum, um bit á fíngri Jóns Jónssonar, er hann kèndi Magnúsi Oddssyni; oc helmíngadóms med Arngrími presti, um Lögmannshlídar kyrkjuportión, er erfíngiar Helgu í Dal Jónsdóttr biskups Arasonar skyldu svara; seinna dæmdi hann annann med Gudbrandi biskupi, um ágreiníng Skúla Einarssonar á Eyríksstödum er átti Stafn, oc Brynjúlfs prests Arnasonar á Bergstödum um Fossárdal. Þá lágu hvalaskutlarar úr Gvasconia, þat er á milli Fracklands oc Spánar, hèr vid land, adrir kalla þá spanska verit hafa, eda frá Biscaja, þeir voru á XVIII skipum, oc meinlitlir í fyrstu, enn er stund leid tóku þeir at giöra glettíngar sumstadar; eitt skip þeirra fyrir Vestfiördum fèck hafvillu, oc rákust þeir vestr í haf, oc rötudu í ís oc voru í IX daga, komu sídann at landi er menn ætludu Grænland verit hafa, oc þó med hörkubrögdum. Skrælíngiar skutu á þá beinörvum sínum oc felldu III menn, enn fólust svo at hinir sáu engann; sídann hèldu þeir frá landi oc þóttust heppnir, enn er þeir komu framm á sjóinn, sáu þeir söfnudinn á landinu, oc var ógrynni lids at siá; þeir sigldu þadann til Islands, undu upp skip sitt oc bættu, oc fóru brott um vetrnætr. Islendíngar budu þeim engann ómaka þó þeir ertust vid þá. Um sumarit kom út Herluff Daae, oc hafdi ímsar sakir á hendr Gísla lögmanni Þórdarsyni, var sú ein, at hann hefdi leift fálka tekju nockrum útlendum manni á Snæfellsnesi. Þá qvæntist Arni sonr Odds biskups, oc tók at stunda lögvísi, hann fèck Helgu dóttr Jóns Vígfússonar á Galltalæk, oc Ingibiargar Biarnardóttr prófasts Gíslasonar; þau áttu eitt barn er Ingibiörg hèt. Herluff Daae hafdi út konúngsbrèf uppá supplicatiu Gud-

brands biskups um Hólastóls jardir er seldar höfdu verit undann stólnum; sendi hann eptir Gudbrandi biskupi, oc bad hann koma til alþíngis; biskup sendi Þorkel Gamlason, oc dæmdu lögmenn bádir, Gísli Þórdarson oc Jón Sigurdarson eptir brèfi Kristiáns konúngs þrídja fyrir LVII vetrum, at aptr skyldi leggiast án lagasóknar jardir þær allar, er Olafr biskup oc Gudbrandr biskup siálfr hefdi selt undann dómkyrkiunni, oc biskup skyldr at nærstkomandi fardögum at taka þær aptr allar, oc selja þat lausafè er fyrir hverja þeirra er til hans komit, þeim mönnum i hönd er leida sig til, enn þar sem kyrkjan hefir eckert fengit svari hann engu; skyldi syslumönnum öllum í hverri syslu þar sem þær jardir liggia, skyldt at fylgia framm þeim dómi, svo kyrkiann nædi sínu, enn þeir andvyrdi er áttu at hafa. Þá fèck Ari Þorvardsson Herluff Daae skjöl sín er hann hafdi fyrir Teits eignum, oc samdi vid þá er í móti hönum voru, Hannes Biarnarson í Snóksdal oc erfíngia hans, oc gaf þá qvitta. Mörg voru í þann tíma barngetnadar mál í landi.

XIII Cap. Andlát oc ætt Jóns Biarnarsonar.

Þetta sumar andadist Jón bóndi Biarnarson at Grund, merkilegr höfdíngi; hann átti mörg börn, dætur allt. Helgu átti Oddr biskup; Halldóru átti Halldór son Olafs á Mödruvöllum Jónssonar rebba í Búdardal, þeirra börn voru Benedict oc Hallgrímr, Jón, Gudrún, Margrèt, Helga, Sigrídr, Valgerdr. Halldóra önnr var gipt Þorvaldi Olafssyni á Audbrecku, bródr Halldórs; þeirra börn voru Jón, Benedict, Biörn, Dadi, Gudrún, Þórun; þat heitir Audbrecku ætt. Þóru dóttr Jóns bónda átti Snæbjörn prestr á Kyrkiubóli í Lángadal, Torfason, Jónssonar frá Hiardardal Olafssonar, hann var prófastr, oc vard ofsterkr, oc gaf þá Kyrkiuból fyrir beneficium, þeirra börn voru Biörn prestr, oc Torfi prestr oc Þorkatla. Biörn prestr var lærdr vel, oc verdr hans gètit sídar; Þorkatla átti Magnús bartskèra son Gissurar Þorlákssonar oc Ragnheidar Pálsdóttr; Torfi var prestr at Kyrkiubóli, hans synir voru Snæbjörn fadir Eggerts á Kyrkiubóli, Teitr er sídar mun gètit, Einar prestr at Stad í Steingrímsfyrdi, oc Páll syslumadr í Isafyrdi, fadir Snæbjarnar födr Magnúsar prófasts á Söndum oc brædra

hans, einnin Þorsteins í Búdardal, oc Teits prests födr Jóns biskups; Þorsteinn var enn Torfason, enn dætr voru Ragnheidr, Ragnhildr oc Margrèt. Kristín dóttir Jóns Biarnarsonar gat barn vid Byrni Magnússyni brædrúngi sínum, þeim er fèck Oddnyar, konúngr nádadi þau, enn Kristínar fèck Dadi son Arna Oddssonar í Midgördum oc Dortheu Písku, hann fór nordr oc var syslumadr; þeirra börn voru Þorleifr bartskèri, annar Arni at Asgeirsá, fadir þeirra Dada, Þorleifs, Magnúsar oc Jóns, Odds snickara er vída fór um lönd, oc fánginn vard med Tyrkium oc leid margt íllt, oc hreysti sig æ vid þat at úti á Islandi mundi hann deja oc drukna annadhvert í Svartá edr Laxá, oc svo vard, oc Þorleifs prests at Kalfafelli, hann var prófastr, oc fadir Biarna prófasts. Elín var dóttir Arna, módrmódir Biarna á Þíngeyrum. Margrèt hèt ein dóttir Dada, er átti Jón prestr á Melum, son Jóns prests í Vestmannaeyum, Þorsteinssonar, Sighvatssonar, þeirra son var Dadi syslumadr í Kjós, enn annar Þorleifr prestr á Kvennabrecku. Gudrídi dóttr Jóns Biarnarsonar átti Torfi prestr í Flatey, Finnsson Jónssonar, Biarnarsonar á Reykhólum Þorleifssonar, þeirra son var Jón í Flatey. Rannveig dóttir Jóns bónda giptist ecki, hún bjó at Háeyri, oc var köllud Rannveig miófa, oc fèck ord mikit. Ætt mikil er kominn frá Jóni Biarnarsyni oc hin göfugasta, oc er sá kynþáttr ættsælastr af öllum ættum frá Jóni biskupi Arasyni; voru þá lidnir LXIII vetr frá láti födr Jóns oc födrfödrs, er hann deidi, oc er þat kalladr medal-mannsaldr. Þat haust gèck þúng landfarsótt yfir, oc öndudust þó eigi margir, var hún hardt nær frá hausti til nyárs.

XIV Cap. Frá ímsu; lögmanna skipti; ránskapr.

Vetrinn var gódr til Lúciusmessu, enn spilltist þadann af, urdu 1614
manntapar á sjó allvída; Sigvaldi Eyríksson í Kaldadarnesi fèll á exi, oc blæddi af því til bana. Þá giördi landskiálfta mikinn sydra oc hrundu bæir, var einn Fiall á Skeydum, þar hvarf reidíngstorfa er lá á hladinu, oc ætludu menn í jörd farit hafa. Gudbrandr biskup lèt prenta huggunargreinir, oc um gódverkinn, oc Nicolaum Selneccerum yfir Jónas spámann, er hann hafdi út-

lagt. Þau missiri var borinn Hallgrímr son Pètrs hríngiara Gudmundarsonar Hallgrímssonar, er sídar vard hid merkilegasta skáld. Pètr dó at Hólum. Þá var þræta med Páli bónda Gudbrandssyni, oc Arngrími presti at Mel um reka; oc stefndi Páll Arnfinni presti Sigurdarsyni at Stad í Hrútafyrdi, fyrir dóm Jóns lögmanns Sigurdarsonar oc Olafs prófasts Jónssonar í því máli; sá Arnfinnr prestr var fadir Einars prests oc Vilhiálms oc þeirra systkina. Páll var oc vid helmíngadóm Arngríms prests í umbodi Gudbrands biskups, oc Jóns lögmanns, um hiúskapar mál Steingríms prests prests Þiódólfssonar; fleira tel eg ecki slíkt. Herluff Daae höfudsmadr kom út um sumarit, oc hafdi Gísla lögmann Þórdarson fyrir sökum, var lögmadr miög vid aldr oc þrotinn at heilsu, galdt hann höfudsmanninum fyrir sig, svo hönum líkadi, enn kom ei á alþíng, oc lèt af lögsögn; enn aptr var kosinn til lögmanns sunnann oc austann, Gísli son Hákonar Arnasonar í Klofa, hann bjó í Brædratúngu oc var höfdíngi oc velþockadr, enn þat hafa sagt merkilegir menn at hann var ríkilátr, oc hafdi á sèr herrasnid mikit, hann var mikill vexti oc tíguglegr at siá, oc vel at afli búinn, lèttfær oc hvatligr, ádr hann þyngdist af holdum. Var upplesit á alþíngi passabrèf danskra kaupmanna fyrir höfnunum í XI sumr, þóttust Islendíngar sakna miög þeirrar kauptídar er fyrri var, því sendimenn hinna dönsku reidara er híngad komu margir hverir, huxudu lítt um hvert varann gèck út eda ecki, höfdu hana stundum utann, enn lètu hana stundum eptir liggia. A því þíngi var samþyckt giör um þriú einföld hórdómsbrot, oc önnr um konúngstyund. Þá tóku hinir spönsku menn er kalladir voru, at ræna nautum oc saudum á Vestfiördum, oc hræddu af mönnum penínga; brotnadi skip þeirra eitt, enn menn komust af; er ei þess gètit at hafist hafi handa í móti þeim, hverki Danir nè Islendíngar; ecki drápu þeir menn, oc ecki ræntu þeir konum eda meyum; heldst fóru þeir um Strandir oc Isafiörd, oc hefir Olafr prestr Jónsson á Söndum orkt um þá qvædi, tökum vèr þar meira af, oc trúum betr, enn því er Jón lærdi hefir skrád um þat efni. Sjóvíkíngar komu einnin til Vestmannaeya, þeir voru flestir Enskir, er sá nefndr Jón Gentelmann er fyrir þeim var; þeir ræntu mörg hús, oc spilltu mörgu oc hiuggu sundr; miklu fè ræntu þeir úr hinum dönsku húsum, enn báru sumt í sió; þeir settu oc byssr fyrir brióst mönnum med spotti oc hlátri.

þeir tóku kluckuna miklu frá Landa kyrkiu, oc festu í skipreida, enn skipit höfdu þeir tekit; engann mann drápu þeir, oc fóru til Englands þadann; er mælt þeir hafi þar drepnir verit, enn Engla konúngr sendt út kluckuna sídar, því stafir á henni sögdu hvadann hún var. Kaupfar var þá oc rænt í Djúpavogi. Jón prestr Þorsteinsson Sighvatssonar, var þá kominn í eyar, qvad sálm um ránid oc ámælti miög þar í athæfi Vesmannaeyínga, hafa þeir oc jafnann ósidvandastir verit, spádi hann þeim hardari skript í þeim sálmi, oc lígr hann eigi til þess, enn þat þótti at fullu rætast sídar nockru; hann var skáld gott oc taladr vel, oc hefir qvedit sálma af Genesi oc Davids saltara; hann var þá prestr í Kyrkjubæ í eyunum, enn Olafr prestr Egilsson var fyrir ofann leiti, bródir Jóns prests er Annálinn reit, oc Ejólfs, enn þeir voru synir Jóns prests Egilssonar, Brandr prestr í Guttormshaga oc brædr hans. Mál fèll til at Stad nordr í Kinn; þar var Illhugi prestr Helgason, fadir Jóns lærda er í Skógum bjó á Þelamörk sídar, hann var dóttrson Illhuga prests Gudmundarsonar í Múla, hann híddi stelpr tvær í kyrkju vid tídir, oc fletti fötum, oc voru qvednar um hádvísur, kom þat til biskups, oc ritadi hann þar um seinna þeim Hrólfssonum Sigurdi oc Þorbergi, er syslu höfdu þar nyrdra.

XV Cap. Andlát oc afqvæmi Hannesar Biarnarsonar; Hardæri.

Þessu nærst eptir giördi vetr hardann med miklum jardbönnum, 1615
fèllu þá nær allir útigángs penìngar um land allt er höfdu hey; rak inn ís á þorra fyrir nordann land, oc kríngdi um landit allt; vard ei rótt fyrir hönum fyrir sunnann Skaga, oc þar druknudu á hönum tveir menn er voru at seladrápi; hann rak fyrir Reykianes-röst, oc inn á voga, oc fyrir öll Sudrnes, oc mundu þat engir menn, var drepit margt af selum á hönum sydra, enn fyrir nordann lá hann til fardaga; var þá mest peníngahrun um vanalegar gódsveitir. Allfáir menn komust sudr yfir heidar fyrir snjóum, oc sneru aptr, enn hafskip brotnudu vída vid ísinn; byrnir gengu um land, oc voru ecki meinsamir, voru margir unnir sudr oc austr á landinu, enn einn at Hólum í Hialltadal. Marga menn

kól þá til dauds, var einn Gunnlaugr bóndi at Bæ í Borgarfyrdi son Teits Biarnarsonar Jónssonar biskups. I þeim hardindum oc svo hinum fyrri, fór miög aptr skatta- oc tyundagialdi alþídu til konúngs, oc sagdi höfudsmadrinn þá konúngi at minna væri enn var, enn Arni Oddsson qvad hans frammburd ósannann, oc baudst til at koma gögnum at; var þat eitt sundrþyckju-efni med þeim hòfudsmanni oc Oddi biskupi. Þá druknadi Skáldstada Eyríkr úr Eyafyrdi fyrir Stafnesi. Hannes bóndi Biarnarson í Snóksdal var þá gamall, oc nær sjötugu, hann reid úr Kumbaravogi nockud druckinn, oc Arni Jónsson systrson hans XVI vetra, enn Olafr sonr hans reid eptir. Hannes reid á sund yfir Vík litla er gengr austnordr úr Hraunsfyrdi, enn hèldt ofmiög í tauminn, svo hestinn dróg nidr, fèll hann þá aptr úr södlinum oc druknadi, oc fannst ei í mánud, hèt Gudrún Olafsdóttir at gèfa þeim V hundrud er fyndi hann, enn sumir segia fátækum, ef hann fengi kyrkjuleg; fann ein stúlka líkid, oc sagdi Dada Biarnasyni í Helgafellssveit; er mælt hann hafi keypt at henni at leyna, oc lyst sig fyrstann fundit hafa, kom þar á tvímæli, oc vann Dadi eyd, oc nádi svo laununum, voru hönum gèfinn klædi öll af Hannesi, enn líkit flutt heim í Snóksdal, oc jardad þar í kyrkiunni. Gudrún vard hálftyræd, oc bjó í Snóksdal lánga æfi med tillagi barna sinna, oc var ölmusugiörn jafnann. Eggert son Hannesar erfdi Snóksdal, hann átti Halldóru dóttr Hákonar Biarnarsonar at Nesi vid Seltjörn, voru hönum talinn III hundrud hundrada oc henni eitt, oc skildi Hákon sèr II hundrud af; þau voru börn þeirra, Jón sem átti Sandgerdi oc Jón á Hofstödum er fèck Margretar dóttr Steindórs Finnssonar; hann krenktist, oc dó snemma, þá áttu þau börn nockr. Hannes var hinn þridji, sá er fèck Jórunnar dóttr Jóns Dans Magnússonar, hann bjó í Snóksdal, oc var greindr vel, oc þau bædi, oc áttu þar afqvæmi. Ragnheidr hèt dóttir Eggerts, hennar fèck Sigurdr prestr í Middölum, son Olafs prests á Kvennabrecku Moldar-Brandssonar; enn sídar gèck hún at eiga Pálma Henriksson Gíslasonar lögmanns Þórdarsonar. Þórun hèt önnr dóttir Eggerts, hún átti fyrri Finn Steindórsson Finnssonar, enn sídar Þorvard Runólfsson frá Brennistödum, er illa fór vid hana, oc vard hún mótlætt. Olafr son Hannesar bónda Biarnarsonar átti Saudafell, oc jardir margar, oc var vel um sig at mörgu, enn hèldst illa á fè, hann fèck Halldóru dóttr Gísla lögmanns Þórdar-

sonar, oc áttu börn mörg, einn son þeirra var Gísli fadir Sigurdar Dala-skálds; í annad sinn qvæntist Olafr oc fèck Steinunnar dóttr Biarnar á Laxamyri Magnússonar, oc voru börn þeirra miög mörg. Steinunn Hannesdóttir var gipt Arna syni Gísla lögmanns Þórdarsonar, merkilegum manni oc ágætum, þeirra synir voru Þórdr, hagleiksmadr mikill oc vel at sèr, oc Hannes fadir Hákonar syslumanns, oc enn fleiri, oc verdr getit seinna. Þórun Hannesdóttir Biarnarsonar var gipt Gísla syni Biarnar prófasts Gíslasonar, bródr Hákonar í Nesi, þeirra börn voru mörg, oc mikill afsprîngr; eitt var Biörn Gíslason í Bœ fadir Sigurdar lögmanns, hann bjó oc at Vatnsenda, oc var merkilegr madr; eitt var Ragnheidr, hennar fèck Þórgils á Brimilsvöllum son Jóns Þórgilssonar, oc Helgu Skaptadóttr prests frá Setbergi Loptssonar; Þórgils var lögmadr, hann var mikill oc sterkr, sem tveir menn oc þó gyldir, er mælt hann hafi borit helluna miklu fyrir bæardyr á Brimilsvöllum; dóttir þeirra var Gudrún er Magnús lögmadr átti, son Jóns í Midhúsum, Magnússonar á Reykhólum Arasonar í Ögri, þeirra dóttir Margrèt er Gísla átti son Jóns biskups Vígfússonar, þeirra son Magnús amtmadr. Margt er fleira komit frá Hannesi í Snóksdal. Þau missiri er hann druknadi, stack sig Thómas Gunnlaugsson á Hvanndölum, til bana, ófyrirsyniu á vetlîngaprióni. Þá fyrirfór sú kona barni sínu V vikna gömlu, er Ragnheidr Magnúsdóttir hèt, í læk, nordr á Svalbardsströnd; var henni dreckt á Helgastödum. Þá lèt Gudbrandr biskup ödru sinni prenta qver um rèttlætíng mannsins, oc annad um góðverkinn, oc Mölleri mysterium magnum.

XVI Cap. Ránsmenn afrádnir á Vestfiördum.

Þann tíma seldi Gudrún Magnúsdóttir Herluff Daae höfudsmanni L hundrud í Reykjavík fyrir III jardir adrar; oc þau missiri var borinn Margrèt dóttir Halldórs Olafssonar, oc Halldóru Jónsdóttr Biarnarsonar, er sídar vard göfug kona. Þá komu um sumarit sióvíkíngar á Patriksfiörd, oc ætludu at ræna Vestfiördu, þeir höfdu tekit nockra Enska menn med sèr nauduga, enn er þeir komu á land, oc siówíkíngar ætludu at ræna Dani á Vatneyri, rèdust hinir ensku menn á þá, oc urpu þeim í sjóinn oc drápu marga, enn

tóku tvo fyrirlida oc fóru á brott sídann. Hinir spönsku menn er kalladir voru, lágu þar á þremr skipum á sumri álidnu, eru fyrirlidar nefndir Marteinn, Stephán oc Domingo, þeir særdu nockra menn, oc rændu suma, enn ecki drápu þeir menn eda tóku konr; þeir brutu skip sín í útsynníngsbil á einni nóttu, oc voru þá eptir á VIII bátum LXXX samann, oc á einni skútu; þeir rændu ei at sídr, oc hafdi konúngsbrèf oc höfudsmannsbod útkomit, at þeir skyldu dræpir vera, oc eptir því dæmdi Ari Magnússon í Ögri med XII mönnum. Þeir ræntu Gunnstein bónda Grímsson í Jökulfiördum, oc tóku skútu á Dynianda, þeir stefndu oc til Ögrs til Ara, er þar var vörn fyrir. Jón hèt madr oc var Gudmundarson, hann var kalladr hinn lærdi, var hann alinn upp á Ströndum, oc hafdi qvænst þar, oc fengit þeirrar konu er haldinn var fiölkunnug; hann fór med mörg hindrvitni, kunni rúnir, oc lètst hafa til galdra, oc í sumum hlutum var hann ecki ofródr; hann þóttist hafa kynni mikil af álfum, oc leitadi vid at kènna mönnum at vekia upp drauga, hafdi hann oc átrúnad mikinn á grösum oc steinum, enn hèldt þá alla fiölkunnuga er í móti hönum lögdust at nockru; hann hafdi mikil mök vid ránsmenn þessa, oc var eigi traust um at hann vísadi þeim á hafnir edr þángat sem fèfaung voru fyrir; taldi hann kyngi-vedr hefdi brotit skip þeirra; enn Ari Magnússon í Ögri, safnadi bændum um fiördinn oc fór at þeim, var þá Jón hlaupinn sudr um fiall, enn þeir sváfu, voru XXXI drepnir í Isafyrdi, enn XIII í Dyrafyrdi á Skaga, ætludu vestanmenn þeir mundu vera fiölkunnugir, því þeir voru fiörsegir. Marteinn var drepinn í Ædey, oc syndi ádr hraustlega vörn; XVIII samann voru þeir drepnir í Ædey oc á Sandeyri; enn er Ari fór at þeim í þridja sinni, giördi óvedr mikit, oc sneru menn aptr; rændu þeir sem eptir urdu Enskri duggu med mönnum oc áhöfn, oc drápu einn, oc komust svo á brott, mælt er at Nordanmenn hafi drepit XI er þeir mættu í verferd. Jón komst undann, oc flæktist vida um land, hann sagdi svo frá, at miög illa hafdi verit at þeim unnit, oc má í því nockud satt vera, þó hann hafi aukid, oc þat annad at Ari hafi tekit herfáng allt, enn bændr ei af haft nema þat er líttnytt var af klædaslitrum þeirra; er þat oc líklegt, því Ari hefir metit konúngi fèd, enn þó ei hafi sem fyllst verit útgoldit. Enn margt er í sögn Jóns er hann hefir logit med öllu, var þat hellst at hann qvad þá

saklausa hafa drepna verit, oc prest einn þar vestra; Jón Grímsson nálega hafa tekit af þeim óviljugum hvad er hann vildi, oc Ara vera hid mesta illmenni annad enn þann prest, oc hinn fiölkunnugasta mann.

XVII Cap. Tilburdir ímsir oc sóttir.

Um vetrinn var hlutasamt í útverum, enn tyndist skip á Stafnesi, oc þó vídar. Þá lágu ránsmenn þeir er eptir urdu L samann í Vatneyrarbúdum ádr þeir komust utann. Gudbrandr biskup lèt prenta Cathechismum Luthers hinn minna, Donat oc Grammaticam; er oc mælt hann giördi skipan um dagsverk presta, af þeim er ecki tyunda eda eru fyrir innann skipti-tyund. Olafr Olafsson, sem kalladr var lærdi karl, hafdi þá verit nockra stund skólameistari at Hólum, enn Torfi Finnsson úr Flatey einn vetr í Skálhollti. Þá lèt Jón Magnússon á Reykhólum XII manna dóm gánga í Dölum hinn XVda dag Maii mánadar um vanvyrdíngu dóma. Þat bar til at skip kom út enskt, á Hiallasandi undir jökli, þar var á íslendskr madr Olafr Gottskálksson frá Hundadal, hann var bólusiúkr fluttr í land, oc sló þegar sóttinni á landsmenn, oc dó miög margt, oc hid mannvænsta fólk, innann þrítugs oc ei eldra; vard mikit mannfall, oc dóu LXX menn í Ingialdshóls sókn; í Arnessþíngi dóu CCC manna, enn í Húnavatnsþíngi hálft annad hundrad, CC í Hegranessþíngi, oc CC í Vadlaþíngi; kölludu þessa margir miklu bólu. Þá dó úr henni Helga kona Arna Oddssonar; gèck oc annar kránkleiki af taki, oc dóu margir. Þá dó Jón prentari, son Jóns prests Matthiassonar svenska, hann var fadir Brands prentara födr Jóns prests í Hytarnesi, födr annars Jóns prests er olli Kryumálum. Einnin Kolbeinn Hiálmsson bartskèri Gudbrands biskups, hann var fadir Gudmundar, födr Eyríka tveggia, er annar var á Steinstödum, enn annar prestr á Fagranesi, hans son var Gudmundr prestr í Middölum, fadir Eyríks prests at Stad í Hrútafyrdi, födr Gudmundar prests. Þorlákr Skúlason dótturson Gudbrands biskups var XVIII vetra, oc fèck þá bóluna, hann æfdi sig vel vid háskólann. I Gufudal vestr dóu þrír menn í bólu, oc syndist þar öllum mönnum þeir vera á ferli, 1616

þat voru konr tvær, hafdi heitast hver vid adra, oc úngr madr er Steindór hèt, hann hafdi haft leik vid stúlku eina þar, oc þótti sækja at henni, þartil er henni var komit á brott; spilla þóttu þau verki med skrækjum oc illum látum, oc standa at messu oc lestrum úti oc inni. Þá tyndist farmaskip Jóns Magnússonar eldra, oc druknudu XV menn, er þeir fóru med vöru úr kaupstad. Drengir oc stúlkr voru þá flutt sunnann nordr oc í Austfiördu, oc tekinn fyrir þóknan LX eda LXXX álnir fyrir dreng, enn XL fyrir stúlku, olli því mannekla af úngmenni.

XVIII Cap. Fiallvegr Odds biskups.

Oddr biskup reid jafnann þá leid til Austfiarda er skèmst var fyrrum á sumrum, fyrst nordr yfir Sprengisand, oc sídann austr um Odádahraun til Mödrudals á fialli; fèck hann sèr jafnann vissann leidsögumann yfir hraunit at austann, er hönum skyldi mæta gil þat er kallad er kidagil fyrir nordann Sprengisand, at áqvednum degi. Sá var gamall bóndi fèlítill er Þórdr hèt, oc kalladr Barna-Þórdr. Þat var einhveriu sinni á hinum seinni árum Odds biskups, þá er hèr var komit eda nockru ádr, var hann enn fenginn, enn biskup kom ecki á nefndum degi, oc ei þess gètit hvad olli. Þórdr kom, enn mátti ecki bída lengr enn til var tekit, nema litla hríd, sakir matleysis. Hann setti upp merki vid uppþornad moldflag eda tjarnarstædi, svo sæist hann hefdi þar verit, oc ritadi þetta med staf sínum:

> Biskups hefi eg bedit med raun, oc bitit lítinn kost,
> ádr eg lagdi á Odádahraun át eg þurrann ost.

Litlu eptir þat er hann var brott farinn, kom biskup oc menn hans, oc lásu vísuna, oc sáu at ei var at treysta fylgd hans. Biskups sveinar voru í þann tíma engir audqvísar, því at höfdíngiar völdu menn at sèr, enn þá voru enn í landi hèr margir gyldir menn at karlmennsku ef nockru vöndust; þeim þótti lángt at krækja nordr til Myvatna, oc rída þadann til Mödrudals, töldu fyrir því biskup á at leggia á hraunit, qvádust vilja í rádast med hans umsjá oc eptirtekt um veginn. Rèdist þat af fyrir umtölr þeirra at lagt var á hraunit, enn biskup sagdi fyrir leidinni. Þar

var öræfis vidátta, enn þó vídast grasi vaxit, oc enginn kennileiti þeckianlig, enn vegrinn mundi svara áfánga; oc er þeir voru komnir austr á hraunit sló yfir þoku, svo þeir vissu ei hvad þeir fóru, oc voru lengir villir, til þess er þeir þóttust kènna reykiarþef, ridu þeir þar eptir, allt at því er fyrir þeim vard kotbær lítill, oc fólk nockrt karlar oc konr, oc nockr málnyta, nam biskup þar stadar, oc lèt slá tialdi, oc hafdi þar náttstad, enn bannadi mönnum sínum at skygnast miög um háttu þess fólks, oc lèt suma vaka alla nóttina; var hönum veittr þar gódr greidi, oc jafnvel siálfum borinn mjödr edr útlendr dryckr; var fólk þat hverki ómennilegt eda búnadr þess; oc um daginn eptir fylgdi bóndi biskupi á leid rètta yfir hraunit, oc svo Jökulsá, oc tókst vel, ridu þeir bádir undann um daginn allann, oc töludu þat er enginn vissi annar, enn at skilnadi gaf bóndi biskupi hest gódann, er sídann var kalladr biskupsgráni. Hann bannadi at segia margt frá þessu, enn Grímr prestr at Húsafelli son Jóns Grímssonar er veginn var í Sydumúla, var þá sveinn oc fylgdarmadr biskups, oc sagdi þat Helga presti syni sínum, oc voru þeir merkir menn bádir, oc Halldóri prófasti í Reykiahollti syni Jóns prests Bödvarssonar, enn Helgi prestr oc Halldór prófastr sögdu bádir Jóni prófasti Halldórssyni er hann var úngr, oc hefir hann í rit fært. Ætludu menn þetta mundu ei illvyrkiar hafa verit, enn heldr sakafólk nockrt, er komist hefdi í qvennamál, oc fordat sèr á þeim stad; oc hafa fáir farit sídann þann veg, til þess á þeirra manna dögum er lifdu vid endir XVIIIdu aldar, nema Biarni Oddsson syslumadr, hann reid þar um jafnann, oc gisti í hrauninu, oc reid einn frá mönnum sínum á qvöldum, enn kom aptr öldruckinn, þá menn vissu hann ei hafa drycki medferdar; madr druknadi af hönum seinast í Jökulsá, oc var þat mikla seinna enn hèr var komit.

XIX Cap. Tilburdir.

Herluff Daae höfudsmadr kom út bólu sumarit, oc lèt lesa konúngsbrèf um at leggia fè til uppbyggíngar Bessastadakyrkiu, af öllum kyrkium ödrum á Islandi; skyldu syslumenn taka þat samann; hugdu menn svo giört at rádum Jörgens Danielssonar. Enskt

skip brotnadi í Þíngeyarþíngi um haustit, oc urdu IX menn af vetrarfastir. Þá giördist Gísli son Odds biskups kyrkiuprestr í Skálhollti, hann vígdi Einar Þormódsson oc Jóhönnu Einarsdóttr samann hinn *XX*ta dag Octobris mánadar, oc var forsagnarvottr at hinu sama hiónabandi, oc spannst þar af mikil deila sídann. Þat bar til vestra at III menn sátu hiá fiám sínum í fiúkgeifu allir samann, kom bilr, oc sló þeim til jardar, komst einn heim vid illann leik styrdr oc laminn, enn tveir fundust, annar vitlaus, enn annar daudr oc af hálft höfudit, oc tveir saudir hjá hönum daudir. Þetta sumar sendi Kristián konúngr IVdi verndarskip kaupförum til lids híngad undir landit; var þá miög hardlega fyrirbodinn kauphöndlan vid útlenda.

XX Cap. Ovild med höfudsmanni oc Oddi biskupi.

I þann tíma þróadist miög óvild med Herluff Daae höfudsmanni oc Oddi biskupi Einarssyni; bar þeim margt til sundrþyckiu, sem opt kann verda er slíkir menn eiga laung skipti samann. Herluff Daae leifdi Jóni syni Biarnar Gunnarssonar, er þá hèldt Skriduklaustr, at fá Margretar dóttr Odds prests Þorkèlssonar á Hofi, systr Biarna Oddssonar, þrímenníngs síns, án konúngs vitundar, enn Oddr biskup hafdi rádit hönum frá því; bádir voru þeir stórlundadir oc þoldu illa hverr ödrum; bar höfudsmadr þá ófrægd fyrir konúnginn um biskup, qvad hann vígia þá suma til presta er ólærdir væri, oc hverki hefdi lært í latinuskóla nè kynni latinu, oc þat fyrir venslasakir eda vináttu eda fiár; var miög hæft í því, at þeir voru vígdir, hellst til fátækra kalla, er miög lítt voru latinu-lærdir, enn skildu þó vel þísku oc dönsku, oc hiálpudust vid gódar bækr í þeim túngum. Lèt Oddr biskup, til at hneckja slíku, tvo menn fara utann, er lært höfdu í heimahúsum, Sigurd son Odds prests í Gaulverjabæ Stephánssonar Gíslasonar biskups, hann var prestr í Arnarbæli, vellærdr madr oc vitr, oc Sigurd prest á Rafnseyri son Snorra á Varmalæk Asgeirssonar prests at Lundi, reyndust þeir bádir vel, oc vard biskupi þat til afsökunar. Nockud var þó tilhafit í því fleiru er höfudsmadr mælti, því svosem Oddr biskup var ágætr madr fyrir margra hluta sakir, oc hiálp mörgum til menta oc menníngar, svo framadi hann hellst ættmenn sína ef hann mátti, oc þeir voru tilfærir;

þótti Sunnlendíngum, þeim er hann hafdi ei frændsemi eda mægdir at telia vid, sem hann væri þeim bágr oc erfidr, því hann studdi þá til hinna betra kallanna er hönum voru vensladir, þó lítt væri lærdir oc atgiörfislausir, enn vel lærdir menn luktust úti fyrir þeirra sakir. Tóku þá margir at leita Gísla lögmanns Hákonarsonar, oc vard at afhvarfi gódu, því hönum var höfdínglega háttad vid þá er hans leitudu, oc í vináttu vid höfudsmenn; fèck Gísli lögmadr af því vinsældir, enn mörgum líkadi lítt til biskups. Oddr biskup græddi oc mikit fè, oc var miög eptir jardakaupum hvar sem fengust; þótti mörgum torveldt at fá börnum sínum skólaveru, nema jardarpartr eda ved í jördu væri gèfit med ef til var, hellst ef þær voru gyrnilegar; svo segir Biarni Jónsson skáldi í qvedlíngi sínum einum:

Lènsfènu ólust á
óríkra börninn smá,
þau eru nú öll á róli
einu fæst varla skóli,
ef ódulinn undir þau bæri,
öll þau í kennslu færi.

A þann hátt áttu Akrar, födrleifd þeirra Finnssona, Sigurdar prests oc Jóns prests á Melum, at seljast fyrir skólavist þeirra, oc svo annad fè, enn fiárhaldsmenn þeirra höfdu ei viljad gánga at því, oc fór Bödvar prestr í Reykiahollti Jónsson, stiúpfadir þeirra, med þá á fund höfudsmannsinns, oc bad hann láta prófa skilníng þeirra oc næmi í lærdómum, qvadst ei vilja halda þeim til slíks, ef þeir væri ei færir til bóknáms; voru þeir ádr svo undir búnir at þeir reyndust vel er prófat var, oc fèck biskup alvarlega tilsögn af höfudsmanninum, at taka þá í skóla, oc þraungva ei af þeim födrleifd þeirra; sídann urdu þeir teknir hversu sem biskupi líkadi; þó lèt biskup ecki Finn oc Jón yngra, sonu Bödvars prests gialda þess at neinu, oc tók þá mótmælislaust til skólavistar, áttu þeir oc ecki fasteign mikla. Finnr Bödvarsson var efnilegr madr fyrir flestra hluta sakir, hann andadist utanlands, oc er sagt at Bödvar prófastr yrdi ecki samr madr eptir lát hans, enn Jón vard prestr í Reykiahollti eptir födr sinn, oc var fadir Halldórs prófasts. Svo segir Biörn at Skardsá, at Oddr biskup kæmi einhverju sinni til Bessastada nær Jónsmessu, tók Herluff Daae vel í móti hönum, oc giördi hönum veitslu mikla, því hann var rausnarmadr

til veitínga; var í þeirri veitslu settr upp mynnisbikar konúngs, oc drack höfudsmadrinn til biskupi oc drack af; biskup tók vid er á var skenkt aptr, oc fèck þá pata af því at hellt var úr annari könnu enn höfudsmadrinn úr drack, tók þó vid skálinni; enn adrir segia at skenkjarinn, þiónustumadr höfudsmanns, hafi bendt biskupi eda sveini hans til, at hann drycki varliga; hafi biskup þá tekit upp hiá sèr silfrskál lítla er hann var vanr at drecka af, oc hellt á af bikarnum, oc mælt þessi ord Christs: þó þeir drecki nockut banvænlegt, þá mun þeim þat ecki granda; oc druckit af sídann; sveif þá at hönum, svo hann fèll í ómegin, oc var borinn af sveinum sínum til tjalds síns; lá hann þar II eda III nætr til þess er hann hresstist aptr, med þeim medölum er fyrir hendi voru; oc var mönnum ecki grunlaust at trútt hefdi verit um allt.

XXI Cap. Mannadruknan oc annat.

1617 Vetrinn eptir bólukomuna vard sá atburdr, at Þorsteinn prestr Olafsson í Vestrhopshólum fell af hestbaki, kom svartr fleckr á háls hönum, oc vard af mikit mein, svo hann dó af hinn XIta dag Martii; hann var hálfsextugr. Þá gèck bólann um Austrlandit, oc dó margt manna; hlutir voru gódir í útverum, oc árgott í landi. XXX manna druknudu austr vid Eyasand, oc hèldt einn á barni sínu er hann rak upp; urdu oc manntapar vídar. VI menn tyndust af skipi í Eyrarsveit, oc ætludu menn at hvalr mundi hafa gleypt hvern at ödrum. Þá druknadi oc Sigurdr son Odds biskups, hiá Oddgeirshólum í Flóa, í Hvítá, oc madr hans er Bergr hèt, fannst lík Sigurdar, enn Bergs ecki; segia menn at hani hafi verit hafdr á skipi, oc galat þar yfir er líkit fannst. Sigurdr átti Þórunni ríku dóttr Jóns Vígfússonar á Galltalæk; hafdi Jón eptirlátit ærit fè sem ádr segir, oc vard Þórunn ein erfíngi at sídarst, var dóttir þeirra Sigurdar Hólmfrídr er Jón prestr Arason í Vatnsfyrdi átti. Hvanndala Biarni Thómasson druknadi þá á Skagafyrdi, var róinn á siá vid annann mann, oc hafdi opt farit slíkar ferdir hættilegar, lángt framm yfir alla menn adra, sídann er hann fór til Kolbeinseyar, enn oftreysti at lyktum karlmennsku sinni. Þá dæmdu þeir samann í Þíngeyarþíngi um vorit at Helgastödum, Þorbergr Hrólfsson, oc Þorsteinn

prófastr Illhugason, helmíngadóm, um hjónaband; þar er enn gètit Biarna prests at Helgastödum, sonar Jóns Ormssonar, oc þeirra Illhugasona Jóns oc Gudmundar, oc svo Jóns prests Þorvaldssonar á Skinnastödum. Enn Jón lögmadr Sigurdarson lèt dóm gánga at Sveinstödum um öreiga hinn VIIIda dag Maii, oc hann oc Skapti prófastr Loptsson á Setbergi helmíngadóm um ákærur nockrar, at Midgördum í Stadarsveit XIVda dag Junii. Gudbrandr biskup lèt þá prenta Dominicale, oc lítla Cathechismum af nyu. Ecki kom Herluff Daae út um sumarit, enn sendi Jörgen Danielsson, var þá lesit upp í lögrèttu konúngsbrèf um Velli í Hólmi, at leggiast skyldi aptr undir Hólakyrkiu med dómi, oc lèt Jón lögmadr Sigurdarson hann gánga; þar var Isleifr Þorbergsson einn dómsmadr, oc þeir Hrólfssynir. Þat var annad brèf at prófastsgardar eda kyrkiur veitist engum at þeim lifendum er halda. Konúngr baud oc á þeim árum, at syslumenn skyldu vinna embættis eyd, því hann frètti at margt gèngi óskipulega, enn þeir voru tregir til. Vidr var þá fluttr út til Bessastada kyrkiu, oc hún reyst oc byggd sídann, hávaxinn oc mikil, enn þó bitalaus, sagdi Jörgen Danielsson at slíkt hús mætti ei falla, enn þó vard þat á adra leid; var CCCC dalir kyrkna gialdit er utann fór ádr hún væri byggd. A þeim missirum var Brynjúlfr son Sveins prests Símonarsonar í Hollti XII vetra gamall, oc hafdi þá lesit alla rítnínguna fiórum sinnum, oc gat giört grein fyrir því er hann las, er þess fyrir því gètit, at þat þótti þá frábært, enn hann verdr nefndr seinna.

XXII Cap. Frá ímsu.

Um haustit hinn XXIta dag Augutsi mánadar, andadist Biörn bóndi Benedictsson af Múnkaþverá; kallar Biörn at Skardsá hann frómann höfdíngsmann, fridsamann oc lítilátann, hann var oc ecki starfsmadr mikill, enn kalladr lögvitr, oc var madr gódgjarn; lítt var hann vid aldr. Magnús sonr hans tók Múnkaþverá oc Vadlasyslu eptir hann, hann giördist brádt ríkr oc audugr, oc var skáld; hann átti Gudrúnu dóttr Gísla lögmanns Þórdarsonar, oc voru synir þeirra Biörn oc Gísli, enn dætr Jórun, er fèck Jón Magnússon frá Reykiahólum Arasonar; Helga, hana átti Hákon Gíslason

lögmanns Hákonarsonar, oc Solveig kona Þorkels Gudmundrsonar Hákonarsonar; enn systr Magnúsar voru Sigrídr kona Páls Gudbrandssonar, oc Gudrún, er Gísli prestr son Odds biskups átti. Arni Oddsson fór þá utann med frammburd sinn í málum vid höfudsmanniun, oc kom því svo at konúngr rèdi af at senda Commissarios út híngad. Jón lærdi hafdi farit nordr til Hóla, oc skrumat svo fyrir Gudbrandi biskupi, at hann tók í skóla Gudmund son hans; hældi hann af því biskupi miög, oc dvaldist um hríd í Nordrlandi, til þess er hann var rekinn þadann er menn urdu þess varir at hann kenndi fiölkíngi oc hiátrú, fór hann þá vestr á Snæfellsnes, oc skaut Steindór son Gísla lögmanns Þórdarsonar skjóli yfir hann, oc hafdi í vyrdíngum nockra stund, bjó hann þar í ímsum stödum, oc sídarst á Hiallasandi, þar sem hann kalladi at Uppsöndum. Steindór hafdi komit út, oc fengit Gudrúnar Einarsdóttr eckju Jóns lögmanns, enn búit fyrst at Stóruborg nordr, enn sídann at Laugarbrecku oc Knerri, hafdi hann nockra stund Stapa umbod oc syslu, oc eigi smátt fè. Misþyckiu giördi í þann tíma med Oddi biskupi oc Gísla lögmanni Hákonarsyni, þó tengdir væri á milli; bar þeim margt til, enn þat hellst er lögmadr keypti Brædratúngu oc Túnguey LXXX hundrud at dyrleika, at þeim Þormódssonum Asmundi presti í Hvammi oc Jóni presti at Helgafelli; fór þat framm í Klofa, þar Gísli lögmadr bjó fyrst eptir födr sinn, hinn *X*da dag Decembris, oc fèck hann Asmundi presti fyrir hans helmíng, hálfann Straumfiörd á Myrum XX hundrud, oc Brecku oc Dalsmynni í Nordrárdal LX hundrud, enn Jóni Svefneyar á Breydafyrdi *XL* hundrud, oc Hamra í Reykhollts Reykiadal XXIII hundrud. Gísli prestr Oddsson þóttist eiga ved í *XL* hundrudum í Túngu, enn Oddr biskup eignadi Túnguey Skálholltsstad, edr stadar-jördinni Höfda; þeim bar oc á milli um Baugstadi, sem enn mun greint verda.